ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 68

15. árgangur

20.11.2008

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

2008/EES/68/01 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/53/EB frá 16. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórþalóníli, klórtólúróni, sýpermetríni, damínósíði og þíófanatmetýli 1

2008/EES/68/02 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/54/EB frá 19. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu tríbenúróni 7

2008/EES/68/03 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/57/EB frá 21. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum MCPA og MCPB. . . 10

2008/EES/68/04 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/58/EB frá 21. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bífenasati og milbemektíni 13

2008/EES/68/05 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/72/EB frá 21. október 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórpýrifosi, klórpýrifosmetýli, mankósebi, manebi og metírami. 16

2008/EES/68/06 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/5/EB frá 17. janúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu varfaríni 23

2008/EES/68/07 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/6/EB frá 17. janúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu tólýlflúaníði 27

2008/EES/68/08 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. ágúst 2005 um grundvallarkröfur sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB með tilliti til þess að tryggja neyðarþjónustu aðgang að Cospas-Sarsat-staðsetningarsendum (2005/631/EB) 30

2008/EES/68/09 Ákvörðun nr. 203 frá 26. maí 2005 um breytingu á ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 um samantekt skránna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 (2005/965/EB) 31

2008/EES/68/10 Tilskipun evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB 34

2008/EES/68/11 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 2005 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (2005/849/EB). 84

2008/EES/68/12 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júlí 2005 um samræmda notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 GHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) (2005/513/EB) . . . 86

2008/EES/68/13 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 884/2004/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun nr. 1692/96/EB um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins. 89

2008/EES/68/14 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/1/EB frá 18. janúar 2006 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum 104

2008/EES/68/15 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE 108

2008/EES/68/16 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnarvernd 122

2008/EES/68/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 65/2006 frá 13. janúar 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd 134

2008/EES/68/18 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) 136

2008/EES/68/19 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) 144

2008/EES/68/20 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) 154

2008/EES/68/21 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) 159

2008/EES/68/22 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga . . 176

2008/EES/68/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004 frá 28. október 2004 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga 303

2008/EES/68/24 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/51/EB frá 7. september 2005 um breytingu á XX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og VIII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB um opinber innkaup 305

2008/EES/68/25 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu 307

2008/EES/68/26 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. janúar 2005 um ítarlegar reglur um beitingu málsmeðferðar sem kveðið er á um í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (2005/15/EB) 420

2008/EES/68/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 frá 7. september 2005 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB 431

2008/EES/68/28 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/75/EB frá 16. nóvember 2005 um leiðréttingu á tilskipun 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga 557

2008/EES/68/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2083/2005 frá 19. desember 2005 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samningen. 559

2008/EES/68/30 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum 561

2008/EES/68/31 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1553/2005 frá 7. september 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) 566

2008/EES/68/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1737/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1726/1999 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakostnað. 569

2008/EES/68/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1916/2000 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakerfi 590

2008/EES/68/34 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2113/2005/EB frá 14. desember 2005 um breytingu á ákvörðun nr. 2256/2003/EB með það í huga að framlengja áætlunina um miðlun góðra starfsvenja og eftirlit með upptöku upplýsinga- og samskiptatækni þannig að hún taki til ársins 2006. 605

2008/EES/68/35 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins 609

2008/EES/68/36 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, einkum bálkinn er varðar gæðavín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum 693

2008/EES/68/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu 700

2008/EES/68/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2451/2000 frá 7. nóvember 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, að því er varðar XIV. Viðauka 744

2008/EES/68/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarleg framkvæmdaákvæði varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan víngeirans 746

2008/EES/68/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1609/2001 frá 6. ágúst 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, að því er varðar greiningaraðferðir 767

2008/EES/68/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1655/2001 frá 14. ágúst 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu . . . 768

2008/EES/68/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2066/2001 frá 22. október 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr.1622/2000 að því er varðar notkun lýsósíms í vínafurðir . . . 770

2008/EES/68/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr.1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða . . . 772

2008/EES/68/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2002 frá 25. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr.1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða . . . 826

2008/EES/68/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2003 frá 10. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngreiningu . . 827

2008/EES/68/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2003 frá 4. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða . . . 836

2008/EES/68/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1410/2003 frá 7. ágúst 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu . . . 837

2008/EES/68/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003 frá 13. október 2003 um að fastsetja lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í „Vinho verde"-gæðavínum frá vínræktarsvæðinu C I a) í Portúgal fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005 . . 840

2008/EES/68/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 frá 13. október 2003 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar gæðavín frá tilgreindum héruðum. . . . 841

2008/EES/68/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 128/2004 frá 23. janúar 2004 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngreiningu . . . 842

2008/EES/68/51 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2004 frá 20 febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða . . . 851

2008/EES/68/52 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 908/2004 frá 29. apríl 2004 um aðlögun nokkurra reglugerða um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins vegna aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að Evrópusambandinu . . . 878

2008/EES/68/53 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1427/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu . . . 883

2008/EES/68/54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1428/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu . . . 887

2008/EES/68/55 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1429/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða 891

2008/EES/68/56 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1991/2004 frá 19. nóvember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða 901

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/53/EB **2008/EES/68/01**

frá 16. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórþalóníli, klórtólúróni, sýpermetríni, damínósíði og þíófanatmetýli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]) er sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð og þíófanatmetýl.

2) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þá notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ([3]) voru eftirfarandi skýrslugjafarríki tilnefnd og lögðu þau viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92. Holland var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir klórþalóníl og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 31. janúar 2000. Spánn var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir klórtólúrón og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 7. maí 1999. Belgía var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir sýpermetrín og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 25. október 1999. Holland var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir damínósíð og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 30. júlí 1999. Þýskaland var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir þíófanatmetýl og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 21. nóvember 1997.

3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrslurnar og fór sú endurskoðun fram innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

4) Endurskoðun á öllum virku efnunum lauk 15. febrúar 2005 með endurskoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð og þíófanatmetýl.

5) Endurskoðun á klórþalóníli, klórtólúróni og sýpermetríni leiddi ekki í ljós nein þau álitaefni sem vísindanefndin um plöntur eða Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) þarf að fjalla um en sú stofnun hefur tekið við hlutverki vísindanefndarinnar.

6) Endurskoðun á damínósíði leiddi í ljós ýmis álitamál sem fjallað var um hjá Matvælaöryggisstofnuninni. Óskað var álits sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunarinnar um plöntuheilbrigði, plöntuvarnarefni og leifar þeirra (PPR-nefndin) á þeim verkunarhætti 1,1-dímetýlhýdrasíðs (UDMH), sem veldur krabbameini í nagdýrum, og beðið um ábendingar um hvort unnt væri að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir þessa verkun. Ef sú reyndist niðurstaðan var PPR-nefndin beðin um að tilgreina mörkin. Með hliðsjón af fyrirspurnunum, sem lagðar voru fram, dró PPR-nefndin þá ályktun ([4]) að á grundvelli fyrirliggjandi gagna væri ógerlegt að greina þann verkunarhátt 1,1-dímetýlhýdrasíðs sem veldur krabbameini í nagdýrum. Engin merki eru um erfðaeiturhrif í glasi af völdum hreins 1,1-dímetýlhýdrasíðs sem er varið oxun og rannsóknir í lífi hafa ekki verið gerðar. Þar að auki veitti PPR-nefndin athygli því augljósa ósamræmi að langtímarannsóknir á damínósíði sýndu ekki krabbameinsvaldandi áhrif í rottum og músum í skömmtum þar sem 1,1-dímetýlhýdrasíð ætti að hafa myndast við efnaskipti í dýrunum í skömmtum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2005, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

([3]) Stjtíð. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 (Stjtíð. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1).

([4]) Álit sérfræðinganefndarinnar um plöntuheilbrigði, plöntuvarnarefni og leifar þeirra vegna fyrirspurnar frá framkvæmdastjórninni í tengslum við mat á damínósíði með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE (The EFSA Journal (2004) 61, 1-27). Samþykkt 11. maí 2004.

sem væru að lágmarki einni stærðargráðu stærri en þeir skammtar sem hafa haft áhrif við beinar prófanir. Auk þess reyndist metýlun á N7gúaníni vera fimmtíu sinnum meiri í rannsókn, þar sem fylgst var með rottum, sem fengu 1,1-dímetýlhýdrasíð um munn, samanborið við samsvarandi gögn um damínósíð. PPR-nefndin taldi því að taka skyldi sérhverri ályktun um krabbameinsvaldandi verkunarhátt 1,1-dímetýlhýdrasíðs ef það er gefið um munn, með fyrirvara vegna nokkurrar óvissu. PPR-nefndin komst að þeirri niðurstöðu að greining á niðurstöðum benti ekki til verkunarháttar með erfðaeiturhrifum.

Dæmi um hugsanlega verkunarhætti án erfðaeiturhrifa eru breytt stjórn á frumufjölgun eða hormónaójafnvægi en þessir verkunarhættir hafa ekki verið rannsakaðir sérstaklega og því er ekki hægt að komast að endanlegri niðurstöðu um hvaða verkunarhættir liggja að baki. Í tilraunum, þar sem krabbameinsvaldandi áhrif 1,1-dímetýlhýdrasíðs á rottur og mýs voru rannsökuð, komu engin slík áhrif fram þegar gefin voru 0,09 mg/kg líkamsþyngdar á dag og 1,41 mg/kg líkamsþyngdar á dag.

Líta skal á skammtana, sem eru tilgreindir hér að framan, sem eiturefnafræðileg viðmiðunarmörk ef merkjanleg krabbameinsvaldandi áhrif 1,1dímetýlhýdrasíðs eru af völdum verkunarháttar án erfðaeiturhrifa. Hins vegar er PPR-nefndin þeirrar skoðunar að hvers konar notkun þessara skammta sem eiturefnafræðilegra viðmiðunarmarka skuli fara fram með tilhlýðilegri varúð vegna óvissunnar sem tengist verkunarhættinum og vegna þess að 1,1-dímetýlhýdrasíð kann að mynda oxunarafleiður við gróðurhúsaskilyrði sem gætu valdið erfðaeiturhrifum. Fastanefndin tók álitið til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að fallast megi á notkun damínósíðs við þessi tilgreindu skilyrði.

7) Endurskoðun á þíófanatmetýli leiddi í ljós ýmis álitamál sem fjallað var um hjá vísindanefndinni um plöntur. Fastanefndin var beðin um álit á réttmæti þess að fastsetja gildi fyrir viðtekinn dagskammt (ADI) og viðtekin váhrif á notanda (AOEL), einkum með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á stökkbreytandi áhrifum, krabbameinsvaldandi áhrifum og áhrifum á æxlun af völdum benómýls, karbendasíms og þíófanatmetýls. Nefndin ([1]) bókaði að karbendasím er líffræðilega virka efnið í öllum þremur efnunum. Þíófanatmetýl, en einkum þó benómýl, breytist með efnaskiptum í karbendasím og öll þrjú efnin kalla fram ótal litningabreytingar (mislitnun) í spendýrsfrumum sem verða fyrir váhrifum í lífi. Engar vísbendingar eru um að nokkurt þessara efna valdi annars konar skaða á erfðaefni. Krabbameinsvaldandi áhrif eru ekki áhyggjuefni. Þekkt áhrif þessa sveppaeyðis á æxlun eru útskýrð með víxlverkun við örpíplur spólunnar. Verkunarhátturinn að baki örvandi mislitnun er vel þekktur og felst í hömlun á fjölliðun túbúlíns en það er prótínið sem er nauðsynlegt fyrir aðgreiningu litninga í frumuskiptingunni. Engin víxlverkun við DNA á sér stað í því ferli. Þar eð mörg eintök túbúlínsameinda eru í þeim frumum sem eru í fjölgunarferli verður takmarkaður fjöldi túbúlínsameinda fyrir áhrifum ef styrkur sveppaeyðisins er lítill og því koma engin eiturefnafræðileg áhrif fram. Því er unnt að greina mörkin þar sem skaðleg áhrif eru engin og unnt er að fastsetja viðmiðunargildi fyrir viðtekinn dagskammt og viðtekin váhrif á notanda.

8) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð og Þíófanatmetýl, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þessi virku efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

9) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

10) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð eða þíófanatmetýl, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

11) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki

([1]) Álit vísindanefndarinnar um plöntur (SCP/BENOMY/002, lokaálit, SCP/CARBEN/002, lokaálit, SCP/THIOPHAN/002, lokaálit) frá 23. mars 2001 um mat á benómýli, karbendasími og þíófanatmetýli innan ramma tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (álit vísindanefndarinnar um plöntur frá 7. mars 2001).

eða handhafa leyfa að teknu tilliti til tilskipananna sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

12) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. september 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virku efnin klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð eða þíófanatmetýl, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. ágúst 2006.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð og þíófanatmetýl, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslnanna sem varða þessi virku efni, og að handhafi leyfisins

hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslnanna í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð og þíófanatmetýl, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð eða þíófanatmetýl, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 28. febrúar 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort plöntuvarnarefnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 28. febrúar 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð eða þíófanatmetýl sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 28. febrúar 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur klórþalóníl, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð eða þíófanatmetýl sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. mars 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslum við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„102	Klórþalóníl CAS-nr. 1897-45-6 CIPAC-nr. 288	Tetraklórísóþalónítríl	985 g/kg — Hexaklórbensen: ekki yfir 0,01 g/kg — Dekaklórbífenýl: ekki yfir 0,03 g/kg	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um klórþalóníl, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd: — lagarlífvera, — grunnvatns, einkum að því er varðar virka efnið og umbrotsefni þess, R417888 og R611965 (SDS46851), þegar efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Notkunarskilyrði skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á
103	Klórtólúrón (óskilgreind rúmefnafræði) CAS-nr. 15545-48-9 CIPAC-nr. 217	3-(3-klór-p-tólýl)-1,1-dímetýlúrea	975 g/kg	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um klórtólúrón, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin: gefa sérstakan gaum að vernd grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

No	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
104	Sýpermetrín CAS nr. 52315-07-8 CIPAC-nr. 332	(RS)-α-sýanó-3 fenoxýbensýl-(1RS)-cis, trans-3-(2,2-díklórvinýl)-2,2-dímetýlsýklóprópan karboxýlat (4 myndbrigðapör: cis-1, cis-2, trans-3, trans-4)	900 g/kg	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um sýpermetrín, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin — gefa sérstakan gaum að vernd lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps; skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á, — gefa sérstakan gaum að öryggi notenda. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka verndarráðstafana eftir því sem við á.
105	Damínósíð CAS-nr. 1596-84-5 CIPAC-nr. 330	N-dímetýlamínó-súksínamíðsýra	990 g/kg Óhreinindi: — N-nítrósódímetýlamín: ekki yfir 2,0 mg/kg — 1,1-dímetýlhýdrasíð: ekki yfir 30 mg/kg	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem vaxtarstýriefni fyrir óætar nytjaplöntur B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um damínósíð, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að öryggi notenda og starfsmanna sem fara aftur inn á meðhöndlaða svæðið. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til verndarráðstafana eftir því sem við á.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
106	Þíófanatmetýl (óskilgreind rúmefnafræði) CAS-nr. 23564-05-8 CIPAC-nr. 262	Dímetýl 4,4’-(o-fenýlen)bis(3-þíóallófanat)	950 g/kg	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um þíófanatmetýl, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fasta-nefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd lagarlífvera, ánamaðka og annarra stærri jarðvegslífvera. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/54/EB **2008/EES/68/02**

frá 19. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu tríbenúróni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 451/2000 ([2]) og (EB) nr. 703/2001 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd annars áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE og sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir tríbenúrón.

2) Áhrif tríbenúróns á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 451/2000 og (EB) nr. 703/2001, að því er varðar þá notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerðunum eru að auki tilnefnd skýrslugjafarlöndin sem eiga að leggja viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 451/2000. Svíþjóð var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir tríbenúrón (í formi tríbenúrónmetýls) og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 19. júní 2003.

3) Matsskýrslan hefur farið í jafningjarýni hjá aðildarríkjunum og matshópi hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 19. október 2004 sem vísindaskýrsla frá Matvælaöryggisstofnuninni um tríbenúrón ([4]). Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað þessa skýrslu innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra og lauk þeirri endurskoðun 15. febrúar 2005 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um tríbenúrón.

4) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda tríbenúrón, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta tríbenúróni við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

5) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

6) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda tríbenúrón, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

7) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([5]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa að teknu tilliti til tilskipananna sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 22.9.2005, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1044/2003 (Stjtíð. ESB L 151, 19.6.2003, bls. 32).

([3]) Stjtíð. EB L 98, 7.4.2001, bls. 6.

([4]) Vísindaskýrsla frá Matvælaöryggisstofnuninni (2004) 15, 1-52o, Jafningjarýni á áhættumat á varnarefninu tríbenúrón (lokagerð, 19. október 2004).

([5]) Stjtíð. EB L 366, frá 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

8) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. september 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virka efnið tríbenúrón, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. ágúst 2006.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða tríbenúrón, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslunnar sem varðar þetta virka efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi tríbenúrón, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur tríbenúrón, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 28. febrúar 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort plöntuvarnarefnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 28. febrúar 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur tríbenúrón sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 28. febrúar 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur tríbenúrón sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. mars 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslu við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„107	Tríbenúrón CAS-nr. 106040-48-6 (tríbenúrón) CIPAC-nr. 546	2-[4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýl(metýl)karbamóýlsúlfamóýl] bensósýra	950 g/kg (gefið upp sem tríbenúrónmetýl)	1. mars 2006	28. febrúar 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um tríbenúrón, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. febrúar 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd landplantna utan markhóps, hávaxinna vatnaplantna og grunnvatns við viðkvæmar aðstæður. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/57/EB **2008/EES/68/03**

frá 21. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum MCPA og MCPB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]) er sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir MCPA og MCPB.

2) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þ á notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ([3]) var Ítalía tilnefnt skýrslugjafarríki. Skýrslugjafarríkið Ítalía lagði viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina 5. apríl 2001 og 19. desember 2001 í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92.

3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrslurnar og fór sú endurskoðun fram innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Endurskoðuninni lauk 15. apríl 2005 með endurskoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um MCPA og MCPB.

4) Endurskoðun á MCPA og MCPB leiddi ekki í ljós nein þau álitaefni sem vísindanefndin um plöntur eða Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) þarf að fjalla um en sú stofnun hefur tekið við hlutverki vísindanefndarinnar.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda MCPA og MCPB, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þessi virku efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

6) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

7) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda MCPA og MCPB, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

8) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa að teknu tilliti til tilskipananna sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 22.9.2005, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 10).

([3]) Stjtíð. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 (Stjtíð. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1).

9) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. nóvember 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virka efnið MCPA eða MCPB, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. október 2006. Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða MCPA annars vegar og MCPB hins vegar, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslunnar sem varðar þessi virku efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. hennar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi MCPA annars vegar og MCPB hins vegar, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur MCPA eða MCPB, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. apríl 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort efnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. apríl 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur MCPA eða MCPB sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. apríl 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur MCPA eða MCPB sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslu við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„108	MCPA CAS-nr. 94-74-6 CIPAC-nr. 2	4-klór-o-tólýloxý-ediksýra	≥ 930 g/kg	1. maí 2006	30. apríl 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um MCPA, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. apríl 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Aðildarríki skulu gefa vernd vatnalífvera sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, t.d. með sóttvarnarbeltum.
109	MCPB CAS-nr. 94-81-5 CIPAC-nr. 50	4-(4-klór-o-tólýloxý)smjörsýra	≥ 920 g/kg	1. maí 2006	30. apríl 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. **B-HLUTI** Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um MCPB, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 15. apríl 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Aðildarríki skulu gefa vernd vatnalífvera sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, t.d. með sóttvarnarbeltum.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/58/EB **2008/EES/68/04**

frá 21. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bífenasati og milbemektíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Hollandi hinn 3. júlí 2001 umsókn frá Crompton Europe Ltd. um skráningu virka efnisins bífenasats í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/268/EB ([2]) að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

2) Yfirvöldum í Hollandi barst umsókn skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE hinn 6. mars 2000 frá Sankyo Company Ltd. um skráningu virka efnisins milbemektíns í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/540/EB ([3]) að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjendur hafa lagt til. Tilnefndu skýrslugjafaraðildarríkin lögðu drög að matsskýrslum um efnin fyrir framkvæmdastjórnina 3. apríl 2003 (bífenasat) og 16. júní 2001 (milbemektín).

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað drögin að matsskýrslunum innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Þeirri endurskoðun lauk 3. júní 2005 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um bífenasat og milbemektín.

5) Endurskoðun á bífenasati og milbemektíni leiddi ekki í ljós nein þau álitaefni eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur eða Matvælaöryggisstofnun Evrópu en sú stofnun hefur tekið við hlutverki vísindanefndarinnar.

6) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda viðkomandi virk efni, uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta bífenasati og milbemektíni við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þessi virku efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

7) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda bífenasat eða milbemektín, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta gildandi bráðabirgðaleyfum í fullnaðarleyfi, breyta þeim eða afturkalla þau í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

8) Skráning bífenasats í I. viðauka er á grundvelli málsskjala um notkun þessa virka efnis á skrautjurtir í gróðurhúsum. Önnur notkun er eins og sakir standa ekki studd fullnægjandi gögnum frá tilkynnanda og ekki hefur verið fjallað nægilega um alla áhættuna af slíkri notkun samkvæmt þeim viðmiðunum sem krafist er í VI. viðauka. Vilji aðildarríkin veita leyfi fyrir annarri notkun skulu þau því að krefjast þeirra gagna og upplýsinga sem eru nauðsynleg til að sýna fram á að notkunin samrýmist viðmiðunum í tilskipun 91/414/EBE, einkum varðandi áhrifin á neytendur og umhverfið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 22.9.2005, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 92, 9.4.2002, bls. 34.

([3]) Stjtíð. EB L 230, 12.9.2000, bls. 14.

9) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júní 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virku efnin bífenasat eða milbemektín, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. maí 2006. Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða bífenasat annars vegar og milbemektín hins vegar, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslunnar sem varðar þessi virku efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi bífenasat annars vegar og milbemektín hins vegar, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur bífenasat eða milbemektín, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. nóvember 2005, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort plöntuvarnarefnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 31. maí 2007 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur bífenasat eða milbemektín sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 31. maí 2007 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur bífenasat eða milbemektín sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. desember 2005.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í I. viðauka er eftirfarandi línum bætt við í lok töflunnar:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„110	Bífenasat CAS-nr. 149877-41-8 CIPAC-nr. 736	Ísóprópýl 2-(4-metoxýbífenýl-3-ýl)hýdrasínóformat	≥ 950 g/kg	1. desember 2005	30. nóvember 2015	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem mítlasæfir. B-HLUTI Þegar aðildarríki meta umsóknir um leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda bífenasat til annarrar notkunar en á skrautjurtir í gróðurhúsum, skulu þau huga sérstaklega að viðmiðununum í b-lið 1. mgr. 4. gr. og sjá til þess að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir áður en slíkt leyfi er veitt. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um bífenasat, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005.
111	Milbemektín Milbemektín er blanda af $M.A_3$ og $M.A_4$ CAS-nr. $M.A_3$: 51596-10-2 $M.A_4$: 51596-11-3 CIPAC-nr. 660	$M.A_3$: (10E,14E,16E,22Z)-(1R,4S,5'S,6R,6'R,8R,13R,20R,21R,24S)-21,24-díhýdroxý-5',6',11,13,22-pentametýl-3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.$1^{4,8}$.$0^{20,24}$]-pentakósa-10,14,16,22-tetraen-6-spíró-2'-tetrahýdrópýran-2-ón $M.A_4$: (10E,14E,16E,22Z)-(1R,4S,5'S,6R,6'R,8R,13R,20R,21R,24S)-6'-etýl-21,24-díhýdroxý-5',11,13,22-tetrametýl-3,7,19-tríoxatetrasýkló[15.6.1.$1^{4,8}$.$0^{20,24}$]-pentakósa-10,14,16,22-tetraen-6-spíró-2'-tetrahýdrópýran-2-ón	≥ 950 g/kg	1. desember 2005	30. nóvember 2015	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem mítlasæfir eða skordýraeitur. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um milbemektín, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fasta-nefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd vatnalífvera. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virku efnanna er að finna í endurmatsskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/72/EB **2008/EES/68/05**

frá 21. október 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórpýrifosi, klórpýrifosmetýli, mankósebi, manebi og metírami (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]) er sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir klórpýrifos, klórpýrifosmetýl (undir þessum heitum í skránni), mankóseb, maneb og metíram.

2) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þá notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ([3]) voru eftirfarandi skýrslugjafarríki tilnefnd og lögðu þau viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92. Spánn var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir klórpýrifos og klórpýrifosmetýl og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 16. september 1997 og 7. maí 1999. Ítalía var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir mankóseb, maneb og metíram og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 3. október 2000, 29. nóvember 2000 og 22. ágúst 2000.

3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrslurnar og fór sú endurskoðun fram innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Endurskoðuninni lauk 3. júní 2005 með endurskoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb og metíram.

4) Endurskoðun á klórpýrifosi, klórpýrifosmetýli, mankósebi, manebi og metírami leiddi ekki í ljós nein þau álitaefni sem vísindanefndin um plöntur eða Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) þarf að fjalla um en sú stofnun hefur tekið við hlutverki vísindanefndarinnar.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb og metíram, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þessi virku efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

6) Með fyrirvara um þá niðurstöðu er rétt að afla frekari upplýsinga um ákveðin atriði. Í 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 91/414/EBE er kveðið á um að setja megi skilyrði fyrir skráningu efnis í I. viðauka. Af þessum sökum er rétt að krefjast frekari prófana á klópýrifosi, klórpýrifosmetýli, mankósebi, manebi og metírami til að staðfesta áhættumat fyrir nokkrar lífverur utan markhópa og einnig frekari prófana varðandi eiturhrif á þroskun ef um er að ræða maneb og mankóseb og að tilkynnendurnir leggi fram slíkar rannsóknir.

7) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ráðsins (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 10).

([3]) Stjtíð. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 (Stjtíð. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1).

8) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðkomandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

9) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa að teknu tilliti til tilskipananna sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

10) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virku efnin klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. desember 2006. Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslnanna sem varða þessi virku efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. hennar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb og metíram, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. júní 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort efnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) , breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, mankóseb, maneb eða metíram sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslum við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„112	Klórpýrifos CAS-nr. 2921-88-2 CIPAC-nr. 221	O,O-díetýl-O-3,5,6-tríklór-2-pýridýlfosfórþíóat	≥ 970 g/kg Litið var á O,O,O,O-tetraetýldíþíópýrófosfat (Súlfótep) sem varasöm óhreinindi í eiturefnafræðilegu tilliti og var hámarksgildið ákvarðað 3 g/kg.	1. júlí 2006	30. júní 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um klórpýrifos, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd fugla, spendýra, lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, t.d. með sóttvarnarbeltum. Aðildarríkin skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir fugla og spendýr. Þau skulu tryggja að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að klórpýrifos yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.
113	Klórpýrifosmetýl CAS-nr. 5598-13-0 CIPAC-nr. 486	O,O-dímetýl-O-3,5,6-tríklór-2-pýridýlfosfórþíóat	≥ 960 g/kg Litið var á O,O,O,O-tetrametýldíþíópýrófosfat (Súlfótemp) og OOO-trímetýl-O-(3,5,6-tríklóró-2-pýridínýl)dífosfóródíþíóat (Súlfótemp-ester) sem varasöm óhreinindi í eiturefnafræðilegu tilliti og var hámarksgildið ákvarðað 5 g/kg fyrir hvort efni um sig.	1. júlí 2006	30. júní 2016	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um klórpýrifosmetýl, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
						Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd fugla, spendýra, lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, t.d. með sóttvarnarbeltum. Aðildarríkin skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir fugla og spendýr ef um er að ræða notkun utanhúss. Þau skulu sjá til þess að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að klórpýrifosmetýl yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.
114	Maneb CAS-nr. 12427-38-2 CIPAC-nr. 61	Manganetýlenbis(díþíókarbamat) (fjölliða)	≥ 860 g/kg Litið var á etýlenþíóúrea sem varasöm framleiðsluóhreinindi í eiturefnafræðilegu tilliti sem mega ekki vera meira en 0,5 % af innihaldi manebs.	1. júlí 2006	30. júní 2016	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um maneb, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegsþætti og/eða erfið veðurfarsskilyrði. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að efnaleifum í matvælum og meta fæðutengd váhrif á neytendur. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd fugla, spendýra, lagarlífvera og liðdýra utan markhóps og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
						Aðildarríkin skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir fugla og spendýr og eiturhrif á þroskun. Þau skulu sjá til þess að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að maneb yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.
115	Mankóseb CAS-nr. 8018-01-7 (áður 8065-67-5) CIPAC-nr. 34	Manganetýlenbis(díþíókarbamat) flóki með sinksalti	≥ 800 g/kg Litið er á etýlenþíóúrea sem varasöm framleiðsluóhreinindi í eiturefnafræðilegu tilliti sem mega ekki vera meira en 0,5 % af innihaldi mankósebs.	1. júlí 2006	30. júní 2016	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um mankóseb, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegsþætti og/eða erfið veðurfarsskilyrði. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að efnaleifum í matvælum og meta fæðutengd váhrif á neytendur. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd fugla, spendýra, lagarlífvera og liðdýra utan markhóps og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu. Aðildarríkin skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir fugla og spendýr og eiturhrif á þroskun.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
						Þau skulu sjá til þess að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að mankóseb yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.
116	Metíram CAS-nr. 9006-42-2 CIPAC-nr. 478	Sinkammmoníat-etýlenbis-(díþíókarbamat) — pólý[etýlenbis(þíúramdísúlfíð)]	≥ 840 g/kg Litið er á etýlenþíóúrea, sem varasöm framleiðsluóhreinindi í eiturefnafræðilegu tilliti sem mega ekki vera meira en 0,5 % af innihaldi metírams.	1.júlí 2006	30. júní 2016	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um metíram, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. júní 2005. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegsþætti og/eða erfið veðurfarsskilyrði. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að efnaleifum í matvælum og meta fæðutengd váhrif á neytendur. Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd fugla, spendýra, lagarlífvera og liðdýra utan markhóps og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu. Aðildarríkin skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir fugla og spendýr. Þau skulu sjá til þess að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að metíram yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/5/EB **2008/EES/68/06**

frá 17. janúar 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu varfaríni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]) er sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir varfarín.

2) Áhrif varfaríns á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þá notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ([3]) var Írland tilnefnt skýrslugjafarríki. Skýrslugjafarríkið Írland lagði viðeigandi matsskýrslu og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina 8. maí 1996 í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92.

3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrsluna og fór sú endurskoðun fram innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Endurskoðuninni lauk 23. september 2005 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um varfarín.

4) Skýrslan um varfarín og frekari upplýsingar hafa einnig verið lagðar fyrir vísindanefndina um plöntur. Óskað var eftir áliti nefndarinnar á því hvort hægt sé að nota klínísk gögn, sem eru fengin með endurtekinni notkun á varfaríni sem segavarnarefni við lækningar manna, í þeim tilgangi að ákvarða viðtekinn dagskammt (ADI) og viðtekin váhrif á notanda (AOEL). Í áliti sínu ([4]) komst vísindanefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri nauðsynlegt að ákvarða viðtekinn dagskammt varfaríns. Enn fremur má vænta þess að fyrirliggjandi gögn um víðtæka, klíníska notkun varfaríns sem segavarnarefnis séu nógu áreiðanleg til að unnt sé að ákvarða viðtekinn dagskammt ef slíkt er talið nauðsynlegt. Sömuleiðis má ákvarða viðtekin váhrif á notanda með gögnum um áhrif á menn ef tekið er tillit til þess að u.þ.b. 15% af þeim skammti, sem er notaður í rottur, frásogast um húð.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda varfarín, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta varfaríni við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda varfarín, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

6) Varfarín er notað sem nagdýraeitur. Öll önnur virk efni, sem notuð eru sem nagdýraeitur, falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1112/2002 frá 20. júní 2002 um nákvæmar reglur um framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE ([5]). Enn fremur er verið að meta efnið eins og sakir standa innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([6]). Það sama á við um varfarín og um öll önnur efni í 1. viðauka við tilskipun 91/414/EBE að endurskoða má skráningarstöðu efnisins skv. 5. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar ef ný gögn koma fram, einkum ef gögnin eru fengin við mat á sambærilegum efnum eða við mat á varfaríninu sjálfu samkvæmt tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 18.1.2006, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

([3]) Stjtíð. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 (Stjtíð. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1).

([4]) Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi hugsanlega skráningu varfaríns í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna. SCP/WARFAR/002, lokaálit, samþykkt 6. júní 2000.

([5]) Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 14.

([6]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

7) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa borið saman við tilskipanirnar sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

8) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

9) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda varfarín, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

10) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. apríl 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virka efnið varfarín, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. mars 2007. Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða varfarín, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslunnar sem varðar þetta virka efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. hennar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi varfarín, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur varfarín, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. september 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort plöntuvarnarefnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. september 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur varfarín sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. september 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur varfarín sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. október 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslum við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértæk ákvæði
„XX	Varfarín CAS-nr. 81-81-2 CIPAC-nr. 70	(RS)-4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)kúmarín 3-(α-asetonýl-bensýl)-4-hýdroxýkúmarín	≥ 990 g/kg	1. október 2006	30. september 2013	A-HLUTI Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem nagdýraeitur sem lagt er fram sem tilreidd beita í sérsmíðuðum ílátum, ef við á. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um varfarín, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 23. september 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda, fugla og spendýra utan markhóps. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/6/EB **2008/EES/68/07**

frá 17. janúar 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu tólýlflúaníði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 451/2000 ([2]) og nr. 703/2001 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd annars áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE og sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Sú skrá nær yfir tólýlflúaníð.

2) Áhrif tólýlflúaníðs á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 451/2000 og (EB) nr.703/2001, að því er varðar þá notkun sem tilkynnendur hafa lagt til. Í reglugerðunum eru að auki tilnefnd skýrslugjafarríkin sem eiga að leggja viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 451/2000. Finnland var tilnefnt skýrslugjafarríki fyrir tólýlflúaníð og voru allar viðeigandi upplýsingar lagðar fram 13. júní 2003.

3) Matsskýrslan hefur farið í jafningjarýni hjá aðildarríkjunum og matshópi hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 14. mars 2005 sem vísindaskýrsla Matvælaöryggisstofnunarinnar um tólýlflúaníð ([4]). Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað þessa skýrslu innan fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra og lauk þeirri endurskoðun 23. september 2005 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um tólýlflúaníð.

4) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda tólýlflúaníð, fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta tólýlflúoníði við í I. viðauka til að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

5) Með fyrirvara um þá niðurstöðu er rétt að afla frekari upplýsinga um ákveðin atriði. Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE er kveðið á um að setja megi skilyrði fyrir skráningu efnis í I. viðauka. Því er rétt að krefjast þess að tólýlflúaníð verði rannsakað frekar til að staðfesta langtímaáhættumat fyrir spendýr sem eru grasbítar og að tilkynnandinn leggi fram slíkar rannsóknir.

6) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja skráningunni.

7) Með fyrirvara um þær skyldur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/414/EBE og fylgja skráningu virks efnis í I. viðauka, skal aðildarríkjunum veittur sex mánaða frestur að skráningu lokinni til að endurskoða gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda tólýlflúaníð, til að tryggja að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE, einkum 13. gr., og viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í I. viðauka, sé fullnægt. Aðildarríkin skulu breyta eða skipta út gildandi leyfum eða afturkalla þau, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Þrátt fyrir frestinn hér að framan skal kveða á um lengri frest til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni og fyrir hverja fyrirhugaða notkun þess í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 18.1.2006, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1044/2003 (Stjtíð. ESB L 151, 19.6.2003, bls. 32).

([3]) Stjtíð. EB L 98, 7.4.2001, bls. 6.

([4]) Vísindaskýrsla frá Matvælaöryggisstofnuninni (2005) 29, 1-76, Niðurstöður jafningjarýni á tólfúaníði (lokagerð 14. mars 2005).

8) Reynslan af fyrri skráningu í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á virkum efnum, sem metin eru innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([1]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari erfiðleika virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríkin eða handhafa leyfa að teknu tilliti til tilskipananna sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka.

9) Því þykir rétt að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. apríl 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virka efnið tólýlflúaníð, eða afturkalla þau eigi síðar en 31. mars 2007.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þá tilskipun, sem varða tólýlflúaníð, hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í B-hluta færslunnar sem varðar þetta virka efni, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl eða hafi aðgang að málsskjölum sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við þá tilskipun í samræmi við skilyrðin í 13. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, á grundvelli málsskjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun, og að teknu tilliti til B-hluta færslunnar í I. viðauka við sömu tilskipun varðandi tólýlflúaníð, hvert leyft plöntuvarnarefni sem inniheldur tólýlflúaníð, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. september 2006, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þau skulu ákvarða á grundvelli þessa mats hvort plöntuvarnarefnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. september 2010 ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur tólýlflúaníð sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. september 2010 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeirri tilskipun eða tilskipunum þar sem viðkomandi efni eða efnum var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ef um er að ræða plöntuvarnarefni sem inniheldur tólýlflúaníð sem eitt af mörgum virkum efnum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. október 2006.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 (Stjtíð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslu við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Gildistaka	Skráning rennur út	Sértækt ákvæði
	„Tólýlflúaníð CAS-nr. 731-27-1 CIPAC-nr. 275	*N*-díklórflúormetýlþíó-*N′*,*N′*-dímetýl-*N*-*p*-tólýlsúlfamíð	960 g/kg	1. október 2006	30. september 2016	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um tólýlflúaníð, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 23. september 2005. Við heildarmatið skulu aðildarríkin: — gefa sérstakan gaum að vernd spendýra sem eru grasbítar, vatnalífvera og liðdýra utan markhóps (annarra en býflugna), skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, – gefa sérstakan gaum að leifum í matvælum og meta fæðutengd váhrif á neytendur. Viðkomandi aðildarríki skulu fara fram á að frekari rannsóknir verði lagðar fram til að staðfesta áhættumat fyrir spendýr sem eru grasbítar (langtímaáhætta). Þau skulu sjá til þess að þeir tilkynnendur, sem fóru fram á að tólýlflúaníð yrði skráð í þennan viðauka, leggi slíkar rannsóknir fyrir framkvæmdastjórnina innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2008/EES/68/08**

frá 29. ágúst 2005

um grundvallarkröfur sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB með tilliti til þess að tryggja neyðarþjónustu aðgang að Cospas-Sarsat-staðsetningarsendum (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 3059)

(2005/631/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]), einkum e-lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilteknir staðsetningarsendar, gervihnattarneyðarbaujur (EPIRB) sem starfræktar eru á 406 MHz tíðninni í Cospas-Sarsat-gervihnattakerfinu hluti af alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu).

2) Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 4. september 2003 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) ([2]), verða framleiðendur gervihnattar-neyðarbauja að sjá til þess að búnaðurinn sé þannig að hann virki rétt, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu í neyðartilvikum og geri skýr og traust boðskipti möguleg.

3) Ákvörðun 2004/71/EB tekur þó ekki til staðsetningar-senda sem ætlaðir eru til annarra nota. Þar sem búist er við að fjölmargir Cospas-Sarsat-staðsetningarsendar af þessari tegund verði notaðir sem neyðarsendar er nauðsynlegt að kveða á um að þeir verði, að svo miklu leyti sem þeir falla undir tilskipun 1999/5/EB, hannaðir þannig að þeir virki rétt samkvæmt viðurkenndum kröfum um starfhæfni og uppfylli allar kröfur Cospas-Sarsat-gervihnattakerfisins.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun þessi gildir um staðsetningarsenda sem ætlað er að starfa á 406 MHZ tíðninni í Cospas-Sarsat-gervihnattakerfinu og falla ekki innan gildissviðs ákvörðunar 2004/71/EB.

2. gr.

Staðsetningarsendarnir, sem um getur í 1. gr., skulu vera þannig hannaðir að tryggt sé að þeir virki rétt samkvæmt viðurkenndum kröfum um starfhæfni og við þau rekstrarskilyrði þar sem leyfilegt er að nota þá. Í neyðartilvikum skulu þeir gera skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg og uppfylla þeir þar með allar kröfur Cospas-Sarsat-gervihnattakerfisins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 225, 31.8.2005, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54.

ÁKVÖRÐUN nr. 203 **2008/EES/68/09**

frá 26. maí 2005

um breytingu á ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 um samantekt skránna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 (*)

(2005/965/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([1]), en samkvæmt skilmálum hans ber framkvæmdaráðið ábyrgð á að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 2. mgr. 36. gr. fyrrnefndrar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71,

með hliðsjón af 17. gr. (1.–4. mgr.), 29. gr. (1.–3. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.), 94. gr. (4. og 5. mgr.), 95. gr. (4. og 5. mgr.) og 102. gr. (2. mgr.) reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 ([2]),

með hliðsjón af ákvörðun nr. 170 ([3]), eins og henni var breytt með ákvörðun nr 185 ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innleiðing evrópska sjúkratryggingakortsins, en gildistími þess getur verið umtalsvert lengri en gamla eyðublaðsins E 111, veldur nú erfiðleikum við samantekt, í samræmi við ákvæði ákvörðunar nr. 170, skránna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

2) Til að tryggja að aðstandendur starfandi manns (launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings) eða lífeyrisþegi og/eða aðstandendur hans njóti til fulls þeirra réttinda sem reglugerð (EBE) nr. 1408/71 veitir ef flutt er búferlum til annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis verður dagsetningin, sem fram kemur á eyðublöðum E 109 og E 121, sjálfkrafa að ganga fyrir fyrningardagsetningu réttinda sem tilgreind er á eyðublöðum E 106 og E 112, á evrópska sjúkratryggingakortinu eða nýrri fyrirmynd að eyðublaði E 111 og á eyðublaði E 128 sem gefin voru út til handa þessum einstaklingum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 349, 31.12.2005, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 4.

([1]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 (Stjtíð. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 647/2005.

([3]) Stjtíð. EB L 275, 10.10.1998, bls. 40.

([4]) Stjtíð. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 74.

3) Til að koma í veg fyrir tvöfaldar greiðslur frá þar til bærri stofnun (eingreiðslur og raunverulegur kostnaður) skal koma á málsmeðferð til að koma í veg fyrir að aðstandendur starfandi manns (launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings) eða lífeyrisþegi og/eða aðstandendur hans, sem flutt hafa búferlum til annars aðildarríkis, haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort, gefið út af þar til bærri stofnun, eftir upphafsdaginn sem eingreiðslur reiknast frá.

4) Einnig skal koma á málsmeðferð til að forðast að upp komi aðstæður þar sem aðstandendur starfsmanns (launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings) eða lífeyrisþegi og/eða aðstandendur hans, sem flutt hafa búferlum innan lögbæra ríkisins eða til annars aðildarríkis en búseturíkis, haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort, sem gefið er út af stofnun á búsetustað, eftir þann dag sem telst vera lokadagur að því er varðar útreikning eingreiðslna.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæðum 1. gr. ákvörðunar nr. 170 er breytt sem hér segir:

a) c-liður 2. liðar I. hluta falli brott,

b) eftirfarandi komi í stað d-liðar 2. liðar I. hluta:

„deginum þegar eyðublað E 109 berst stofnun á búsetustað, ef hvorki kemur fram á eyðublaðinu hvaða dag hlutaðeigandi öðlaðist rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf lögbærs ríkis, eins og kveðið er á um í a-lið, né hvaða dag hann flutti búferlum, eins og kveðið er á um í b-lið.“,

c) eftirfarandi liður 2a bætist við í I. hluta:

„Stofnun á búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun um skráningu viðkomandi einstaklings til að síðarnefnda stofnunin geti látið hana vita til hvaða ráðstafana skuli gripið fyrir hennar hönd til að koma í veg fyrir að viðkomandi einstaklingur haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort sem þar til bæra stofnunin hefur gefið út.

Stofnun á búsetustað skal tilkynna viðkomandi einstaklingi að frá og með þeim degi sem hann skráir sig hjá þeirri stofnun gildi evrópska sjúkratryggingakortið, sem þar til bæra stofnunin gaf út, ekki lengur. Hún skal láta honum í té nýtt evrópskt sjúkratryggingakort eftir því sem við á.“,

d) eftirfarandi liður 4a bætist við í I. hluta:

„Stofnun á fyrri búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun og/eða stofnun á nýja búsetustaðnum til hvaða ráðstafana skuli gripið til að koma í veg fyrir að hinn tryggði haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort, sem hún hefur gefið út, eftir að hann hefur skráð sig.

Þar til bær stofnun og/eða stofnun á nýja búsetustaðnum skal tilkynna viðkomandi einstaklingi að evrópskt sjúkratryggingakort, sem stofnun á fyrri búsetustað gaf út, gildi ekki eftir þann dag sem telst vera lokadagur að því er varðar útreikning eingreiðslna. Hún skal láta honum í té nýtt evrópskt sjúkratryggingakort eftir því sem við á.“,

e) c-liður 2. liðar II. hluta falli brott,

f) eftirfarandi komi í stað d-liðar 2. liðar II. hluta:

„deginum þegar eyðublað E 121 berst stofnun á búsetustað, ef hvorki kemur fram á eyðublaðinu hvaða dag hlutaðeigandi öðlaðist rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf lögbærs ríkis, eins og kveðið er á um í a-lið, né hvaða dag hann flutti búferlum, eins og kveðið er á um í b-lið.“,

g) eftirfarandi liður 2a bætist við í II. hluta:

„Stofnun á búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun um skráningu viðkomandi einstaklings til að síðarnefnda stofnunin geti látið hana vita til hvaða ráðstafana skuli gripið til að koma í veg fyrir að hinn tryggði haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort sem hún hefur gefið út

Stofnun á búsetustað skal tilkynna viðkomandi einstaklingi að frá og með þeim degi sem hann skráir sig hjá þeirri stofnun gildi evrópska sjúkratryggingakortið, sem þar til bæra stofnunin gaf út, ekki lengur. Hún skal láta honum í té nýtt evrópskt sjúkratryggingakort eftir því sem við á.“,

h) eftirfarandi liður 4a bætist við í II. hluta:

„Stofnun á fyrri búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun og/eða stofnun á nýja búsetustaðnum til hvaða ráðstafana skuli gripið til að koma í veg fyrir að hinn tryggði haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort, sem hún hefur gefið út, eftir að hann hefur skráð sig.

Þar til bær stofnun og/eða stofnun á búsetustaðnum skal tilkynna viðkomandi einstaklingi að evrópskt sjúkratryggingakort, sem stofnun á fyrri búsetustað gaf út, gildi ekki eftir þann dag sem telst vera lokadagur að því er varðar útreikning eingreiðslna. Hún skal láta honum í té nýtt evrópskt sjúkratryggingakort eftir því sem við á.“

2. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 1. janúar 2006.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Claude EWEN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/68/EB **2008/EES/68/10**

frá 16. nóvember 2005

um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([3]), tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([5]) er mælt fyrir um ákvæði sem lúta að því að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga í Bandalaginu.

2) Í þessum tilskipunum er mælt fyrir um lagaramma fyrir vátryggingafélög, sem annast vátryggingastarfsemi á innri markaðinum, að því er varðar staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, til þess að auðvelda vátryggingafélögum með aðalskrifstofur í Bandalaginu að mæta skuldbindingum sínum innan Bandalagsins og til þess að gera vátryggingatökum kleift að leita, ekki aðeins til vátryggjenda með staðfestu í þeirra eigin landi heldur einnig til vátryggjenda með aðalskrifstofur í Bandalaginu og með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

3) Fyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum, gildir um alla starfsemi félaga sem annast frumtryggingar, þ.e. bæði um starfsemi á sviði frumtrygginga og endurtryggingastarfsemi sem felur í sér móttöku endurtrygginga; en endurtryggingastarfsemi, sem sérhæfð endurtryggingafélög annast, fellur þó hvorki undir þetta fyrirkomulag né neitt annað fyrirkomulag sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins.

4) Endurtrygging er mjög mikilvæg fjármálastarfsemi þar sem hún gerir félögum á sviði frumtrygginga kleift að auka getu sína til að taka þátt í vátryggingastarfsemi og veita vátryggingavernd og einnig að lækka fjármagnskostnað sinn, með því að dreifa áhættunni víðar um heiminn. Endurtrygging gegnir auk þess lykilhlutverki fyrir fjárhagslegan stöðugleika þar sem hún er afgerandi þáttur í að tryggja fjárhagslegan styrkleika og stöðugleika á mörkuðum fyrir frumtryggingar sem og fjármálakerfisins í heild, vegna þess að hún tengist öllum stærstu aðilum í miðlun fjármálaafurða og stofnanafjárfestum.

5) Með tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga ([6]) voru höft á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu í tengslum við ríkisfang eða búsetu þess sem veitir endurtryggingu afnumin. Með henni voru þó ekki afnumin höft sem leiðir af mismun í ákvæðum landslaga að því er varðar varfærnisreglur á sviði endurtrygginga.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 5.

([1]) Stjtíð. ESB C 120, 20.5.2005, bls. 1.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 7. júní 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. október 2005.

([3]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

([4]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([5]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([6]) Stjtíð. EB 56, 4.4.1964, bls. 878.

Þessi staða hefur leitt til þess að ekki er haft jafnmikið eftirlit með öllum endurtryggingafélögum í Bandalaginu og skapar það hindranir í starfsemi endurtryggingafélaga, s.s. sú kvöð að endurtryggingafélög skuli veðsetja eignir til jöfnunar sínum hluta vátryggingaskuldar frumtryggingafélags, eða skuldbinding endurtryggingafélaga um að virða mismunandi eftirlitsreglur í mismunandi aðildarríkjum þar sem þau eru með starfsemi eða óbeint eftirlit með ýmsum þáttum í starfsemi endurtryggingafélags sem lögbær yfirvöld á sviði frumtrygginga annast.

6) Í aðgerðaáætluninni um fjármálaþjónustu er bent á að endurtryggingar séu atvinnugrein þar sem þörf er á aðgerðum innan Bandalagsins til þess að innri markaðurinn fyrir fjármálaþjónustu verði að veruleika. Enn fremur hafa mikilvægar fjármálastofnanir, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðasamband tryggingaeftirlita (IAIS), sérstaklega bent á að skortur á samræmdum eftirlitsreglum með endurtryggingastarfsemi innan Bandalagsins væri misbrestur á regluramma um fjármálaþjónustu sem rétt sé að ráða bót á.

7) Þessi tilskipun miðar að því að koma á ramma um varfærnisreglur vegna endurtryggingastarfsemi í Bandalaginu. Hún er hluti af heildarlöggjöf Bandalagsins á sviði vátrygginga sem miðar að því að koma á hinum innri markaði á sviði vátrygginga.

8) Þessi tilskipun er í samræmi við þá umfangsmiklu vinnu á alþjóðavettvangi sem fram fer í tengslum við varfærnisreglur á sviði endurtrygginga, einkum innan Alþjóðasambands tryggingaeftirlita.

9) Í þessari tilskipun er fylgt nálguninni í löggjöf Bandalagsins, sem samþykkt er á sviði frumtrygginga og felst í því að koma á nauðsynlegri grundvallarsamræmingu sem nægir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum og varfærniseftirlitskerfum, þannig að unnt verður að gefa út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar í Bandalaginu og beita meginreglunni um eftirlit heimaaðildarríkis

10) Því þarf framvegis eitt opinbert leyfi sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem endurtryggingafélag hefur aðalskrifstofu til að hefja og stunda endurtryggingastarfsemi. Slíkt starfsleyfi gerir félaginu kleift að annast starfsemi alls staðar í Bandalaginu samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Aðildarríkið, þar sem útibúið er eða þjónustan er veitt, getur ekki krafist þess að endurtryggingafélag, sem óskar eftir að reka þar endurtryggingastarfsemi og hefur þegar fengið leyfi í heimaaðildarríkinu, sæki um nýtt leyfi. Enn fremur ætti endurtryggingafélag, sem þegar hefur fengið starfsleyfi í heimaaðildarríki sínu, ekki að vera undir viðbótareftirliti eða sæta rannsóknum á fjárhagslegum styrkleika þess sem lögbært yfirvald vátryggingafélags, sem er endurtryggt af því endurtryggingafélagi, annast. Að auki skal aðildarríkjum ekki að vera heimilt að krefjast þess að endurtryggingafélag með starfsleyfi í Bandalaginu veðsetji eignir til jöfnunar sínum hluta vátryggingaskuldar frumtryggjanda. Skilgreina ber skilyrði varðandi veitingu eða afturköllun starfsleyfis. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita endurtryggingafélagi starfsleyfi eða viðhalda starfsleyfi endurtryggingafélags sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

11) Þessi tilskipun gildir um endurtryggingafélög sem annast eingöngu starfsemi á sviði endurtrygginga en enga frumtryggingastarfsemi. Einnig gildir hún um svokölluð bundin (captive) endurtryggingafélög, sem stofnuð eru eða eru í eigu annaðhvort fjármálafyrirtækis, annars en vátrygginga- eða endurtryggingafélags, eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi ([1]) eða eins eða fleiri fyrirtækja, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, sem hafa að markmiði að endurtryggja eingöngu gegn áhættu fyrirtækjanna sem þau tilheyra. Þegar vísað er í endurtryggingafélög í þessari tilskipun er einnig átt við bundin endurtryggingafélög nema þegar sett eru sérákvæði um bundin endurtryggingafélög. Bundin endurtryggingafélög tryggja ekki gegn áhættu sem leiðir af ytri frumtryggingastarfsemi eða endurtrygginga-starfsemi vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem tilheyrir samstæðunni. Enn fremur mega vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem tilheyra fjármálasamsteypu, ekki eiga bundið félag.

12) Þessi tilskipun gildir þó ekki um vátryggingafélög sem falla þegar undir tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EBTil þess að fjárhagslegur styrkleiki vátryggingafélaga, sem einnig stunda endurtryggingastarfsemi, sé tryggður og að tilhlýðilegt tillit sé tekið til fyrirkomulags þessarar starfsemi í kröfum varðandi eigið fé þessara vátryggingafélaga gilda þó þau ákvæði þessarar tilskipunar sem tengjast gjaldþoli endurtryggingafélaga einnig um endurtryggingastarfsemi þessara vátryggingafélaga ef umfang hennar er verulega stór hluti af heildarstarfsemi þeirra.

13) Þessi tilskipun gildir ekki um endurtryggingavernd sem aðildarríki veitir eða ábyrgist að öllu leyti þegar það, af ástæðum sem varða verulega almenna hagsmuni, veitir endurtryggingavernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg, einkum þegar ekki er hægt að fá viðunandi endurtryggingavernd á markaðskjörum vegna sérstakra markaðsaðstæðna. Í þessu samhengi merkir skortur á „viðunandi endurtryggingavernd á markaðskjörum“ fyrst og fremst vangetu markaðarins þar sem framboð á vátryggingavernd er augljóslega ófullnægjandi, þótt alltof há iðgjöld ættu í sjálfu sér ekki að merkja að um ófullnægjandi vátryggingavernd á markaðskjörum sé að ræða. Ákvæði d-liðar 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar

([1]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

gilda einnig um ráðstafanir milli vátryggingafélaga sem falla undir tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EB og miða að því sameina fjárkröfur sem leiða af mjög mikilli áhættu, s.s. vegna hryðjuverka.

14) Endurtryggingafélög skulu takmarka starfsemi sína við endurtryggingar og tengda starfsemi. Þessi krafa kemur ekki í veg fyrir að endurtryggingafélög geti annast starfsemi á borð við tölfræðilega eða tryggingafræðilega ráðgjöf, áhættugreiningu eða rannsóknir fyrir viðskiptavini sína. Þetta getur einnig tekið til starfsemi eignarhaldsfélags og starfsemi á fjármálasviði í skilningi 8. liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ([1]). Hvað sem öðru líður leyfir þessi krafa ekki að hægt sé að annast óskylda banka- og fjármálastarfsemi.

15) Í þessari tilskipun er betur skýrt valdsvið og eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki endurtryggingafélagsins skulu annast eftirlit með fjárhagslegum styrkleika endurtryggingafélaga, m.a. gjaldþoli þeirra, fullnægjandi vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóðum og að þessi skuld og sjóðir séu tryggðir með viðeigandi eignum.

16) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nauðsynlegar eftirlitsheimildir til að tryggja að endurtryggingafélög reki starfsemi sína samkvæmt reglum alls staðar í Bandalaginu, hvort sem hún er rekin samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Einkum verða þau að geta gert viðeigandi verndarráðstafanir eða beita viðurlögum sem miða að því að koma í veg fyrir að ákvæði varðandi endurtryggingaeftirlit séu brotin eða að ekki sé farið eftir þeim.

17) Ákvæði um yfirfærslu vátryggingarstofns skulu vera í samræmi við það fyrirkomulag sem kveðið er á um í þessari tilskipun og gerir ráð fyrir einu starfsleyfi. Þau gilda um ýmiss konar yfirfærslu á vátryggingastofnum milli endurtryggingafélaga, s.s. yfirfærslu á vátryggingastofni sem leiðir af samruna endurtryggingafélaga eða sölu annarra gerninga sem falla undir félagarétt eða yfirfærslu á vátryggingastofni með útistandandi tapi við flutning til annars endurtryggingafélags. Enn fremur skulu í ákvæðum um yfirfærslu vátryggingastofns vera ákvæði sem varða sérstaklega yfirfærslu á safni vátryggingasamninga, sem gerðir eru á grundvelli staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu, til annars endurtryggingafélags.

18) Gera skal ráð fyrir að lögbær yfirvöld og yfirvöld eða stofnanir, sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins, skiptist á upplýsingum. Til að tryggja þá leynd sem hvílir yfir þeim upplýsingum sem sendar eru áfram verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður. Nauðsynlegt er að tilgreina með hvaða skilyrðum fyrrnefnd upplýsingaskipti eru heimiluð. Þegar kveðið er á um að einungis megi afhenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum. Í þessu tilliti og í því skyni að tryggja viðeigandi eftirlit lögbærra yfirvalda með endurtryggingafélögum er rétt að í þessari tilskipun sé kveðið á um reglur sem gera aðildarríkjunum kleift að gera samninga um upplýsingaskipti við þriðju lönd að því tilskildu að um upplýsingarnar, sem látnar eru í té, ríki þagnarskylda.

19) Með það í huga að auka varfærniseftirlit með endurtryggingafélögum skal mæla fyrir um að löggiltum endurskoðanda beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, komist hann við störf sín á snoðir um tilteknar staðreyndir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald endurtryggingafélags. Með hliðsjón af settu markmiði er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst á snoðir um slík málsatvik við störf sín í félagi sem hefur náin tengsl við endurtryggingafélag. Skylda endurskoðenda til að upplýsa lögbær yfirvöld, eftir því sem við á, um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða endurtryggingafélag og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í félagi öðru en endurtryggingafélagi, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi félagi né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í félaginu.

20) Setja skal ákvæði um hvernig þessari tilskipun skuli beitt gagnvart starfandi endurtryggingafélögum, sem eru þegar með starfsleyfi eða hafa heimild til að stunda endurtryggingastarfsemi í samræmi við ákvæði aðildarríkjanna, áður en beiting þessarar tilskipunar hefst.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB.

21) Til þess að gera endurtryggingafélagi kleift að standa við skuldbindingar sínar ber heimaaðildarríkinu að skylda endurtryggingafélag til að vera með fullnægjandi vátryggingaskuld. Ákveða skal fjárhæð slíkra vátryggingaskulda í samræmi við tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([1]) og skal heimaaðildarríkjunum einnig vera heimilt, að því er varðar starfsemi á sviði lífendurtrygginga, að mæla fyrir um sértækari reglur í samræmi við tilskipun 2002/83/EB.

22) Endurtryggingafélagi, sem annast endurtryggingar á sviði greiðsluvátrygginga, skal gert að mynda útjöfnunarsjóð, sem ekki er hluti af gjaldþoli þess, ef endurtryggingastarfsemi þess vegna greiðsluvátrygginga er umtalsverður hluti starfseminnar í heild. Þessi sjóður skal reiknaður samkvæmt einni aðferðanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 73/239/EBE og teljast þær jafngildar. Enn fremur er rétt að þessi tilskipun heimili heimaaðildarríkinu jafnframt að skylda endurtryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, til þess að mynda útjöfnunarsjóði fyrir aðra áhættuflokka en endurtryggingar vegna greiðsluvátrygginga, samkvæmt reglum sem það heimaaðildarríki mælir fyrir um. Í framhaldi af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS 4) skal í þessari tilskipun skýra varfærnismeðferð vegna útjöfnunarsjóða sem myndaðir eru í samræmi við þessa tilskipun. Þar sem nauðsynlegt er að endurmeta endurtryggingar samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II“ (Solvency II) er þó ekki fjallað um eftirlit með endurtryggingum í framtíðinni samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II“ í þessari tilskipun.

23) Endurtryggingafélag skal hafa yfir að ráða eignum til að mæta vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði sem miðist við þá tegund starfsemi sem það stundar, einkum hvað varðar eðli, fjárhæð og tímalengd áætlaðra kröfugreiðslna á þann hátt að tryggja nægilegt magn, greiðsluhæfi, öryggi, gæði, arðsemi og jöfnun fjárfestinga sinna sem félagið skal tryggja að séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar og geri því kleift að bregðast með viðunandi hætti við breytingum í efnahagslífinu, einkum þróun á fjármála- og fasteignamörkuðum eða meiri háttar hamförum.

24) Nauðsynlegt er að endurtryggingafélag hafi, auk vátryggingaskuldar, yfir að ráða viðbótarvarasjóði, er nefnist gjaldþol, sem myndaður er úr kvaðalausum eignum og, með samþykki þar til bærs yfirvalds, öðrum óbeinum eignum, þannig að það sé viðbúið neikvæðum sveiflum í starfseminni. Þessi krafa skiptir miklu máli við varfærniseftirlit. Þar til endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á núverandi fyrirkomulagi varðandi gjaldþol hefur farið fram samkvæmt „Gjaldþolsáætlun II“, í því skyni að ákvarða tilskilið gjaldþol endurtryggingafélaga, skal beita reglum gildandi löggjafar á sviði frumtrygginga.

25) Í ljósi þess hve endurtryggingar vegna líftrygginga, sem taka til áhættu vegna dauða, og endurtryggingar vegna skaðatrygginga eru líkar, einkum hvað varðar vernd gegn tryggingaáhættu og gildistíma endurtryggingasamninga vegna líftrygginga, ber að ákvarða gjaldþol fyrir endurtryggingar vegna líftrygginga í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar að því er varðar útreikning á tilskildu gjaldþoli fyrir endurtryggingar vegna skaðatrygginga. Heimaaðildarríkinu skal þó heimilt að beita reglunum, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/83/EB, hvað varðar ákvörðun um tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingar vegna líftrygginga sem tengjast fjárfestingarsjóðum eða hlutdeildarsamningum.

26) Til þess að taka mið af sérstöku eðli ákveðinna tegunda endurtryggingasamninga eða viðskiptasviða er rétt að setja ákvæði vegna breytinga á útreikningi á tilskildu gjaldþoli. Framkvæmdastjórnin skal, við meðferð þess framkvæmdavalds sem henni er falið samkvæmt sáttmálanum, gera þessar breytingar að höfðu samráði við Evrópunefnd um vátryggingar og starfstengda lífeyrissjóði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB ([2]).

27) Þessar ráðstafanir skulu samþykktar með því að beita málsmeðferðarreglunni sem um getur í 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]).

28) Skrá yfir liði, sem eru tækir til að mæta gjaldþoli sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu vera þeir sömu og kveðið er á um í tilskipun 73/239/EBE og 2002/83/EB.

29) Endurtryggingafélög skulu einnig vera með ábyrgðasjóð til þess að tryggja að þau hafi yfir nægilegu fé að ráða þegar þau eru stofnuð og jafnframt að gjaldþol fari aldrei niður fyrir tiltekið öryggislágmark meðan á starfsemi stendur. Til að taka tillit til sérkenna bundinna endurtryggingafélaga ber þó að kveða á um að heimaaðildarríki sé heimilt að fastsetja tilskilinn lágmarksábyrgðarsjóð með lægri fjárhæð fyrir bundin endurtryggingafélög.

([1]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

([2]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

30) Í tilteknum ákvæðum í þessari tilskipun eru settir lágmarksstaðlar. Heimaaðildarríki er heimilt að mæla fyrir um strangari reglur fyrir endurtryggingafélög sem hafa fengið starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum sínum, einkum að því er varðar kröfur um gjaldþol.

31) Þessi tilskipun gildir um takmarkaðar endurtryggingar. Því er nauðsynlegt að skilgreina takmarkaðar endurtryggingar vegna þessarar tilskipunar. Vegna sérstaks eðlis þessarar tegundar endurtryggingastarfsemi skal heimaaðildarríkjunum gefast kostur á að kveða á um sértæk ákvæði um starfsemi á sviði takmarkaðra endurtrygginga. Þessi ákvæði gætu verið frábrugðin almenna fyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að því er varðar allmörg sértæk atriði.

32) Í þessari tilskipun skal kveðið á um reglur fyrir félög með sérstakan tilgang sem taka á sig áhættur frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum. Sérstakt eðli slíkra félaga með sérstakan tilgang, sem eru ekki vátrygginga- eða endurtryggingafélög, kallar á að sértæk ákvæði séu sett í aðildarríkjunum. Enn fremur skal í þessari tilskipun kveðið á um að heimaaðildarríkið mæli fyrir um ítarlegri reglur um skilyrði fyrir notkun útistandandi fjárhæða frá félagi með sérstakan tilgang sem vátryggingafélag eða endurtryggingafélag getur notað sem eignir til að mæta vátryggingaskuld. Í þessari tilskipun skal einnig kveða á um að endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang teljist vera frádráttarbærar samkvæmt endurtryggingasamningum innan þeirra marka sem sett eru í þessari tilskipun, með fyrirvara um að vátryggingafélag eða endurtryggingafélag hafi sótt um og fengið samþykki lögbærs yfirvalds.

33) Nauðsynlegt er að kveða á um ráðstafanir í þeim tilvikum sem fjárhagsstaða endurtryggingafélags verður slík að því reynist erfitt að standa við tryggingaskuldbindingar sínar. Við sérstakar aðstæður er einnig nauðsynlegt að lögbær yfirvöld hafi vald til íhlutunar nægilega snemma en ef til slíkrar íhlutunar kemur skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við meginreglur um góða stjórnsýsluhætti og tilhlýðilega málsmeðferð, gera viðkomandi endurtryggingafélögum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki slíkum eftirlitsaðgerðum. Á meðan slíkar aðstæður eru fyrir hendi skal komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld votti um fullnægjandi gjaldþol endurtryggingafélags.

34) Nauðsynlegt er að kveða á um samstarf milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til þess að tryggja að endurtryggingafélag, sem rekur starfsemi samkvæmt staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu, fari að þeim ákvæðum sem gilda í gistiaðildarríkinu.

35) Kveða ber á um rétt til að leita til dómstóla sé starfsleyfis synjað eða það afturkallað.

36) Mikilvægt er að kveða á um að endurtryggingafélög með aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, sem stunda endurtryggingastarfsemi í Bandalaginu, heyri ekki undir ákvæði sem hefðu í för með sér hagstæðari kjör en þau sem búin eru endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins.

37) Til þess að taka tillit til alþjóðlegra þátta í endurtryggingu skal vera mögulegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd sem miða að því að skilgreina heimildir til að hafa eftirlit með endurtryggingafélögum sem stunda sína starfsemi á yfirráðasvæði sérhvers samningsaðila.

38) Ákvarða skal sveigjanlega málsmeðferð svo að unnt sé að meta hvort varfærniseftirlit hjá þriðju löndum jafngildi því sem er í Bandalaginu í því skyni að auka frelsi í endurtryggingaþjónustu í þriðju löndum hvort sem það er með því að stofna félag eða veita þjónustu yfir landamæri. Í því skyni er í þessari tilskipun kveðið á um málsmeðferð vegna samningaviðræðna við þriðju lönd.

39) Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki þessari tilskipun í grundvallaratriðum. Þessar framkvæmdarráðstafanir skulu gera Bandalaginu kleift að taka mið af framtíðarþróun á sviði endurtrygginga. Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB.

40) Því skal aðlaga gildandi lagaramma Bandalagsins fyrir vátryggingar og taka þannig mið af hinu nýja eftirlitsfyrirkomulagi fyrir endurtryggingafélög sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tryggja samræmdan regluramma á sviði vátrygginga í heild. Einkum ber að aðlaga gildandi ákvæði sem heimila „óbeint eftirlit“ með vátryggingafélögum á vegum yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með frumtryggingafélögum. Enn fremur er nauðsynlegt að ryðja úr vegi gildandi ákvæðum sem gera aðildarríkjunum kleift að krefjast þess að eignir verði veðsettar móti vátryggingaskuld vátryggingafélags, í hvaða formi sem krafan er sett fram, ef vátryggjandi er endurtryggður hjá endurtryggingafélagi sem hefur starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun eða hjá vátryggingafélagi. Að lokum skal samþykkja ákvæði um tilskilið gjaldþol vátryggingafélaga sem stunda endurtryggingastarfsemi þegar slík starfsemi er verulegur hluti starfsemi þess, með fyrirvara um gjaldþolsreglur fyrir endurtryggingafélög í þessari tilskipun. Því ber að breyta tilskipunum 73/239/EBE, 92/49/EBE og 2002/83/EB til samræmis við það.

41) Breyta skal tilskipun 98/78/EB til að tryggja að endurtryggingafélög í vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðu lúti viðbótareftirliti á sama hátt og vátryggingafélög sem nú eru hluti af vátryggingasamstæðu.

42) Ráðið skal, í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]), hvetja aðildarríkin til að semja fyrir sig og í þágu Bandalagsins sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að gera þær opinberar.

43) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á lagaramma til að hefja og stunda endurtryggingastarfsemi, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans.

44) Þar eð mælt er fyrir um lágmarksstaðla í þessari tilskipun geta aðildarríkin kveðið á um strangari reglur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Í tilskipun þessari eru settar reglur um stofnun og rekstur sjálfstæðrar starfsemi á sviði endurtrygginga af hálfu endurtryggingafélaga sem annast eingöngu endurtryggingar og eru með staðfestu í aðildarríki eða sem óska eftir staðfestu þar.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) vátryggingafélög sem tilskipanir 73/239/EBE eða 2002/83/EB gilda um,

b) starfsemi og stofnanir sem um getur í 2. og 3. gr. tilskipunar 73/239/EBE,

c) starfsemi og stofnanir sem um getur í 3. gr. tilskipunar 2002/83/EB,

d) endurtryggingastarfsemi sem er í höndum ríkisstjórnar aðildarríkis eða tryggð til fulls af ríkisstjórn aðildarríkis þegar hún, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingavernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg, þ.m.t. þegar hún verður að gegna slíku hlutverki vegna aðstæðna á markaðinum þar sem ekki er hægt að fá fullnægjandi vátryggingavernd á markaðskjörum.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „endurtryggingar“: starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's merkja endurtryggingar einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu, sem félagi í Lloyd's, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, þó ekki samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd’s, hefur látið frá sér,

b) „bundið endurtryggingafélag“ (captive reinsurance undertaking): endurtryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna endurtryggingafélagið á aðild að,

c) „endurtryggingafélag“: félag sem fengið hefur opinbert starfsleyfi í samræmi við 3. gr.,

d) „útibú“: umboð eða útibú endurtryggingafélags,

e) „starfsstöð“: aðalskrifstofa eða útibú endurtryggingafélags, að teknu tilliti til d-liðar,

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

f) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa endurtryggingafélagsins er staðsett,

g) „aðildarríki útibúsins“: aðildarríkið þar sem útibú endurtryggingafélagsins er staðsett,

h) „gistiaðildarríki“: aðildarríki þar sem endurtryggingafélag hefur útibú eða veitir þjónustu,

i) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE ([1]), eða sams konar tengsl milli einstaklings eða lögaðila og félags,

j) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða annað sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun félagsins þar sem eignarhlutdeildin er,

k) „móðurfélag“: móðurfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

l) „dótturfélag“: dótturfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

m) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild samkvæmt lögum eða reglum til að hafa eftirlit með endurtryggingafélögum,

n) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:

   i) hlutdeild, hér er átt við eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fjár félags, beint eða með yfirráðum eða

   ii) yfirráð, í öllum tilvikunum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og félags,

([1]) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

o) „fjármálastofnun“: ein eftirfarandi stofnana:

   i) lánastofnun, fjármálastofnun eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi í skilningi 5. og 23. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB ([2]),

   ii) vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

   iii) fjárfestingarfyrirtæki eða fjármálastofnun í skilningi 1. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB ([3]),

   iv) blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 15. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

p) „félag með sérstakan tilgang“: félag, hvort sem það er hlutafélag eða ekki, annað en starfandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með einhverju öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem útvega slík skuldabréf eða annað fjármögnunarfyrirkomulag víkur fyrir endurtryggingaskuldbindingum slíks félags,

q) „takmörkuð endurtrygging“: endurtrygging þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta, sem leiðir af yfirfærslu verulegrar vátryggingaráhættu er tengist bæði vátryggingaratburði og tímasetningu yfirfærslu áhættu, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. öðruhvoru eftirfarandi atriða:

   i) skýru og efnislegu mati á tímavirði peninga,

   ii) samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, jafnvægi í fjárhagslegri reynslu aðilanna við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem stefnt er að.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar telst vernd sem endurtryggingafélag veitir stofnun sem sjá um starfstengdar lífeyrisgreiðslur sem falla undir gildissvið 2003/41/EB ([1]), ef lög heimaaðildarríkis stofnunarinnar heimila slíkt, einnig til starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar.

Að því er varðar d-lið 1. mgr. skal fara með allt fast aðsetur endurtryggingafélags á yfirráðasvæði aðildarríkis eins og um umboð eða útibú væri að ræða, enda þótt það sé ekki í formi umboðs eða útibús, heldur felist einungis í skrifstofu sem rekin er af starfsfólki félagsins sjálfs eða óháðum aðila sem hefur ótímabundna heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins með sama hætti og umboð.

Að því er varðar j-lið 1. mgr. þessarar greinar og í samhengi við 12. gr. og 19. – 23. gr. og annars konar eignarhlutdeild, sem um getur í 19. – 23. gr., skal taka tillit til atkvæðaréttarins sem um getur í 92. gr. tilskipunar 2001/34/EB ([2]).

Að því er varðar l-lið 1. mgr. ber einnig ber að líta á sérhvert dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag þess móðurfélags sem er aðalfyrirtæki þessara félaga.

Að því er varðar n-lið 1. mgr.:

— skal litið á dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag móðurfyrirfélagsins sem er í forsvari fyrir þessi félög,

— skal einnig litið á það sem náin tengsl milli slíkra aðila þegar svo ber við að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir einum og sama aðilanum með yfirráðatengslum.

3. Hvar sem vísað er til evrunnar í tilskipun þessari skal það gengi gjaldmiðils viðkomandi lands, sem notað er frá og með 31. desember ár hvert, miðað við síðasta dag næstliðins októbermánaðar, er gengi allra gjaldmiðla aðildarríkja Bandalagsins gagnvart evrunni lá fyrir.

II. BÁLKUR

AÐ HEFJA STARFSEMI Á SVIÐI ENDURTRYGGINGA OG LEYFISVEITING ENDURTRYGGINGAFÉLAGA

3. gr.

Meginreglan um starfsleyfi

Opinbert starfsleyfi þarf til að hefja endurtryggingastarfsemi.

Sótt skal um slíkt starfsleyfi til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki og á það við um:

a) félag sem stofnsetur aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess ríkis,

b) endurtryggingafélag sem, að fengnu starfsleyfi, færir út starfsemi sína þannig að hún nái til annarra endurtrygginga en þeirra sem starfsleyfið tekur þegar til.

4. gr.

Gildissvið starfsleyfis

1. Starfsleyfi skv. 3. gr. gildir alls staðar í Bandalaginu. Það heimilar endurtryggingafélagi að stunda starfsemi þar, annaðhvort á grundvelli staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu.

2. Starfsleyfi skal veitt fyrir endurtryggingar á sviði skaðatrygginga, lífendurtrygginga eða hvers konar endurtryggingastarfsemi samkvæmt beiðni umsækjanda.

Það skal metið á grundvelli starfsáætlana sem lagðar skulu fram skv. b-lið 6. gr. og 11. gr. og að uppfylltum skilyrðum sem aðildarríkið, þar sem sótt er um starfsleyfið, setur.

5. gr.

Félagsform endurtryggingafélagsins

1. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að hvert endurtryggingafélag, sem sótt er um leyfi fyrir, taki upp eitt af þeim félagsformum sem sett eru fram í I. viðauka.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf (Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1).Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

Enn fremur er endurtryggingafélaginu heimilt að taka upp félagsformið Evrópufélag (SE), eins og það er skilgreint í reglugerð 2157/2001 ([1]).

2. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar við á, að stofna félög sem starfa samkvæmt opinberum rétti enda hafi þessir aðilar að markmiði að starfa að endurtryggingastarfsemi á jafnréttisgrundvelli við félög sem starfa samkvæmt einkamálarétti.

6. gr.

Skilyrði

Heimaaðildarríki skulu gera kröfu um að hvert endurtryggingafélag sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

a) takmarki rekstrartilgang sinn við endurtryggingar og tengda starfsemi; þessi krafa getur tekið til hlutverks og starfsemi eignarhaldsfélags sem tengist fjármálastarfsemi í skilningi 8. liðar 2. gr. í tilskipun 2002/87/EB,

b) leggi fram rekstraráætlun í samræmi við ákvæði 11. gr.,

c) hafi yfir að ráða lágmarksábyrgðarsjóði skv. 2. mgr. 40. gr,

d) sé rekið á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð, viðeigandi starfsmenntun og hæfi eða starfsreynslu.

7. gr.

Náin tengsl

1. Ef náin tengsl eru milli endurtryggingafélags og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl komi ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.

2. Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsýslufyrirmæli lands utan Bandalagsins, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem endurtryggingafélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvaldið sinni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

3. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að endurtryggingafélag veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo að þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) (Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1). Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2004 (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).

8. gr.

Aðalskrifstofa endurtryggingafélags

Aðildarríkin skulu krefjast þess að aðalskrifstofur endurtryggingafélaga séu staðsettar í sama aðildarríki og skráðar skrifstofur þeirra.

9. gr.

Tryggingaskilmálar og iðgjaldataxtar

1. Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki geti haldið gildandi lögum eða sett lög og stjórnsýslufyrirmæli þar sem krafist er samþykkis á stofnsamningi og -samþykktum og að tilkynnt sé um önnur nauðsynleg skjöl svo unnt sé að framfylgja eðlilegu eftirliti.

2. Aðildarríkin mega þó ekki setja ákvæði þar sem krafist er fyrirframsamþykkis á almennum og sérstökum tryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum og eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem endurtryggingafélagið hyggst nota í skiptum sínum við félög sem láta frá sér eða taka við endurtryggingu (úttrygging), né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið.

10. gr.

Þörf fyrir starfsemina á markaðinum

Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að fjallað sé um umsókn um starfsleyfi í ljósi þess hvort efnahagsleg þörf sé fyrir starfsemina á markaðinum.

11. gr.

Rekstraráætlun

1. Í rekstraráætlun, sem um getur í b-lið 6. gr., skal tilgreina eftirfarandi atriði eða staðfestingu á þeim:

a) eðli þeirrar áhættu sem endurtryggingafélagið hyggst tryggja gegn,

b) fyrirkomulag á endurtryggingum sem endurtryggingafélagið leggur til við frumtryggingafélögin,

c) meginreglur um endurtryggingar endurtryggjenda (úttrygging),

d) samsetningu lágmarksábyrgðarsjóðs,

e) áætlaðan kostnað við að koma upp rekstraraðstöðu og skipulagi til að tryggja áframhaldandi starfsemi sem og fjármagn sem ætlað er að standa straum af honum.

2. Auk skilyrðanna í 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram í rekstraráætluninni fyrir þrjú fyrstu fjárhagsárin:

a) áætlaður stjórnunarkostnaður, annar en uppsetningarkostnaður, einkum almennur kostnaður vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

b) áætluð iðgjöld eða framlög og kröfur,

c) áætlaður efnahagsreikningur,

d) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að tryggja að staðið verið við vátryggingaskuldbindingar og gjaldþolskröfur.

12. gr.

Hluthafar og aðilar með virka eignarhlutdeild

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ekki veita félagi starfsleyfi til að hefja endurtryggingastarfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða aðilar, beint eða óbeint, hvort þeir séu einstaklingar eða lögaðilar, hverjir hafi yfir að ráða virkri eignarhlutdeild í félaginu, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Sömu yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef þau telja, með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun endurtryggingafélags, að áðurnefndir hluthafar eða aðilar séu ekki hæfir.

13. gr.

Synjun starfsleyfis

Ákvörðun um synjun starfsleyfis skal fylgja ítarlegur rökstuðningur og ástæður fyrir henni og skal hlutaðeigandi félagi tilkynnt um hana.

Aðildarríki skulu sjá til þess að hverri synjun megi áfrýja til dómstóla skv. 53. gr.

Sama skal gilda í því tilviki þegar lögbær yfirvöld hafa ekki tekið afstöðu til umsóknar um starfsleyfi til umfjöllunar innan sex mánaða frá móttöku hennar.

14. gr.

Fyrirframsamráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins áður en endurtryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki, sem annast eftirlit með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum, áður en endurtryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu stjórnenda sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og um orðspor og reynslu stjórnenda sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar og yfirstandandi mats á því hvort skilyrði varðandi rekstur séu uppfyllt.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI FYRIR ENDURTRYGGINGASTARFSEMI

1. KAFLI

Meginreglur og aðferðir við fjármálaeftirlit

1. þáttur

Lögbær yfirvöld og almennar reglur

15. gr.

Lögbær yfirvöld og markmið eftirlits

1. Fjármálaeftirlit með endurtryggingafélagi, þ.m.t. eftirlit með starfsemi sem það annast fyrir milligöngu útibúa eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal alfarið vera á ábyrgð heimaaðildarríkisins.

Hafi lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins ástæðu til að ætla að starfsemi endurtryggingafélags geti haft áhrif á fjárhagslegan styrkleika þess skulu þau tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki endurtryggingafélagsins. Hin síðarnefndu skulu ganga úr skugga um að endurtryggingafélagið fari að varfærnisreglunum sem settar eru í þessari tilskipun.

2. Fjármálaeftirlitið, skv. 1. mgr., skal taka til sannprófunar á allri starfsemi endurtryggingafélagsins, gjaldþolsstöðu þess, vátryggingaskuld og eignum til jöfnunar þeim í samræmi við settar reglur eða gildandi starfshætti í heimaaðildarríkinu samkvæmt ákvæðum Bandalagsins.

3. Heimaaðildarríki endurtryggingafélagsins skal ekki hafna endurtryggingasamningi, sem endurtryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun eða vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE, eða tilskipun 2002/83/EB á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum styrkleika þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags

4. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu krefjast þess að sérhvert endurtryggingafélag hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

16. gr.

Eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki

Ef endurtryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi í öðru aðildarríki, rekur starfsemi sína fyrir milligöngu útibús skal aðildarríki útibúsins kveða á um að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu geti, eftir að hafa tilkynnt það lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins, sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, sannprófað á staðnum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja fjármálaeftirlit með félaginu. Yfirvöld í aðildarríki útibúsins geta tekið þátt í þessari sannprófun.

17. gr.

Reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar: eftirlitsheimildir

1. Sérhvert aðildarríki skal gera kröfu um að öll endurtryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, taki saman ársreikning sem taki til allra tegunda starfseminnar, fjárhagsstöðu og gjaldþols.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að endurtryggingafélög, sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra, sendi reglulega skýrslur ásamt tölfræðilegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með starfseminni. Lögbær yfirvöld skulu senda hvert öðru þau gögn og upplýsingar sem koma að gagni við eftirlit.

3. Öll aðildarríki skulu gera allt það sem nauðsynlegt er til þess að lögbær yfirvöld hafi þær heimildir og þau úrræði sem þörf er á vegna eftirlits með starfsemi endurtryggingafélaga sem hafa aðalskrifstofur á yfirráðasvæðum þeirra, þ.m.t. starfsemi þeirra utan svæðanna.

4. Einkum skal lögbærum yfirvöldum gert kleift:

a) að grennslast nákvæmlega fyrir um stöðu endurtryggingafélagsins og alla starfsemi þess, m.a. með því að safna upplýsingum eða krefjast afhendingar á skjölum um endurtryggingastarfsemi þess og með því að gera vettvangsskoðun hjá því,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir gagnvart endurtryggingafélagi, stjórnendum þess eða forstöðumönnum, eða þeim sem hafa yfirráð yfir því, sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að þeim lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem endurtryggingafélaginu ber að hlíta í starfsemi sinni í hverju aðildarríki,

c) að sjá til þess að þessar ráðstafanir séu gerðar, með fullnustuaðgerðum ef þörf krefur, og fyrir atbeina dómstóla þar sem við á.

Aðildarríki geta einnig veitt lögbærum yfirvöldum heimildir til að afla allra upplýsinga um samninga sem milliliðir hafa séð um.

18. gr.

Yfirfærsla vátryggingastofns

Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita endurtryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofur á yfirráðasvæði þess, leyfi til að yfirfæra samningasafn sitt, hvort heldur um er að ræða samninga samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu með staðfestu innan Bandalagsins, enda staðfesti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis viðtökuskrifstofunnar að gjaldþol viðtakandans, sem um getur í 3. kafla, sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

2. þáttur

Virk eignarhlutdeild

19. gr.

Öflun

Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hyggst, beint eða óbeint, eiga virka eignarhlutdeild í endurtryggingafélagi, tilkynni það fyrst lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stóran hlut hann hyggst eignast. Hlutaðeigandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu ef hann hyggst bæta það miklu við virka eignarhlutdeild sína að atkvæðisréttur hans hlutfall hlutafjár hans nemi 20%, 33% eða 50% eða meira þannig að endurtryggingafélagið yrði dótturfélag hans.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa þrjá mánuði hið mesta, frá degi þeim er tilkynning berst, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein, til að andmæla þessari fyrirætlun ef þau telja aðilann sem um getur í fyrstu undirgrein ekki hæfan til að tryggja trausta og varfærna stjórnun viðkomandi endurtryggingafélags. Ef þau andmæla ekki fyrirætluninni sem um ræðir geta þau ákveðið hvenær henni skuli í síðasta lagi hrundið í framkvæmd.

20. gr.

Öflun fjármálafyrirtækis á eignarhlutum

Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 19. gr., er vátryggingafélag, endurtryggingafélag, lánastofnun eða fjárfestingafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið, sem þessi aðili hyggst öðlast slíkan eignarhlut í, yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu því samráði sem um getur í 14. gr.

21. gr.

Ráðstöfun

Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hyggst ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í endurtryggingafélagi, tilkynni það fyrst lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stóran hlut hann hyggst eignast.

Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst minnka virka eignarhlutdeild sína þannig að atkvæðisréttur hans eða hlutfall hlutafjár fari niður fyrir 20%, 33%, 50% eða það mikið að endurtryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans.

22. gr.

Upplýsingar frá endurtryggingafélagi til lögbærs yfirvalds

Þegar endurtryggingafélög fá vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé þeirra, sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörkin sem tilgreind eru í 19. og 21. gr., skulu þau tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

Einnig skulu þau a.m.k. einu sinni á ári tilkynna þeim um nöfn þeirra hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild og upphæð þessa hlutafjár samkvæmt því sem gefið er upp, t.d. á aðalfundum hluthafa eða félagsaðila eða með hliðsjón af reglum sem settar eru um félög sem skráð eru í kauphöllum.

23. gr.

Virk eignarhlutdeild: heimildir lögbærs yfirvalds

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 19. gr. eru líkleg til að ganga gegn traustri og varfærinni stjórnun endurtryggingafélagsins skuli lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrir fram, s.s. kveðið er á um í 19. gr.

Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum viðurlögum sem gripið er til, sjá svo um að viðkomandi sé sviptur atkvæðisrétti sínum tímabundið eða að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

3. þáttur

Þagnarskylda og upplýsingaskipti

24. gr.

Skyldur

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

Þessi skuldbinding merkir að þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema um sé að ræða ágrip eða samantekt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök endurtryggingafélög, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

2. Þó má skýra frá trúnaðarupplýsingum í málum sem heyra undir einkamálrétt eða verslunarrétt ef endurtryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið nauðugt til slitameðferðar snerti þau ekki þriðju aðila sem reyna að bjarga áðurnefndu félagi.

25. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna

Ákvæði 24. gr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum í samræmi við tilskipanir sem gilda um endurtryggingafélög. Slíkar upplýsingar skulu háðar ákvæði um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 24. gr.

26. gr.

Samvinna við þriðju lönd

Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 1. og 2. mgr. 28. gr., að um upplýsingarnar ríki þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og um getur í þessum þætti. Slík upplýsingaskipti skulu fara fram í þeim tilgangi að fyrrgreind yfirvöld eða stofnanir geti sinnt eftirlitsstörfum sínum.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

27. gr.

Notkun trúnaðarupplýsinga.

Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál skv. 24. eða 25. gr., mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

a) til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja endurtryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með slíkri starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum eða

b) til að beita viðurlögum,

c) þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds eða

d) í dómsmálum sem eru höfðuð skv. 53. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum um vátrygginga- og endurtryggingafélög.

28. gr.

Upplýsingaskipti við önnur yfirvöld

1. Ákvæði 24. og 27. gr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis ef um er að ræða tvö eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu eða milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum og:

a) yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,

b) aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátrygginga- og endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og

c) aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum, sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðarsjóðum, nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 24. gr.

2. Þrátt fyrir 24.-27. gr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

a) yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð eða

b) yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana eða

c) óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þeim félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með þessum tryggingafræðingum.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar skal nota í því skyni að hafa umsjón með og annast lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,

b) um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 24. gr. um þagnarskyldu,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa veitt samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir megi taka við upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.

3. Þrátt fyrir 24.-27. gr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, heimilað skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar skulu notaðar til þess að inna af hendi það starf sem um getur í fyrstu undirgrein,

b) um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 24. gr. um þagnarskyldu,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa veitt samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar aðila, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra aðila með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu c-liðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði aðilanna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld eða stofnanir mega þiggja upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

29. gr.

Miðlun upplýsinga til seðlabanka og yfirvalda í peningamálum

Ákvæði þessa þáttar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti seðlabönkum og öðrum stofnunum, sem gegna svipuðu hlutverki sem yfirvöld á sviði peningamála, og eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum, upplýsingar sem nýtast við störf þeirra, Né heldur skulu þau koma í veg fyrir að þessi yfirvöld eða stofnanir sendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem þau geta þurft á að halda m.t.t. 27. gr.

Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessum þætti.

30. gr.

Upplýsingar sem veittar eru stjórnarskrifstofum sem bera ábyrgð á fjármálalöggjöf

Þar að auki geta aðildarríkin, þrátt fyrir 24. og 27. gr. og samkvæmt heimildum í lögum, heimilað að öðrum deildum stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarþjónustu og vátrygginga- eða endurtryggingafélögum og eftirlitsmönnum, sem koma fram fyrir hönd þessara deilda, sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærniseftirlits með starfseminni.

Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar, sem fengnar eru skv. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. eða með sannprófun á staðnum, s.s. um getur í 16. gr., megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein nema með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda aðildarríkisins sem veitti upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem sannprófunin á staðnum fór fram.

4. þáttur

Skyldur endurskoðenda

31. gr.

Skyldur endurskoðenda

1. Aðildarríkin skulu a.m.k. kveða á um að hverjum þeim aðila, sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE ([1]), og annast í endurtryggingafélagi það starf sem er lýst í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE ([2]), 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE ([3]) eða annað lögboðið starf, skuli skylt að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan um málsatvik eða ákvörðun varðandi félagið, sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og líklegt er að:

a) feli í sér að verulega sé gengið á svig við lög eða stjórnsýslufyrirmæli, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða sem fjalla sérstaklega um starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélaga eða

b) hafi áhrif á áframhaldandi starfsemi endurtryggingafélags eða

c) leiði til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir.

Þessum sama einstaklingi ber skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir, sem hann verður áskynja um í starfi sínu eins og um getur í fyrstu undirgrein, í félagi sem hefur náin tengsl vegna yfirráðatengsla við endurtryggingafélagið þar sem hann sinnir framangreindu starfi.

([1]) Áttunda tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20).

([2]) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

([3]) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

2. Aðilar, sem hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE til að upplýsa lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir sem máli skipta, teljast ekki hafa brotið gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsýslufyrirmælum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

2. KAFLI

Reglur um vátryggingaskuld

32. gr.

Útreikningur á vátryggingaskuld

1. Heimaaðildarríkin skulu gera kröfu um að sérhvert endurtryggingafélag ákvarði fullnægjandi vátryggingaskuld í tengslum við heildarstarfsemi sína.

Ákvarða skal fjárhæð slíkra vátryggingaskulda í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/647/EBE. Heimaaðildarríki er heimilt, eftir því sem við á, að mæla fyrir um sértækari reglur í samræmi við 20. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

2. Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða taka upp kerfi með brúttóvarasjóðum sem binda tilteknar eignir til að mæta iðgjaldaskuldum og útistandandi tjónaskuld ef endurtryggjandinn er endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessari tilskipun eða vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við 73/239/EBE eða 2002/83/EB.

3. Þegar heimaaðildarríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum, sem eru ekki með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun, eða vátryggingafélögum, sem ekki eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða 2002/83/EB, skal það ákveða skilyrði þess að slíkar kröfur séu viðurkenndar.

33. gr.

Útjöfnunarsjóður

1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að sérhvert endurtryggingafélag, sem endurtryggir gegn áhættu sem fellur undir 14. greinaflokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, stofni útjöfnunarsjóð í því skyni að jafna tap af vátryggingastarfsemi eða tjónahlutföll yfir meðallagi sem gætu orðið í þessum flokki á einhverju fjárhagsári.

2. Útjöfnunarsjóðurinn fyrir greiðsluvátryggingar skal reiknaður út í samræmi við reglurnar sem heimaaðildarríkið mælir fyrir um í samræmi við eina af fjórum aðferðum sem tilgreindar eru í D-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE og teljast þær allar jafngildar.

3. Heimaaðildarríkið getur veitt endurtryggingafélögum undanþágu frá þeirri skyldu að mynda útjöfnunarsjóði vegna endurtrygginga í starfsemi á sviði greiðsluvátrygginga þegar tekjur af iðgjöldum eða framlögum vegna endurtrygginga greiðsluvátrygginga nema minna en 4% af heildartekjum þeirra af iðgjöldum eða framlögum og eru undir 2 500 000 evra.

4. Heimaaðildarríkinu er heimilt að krefjast þess að hvert endurtryggingafélag stofni útjöfnunarsjóð vegna annarra áhættuflokka en greiðsluendurtrygginga. Útjöfnunarsjóðirnir skulu reiknaðir út samkvæmt reglum sem heimaaðildarríkið mælir fyrir um.

34. gr.

Eignir til jöfnunar vátryggingaskuld

1. Heimaaðildarríki skal krefjast þess að sérhvert endurtryggingafélag fjárfesti þær eignir sem koma til jöfnunar þeirri vátryggingaskuld og þeim útjöfnunarsjóði, sem um getur í 33. gr., í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) eignirnar skulu taka mið af þeirri tegund starfsemi sem endurtryggingafélagið stundar, einkum hvað varðar eðli, fjárhæð og tímalengd áætlaðra kröfugreiðslna á þann hátt að tryggja nægilegt magn, gjaldfærni, öryggi, gæði, arðsemi og jöfnun fjárfestinga félagsins,

b) endurtryggingafélagið skal tryggja að eignir séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar sem gerir því kleift að bregðast með viðunandi hætti við breytingum í efnahagslífinu, einkum þróun á fjármála- og fasteignamörkuðum og meiri háttar hamförum.

   Félagið skal meta áhrif óeðlilegra aðstæðna á markaði á eignir þess og skal dreifa eignum með það að markmiði að draga úr slíkum áhrifum,

c) fjárfesting í eignum, sem ekki eru skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,

d) fjárfesting í afleiðusamningum skal vera möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðla að hagkvæmri stýringu vátryggingastofns. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eignunum sem liggja til grundvallar, og fella inn í matið á eignum félagsins. Félagið skal einnig forðast að taka mikla áhættu gagnvart einum mótaðila og annarri afleiddri starfsemi,

e) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að ekki verði treyst óþarflega mikið á einhverja eina eign, útgefanda eða samstæðu félaga og áhætta safnist ekki fyrir í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum sem gefnar eru úr af sama útgefanda eða útgefendum, sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að áhætta safnist fyrir í of miklum mæli hjá félaginu.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum sem um getur í e-lið gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

2. Aðildarríkin geta ekki gert kröfu um að endurtryggingafélög á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

3. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir endurtryggingafélags eða forstöðumanns fjárfestinga þess á yfirráðasvæði þeirra við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu.

4. Þrátt fyrir 1.–3. mgr. er heimaaðildarríki heimilt að mæla fyrir um eftirfarandi reglur um magn fyrir þau endurtryggingafélög sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði:

a) fjárfesting heildarvátryggingaskuldar í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem vátryggingaskuldin er í skal vera takmörkuð við 30%,

b) fjárfesting heildarvátryggingaskuldar í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum, sem farið er með eins og hlutabréf og skuldabréf sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, skal vera takmörkuð við 30%,

c) heimaaðildarríkinu er heimilt að skylda sérhvert endurtryggingafélag til að fjárfesta að hámarki 5% af heildarvátryggingaskuld sinni í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum, sem farið er með sem hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðargerninga frá sama félagi, og að hámarki 10% af heildarvátryggingaskuld í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðargerninga sem félög, sem tilheyra sömu samstæðu, gefa út.

5. Enn fremur skal heimaaðildarríki mæla fyrir um ítarlegri reglur um skilyrði fyrir notkun útistandandi fjárhæða frá félagi með sérstakan tilgang sem eigna til jöfnunar vátryggingaskuld samkvæmt þessari grein.

3. KAFLI

Reglur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð

1. þáttur

Gjaldþol

35. gr.

Almennt ákvæði

Aðildarríki skal gera kröfu um að þau endurtryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, hafi ætíð gjaldþol vegna starfseminnar í heild sem sé fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun.

36. gr.

Tækar eignir

1. Gjaldþol skal samanstanda af hreinum eignum endurtryggingafélags sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum liðum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt endurtryggingafélag, upphaflegt stofnfé, að viðbættum reikningum félagsaðila, sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

i) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins,

ii) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar greiðslur sem um getur í i-lið af öðrum ástæðum en við útgöngu einstakra félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá tími rennur út, bannað greiðslu,

iii) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í i- og ii-lið,

b) bundnir og frjálsir varasjóðir sem ekki tengjast vátryggingaskuldbindingum og eru ekki flokkaðir sem útjöfnunarsjóðir,

c) óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og ráðgerðum arðgreiðslum.

2. Gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign endurtryggingafélagsins í eigin hlutum.

Að því er þau endurtryggingafélög varðar, sem afvaxta eða lækka vátryggingaskuldir á sviði skaðatrygginga vegna tjónaskuldar til að taka mið af fjárfestingartekjum, eins og leyfilegt er skv. g-lið 1. mgr. 60 gr. tilskipunar 91/674/EBE skal gjaldþol lækkað um muninn á óafvöxtuðum vátryggingaskuldum, eða vátryggingaskuldum fyrir frádrátt, eins og tilgreint er í skýringum í ársreikningi, og vátryggingaskuldum eftir afvöxtun eða frádrátt. Þessi aðlögun skal gerð fyrir allar tegundir áhættu, sem tilgreindar eru í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, að undanskildum þeim sem skráðar eru í greinaflokk 1 og 2 í A-lið þess viðauka. Í öðrum flokkum en greinaflokki 1 og 2, sem tilgreindir eru í A-lið sama viðauka, þarf enga aðlögun vegna afvöxtunar á árlegum greiðslum sem taldar eru með í vátryggingaskuld.

Auk frádráttarins í fyrstu og annarri undirgrein skulu eftirfarandi liðir koma til lækkunar á gjaldþoli:

a) hlutdeild endurtryggingafélagsins í eftirfarandi stofnunum:

i) vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 4. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða b-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

ii) endurtryggingafélögum í skilningi 3. gr. þessarar tilskipunar eða endurtryggingafélög í löndum utan Bandalagsins í skilningi 1-. liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

iii) eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

iv) lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. mgr. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB,

v) fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE ([1]) og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE ([2]),

b) allir eftirtaldir liðir sem endurtryggingafélagið á í tengslum við aðila sem eru skilgreindir í a-lið og það á hlutdeild í:

i) gerningar sem um getur í 4. mgr.,

ii) gerningar sem um getur í 3. mgr. 27. gr. tilskipunar 2002/83/EB,

iii) víkjandi kröfur og gerningar sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Þegar hlutabréf í annarri lánastofnun, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila, er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar.

Í stað þess að draga frá þá liði, sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar, sem endurtryggingafélag á í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum, geta aðildarríkin heimilað endurtryggingafélögum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferðum 1, 2 eða 3 í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB. Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar aðila sem á að taka með í samstæðureikningsskilunum. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að endurtryggingafélög, sem skulu vera undir viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 98/78/EB eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á gjaldþoli, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að draga frá liðina sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar, sem eru eign í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða

([1]) Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, p. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana(Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/ EB.

eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem viðbótareftirlitið nær til.

Að því er varðar frádrátt á hlutdeild, sem um getur í þessari málsgrein, er orðið hlutdeild notað í skilningi f-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

3. Til gjaldþols má einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lána sem ekki mega fara yfir 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist, og þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu að, ef um er að ræða gjaldþrot eða slit endurtryggingafélags, sé til bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra lánardrottna og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar.

   Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

   i) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,

   ii) upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal endurtryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld til samþykktar áætlun um hvernig gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga nema að um sé að ræða lán sem unnt er að telja sem hluta af gjaldþoli sem unnt er að lækka í áföngum, a.m.k. á síðustu fimm árunum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi endurtryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

   iii) lán, sem eru ekki með föstum lánstíma, skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af gjaldþoli eða að samþykki lögbærra yfirvalda þurfi til að það fáist greitt fyrr. Í síðara tilvikinu verður endurtryggingafélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir gjaldþol og lágmarksgjaldþol, bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari gjaldþol endurtryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

   iv) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrr en á gjalddaga nema um sé að ræða slit endurtryggingafélagsins,

   v) eingöngu er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni,

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og aðrir gerningar, þ.m.t. forgangshlutabréf, önnur en þau sem um getur í a-lið, en þau ásamt víkjandi lánum, sem um getur í a-lið, mega vera allt að 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

   i) óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án þess að lögbært yfirvald hafi áður veitt samþykki sitt,

   ii) útgáfusamningurinn verður að gera endurtryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu vaxta af láninu,

   iii) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur endurtryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum lánardrottna sem ekki eru víkjandi,

   iv) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan endurtryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni,

   v) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til gjaldþols:

a) helming óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli hvort sem lægra reynist,

b) kröfur um viðbótarframlög sem gagnkvæm skaðatryggingafélög eða félög hliðstæðrar gerðar með óregluleg framlög geta gert á hendur félagsmönnum sínum á fjárhagsárinu sem geta numið allt að helmingi mismunarins milli hámarksframlaga og þeirra framlaga sem í raun er krafist en geta þó ekki numið meira en 50% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist. Lögbær innlend yfirvöld skulu mæla fyrir um viðmiðunarreglur um við hvaða aðstæður heimilt er að taka á móti viðbótarframlögum,

c) dulda nettóvarasjóði sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir nettóvarasjóðir eru ekki óvenjulegs eðlis.

5. Hvað lífendurtryggingar varðar má, samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds, einnig telja til gjaldþols:

a) til 31. desember 2009, fjárhæð sem nemur 50% af framtíðar¬hagnaði félagsins en þó aldrei meira en 25% af gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist; fjárhæð framtíðarhagnaðar fæst með því að margfalda áætlaðan árshagnað með stuðli sem sýnir þann meðalárafjölda sem tryggingaskírteini eiga eftir að vera í gildi; meðalárafjöldinn má þó aldrei vera hærri en sex; áætlaður árshagnaður skal ekki fara yfir meðalhagnað næstliðinna fimm fjárhagsára fyrir þá starfsemi sem skráð er í 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2002/83/EB.

   Lögbær yfirvöld geta einungis samþykkt að slík fjárhæð sé hluti af gjaldþoli:

   i) ef lögð hefur verið fyrir lögbær yfirvöld tryggingafræðileg skýrsla sem rennir stoðum undir líkur á því að slíkur hagnaður verði í framtíðinni og

   ii) að svo miklu leyti sem sá hluti framtíðarhagnaðar, sem verður fyrir tilstilli dulinna nettóvarasjóða sem um getur í c- lið 4. mgr., hefur ekki enn verið tekinn til greina,

b) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað er við álag vegna kostnaðar við öflun vátrygginga sem er lægra en samsvarandi álag fólgið í iðgjöldum, mismuninn á annars vegar vátryggingasjóði sem ekki er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð og hins vegar vátryggingasjóði sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar kostnaðinum við öflun vátrygginganna; upphæðin má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á fjárhæðum vegna endurtrygginga á sviði líftrygginga og vátryggingasjóðum vegna allra skírteina þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð; frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.

6. Breytingar á 1.-5. mgr. þessarar greinar sem gerðar eru til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega gjaldþol, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 55. gr.

2. þáttur

Tilskilið gjaldþol

37. gr.

Tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga

1. Tilskilið gjaldþol skal annaðhvort ákveðið á grundvelli árlegrar fjárhæðar iðgjalda og framlaga eða á grundvelli meðaltjónakostnaðar þriggja næstliðinna fjárhagsára.

Þegar um er að ræða endurtryggingafélög, sem aðallega hafa með höndum eina eða fleiri tegundir áhættu sem falla undir greiðslu-, óveðurs-, hagl-, eða frostvátryggingar, skal þó miðað við sjö síðastliðin reikningsár til að finna meðaltjónakostnað.

2. Með fyrirvara um 40. gr. skal tilskilið gjaldþol jafnt og sú niðurstöðutala sem hærri er þeirra tveggja sem settar eru fram í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

3. Iðgjaldagrunnurinn skal reiknaður út með því að nota bókfærð iðgjöld og framlög, eins og þau eru reiknuð hér á eftir, eða brúttóiðgjöld ársins, hvort sem hærra reynist.

Iðgjöld eða framlög vegna 11., 12. og 13. greinaflokks, sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, skulu hækkuð um 50%.

Heimilt er að hækka iðgjöld eða framlög vegna 11., 12. og 13. greinaflokks, sem taldir eru upp í A-lið í viðauka við tilskipun 73/239/EBE, um allt að 50% vegna sérstakrar endurtryggingastarfsemi eða tegunda samninga til að taka mið af sérhæfni þessarar starfsemi eða samninga í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr. þessarar tilskipunar. Iðgjöld eða framlög, þ.m.t. viðbótargjöld eða viðbótarframlög sem féllu í gjalddaga á næstliðnu fjárhagsári vegna endurtryggingastarfsemi skulu lögð saman.

Frá þessari samtölu skal draga heildarfjárhæð niðurfelldra iðgjalda eða framlaga á næstliðnu fjárhagsári sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum sem fara í samtöluna.

Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 50 000 000 evrum og hinn því sem umfram er: reiknuð eru 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem endurtryggingafélagið ber í eigin áhættu, eftir að hlutur endurtryggjenda (úttrygging) þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar upphæðir frá félögum með sérstakan tilgang, eins og um getur í 46. gr., sem endurtryggingar endurtryggjanda (úttrygging).

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla iðgjöld eða framlög.

4. Tjónagrunnur skal reiknaður á eftirfarandi hátt og skulu kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir, er varða 11., 12. og 13. greinaflokk sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, hækkaðar um 50%.

Heimilt er að hækka kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir aðra greinaflokka en 11, 12 og 13, sem taldir eru upp í A-lið viðauka við tilskipun 73/239/EBE, um allt að 50% vegna sérstakrar endurtryggingastarfsemi eða tegunda samninga til að taka mið af sérhæfni þessarar starfsemi eða samninga í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr. þessarar tilskipunar.

Fjárhæðir tjónagreiðslna, án frádráttar á tjónum sem endurtryggjendur (úttrygging) bera, á því tímabili sem tiltekið er í 1. mgr. skulu lagðar saman.

Við þessa samtölu skal bætt fjárhæð skuldar vegna tjónaskuldar í lok næstliðins fjárhagsárs.

Frá þeirri samtölu skal draga fjárhæðir endurheimtar á þeim tímabilum sem um getur í 1. mgr.

Frá þeirri upphæð, er þá stendur eftir, dregst fjárhæð skuldar vegna tjónaskuldar í upphafi annars fjárhagsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir. Ef viðmiðunartímabilið, sem tilgreint er í 1. mgr., er sjö ár skal draga frá skuld vegna tjónaskuldar í upphafi sjötta reikningsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir.

Einum þriðja eða einum sjöunda af þeirri fjárhæð, sem þannig fæst, en það fer eftir því tímabili sem miðað er við skv. 1. mgr., er skipt í tvo hluta, annan sem nemur 35 000 000 evra en hinn því sem umfram er; reiknuð eru 26% af fyrri fjárhæðinni og 23% af þeirri síðari og þessar tölur lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu, eftir að hlutur endurtryggjenda (úttrygging) þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn endurtryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar upphæðir frá félögum með sérstakan tilgang, eins og um getur í 46. gr., sem endurtryggingar endurtryggjenda (úttrygging).

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla kröfur, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir.

5. Ef tilskilið gjaldþol, eins og það er reiknað út í 2., 3. og 4. mgr., er lægra en tilskilið gjaldþol fyrra árs skal tilskilið gjaldþol nema a.m.k. tilskildu gjaldþoli fyrra árs, margfölduðu með hlutfalli vátryggingaskuldar vegna óuppgerðra tjóna í lok næstliðins fjárhagsárs og vátryggingaskuldar vegna óuppgerðra tjóna í byrjun næstliðins fjárhagsárs.

Í þessum útreikningum skal vátryggingaskuld reiknuð út að frádregnum hluta endurtryggjenda (úttrygging) en hlutfallið skal aldrei vera hærra en 1.

6. Hlutföllin, sem margfaldað er með í fimmtu undirgrein 3. mgr. og sjöundu undirgrein 4. mgr., skal lækka í 1/3 ef um endurtryggingar sjúkratrygginga er að ræða sem reknar eru á hliðstæðum tæknilegum grundvelli og líftryggingar, ef:

a) iðgjöld eru reiknuð á tryggingarstærðfræðilegum grunni út frá sjúkratöflum,

b) komið er upp sjóði vegna hækkandi aldurs,

c) viðbótariðgjöld eru innheimt til að koma upp hæfilegu öryggisálagi,

d) vátryggingafélagið getur sagt upp samningnum í síðasta lagi fyrir lok þriðja tryggingarárs,

e) samningurinn gerir ráð fyrir því að hækka megi iðgjöld eða lækka greiðslur jafnvel þegar um er að ræða samninga sem þegar eru í gildi.

38. gr.

Tilskilið gjaldþol fyrir starfsemi á sviði lífendurtrygginga

1. Tilskilið gjaldþol fyrir starfsemi á svið lífendurtrygginga skal ákvarðað í samræmi við 37. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er heimaaðildarríkinu heimilt að kveða á um að fyrir þá greinaflokka endurtrygginga á sviði líftrygginga, sem falla undir a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/83/EB sem tengjast fjárfestingarsjóðum eða hlutdeildarsamningum og starfsemi sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., b-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/83/EB, skuli tilskilið gjaldþol ákvarðað í samræmi við 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

39. gr.

Tilskilið gjaldþol fyrir endurtryggingafélag sem annast bæði skaðatryggingar og líftryggingar

1. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að öll endurtryggingafélög, sem annast bæði skaðaendurtryggingar og lífendurtryggingar, séu með gjaldþol til að mæta heildarfjárhæð tilskilins gjaldþols, bæði að því er varðar starfsemi á sviði skaðaendurtrygginga og lífendurtrygginga eins og það er ákvarðað í samræmi við 37. gr. annars vegar og 38. gr. hins vegar.

2. Ef gjaldþol nær ekki því stigi sem krafist er í 1. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld beita ráðstöfununum sem kveðið er á um í 42. – 43. gr.

3. þáttur

Ábyrgðarsjóður

40. gr.

Fjárhæð ábyrgðarsjóðs

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi tilskilins gjaldþols eins og það er tilgreint í 37., 38. og 39. gr. Þessi sjóður skal myndaður af liðum sem tilgreindir eru í 1., 2. og 3. mgr. 36. gr. og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins, í c-lið 4. mgr. 36. gr.

2. Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 3 000 000 evrur.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að lágmarksábyrgðarsjóður sé ekki undir 1 000 000 evrum þegar um er að ræða bundin endurtryggingafélög.

41. gr.

Endurskoðun á fjárhæð ábyrgðarsjóðs

1. Fjárhæðin í evrum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 40. gr., skal endurskoðuð árlega frá og með 10. desember 2007, með hliðsjón af breytingum á evrópskri vísitölu neysluverðs, sem öll aðildarríkin falla undir, eins og hún er gefin út af Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Fjárhæðin skal aðlöguð sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni á tímabili sem stendur frá gildistöku þessarar tilskipunar til endurskoðunardags og skal fjárhæðin námunduð að margfeldi af 100 000 evrum.

Ef breytingin á hlutfallinu frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr.

4. KAFLI

Endurtryggingafélög sem eiga í erfiðleikum eða uppfylla ekki sett skilyrði og afturköllun starfsleyfis

42. gr.

Endurtryggingafélög sem eiga í erfiðleikum

1. Fari endurtryggingafélag ekki að ákvæðum 32. gr. getur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki þess bannað frjálsa ráðstöfun eigna þess eftir að hafa áður tilkynnt lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins um fyrirætlun sína.

2. Í því skyni að rétta við fjárhagsstöðu endurtryggingafélags þegar gjaldþol þess nær ekki lágmarksgjaldþoli skv. 37., 38. og 39. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gera kröfu um að félagið leggi fram til samþykktar áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína og koma henni á traustan grundvöll.

Í undantekningartilvikum getur lögbært yfirvald, telji það að fjárhagsstaða endurtryggingafélags eigi eftir að versna enn frekar, takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna endurtryggingafélagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem endurtryggingafélagið rekur starfsemi sína um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið og skulu þau, að beiðni þess fyrrnefnda, gera sömu ráðstafanir.

3. Reynist gjaldþol félagsins lægra en sem nemur ábyrgðarsjóði, eins og hann er skilgreindur í 40. gr., skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins gera kröfu um að endurtryggingafélagið leggi fram skammtímafjárhagsáætlun til samþykktar hjá því.

Það getur einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun á eignum endurtryggingafélagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum allra annarra aðildarríkja um ráðstafanirnar og skulu þau að beiðni þess gera sömu ráðstafanir.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir svo það geti, í samræmi við landslög, bannað frjálsa ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði þess, að beiðni heimaaðildarríkis endurtryggingafélagsins, í þeim tilvikum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., en heimaaðildarríkið skal tilgreina um hvaða eignir þessar ráðstafanir gilda.

43. gr.

Áætlun um fjárhagslega endurreisn

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir þau endurtryggingafélög þar sem lögbær yfirvöld telja að skuldbindingum, sem leiðir af endurtryggingasamningum, sé stofnað í hættu.

2. Áætlunin um fjárhagslega endurreisn skal að lágmarki innihalda, fyrir næstu þrjú fjárhagsár, upplýsingar eða sannanir varðandi:

a) áætlaðan rekstrarkostnað, einkum almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

b) áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga) og keyptrar endurtryggingaverndar (út-endurtrygginga),

c) áætlaðan efnahagsreikning,

d) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta vátryggingaskuldbindingum og tilskildu gjaldþoli,

e) heildarstefnu varðandi endurtryggingar (úttrygging).

3. Þegar fjárhagsstaða endurtryggingafélags fer versnandi og samningsbundnum skuldbindingum endurtryggingafélagsins er stofnað í hættu skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að skylda endurtryggingafélög til þess að hafa hærra lágmarksgjaldþol í því skyni að tryggja að endurtryggingafélagið sé í stakk búið til þess að uppfylla kröfur um gjaldþol í nánustu framtíð. Það skal byggt á áætluninni um fjárhagslega endurreisn, sem um getur í 1. mgr., hversu hátt þetta tilskilda gjaldþol skal vera.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að endurmeta til lækkunar alla þætti sem falla undir gjaldþol, einkum í þeim tilvikum þegar veruleg breyting hefur orðið á markaðsvirði þessara þátta frá lokum síðasta fjárhagsárs.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar (úttrygging), á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 37., 38. og 39. gr. þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga (úttrygging) frá næstliðnu fjárhagsári,

b) engin eða lítil yfirfærsla áhættu felst í endurtryggingasamningunum (úttrygging).

6. Hafi lögbær yfirvöld krafist áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir endurtryggingafélag í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu þau ekki gefa út vottorð skv. 18. gr. svo lengi sem þau telja að skuldbindingum, sem leiðir af endurtryggingasamningum, sé stofnað í hættu í skilningi téðrar 1. mgr.

44. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, sem veitt hefur endurtryggingafélagi starfsleyfi, getur afturkallað það ef félagið:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða, afsalar sér því afdráttarlaust eða hættir rekstri starfseminnar í meira en sex mánuði, nema viðkomandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfið renni út í slíkum tilvikum,

b) uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir staðfestu,

c) hefur ekki getað hrundið í framkvæmd, innan tilskilins frests, þeirri áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína eða fjárhagsáætlun sem um getur í 42. gr.,

d) bregst alvarlega skyldum sem á því hvíla samkvæmt gildandi reglugerðum.

Sé starfsleyfi endurtryggingafélags afturkallað eða ef það rennur út tilkynnir lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu það til lögbærra yfirvalda í hinum aðildarríkjunum sem skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið hefji á ný starfsemi á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu.

2. Ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi endurtryggingafélagi.

IV. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM TAKMARKAÐAR ENDURTRYGGINGAR OG FÉLÖG MEÐ SÉRSTAKAN TILGANG

45. gr.

Takmarkaðar endurtryggingar

1. Heimaaðildarríkinu er heimilt að setja sérstök ákvæði um starfsemi á sviði takmarkaðra endurtrygginga að því er varðar:

— lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum,

— traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu,

— kröfur um reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar,

— myndun vátryggingaskuldar til að tryggja að þær séu fullnægjandi, áreiðanlegar og hlutlægar,

— fjárfestingu eigna til jöfnunar vátryggingaskuld til að tryggja að þær taki tillit til þeirrar tegundar starfsemi sem endurtryggingafélagið stundar, sérstaklega hvað varðar eðli, fjárhæð og lengd skuldbindinga vegna áætlaðra kröfugreiðslna, og með það að markmiði að tryggja nægilegt magn, greiðsluhæfi, öryggi, arðsemi og jöfnun eigna,

— reglur um gjaldþol, tilskilið gjaldþol og lágmarksábyrgðarsjóð sem endurtryggingafélög skulu hafa yfir að ráða vegna takmarkaðra endurtrygginga.

2. Til að tryggja gagnsæi skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni án tafar texta allra ráðstafana sem mælt er fyrir um í landslögum þeirra vegna 1. mgr.

46. gr.

Félög með sérstakan tilgang

1. Ef aðildarríki ákveður að heimila að félag með sérstakan tilgang í skilningi þessarar tilskipunar sé stofnað á yfirráðasvæði þess skal það krefjast opinbers starfsleyfis fyrir því áður.

2. Aðildarríkið þar sem félag með sérstakan tilgang er stofnað skal setja skilyrði um rekstur starfsemi slíks félags. Aðildarríkið skal einkum setja reglur um:

— gildissvið starfsleyfis,

— lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum,

— óflekkað mannorð og viðeigandi starfsmenntun og hæfi þeirra sem reka félag með sérstakan tilgang,

— hæfilegar og viðeigandi kröfur fyrir hluthafa eða aðila með virka eignarhlutdeild í félagi með sérstakan tilgang,

— traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu,

— kröfur um reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar,

— kröfur um gjaldþol félaga með sérstakan tilgang.

3. Til að tryggja gagnsæi skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni án tafar texta allra ráðstafana sem mælt er fyrir um í landslögum þeirra vegna 1. mgr.

V. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

47. gr.

Endurtryggingafélög sem fara ekki að lagaákvæðum

1. Nú komast lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis að því að endurtryggingafélag, sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að þeim lagaákvæðum sem um það gilda í því ríki og skulu þau þá krefjast þess af endurtryggingafélaginu að það bindi enda á það ástand og fari að settum reglum. Á sama tíma skulu þau vísa málinu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu.

Nú heldur endurtryggingafélagið áfram að brjóta gegn lagaákvæðum sem gilda um það í gistiaðildarríkinu þrátt fyrir þessar ráðstafanir af hálfu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu eða vegna þess að slíkar ráðstafanir eru ónógar og geta þá yfirvöld hins síðarnefnda, er þau hafa skýrt lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot eða refsa fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að endurtryggingafélagið geri fleiri endurtryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta endurtryggingafélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna slíkra ráðstafana.

2. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 1. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun á endurtryggingastarfsemi, skulu vel rökstuddar og tilkynntar því endurtryggingafélagi sem í hlut á.

48. gr.

Slit félags

Nú er endurtryggingafélagi slitið og skal þá gera upp skuldbindingar vegna samninga sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra endurtryggingasamninga félagsins.

VI. BÁLKUR

ENDURTRYGGINGAFÉLÖG MEÐ AÐALSKRIFSTOFUR UTAN BANDALAGSINS SEM STUNDA STARFSEMI Á SVIÐI ENDURTRYGGINGA INNAN ÞESS

49. gr.

Meginregla og skilyrði fyrir rekstri endurtryggingastarfsemi

Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum gagnvart endurtryggingafélögum sem eru með aðalskrifstofur utan Bandalagsins, hvort heldur er við stofnun þeirra eða þegar þau annast starfsemi á yfirráðasvæði þess, sem fela í sér hagstæðari kjör en veitt eru endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins.

50. gr.

Samningar við þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli viðbótareftirlit með:

a) endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi og stunda starfsemi á sviði endurtrygginga í Bandalaginu,

b) endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu og stunda starfsemi á sviði endurtrygginga á yfirráðasvæði þriðja lands.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja skilvirkan markaðsaðgang, á grundvelli skilyrða um samsvörunar í varfærnisreglum, fyrir endurtryggingafélög á yfirráðasvæði hvers samningsaðila og kveða á um gagnkvæma viðurkenningu á eftirlitsreglum og starfsvenjum í endurtryggingum. Í þeim skal einnig ætlað leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar í Bandalaginu og stunda starfsemi á yfirráðasvæðum viðkomandi þriðju landa,

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar á yfirráðasvæði þeirra og stunda starfsemi í Bandalaginu.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 300. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengdar lífeyrisgreiðslur, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og meta árangur þeirra.

VII. BÁLKUR

DÓTTURFÉLÖG MÓÐURFÉLAGA SEM HEYRA UNDIR LÖGGJÖF ÞRIÐJA LANDS OG ÖFLUN SLÍKRA MÓÐURFÉLAGA Á EIGNARHLUTUM

51. gr.

Upplýsingar frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna:

a) þegar starfsleyfi er veitt félögum sem beint eða óbeint eru dótturfélög, ef löggjöf þriðja lands gildir um móðurfélög þeirra, eitt eða fleiri,

b) þegar slíkt móðurfélag aflar sér eignarhlutar í endurtryggingafélagi innan Bandalagsins sem gerir hið síðarnefnda að dótturfélagi þess.

Þegar starfsleyfið, sem um getur í a-lið, er veitt félagi, sem beint eða óbeint, er dótturfélag eins eða fleiri móðurfélaga er heyra undir löggjöf þriðja lands, skal, í tilkynningu sem lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni, tilgreina hvernig skipulagi samstæðunnar er háttað.

52. gr.

Meðferð sem þriðju lönd veita endurtryggingafélögum Bandalagsins

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem endurtryggingafélög þeirra lenda í við að öðlast staðfestu og við rekstur í þriðja landi eða þegar þau stunda starfsemi sína í þriðja landi.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega semja skýrslu um kjör sem endurtryggingafélög Bandalagsins njóta í þriðju löndum, í skilningi 3. mgr., að því er varðar það að endurtryggingafélög Bandalagsins öðlist staðfestu í þriðju löndum, geti aflað eignarhluta í endurtryggingafélögum í þriðju löndum, stundað rekstur endurtryggingastarfsemi slíkra endurtryggingafélaga með staðfestu í þriðju löndum og endurtryggingastarfsemi yfir landamæri milli Bandalagsins og þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum og tilmælum, eftir því sem við á.

3. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að þriðja land heimili ekki endurtryggingafélögum Bandalagsins raunverulegan aðgang að markaðinum, getur hún beint tilmælum til ráðsins um að það veiti viðeigandi umboð til samningaumleitana til að ná fram bættum markaðsaðgangi fyrir endurtryggingafélög Bandalagsins.

4. Ráðstafanir, sem gerðar eru samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skuldbindingar Bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum, einkum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

VIII. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI

53. gr.

Réttur til að áfrýja til dómstóla

Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að vísa til dómstóls öllum ákvörðunum sem teknar eru um endurtryggingafélög samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru til framkvæmdar þessari tilskipun.

54. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman að því að auðvelda eftirlit með endurtryggingum innan Bandalagsins og beitingu þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa með sér náið samstarf til þess að auðvelda eftirlit með endurtryggingum innan Bandalagsins og við að rannsaka vandkvæði sem upp geta komið við beitingu þessarar tilskipunar.

55. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengdar lífeyrisgreiðslur.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

56. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 55. gr.:

a) rýmkun rekstrarforms að lögum sem kveðið er á um í I. viðauka,

b) nánari útlistun á liðum, sem mynda gjaldþol og er að finna í 36. gr., með hliðsjón af gerð nýrra fjármálagerninga,

c) aukningu um allt að 50% á iðgjöldum eða fjárhæðum krafna sem notaðar eru við útreikning á tilskildu gjaldþoli, sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. 37. gr. í öðrum greinaflokkum en 11., 12. og 13. greinaflokki, sem taldir eru upp í A-lið í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE, eða fyrir sérhæfða endurtryggingastarfsemi eða samningsgerðir, með hliðsjón af sérstöðu þessarar starfsemi eða samninga,

d) breytingu á lágmarksábyrgðarsjóði, sem kveðið er á um í 2. mgr. 40. gr., með hliðsjón af efnahags- og fjárhagsþróun,

e) nánari útlistun á skilgreiningum í 2. gr. til að tryggja sams konar beitingu þessarar tilskipunar í öllu Bandalaginu.

IX. BÁLKUR

BREYTINGAR Á GILDANDI TILSKIPUNUM

57. gr.

Breytingar á tilskipun 73/239/EBE

Tilskipun 73/239/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. a komi eftirfarandi:

„1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins sem í hlut á áður en skaðatryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki, sem annast eftirlit með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum, áður en skaðatryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.“

2. Í 2. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Heimaaðildarríki vátryggingafélags skal ekki hafna endurtryggingasamningi sem vátryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag sem hefur starfsleyfi á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*) eða vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi á grundvelli þessarar tilskipunar eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (**) á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum styrkleika þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags.

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

(**) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).“

3. Í stað 2. og 3. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Heimaaðildarríki skal gera kröfu um að öll vátryggingafélög noti eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóð, sem um getur í 15. gr. a í þessari tilskipun, í samræmi við 6. gr. tilskipunar 88/357/EBE. Með hliðsjón af áhættu innan Bandalagsins skulu þessar eignir vera staðsettar innan þess. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að vátryggingafélög hafi eignir sínar í tilteknu aðildarríki. Heimaaðildarríkið má þó heimila tilslakanir frá reglum um staðsetningu eigna.

3. Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi sem krefst brúttóvarasjóðs sem bindur eignir til að mæta iðgjaldaskuld eða tjónaskuld ef endurtryggjandinn er endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB eða vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun eða tilskipun 2002/83/EB.

Ef heimaaðildarríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjanda sem er hvorki endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB né vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun eða tilskipun 2002/83/EB skal það ákveða skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum kröfum.“

4. Ákvæðum 2. mgr. 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað b-liðar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„b) varasjóðir (bundnir og frjálsir varasjóðir) sem hvorki tengjast vátryggingaskuldbindingum né eru flokkaðir sem útjöfnunarsjóðir,“

b) í stað inngangsorðanna og a-liðar í fjórðu undirgrein komi eftirfarandi:

„Gjaldþol skal einnig lækkað sem nemur eftirfarandi:

a) hlutdeild vátryggingafélagsins í:

— vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. þessarar tilskipunar, 4. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB,

— endurtryggingafélögum í skilningi 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB eða endurtryggingafélögum í löndum utan Bandalagsins í skilningi 1-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB,

— fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE“.

5. Ákvæðum 16. gr. a er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað sjöundu undirgreinar í 3. mgr.:

„Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og fjárhæðar tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB.“,

b) eftirfarandi komi í stað sjöundu undirgreinar í 4. mgr.:

„Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli heildartjóna næstliðinna þriggja fjárhagsára, sem félagið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda þess í tjónum hefur verið dreginn frá, og fjárhæðar tjóna í heild; þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má einnig draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„17. gr. b

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að þau vátryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæðis þess og stunda endurtryggingastarfsemi, komi á fót lágmarksábyrgðarsjóði vegna starfseminnar í heild í samræmi við 40. gr. tilskipunar 2005/68/EB þar sem einu eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

a) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 10% af heildariðgjöldum,

b) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 50 000 000 evrum,

c) vátryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga nema meira en 10% af heildarvátryggingaskuld.

2. Hverju aðildarríki er heimilt að beita ákvæðum 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í téðri fyrstu málsgrein.

Í því tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki gera kröfu um að halda skuli aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir, sem vátryggingafélagið notar til að mæta vátryggingaskuld, sem samsvara móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga) aðskilið frá frumtryggingastarfsemi vátryggingafélagsins án möguleika á yfirfærslu. Í slíkum tilvikum og eingöngu að því er varðar móttöku endurtrygginga falla vátryggingafélög ekki undir 20., 21. og 22. gr. tilskipunar 92/49/EBE (*) og I. viðauka við tilskipun 88/357/EBE.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbær yfirvöld þess sannreyni sundurgreininguna sem kveðið er á um í annarri undirgrein.

3. Ef framkvæmdastjórnin ákveður skv. c-lið 56. gr. tilskipunar 2005/68/EB að hækka fjárhæðir, sem eru notaðar til að reikna út tilskilið gjaldþol sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. 37. gr. þeirrar tilskipunar, skal hvert aðildarríki beita gagnvart slíkum vátryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ákvæðum 35.–39. gr. að því er varðar móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga).

(*) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.“

7. Í stað 4. mgr. 20. gr. a komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 16. gr. a þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá síðasta fjárhagsári,

b) engin eða takmörkuð yfirfærsla vátryggingaáhættu felst í endurtryggingasamningunum.“

58. gr.

Breytingar á tilskipun 92/49/EBE

Tilskipun 92/49/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. a í 15. gr. komi eftirfarandi:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er vátryggingafélag, endurtryggingafélag, lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíkrar stofnunar eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkri stofnun, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu því samráði sem um getur í 12. gr. a í tilskipun 73/239/EBE.“

2. Í stað 4., 5. og 5a. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 1. eða 2. mgr., mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

— til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja tryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með rekstri slíkrar starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum eða

— til að beita viðurlögum,

— þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds eða

— í dómsmálum, sem eru höfðuð skv. 56. gr. eða sérákvæðum sem kveðið er á í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum sem samþykktar eru á sviði vátrygginga- eða endurtryggingafélaga.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis ef um er að ræða tvö eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

— stofnana sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og

— aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðasjóðum nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1.-4. mgr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og öðrum sambærilegum málum eða

— yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana eða

— óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þessum félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með þessum tryggingafræðingum.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

— upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eða lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,

— um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,

— séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem afhentu þær og þá einungis, þar sem við á, til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.“

3. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 21. gr.:

a) í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi texti:

„1. Heimaaðildarríkið getur ekki leyft að vátryggingafélag láti annað en eftirfarandi eignarflokka standa bak við vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóði:“,

b) eftirfarandi komi í stað f-liðar B-liðar:

„f) inneign hjá endurtryggjendum, þ.m.t. hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld, og hjá félögum með sérstakan tilgang sem um getur í 46. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*).

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.“

c) í stað þriðju undirgreinar C-liðar komi eftirfarandi:

„Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í 1. undirgrein táknar það ekki að allar þessar eignir séu sjálfkrafa viðurkenndar til jöfnunar vátryggingaskuld. Heimaaðildarríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum.“

4. Eftirfarandi í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 22. gr.:

„1. Að því er varðar eignir til jöfnunar vátryggingaskuld og útjöfnunarsjóðum skal heimaaðildarríki gera kröfu um að hvert vátryggingafélag fjárfesti ekki meira en:“

59. gr.

Breytingar á tilskipun 98/78/EB

Tilskipun 98/78/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titilsins

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum í vátrygginga- eða endurtryggingahópi“.

2. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað c-, i-, j- og k-liðar:

„c) „endurtryggingafélag“: félag sem hefur fengið starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*),

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.“

„i) „eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem hefur það að meginmarkmiði að afla og eiga hlutdeild í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög, endurtryggingafélög eða vátryggingafélög eða endurtryggingafélög utan Bandalagsins þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*),

j) „blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki vátryggingafélag eða

endurtryggingafélag Bandalagsins, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag,

k) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild til að hafa eftirlit með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum samkvæmt lögum eða reglum.

(*) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).,“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„l) „endurtryggingafélag utan Bandalagsins“: félag sem þyrfti starfsleyfi í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB ef það hefði aðalskrifstofu sína í Bandalaginu,“.

3. Eftirfarandi komi í stað 2., 3. og 4. gr.:

„2. gr.

Tilvik þar sem viðbótareftirlit er haft með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum

1. Auk ákvæða tilskipunar 73/239/EBE, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (*) og tilskipunar 2005/68/EB, þar sem mælt er fyrir um reglur um eftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum, skulu aðildarríkin hafa viðbótareftirlit með sérhverju vátryggingafélagi eða sérhverju endurtryggingafélagi sem er hluteignarfélag a.m.k. eins vátryggingafélags, endurtryggingafélags, vátryggingafélags eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins á þann hátt sem lýst er í 5., 6., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar.

2. Sérhvert vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sem á að móðurfélagi eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins skal falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr. 5. gr., 6., 8. og 10. gr.

3. Sérhvert vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sem eiga að móðurfélagi blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, skulu falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr 5. gr., 6. og 8. gr.

3. gr.

Umfang viðbótareftirlits

1. Framkvæmd viðbótareftirlits, í samræmi við 2. gr., gerir engan veginn þá kröfu á hendur lögbærum yfirvöldum að þau takist á hendur eftirlit með einstökum vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði.

2. Við viðbótareftirlit skal taka tillit til eftirfarandi félaga sem um getur í 5., 6., 8., 9. og 10. gr.:

— félaga sem eru tengd vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu,

— hluteignarfélaga vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

— félaga sem eru tengd hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða hluteignarfélagi endurtryggingafélagsins.

3. Við viðbótareftirlitið, sem um getur í 2. gr., er aðildarríkjunum heimilt að ákveða að taka ekki tillit til félaga með skráða skrifstofu í landi utan Bandalagsins ef lagalegar hömlur eru á því að flytja nauðsynlegar upplýsingar á milli, með fyrirvara um ákvæði liðar 2.5 í I. viðauka og 4. lið í II. viðauka.

Enn fremur er lögbærum yfirvöldum, sem annast viðbótareftirlit, heimilt, í þeim tilvikum sem talin eru upp hér á eftir, að ákveða í einstökum tilvikum að taka ekki tillit til félags við viðbótareftirlitið sem um getur í 2. gr.:

— ef félagið, sem taka ber með, hefur litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum,

— ef það væri óviðeigandi eða villandi að taka tillit til fjárhagsstöðu félagsins að þ ví er varðar markmið viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum.

4. gr.

Lögbær yfirvöld sem skulu annast viðbótareftirlit

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu hefur verið veitt starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða

4. gr. tilskipunar 2002/83/EB eða 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB, skulu annast viðbótareftirlitið.

2. Ef vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem hafa starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins eða blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, er lögbærum yfirvöldum í viðkomandi aðildarríki heimilt að komast að samkomulagi um hvert þeirra eigi að annast viðbótareftirlitið.

3. Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hefur varfærniseftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmi milli þessara yfirvalda.

(*) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.“

4. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 5. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að lögbær yfirvöld fari fram á að í sérhverju vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi, sem fellur undir viðbótareftirlit, sé fullnægjandi innra eftirlitskerfi til að unnt sé að leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna viðbótareftirlitsins.“

5. Eftirfarandi komi í stað 6., 7. og 8. gr.:

„6. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra sem annast viðbótareftirlit hafi aðgang að öllum upplýsingum sem geta skipt máli í tengslum við viðbótareftirlit með vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi sem fellur undir slíkt viðbótareftirlit. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að snúa sér beint til hlutaðeigandi félaga, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga, hafi verið beðið um slíkar upplýsingar frá vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu en þær ekki verið veittar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að sannprófa á vettvangi, innan yfirráðasvæða þeirra, sjálf eða fyrir meðalgöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, upplýsingarnar eins og um getur í 1. mgr.:

— hjá vátryggingafélaginu sem fellur undir viðbótareftirlit,

— hjá endurtryggingafélaginu sem fellur undir viðbótareftirlit,

— hjá dótturfélögum þess vátryggingafélags,

— hjá dótturfélögum þess endurtryggingafélags,

— hjá móðurfélögum þess vátryggingafélags,

— hjá móðurfélögum þess endurtryggingafélags,

— hjá dótturfélögum móðurfélags þess vátryggingafélags,

— hjá dótturfélögum móðurfélags þess endurtryggingafélags.

3. Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska eftir því í ákveðnum tilvikum, þegar þessari grein er beitt, að sannreyna mikilvægar upplýsingar um félag, sem hefur aðsetur í öðru aðildarríki og er tengt vátryggingafélag, tengt endurtryggingafélag, dótturfélag, móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins sem fellur undir viðbótareftirlit þurfa þau að fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að fá þessa staðfestingu. Yfirvöldin, sem fá slíka beiðni, verða að bregðast við henni innan marka lögsögu sinnar með því að sjá um að sannreyna upplýsingarnar sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum, sem lögðu beiðnina fram, eða endurskoðanda eða sérfræðingi að sannreyna þær.

Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun sem það annast ekki sjálft ef það óskar eftir því.

7. gr.

Samstarf milli lögbærra yfirvalda

1. Ef vátryggingafélög eða endurtryggingafélög, sem stofnuð eru í mismunandi aðildarríkjum, tengjast beint eða óbeint eða eiga sameiginlegt hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki senda hvert öðru, að fenginni beiðni, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera kleift eða auðvelda framkvæmd eftirlits samkvæmt þessari tilskipun og senda að eigin frumkvæði allar upplýsingar

sem þau telja nauðsynlegar fyrir lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna.

2. Ef vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og annaðhvort lánastofnun, eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (*), eða fjárfestingarfyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (**) eða hvort tveggja, tengjast beint eða óbeint eða eiga sameiginlegt hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld, sem annast opinbert eftirlit með hinum félögunum, hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru allar upplýsingar sem geta auðveldað störf þeirra, einkum innan ramma þessarar tilskipunar.

3. Um upplýsingarnar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, einkum upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir þagnarskylda eins og kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (***) og 16. gr. tilskipunar 2002/83/EB og 24. – 30. gr. tilskipunar 2005/68/EB.

8. gr.

Viðskipti innan samstæðu

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbær yfirvöld annist almennt eftirlit með viðskiptum milli:

a) vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og:

   i) félags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu,

   ii) hluteignarfélags vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

   iii) félags sem er tengt hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

b) vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og einstaklings sem á hlutdeild í:

   i) vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða einhverju félagi því tengdu,

   ii) hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

   iii) félagi sem er tengt hluteignarfélagi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins.

Þessi viðskipti varða einkum:

— lán,

— ábyrgðir og liði utan efnahagsreiknings,

— liði sem geta verið hluti af gjaldþoli,

— fjárfestingar,

— endurtryggingaviðskipti (úttrygging),

— samninga um kostnaðarskiptingu.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að vátryggingafélög og endurtryggingafélög hafi yfir að ráða viðeigandi áhættustýringaraðferðum og kerfum fyrir innra eftirlit, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á heppilegan hátt sanngreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum eins og kveðið er á um í 1. mgr. Aðildarríkin skulu einnig krefjast þess að vátryggingafélög og endurtryggingafélög gefi lögbærum yfirvöldum skýrslu um öll umtalsverð viðskipti, a.m.k. árlega. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og kerfum.

Ef í ljós kemur á grundvelli þessara upplýsinga að gjaldþol vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins sé eða kynni að verða teflt í tvísýnu skal lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu.

(*) (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.
(**) (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB.
(***)(Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.“

6. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 9. gr.:

„3. Sýni útreikningurinn, sem um getur í 1. mgr., fram á að aðlagað gjaldþol sé neikvætt skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem um ræðir.“

7. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, vátryggingafélög utan Bandalagsins og endurtryggingafélög utan Bandalagsins“,

b) eftirfarandi komi í stað 2. og 3. mgr.:

„2. Í tilvikinu, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skal útreikningurinn taka til allra félaga sem eru tengd eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélagi utan Bandalagsins eða endurtryggingafélagi utan Bandalagsins, á þann hátt sem kveðið er á um í II. viðauka.

3. Úrskurði lögbær yfirvöld á grundvelli þessara útreikninga að gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er dótturfélag eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði, vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins, sé eða kunni að vera teflt í tvísýnu skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart því vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi.“

8. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 10. gr. a:

a) eftirfarandi komi í stað b-liðar 1. mgr.:

'b) endurtryggingafélögum sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi,

c) vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu.“,

b) eftirfarandi komi í stað 2. mgr.:

„2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótar-eftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum utan Bandalagsins og

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótareftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæðum þeirra og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum í einu eða fleiri aðildarríkjum.“

9. Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 98/78/EB komi II. viðauki við þessa tilskipun.

60. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/83/EB

Tilskipun 2002/83/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 1. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„s) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (*).“

(*) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Fyrirframsamráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildar-ríkisins áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki sem annast eftirlit með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu stjórnenda sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og um orðspor og reynslu stjórnenda sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar og yfirstandandi mats á því hvort skilyrði varðandi rekstur séu uppfyllt.“

3. Í 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal ekki hafna endurtryggingasamningi sem vátryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB eða vátryggingafélag sem starfar á grundvelli tilskipunar 73/239/EBE eða þessarar tilskipunar á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum stöðugleika þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er vátryggingafélag, endurtryggingafélag, lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast slíka eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu því samráði sem um getur í 9. gr. a.“

5. Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 4., 5. og 6. mgr.:

„4. Lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál skv. 1. eða 2. mgr., mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

— til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja vátryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með slíkri starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum eða

— til að beita viðurlögum eða

— þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds eða

— í dómsmálum sem eru höfðuð skv. 67. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum um vátryggingafélög og endurtryggingafélög.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis, ef um er að ræða tvö eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu, eða milli aðildarríkja eða milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum og:

— yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,

— aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og

— aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtrygginga-félaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðasjóðum nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1.-4. mgr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð eða

— yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana eða

— óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þeim félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með slíkum tryggingafræðingum.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

— upplýsingarnar skal nota í því skyni að hafa umsjón með og annast lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,

— um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,

— séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir megi taka við upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.“,

b) eftirfarandi komi í stað 8. mgr.:

„8. Ákvæði 1.–7. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

— seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki sem yfirvöld á sviði peningamála,

— eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir sendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem þau geta þurft á að halda m.t.t. 4. mgr. Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

6. Í stað 4. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi með brúttóvarasjóðum sem binda eignir til að mæta væntum iðgjöldum og útistandandi tjónaskuld ef endurtryggjandinn er endurtryggingafélag eða vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða þessa tilskipun.

Þegar heimaaðildarríki heimilar að vátryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum sem eru hvorki eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB né vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE eða þessa tilskipun skal það ákveða skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum kröfum.“

7. Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað f-liðar B-liðar í 1. mgr:

„f) inneign hjá endurtryggjendum, þ.m.t. hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld og hjá félögum með sérstakan tilgang sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB“,

b) eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr.:

„3. Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í 1. mgr. táknar það ekki að allar þessar eignir séu sjálfkrafa viðurkenndar til jöfnunar vátryggingaskuld. Heimaaðildarríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum.“

8. Í 2. mgr. 27. gr. bætast eftirfarandi undirgreinar við:

„Eftirfarandi liðir skulu koma til lækkunar á gjaldþoli:

a) hlutdeild vátryggingafélagsins í:

— vátryggingafélögum í skilningi 4. gr. þessarar tilskipunar, 6. gr. tilskipunar 73/239/EB eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi (*),

— endurtryggingafélögum í skilningi 3. gr. tilskipunar 2005/68/EB eða endurtryggingafélögum í löndum utan Bandalagsins í skilningi 1. liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (**),

— fjárfestingarfélögum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (***) og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (****),

Þegar hlutabréfeign í annarri lánastofnun, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar.

Í stað þess að draga frá þá liði sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar sem vátryggingafélag á í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og fjármálastofnunum geta aðildarríkin heimilað vátryggingafélögum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferðum 1, 2 eða 3 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*****). Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar aðila sem á að taka með í samstæðureikningsskilunum. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að vátryggingafélög, sem eiga að vera undir viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 98/78/EB eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á gjaldþoli, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að draga frá liðina sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar þessarar greinar, sem eru eign í lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem viðbótareftirlitið nær til. Að því er varðar frádrátt á hlutdeild sem um getur í þessari málsgrein er orðið hlutdeild notað í skilningi f-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

b) allir eftirtaldir liðir sem vátryggingafélagið á í tengslum við aðila sem eru skilgreindir í a-lið og það á hlutdeild í:

— gerningar sem um getur í 3. mgr.,

— gerningar sem um getur í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE,

— víkjandi kröfur og gerningar sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

(*) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

(**) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(***) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

(****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

(*****) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.“

9. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 28. gr.:

a) eftirfarandi komi í stað a-liðar:

„a) fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af vátryggingasjóðum, í frumtryggingum og endurtryggingum, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og vegna móttekinna endurtrygginga, með hlutfallinu milli samanlagðra vátryggingafjárhæða, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og heildarvátryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu fjárhagsári. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 85%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má draga endurheimtanlegar fjárhæðir, sem endurtryggingar, frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB.“,

b) eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar b-liðar:

„b) seinni niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð vátrygginga sem vátryggingafélag hefur tekið að sér, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu félagsins eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggjenda (úttrygging) og samanlagðrar áhættufjárhæðar án frádráttar endurtrygginga eins og það var á næstliðnu fjárhagsári; hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%. Samkvæmt rökstuddri umsókn vátryggingafélags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki þess yfirvalds má draga endurheimtanlegar fjárhæðir frá félögum með sérstakan tilgang, sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2005/68/EB, sem endurtryggingar.“

10. Eftirfarandi grein bætist við:

„28. gr. a

Gjaldþol vátryggingafélaga sem annast starfsemi á sviði endurtrygginga

1. Hvert aðildarríki skal beita ákvæðum 35.-39. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu eftirtalinna skilyrða:

a) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 10% af heildariðgjöldum,

b) innheimt endurtryggingaiðgjöld nema meira en 50 000 000 evrum,

c) vátryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga nema meira en 10% af heildarvátryggingaskuld.

2. Hvert aðildarríki getur valið um að beita ákvæðum 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB gagnvart þeim vátryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess vegna starfsemi sem felst í móttöku endurtrygginga, að uppfylltu einu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í téðri fyrstu málsgrein.

Í því tilviki skal viðkomandi aðildarríki krefjast þess að öllum eignum, sem vátryggingafélag notar til jöfnunar vátryggingaskuld, sem samsvara mótteknum endurtryggingum, sé haldið aðgreindum, þeim stýrt og þær skipulagðar aðgreindar frá allri annarri tryggingastarfsemi vátryggingafélagsins, án nokkurs möguleika á yfirfærslu. Í slíku tilviki og eingöngu að því marki sem um móttöku endurtrygginga er að ræða falla vátryggingafélög ekki undir 22.–26. gr.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbær yfirvöld þess sannreyni aðgreininguna sem kveðið er á um í annarri undirgrein.“

11. Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 38(4). gr.:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 28. gr. þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá næstliðnu fjárhagsári,

b) engin eða lítil yfirfærsla áhættu felst í endurtryggingasamningunum.“

X. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

61. gr.

Áunnin réttindi starfandi endurtryggingafélaga

1. Endurtryggingafélög, sem heyra undir þessa tilskipun og fengu starfsleyfi eða réttindi til að annast endurtryggingastarfsemi í samræmi við ákvæði aðildarríkjanna þar sem þau hafa aðalskrifstofur fyrir 10. desember 2005, teljast vera með starfsleyfi í samræmi við 3. gr.
Hins vegar er þeim skylt að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að því er varðar rekstur endurtrygginga, og kröfunum sem eru settar fram í 6. gr. (a-, c- og d-liður), 7., 8., 12. gr. og 32.–41. gr. frá 10. desember 2007.

2. Aðildarríkin geta heimilað að endurtryggingafélög, sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki farið að 6. gr. (a-liður), 7., 8., og 32.–40. gr. 10. desember 2005, fái frest til 10. desember 2008 til þess að uppfylla þessar kröfur.

62. gr.

Endurtryggingafélög sem hætta starfsemi

1. Endurtryggingafélög, sem hætta að gera endurtryggingasamninga fyrir 10. desember 2007 og stjórna fyrirliggjandi vátryggingastofni eingöngu með það í huga að hætta starfsemi sinni, heyra ekki undir þessa tilskipun.
2. Aðildarríkin skulu gera skrá yfir viðkomandi endurtryggingafélög og senda hana öllum hinum aðildarríkjunum.

63. gr.

Aðlögunartímabil vegna 3. mgr. 57. gr. og 6. mgr. 60. gr.

Aðildarríki er heimilt að fresta beitingu ákvæða 3. mgr. 57. gr. þessarar tilskipunar um breytingu á 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 73/239/EBE og ákvæða 6. mgr. 60. gr. þessarar tilskipunar til 10. desember 2008.

64. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. desember 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

65. gr.

Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

66. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. nóvember 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	Bach of LUTTERWORTH
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Rekstrarform endurtryggingafélaga:

— í Konungsríkinu Belgíu: 'société anonyme/naamloze vennootschap', 'société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen', 'association d'assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging', 'société coopérative/coöperatieve vennootschap';

— í Tékklandi: 'akciová společnost';

— í Konungsríkinu Danmörku: 'aktieselskaber', 'gensidige selskaber';

— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: 'Aktiengesellschaft', 'Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit', 'Öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen';

— í Lýðveldinu Eistlandi: 'aktsiaselts';

— í Lýðveldinu Grikklandi: 'ανώνυμη εταιρία', 'αλληλασφαλιστικός συνεταιρισμός';

— í Konungsríkinu Spáni: 'sociedad anónima';

— í Lýðveldinu Frakklandi: 'société anonyme', 'société d'assurance mutuelle', 'institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale', 'institution de prévoyance régie par le code rural' and 'mutuelles régies par le code de la mutualité';

— á Írlandi: incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited;

— í Lýðveldinu Ítalíu: 'società per azioni';

— í Lýðveldinu Kýpur: 'Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης με μετοχές' ή 'Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης με εγγύηση';

— í Lýðveldinu Lettlandi: 'akciju sabiedrība', 'sabiedrība ar ierobežotu atbildību';

— í Lýðveldinu Litháen: 'akcinė bendrovė', 'uždaroji akcinė bendrovė';

— í Stórhertogadæminu Lúxemborg: 'société anonyme', 'société en commandite par actions', 'association d'assurances mutuelles', 'société coopérative';

— í Lýðveldinu Ungverjalandi: 'biztosító részvénytársaság', 'biztosító szövetkezet', 'harmadik országbeli biztosító magyarországi fióktelepe';

— í Lýðveldinu Möltu: 'limited liability company/kumpannija tà responsabbiltà limitata';

— í Konungsríkinu Hollandi: 'naamloze vennootschap', 'onderlinge waarborgmaatschappij';

— í Lýðveldinu Austurríki: 'Aktiengesellschaft', 'Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit';

— í Lýðveldinu Póllandi: 'spółka akcyjna', 'towarzystwo ubezpieczeń wzajemnych';

— í Lýðveldinu Portúgal: 'sociedade anónima', 'mútua de seguros';

— í Lýðveldinu Slóveníu: 'delniška družba';

— í Lýðveldinu Slóvakíu: 'akciová spoločnost';

— í Lýðveldinu Finnlandi: 'keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag', 'vakuutusosakeyhtiö/ försäkringsaktiebolag', 'vakuutusyhdistys/försäkringsförening';

— í Konungsríkinu Svíþjóð: 'försäkringsaktiebolag', 'ömsesidigt försäkringsbolag';

— í Breska konungsríkinu: incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited, societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts, societies registered or incorporated under the Friendly Societies Acts, 'the association of underwriters known as Lloyd's'.

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað I. og II. viðauka við tilskipun 98/78/EB:

„I. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á AÐLÖGUÐU GJALDÞOLI VÁTRYGGINGAFÉLAGA OG ENDURTRYGGINGAFÉLAGA

1. VAL Á ÚTREIKNINGSAÐFERÐ OG ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR

A. Aðildarríkin skulu kveða á um að reikna skuli aðlagað gjaldþol vátryggingafélaga og endurtryggingafélaga, sem um getur í 1. mgr. 2 gr., í samræmi við eina af aðferðunum sem lýst er í 3. lið. Aðildarríki er þó heimilt að kveða á um að lögbær yfirvöld geti heimilað eða fyrirskipað að beitt sé annarri aðferð í 3. lið en þeirri sem aðildarríkið kaus.

B. **Hlutfall**

Þegar aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags er reiknað skal tekið tillit til hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins í félögum því tengdum.

„Hlutfallslegur eignarhluti“ merkir annaðhvort, ef beitt er aðferð 1 eða 2, sem lýst er í 3. lið, hlutfall hlutafjár sem hluteignarfélagið á beint eða óbeint eða, ef notuð er aðferð 3 í 3. lið, þá hundraðshluta sem notaðir eru við gerð samstæðureikninganna.

Ef tengda félagið er hins vegar dótturfélag með ófullnægjandi gjaldþol verður að taka tillit til slíks ófullnægjandi gjaldþols í heild, sama hvaða aðferð er beitt.

Telji lögbær yfirvöld á hinn bóginn að ábyrgð móðurfélags, sem á hlutafé í félaginu, sé skýrt og ótvírætt bundin við það hlutafé geta lögbær yfirvöld heimilað að hlutfallslega verði tekið tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins.

„Ef engin eignatengsl eru á milli sumra félaganna í vátryggingasamstæðu eða endurtryggingasamstæðu skal lögbært yfirvald ákvarða hvaða hlutfallslega eignarhlutar þurfi að taka tillit til.

C. **Útilokun á tvínotkun gjaldþolsliða**

C.1. *Almenn meðferð gjaldþolsliða*

Sama hvaða aðferð er notuð til að reikna aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags verður að útiloka tvínotkun liða sem geta verið hluti af gjaldþoli hinna ýmsu vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem tekið er tillit til í útreikningnum.

Í því skyni skal, þegar reiknað er út aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og ekki er kveðið á um það í aðferðunum sem lýst er í 3. lið, sleppa eftirtöldum fjárhæðum:

— verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélags, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli eins af tengdum vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum þess,

— verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins,

— verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldþoli einhvers annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu.

C.2. *Meðferð tiltekinna liða*

Með fyrirvara um ákvæði liðar C.1 má aðeins taka með í útreikninginn:

— ágóðasjóði og framtíðarhagnað, sem falla til hjá líftryggingafélagi eða lífendurtryggingafélagi, sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir, og

— skráð, óinnborgað stofnfé vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir,

að því marki sem það getur fullnægt gjaldþolskröfu þess tengda félags. Þó skal skráð, óinnborgað stofnfé, sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið, ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, sem hugsanlega skuldbindur tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, skal heldur ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem hugsanlega skuldbindur annað tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sama hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, skal ekki tekið með við útreikninginn..

C.3. *Yfirfærsla*

Telji lögbær yfirvöld að tilteknir liðir, sem geta verið hluti af gjaldþoli tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags annarra en þeirra sem um getur í lið C.2, séu ekki raunverulega til umráða til að mæta gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, má aðeins taka þessa liði með við útreikninginn að því marki sem þeir geta fullnægt gjaldþolskröfu tengda félagsins.

C.4. Samtala liðanna, sem um getur í liðum C.2 og C.3, má ekki vera hærri en gjaldþolskrafa tengda vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins.

D. **Útilokun fjármögnunar innan samstæðunnar**

Þegar aðlagað gjaldþol er reiknað skal ekki taka tillit til neinna liða sem geta verið hluti af gjaldþoli og til falla við gagnkvæma fjármögnun vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins og:

— tengds félags,

— hluteignarfélags,

— annars félags sem er tengt einhverju hluteignarfélaga þess.

Enn fremur skal ekki tekið tillit til neinna liða, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu eða endurtryggingafélaginu, sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir, þegar viðkomandi liður verður til við gagnkvæma fjármögnun með öðru tengdu félagi þess vátryggingafélags eða endurtryggingafélags.

Einkum telst um gagnkvæma fjármögnun að ræða þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, eða eitthvert félag því tengt, á hlutabréf í eða veitir lán öðru félagi sem, beint eða óbeint, ræður yfir lið sem getur verið hluti af gjaldþoli fyrrnefnda félagsins.

E. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að aðlagað gjaldþol sé reiknað jafnoft og gjaldþol vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem skal reiknað eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB. Verðmæti eigna og skuldbindinga skal metið samkvæmt viðeigandi ákvæðum tilskipana 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB.

2. BEITING ÚTREIKNINGSAÐFERÐA

2.1. **Tengd vátryggingafélög og tengd endurtryggingafélög.**

Aðlagað gjaldþol skal reiknað í samræmi við almennu meginreglurnar og aðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Samkvæmt öllum aðferðunum skal, þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er tengt fleiri en einu vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi, reikna aðlagað gjaldþol þess með hliðsjón af hverju og einu þessara tengdu vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga.

Þegar um er að ræða raðtengda hlutdeild (ef vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er t.d. hluteignarfélag annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem sjálft er hluteignarfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags) skal aðlagað gjaldþol reiknað fyrir hvert hluteignarfélag á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði sem er tengt a.m.k. einu vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi.

Aðildarríkin geta heimilað að útreikningi á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sé sleppt:

— ef vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið er tengt félagi annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í sama aðildarríki og tekið er tillit til tengda félagsins þegar aðlagað gjaldþol hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er reiknað eða

— ef vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið er tengt félag eignarhaldsfélags á vátryggingasviði með skráða skrifstofu í sama aðildarríki og vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið og bæði er tekið tillit til eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði og tengda vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins við útreikninginn.

Aðildarríkin geta einnig heimilað að útreikningi á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sé sleppt ef það er tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag annars vátryggingafélags, endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði sem hefur skráða skrifstofu í öðru aðildarríki og ef lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja hafa samþykkt að veita lögbærum yfirvöldum síðarnefnda aðildarríkisins heimild til að annast viðbótareftirlitið.

Í báðum tilvikum er aðeins heimilt að veita undanþáguna ef lögbær yfirvöld eru þess fullviss að liðirnir, sem geta verið hluti af gjaldþoli vátryggingafélaganna eða endurtryggingafélaganna, sem útreikningurinn tekur til, dreifist á fullnægjandi hátt milli félaganna.

Hafi tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag skráða skrifstofu í öðru aðildarríki en vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið, sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, geta aðildarríkin kveðið á um að við útreikninginn sé, að því er varðar tengda félagið, tekið tillit til gjaldþols þess eins og það er metið af lögbærum yfirvöldum hins aðildarríkisins.

2.2. **Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði sem eru milliliðir**

Við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem á hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi, tengdu endurtryggingafélagi eða vátryggingafélagi utan Bandalagsins, í gegnum eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, er tekið tillit til stöðu eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði. Eingöngu að því er varðar þennan útreikning, sem skal fara fram í samræmi við almennu meginreglurnar og aðferðirnar sem lýst er í þessum viðauka, skal litið á þetta eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eins og það væri vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem fellur undir kröfuna um gjaldþolið núll og sömu skilyrði og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 27. gr. tilskipun 2002/83/EB eða 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB að því er varðar liði sem geta verið hluti af gjaldþoli.

2.3. **Tengd vátryggingafélög og tengd endurtryggingafélög með skráða skrifstofu utan Bandalagsins**

Þegar reiknað er aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem er hluteignarfélag vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins, skal litið á síðarnefnt félag, einungis að því er varðar útreikninginn, á hliðstæðan hátt og tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag og beita almennu meginreglunum og aðferðunum sem lýst er í þessum viðauka.

Sé þess hins vegar krafist í landi utan Bandalagsins, þar sem þetta félag hefur skráða skrifstofu, að það hafi starfsleyfi, auk þess sem gerð er til þess krafa um gjaldþol sem er a.m.k. sambærileg við þá kröfu sem mælt er fyrir um í tilskipunum 73/239/EBE, 2002/83/EB eða 2005/68/EB, með hliðsjón af liðunum sem fullnægja þeirri kröfu, geta aðildarríkin kveðið á um að í útreikningnum sé tekið, að því er varðar það félag, tillit til kröfunnar um gjaldþol og liðanna sem fullnægja þeirri kröfu eins og mælt er fyrir um í viðkomandi landi utan Bandalagsins.

2.4. **Tengdar lánastofnanir, fjárfestingafyrirtæki og fjármálastofnanir**

Þegar reiknað er út aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er hluteignarfélag í lánastofnun, fjárfestingafyrirtæki eða fjármálastofnun gilda reglurnar, sem mælt er fyrir um í 16. gr. í tilskipun 73/239/EBE, 27. gr. tilskipunar 2002/83/EBE og 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB um frádrátt slíkrar hlutdeildar, að breyttu breytanda, svo og ákvæðin um að aðildarríkin geti, við tilteknar aðstæður, leyft aðrar aðferðir og að slík hlutdeild komi ekki til frádráttar.

2.5. **Fáist nauðsynlegar upplýsingar ekki**

Hafi lögbær yfirvöld, hver svo sem ástæðan kann að vera, ekki aðgang að upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til að reikna aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða endurtryggingafélagsins og varða tengt félag með skráða skrifstofu í aðildarríki eða landi utan Bandalagsins, skal draga bókfært virði þess félags í hluteignarfélaginu á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði frá liðunum sem geta verið hluti af aðlöguðu gjaldþoli. Þegar svo ber undir er ekki hægt að líta á dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem lið sem getur verið hluti af aðlöguðu gjaldþoli

3. ÚTREIKNINGSAÐFERÐIR

Aðferð 1: **Frádráttar- og samlagningaraðferð**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er mismunurinn á milli:

i) samtölu:

a) liðanna sem geta verið hluti af gjaldþoli hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

b) hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði í liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli tengds vátryggingafélags eða tengds endurtryggingafélags

og

ii) samtölu:

a) bókfærðs virðis tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins hjá hluteignarfélagi á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði,

b) kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

c) hlutfallslegs eignarhluta lágmarksgjaldþols tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

Ef hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi eða tengdu endurtryggingafélagi felst, algjörlega eða að hluta til, í óbeinu eignarhaldi skal telja verðmæti óbeina eignarhaldsins með í a-lið ii-liðar, að teknu tilliti til viðkomandi raðtengdra hagsmuna, og b-liður i-liðar og c-liður ii-liðar skulu innihalda samsvarandi hlutfallslegan eignarhluta í liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

Aðferð 2: **Aðferð byggð á frádrætti kröfu**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða á endurtryggingasviði er mismunurinn á milli:

i) samtölu liðanna sem geta verið hluti af gjaldþoli hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði

og

ii) samtölu:

a) kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og

b) hlutfallslegs eignarhluta kröfu um gjaldþol tengda vátryggingafélagsins eða tengda endurtryggingafélagsins.

Þegar liðir, sem geta verið hluti af gjaldþoli, eru metnir er hlutdeild, í skilningi þessarar tilskipunar, metin með hlutdeildaraðferðinni, í samræmi við möguleikann sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

Aðferð 3: **Aðferð byggð á samstæðureikningsskilum**

Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði skal reiknað á grundvelli samstæðureikninga. Aðlagað gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er mismunurinn á liðunum sem geta verið hluti af gjaldþoli, reiknuðum á grundvelli samstæðureikninga og:

a) annaðhvort samtölu kröfu um gjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði og hlutfallslegs eignarhluta í kröfu um gjaldþol tengdra vátryggingafélaga eða tengdra endurtryggingafélaga, á grundvelli hundraðshlutanna sem notaðir eru við uppsetningu samstæðureikninganna eða

b) gjaldþolinu, reiknuðu á grundvelli samstæðureikninga.

Ákvæði tilskipana 73/239/EBE, 91/674/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB skulu gilda um útreikning á liðunum sem geta verið hluti af gjaldþoli og á gjaldþolskröfum, á grundvelli gagna um samstæðureikninga.

II. VIÐAUKI

VIÐBÓTAREFTIRLIT MEÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGUM OG ENDURTRYGGINGAFÉLÖGUM SEM ERU DÓTTURFÉLÖG EIGNARHALDSFÉLAGS Á VÁTRYGGINGASVIÐI, VÁTRYGGINGAFÉLAGS UTAN BANDALAGSINS EÐA ENDURTRYGGINGAFÉLAGS UTAN BANDALAGSINS

1. Ef um er að ræða tvö eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags utan Bandalagsins eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins og eru stofnuð í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld tryggja að aðferðinni, sem lýst er í þessum viðauka, sé beitt með samræmdum hætti.

   Lögbær yfirvöld skulu sinna viðbótareftirliti svo oft sem mælt er fyrir um í tilskipunum að því er varðar útreikning á gjaldþoli vátryggingafélaga og endurtryggingafélaga samkvæmt tilskipunum 73/239/EBE, 91/647/EBE, 2002/83/EB og 2005/68/EB.

2. Aðildarríkin geta heimilað að útreikningnum, sem kveðið er á um í þessum viðauka að því er varðar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, sé sleppt:

   — ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er tengt félag annars vátryggingafélags eða endurtryggingafélags og tekið er tillit til þess í útreikningnum sem kveðið er á um í þessum viðauka fyrir hitt félagið,

   — ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og eitt eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög önnur, sem hafa starfsleyfi í sama aðildarríki, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins og tekið er tillit til vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins í útreikningnum sem kveðið er á um í þessum viðauka fyrir eitt þessara félaga annarra,

   — ef það vátryggingafélag eða endurtryggingafélag og eitt eða fleiri vátryggingafélög eða endurtryggingafélög önnur, sem hafa starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins og gerður hefur verið samningur í samræmi við 2. mgr. 4. gr. um að veita eftirlitsyfirvaldi í öðru aðildarríki rétt til að sinna viðbótareftirlitinu sem fjallað er um í þessum viðauka.

   Ef um er að ræða raðtengda hlutdeild (s.s. eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða vátryggingafélag eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins sem er sjálft í eigu annars eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags eða endurtryggingafélags utan Bandalagsins) er aðildarríkjunum einungis heimilt að beita útreikningunum, sem kveðið er á um í þessum viðauka, gagnvart móðurfélagi sem er höfuð vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins og er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að fram fari útreikningar, hliðstæðir þeim sem lýst er í I. viðauka, í eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélögum utan Bandalagsins eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins.

   Hliðstæðan skal felast í því að beita almennu meginreglunum og aðferðunum, sem lýst er í I. viðauka, gagnvart eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, vátryggingafélögum utan Bandalagsins eða endurtryggingafélögum utan Bandalagsins.

Einungis að því er varðar þennan útreikning skal litið á móðurfélagið eins og um væri að ræða vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem ber að lúta:

— kröfu um gjaldþol sem jafngildir núlli ef um er að ræða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði,

— kröfu um gjaldþol sem er ákvarðað í samræmi við meginreglur liðar 2.3 í I. viðauka ef um er að ræða vátryggingafélag utan Bandalagsins eða endurtryggingafélag utan Bandalagsins,

og lýtur sömu skilyrðum og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 27. gr. tilskipunar 2002/83/EB og 36. gr. tilskipunar 2005/68/EB að því er varðar liði sem taka má með við útreikning á gjaldþoli.

4. **Fáist nauðsynlegar upplýsingar ekki**

Hafi lögbær yfirvöld, hver svo sem ástæðan kann að vera, ekki aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir útreikninginn sem kveðið er á um í þessum viðauka og varða tengt félag með skráða skrifstofu í aðildarríki eða landi utan Bandalagsins skal draga bókfært virði þess félags í hluteignarfélaginu frá liðunum sem taka má með í útreikninginn sem kveðið er á um í þessum viðauka. Þegar svo ber undir er ekki hægt að líta á dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem lið sem taka má með í útreikninginn.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2008/EES/68/11**

frá 29. nóvember 2005

um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 4580)

(2005/849/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð ([1]), einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 30. maí 2002 var gerður marghliða samningur, hér á eftir nefndur „samningurinn“, milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum. Samningurinn fylgir með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja ([2]) þar sem framkvæmdastjórnin ákvað hvaða dag aðildarríkin skulu hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði eins þeirra ríkja sem hafa undirritað samninginn og heyra undir samninginn. Samningurinn hefur síðan verið rýmkaður þannig að hann taki einnig til annarra landa með samþykkt 1. viðbótar.

2) Hinn 26. maí 2005 skrifuðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og landsskrifstofur bifreiðatrygginga í Andorra, Króatíu, Íslandi, Noregi og Sviss undir 2. viðbót við samninginn, þannig að samningurinn tæki einnig til landsskrifstofu bifreiðatrygginga í Andorra. Í viðbótinni er kveðið á um hentugt fyrirkomulag til að fella niður tryggingaeftirlit með ökutækjum sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði Andorra og heyra undir viðbótina.

3) Öll skilyrði eru því uppfyllt fyrir því að aðildarríkin og Andorra hætti eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sín í milli í samræmi við tilskipun 72/166/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2006 skulu aðildarríkin hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði Andorra og heyra undir 2. viðbót frá 26. maí 2005 við marghliða samninginn milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 1.12.2005, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.

([1]) Stjtíð. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14).

([2]) Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

2. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **EES/2008/68/12**

frá 11. júlí 2005

um samræmda notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 GHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 2467)

(2005/513/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/203/EB frá 20. mars 2003 um að samhæfa framboð á almennum, þráðlausum staðarnetsaðgangi að almennum, rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu í Bandalaginu ([2]) var lagt til að aðildarríkin leyfi veitingu aðgangs almennra þráðlausra staðarneta að almennum fjarskiptanetum og -þjónustu á tiltæka tíðnisviðinu 5 GHz .

2) Einnig var talið að frekari samhæfing, einkum á tíðnisviðinu 5 GHz væri nauðsynleg innan ramma ákvörðunar nr. 676/2002/EB til að tryggja að tíðnisviðið sé tiltækt fyrir þráðlaust staðarnet (R-LAN) í öllum aðildarríkjum og til að draga úr vaxandi yfirálagi á tíðnisviðinu 2,4 GHz sem ætlað er fyrir þráðlaust staðarnet (R-LAN) með ákvörðun Evrópunefndar um þráðlaus fjarskipti (01)07 ([3]).

3) Á heimsráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins um þráðlaus fjarskipti árið 2003 (WRC-03) var viðeigandi hlutum tíðnisviðsins 5 GHz úthlutað til farstöðvaþjónustunnar að undanskildri farstöðvaþjónustu fyrir flug, til forgangsþjónustu á öllum þremur svæðum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) að teknu tillit til þarfarinnar að vernda aðra grunnþjónustu á þessum tíðnisviðum.

4) Heimsráðstefnan um þráðlaus fjarskipti árið 2003 (WCR-03) samþykkti ályktun Alþjóðafjarskiptasambandsins á sviði þráðlausra fjarskipta (ITU-R) nr. 229 um „Notkun farstöðvaþjónustu á tíðnisviðunum 5 150-5 250, 5 250-5 350 MHz og 5 470- 5 725 MHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet“ sem var hvatning fyrir frekari samhæfingu Evrópu til að leyfa hraðari innleiðingu á þráðlausum staðarnetum í Evrópusambandinu.

5) Með slíka samhæfingu í huga gaf nefnd Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) út umboð ([4]) 23. desember 2003, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 676/2002/EB, til þess að samhæfa tíðniróf á tíðnisviðinu 5 GHz fyrir þráðlaus staðarnet.

6) Umboð þetta hefur leitt til þess að Samtök póst- og fjarskipastjórna í Evrópu (CEPT) hafa, fyrir tilstilli nefndarinnar um rafræn fjarskipti (ECC) sem starfar á þeirra vegum, skilgreint í skýrslu sinni, ([5]) frá 12. nóvember 2004 og í ákvörðun sinni ECC/DEC(04)08 frá 12. nóvember 2004, sértæk tæknileg og rekstrarleg skilyrði fyrir notkun á sértækum tíðnibilum á tíðnisviðinu 5 GHz sem eru viðunandi fyrir framkvæmdastjórnina og nefndina um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar og skulu látnar gilda í Bandalaginu til að tryggja þróun á þráðlausu aðgangsneti og/eða þráðlausu staðarneti (WAS/RLAN) á samræmdum grundvelli í Bandalaginu.

7) Búnaður fyrir þráðlausan aðgang þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) verður að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([6]). Í grein 3.2 þeirrar tilskipunar er framleiðandanum gert skylt að tryggja að búnaðurinn valdi ekki skaðlegum truflunum fyrir aðra notendur tíðnirófsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 78, 25.3.2003, bls. 12.

([3]) Ákvörðun Evrópunefndar um fjarskipti (ERC) (01)07 frá 12. mars 2001 um samræmda tíðni, tæknilega eiginleika og undanþágu frá einstökum leyfum fyrir of skammdrægan búnað sem notaður er fyrir þráðlaus staðanet (RLAN) sem starfa á tíðnisviðinu 2 400-2 483,5 MHz.

([4]) Umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) til að samræma tækni- og sérstaklega rekstrarskilyrði sem miða að skilvirka notkun tíðnirófsins af þráðlausum staðarnetum á tíðninni 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz.

([5]) Svar Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) við umboði Evrópubandalagsins að samræma tækni- og sérstaklega rekstrarskilyrði sem miða að skilvirka notkun tíðnirófsins af þráðlausum staðarnetum á tíðninni 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz.

([6]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

8) Í nokkrum aðildarríkjum er mikilvæg þörf fyrir rekstur ratsjáa fyrir her og veðurratsjáa á tíðnisviðinu milli 5 250 og 5 850 MHz sem krefst sérstakra verndarráðstafana gegn skaðlegum truflunum þráðlausra aðgangskerfa, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN).

9) Einnig er þörf á að tilgreina viðmiðunarmörk fyrir jafngilt, jafndreift útgeislað afl og takmörkun á starfsemi, t.d. takmarkanir á notkun innanhúss fyrir þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) einkum á tíðnisviðinu 5 150- 5 350 MHz til að vernda þjónustukerfi við jarðarathugunargervihnetti (virk), geimrannsóknir (virkar) og farstöðvaþjónusta fyrir þráðlausar fjarskiptaleiðir (fæðihlekki) um gervihnött)

10) Eins og er tilgreint í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) er einungis mögulegt að staðsetningarákvörðunarþjónusta fyrir þráðlaus staðsetningarkerfi og þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet deili tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz með því að beita aflviðmiðunarmörkum og mildandi aðferðum til að tryggja að þráðlaus aðgangsnet, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) trufli ekki ratsjárbúnað/kerfi. Stýring á sendiafli (TPC) og virkt val á tíðnisviðum (DFS) hafa þar af leiðandi verið sett í samhæfða staðalinn EN 301 893 ([1]) sem fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute, ETSI) hefur þróað til að ganga megi út frá samræmi WAS/RLAN búnaðar við tilskipun 1999/5/EB. Stýring á sendiafli (TPC) í þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz myndu auðvelda samnýtingu við gervihnattaþjónustu með því að draga verulega út samanlögðum truflunum. Með virku vali á tíðnisviði (DFS) sem samræmist kröfum um greiningu, starfshætti og svörun sem settar eru fram í I. viðauka við ITU-tilmæli 1652 ([2]) er komist hjá því að þráðlaus aðgangsnet, þ.m.t. þráðlaus staðarnet noti tíðnibil sem þegar er notað í ratsjárbúnaði. Eftirlit verður með skilvirkni mildandi aðferðanna í EN 301 893 til að vernda ratsjár með fastri tíðni. Þær er háðar endurskoðun til að taka megi tillit til nýrrar þróunar sem byggist á rannsóknum aðildarríkjanna á viðeigandi prófunaraðferðum, reglum og aðferðum við mildandi aðferðir.

11) Viðurkennt er á vettvangi Bandalagsins og Alþjóðafjarskiptasambandsins að þörf er á frekari rannsóknum og möguleikanum á þróun nýrra og breyttra tæknilegra/rekstrarlegra skilyrða fyrir þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet, en jafnframt að veita viðeigandi vörn fyrir aðra grunnþjónustu, einkum þráðlaus staðsetningarkerfi. Ennfremur er viðeigandi fyrir innlend stjórnvöld að standa fyrir mælingaherferðum og prófunum til að auðvelda samhliða tilvist mismunandi þjónustu. Tekið verður mið af slíkum rannsóknum og þróun þegar þessi ákvörðun verður endurskoðuð.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa skilyrði fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á tíðnisviði 5 150- 5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz fyrir þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN).

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN)“: þráðlaus háhraðanet sem leyfa þráðlausan aðgang hugbúnaðar í eigu hins opinbera og í einkaeign óháð undirliggjandi nethögun.

b) „notkun innanhúss“: notkun innandyra, þ.m.t. staðir með líka eiginleika á borð við loftfar þar sem hlífin veitir að jafnaði þá deyfingu sem er nauðsynleg til að auðvelda samnýtingu við aðra þjónustu.

c) „meðal jafngilt, jafndreift, útgeislað afl (e.i.r.p.)“: jafngilt, jafndreift, útgeislað afl meðan á sendingarhrinu sem samsvarar mesta afli stendur, sé aflstýring innleidd.

3. gr.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. október 2005 tilnefna tíðnisviðin 5 150-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz og gera öll viðeigandi úrræði þar að lútandi til innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) með fyrirvara um sérkröfur sem mælt er fyrir um í 4. gr.

([1]) EN 301 893 er samhæfður staðall, þróaður af Fjarskipastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute, ETSI), skrifstofa, sem ber yfirskriftina háhraða þráðlaus aðgangskerfi (Broadband Radio Access Networks, BRAN); 5 GHz hágæða þráðlaus staðarnet; samhæfð EN grunnkröfur sem eru uppfylltar gr. 3.2 tilskipunina um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta (R&TTE Directive). Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins 98/34/EB. Þessi samhæfði staðall er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar ráðsins og Evrópuþingsins 98/34/EB. Unnt er að fá orðréttan texta EN 301 893 með því að snúa sér til ETSI 650 Route des Lucioles F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

([2]) Tilmæli ITU-R M.1652 virkt val á tíðnisviðum (DFS) í þráðlausum aðgangskerfum þ.m.t. þráðlausum staðarnetum til að vernda staðsetningarákvörðunar þjónustu á 5 GHz tíðninni (Spurningar ITU-R 212/8 og ITU-R 142/9).

4. gr.

1. Á tíðnisviðinu 5 150-5 350 MHz skal notkun þráðlausra aðgangskerfa þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) vera takmörkuð við notkun innandyra og meðal jafngilt, jafndreift útgeislað afl sem að hámarki nemur 200 mW.

Ennfremur skal hámarks meðalþéttni jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls vera takmörkuð:

a) við 0,25 mW/25 kHz á hverju 25 kHz tíðnisviði, á tíðnisviðinu 5 150-5 250 MHz og

b) við 10 mW/MHz á hverju 1 MHz tíðnisviði á tíðnisviðinu 5 250-5 350 MHz.

2. Á tíðnisviðinu 5 470-5 725 MHz skal notkun þráðlausra aðgangskerfa þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) innandyra og utanhúss takmarkast við meðal jafngilt, jafndreift útgeislað afl sem að hámarki nemur 1 W og meðalþéttni jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls sem að hámarki nemur 50 mW/MHz á hverju 1 MHz tíðnisviði.

3. Þráðlaus aðgangskerfi þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN), sem starfa á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz, skulu nota sendiaflsstýringu sem veitir að meðaltali mildandi þátt að a.m.k. 3 dB af leyfilegum hámarksafköstum kerfanna.

Ef sendiaflsstýring er ekki í notkun skal leyfilegt hámarks meðal jafngilds, jafndreifðs útgeislaðs afls og tilsvarandi fyrir tíðnisviðið 5 250-5 350 MHz og tíðnisviðið 5 470-5 725 MHz vera minnkuð um 3 dB.

4. Þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet, sem starfa á tíðnisviðunum 5 250-5 350 MHz og 5 470-5 725 MHz, skulu nota mildandi aðferðir sem gefa a.m.k. sömu vörn og kröfur um greiningu, starfshætti og svörun sem lýst er í EN 301 893 til að sjá til þess að reksturinn sé í samræmi við staðsetningarákvörðunarkerfi. Slíkar mildandi aðferðir skulu jafna líkurnar á vali á sérstökum rásum fyrir allar tiltækar rásir til þess að tryggja að meðaltali nánast samræmda útbreiðslu álags á tíðnirófið.

5. Aðildarríkin skulu endurskoða stöðugt hvernig staðið er að mildandi aðferðum og greina framkvæmdastjórninni frá því.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 884/2004/EB 2008/EES/68/13

frá 29. apríl 2004

um breytingu á ákvörðun nr. 1692/96/EB um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrstu málsgrein 156. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB ([5]) er mælt fyrir um viðmiðunarreglur Bandalagsins fyrir samevrópska flutningakerfið þar sem tilgreind eru verkefni er varða sameiginlega hagsmuni sem ætlað er að stuðla að þróun þessa kerfis og í III. viðauka eru tilgreind sérstök verkefni sem Evrópuráðið lagði sérstaka áherslu á á fundum sínum í Essen 1994 og í Dublin 1996.

2) Aukning umferðar, einkum stöðug aukning þungaflutningabifreiða, hefur valdið því að umferðarþröng og flöskuhálsar eru sífellt algengari á flutningastofnleiðum milli landa. Til að tryggja hreyfanleika vöru- og farþegaflutninga milli landa er því nauðsynlegt að hámarka flutningsgetu samevrópska flutningakerfisins.

3) Á fundi leiðtogaráðsins í Gautaborg árið 2001 voru stofnanir Bandalagsins hvattar til að taka upp endurskoðaðar viðmiðunarreglur fyrir samevrópska flutningakerfið, með það í huga að veita forgang, eftir því sem við á, grunnvirkjafjárfestingum fyrir járnbrautir, skipgengar vatnaleiðir, stuttar sjóleiðir, samþætta flutninga og skilvirkar umferðartengingar. Innan þessa ramma skal ekki vanmeta mikilvægi hafna við skipgengar vatnaleiðir og svæðisflugvalla til að ná markmiðum samevrópska flutningakerfisins.

4) Væntanleg stækkun Evrópusambandsins og markmiðið að breyta vægi milli ólíkra flutningsmáta og koma á grunnvirkjakerfi, sem getur uppfyllt vaxandi þörf, ásamt þeirri staðreynd að það gæti tekið meira en 10 ár að ljúka sumum af forgangsverkefnunum, krefst þess að skrá yfir verkefni í III. viðauka við ákvörðun nr. 1692/96/EB verði endurskoðuð.

5) Búlgaría, Tékkland, Kýpur, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía og Tyrkland hafa gert samstarfssamninga og Evrópusamninga og hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu. Samgönguyfirvöld í þessum ellefu löndum hafa, með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar, framkvæmt þarfagreiningu fyrir samgöngugrunnvirki sem miðar að því að skilgreina kerfi í samræmi við sömu meginreglur og mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 1692/96/EB.

6) Á fundi leiðtogaráðsins í Barselóna 2002 var lögð áhersla á það markmið að fækka flöskuhálsum á svæðum á borð við Alpana, Pýreneafjöllin og Eystrasaltið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 7.6.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB C 362 E, 18.12.2001, bls. 205 og (Stjtíð. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 274.

([2]) Stjtíð. EB C 125, 27.5.2002, bls. 75.

([3]) Stjtíð. EB C 278, 14.11.2002, bls. 7.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 30. maí 2002 (Stjtíð. ESB C 187 E, 7.8.2003, bls. 130) og frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og afstaða Evrópuþingsins frá 21. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([5]) Stjtíð. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

7) Á fundi leiðtogaráðsins í Brussel í desember 2003 var lögð áhersla á að forgangsverkefni, sem tilgreind eru í viðmiðunarreglunum sem þýðingamikil, til að styrkja samheldni innri markaðarins, einkum í ljósi væntanlegrar stækkunar Evrópusambandsins og sökum þess að nauðsynlegt er að losna við flöskuhálsa og/eða ljúka við tengingar sem vantar með hliðsjón af vöruflutningum (gegnumferð) þvert yfir náttúrulegar hindranir eða aðrar hindranir eða yfir landamæri.

8) Á annarri samevrópsku flutningaráðstefnunni á Krít 1994 og þriðju samevrópsku flutningaráðstefnunni í Helsinki 1997 voru tíu samevrópskar flutningastofnleiðir og fjögur samevrópsk svæði tilgreind sem forgangsatriði í samstarfi milli Evrópubandalagsins og hlutaðeigandi þriðju landa.

9) Nefnd háttsettra embættismanna um samevrópska flutningakerfið (hér á eftir nefnd „nefnd háttsettra embættismanna“) tilgreindi í skýrslu sinni, sem var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 30. júní 2003, takmarkaðan fjölda forgangsverkefna þar sem notuð er aðferðafræði sem byggist á viðmiðunum sem fela einkum í sér mögulega fjárhagslega hagkvæmni, skuldbindingu að hálfu hlutaðeigandi aðildarríkja að fylgja fyrirframsamþykktri tímaáætlun við verkefnaáætlun, áhrif verkefnanna á hreyfanleika vöru og einstaklinga milli aðildarríkja og áhrif þeirra á samheldni og sjálfbæra þróun. Skýrslan tekur einnig til verkefna í nýju aðildarríkjunum sem munu ganga í Evrópusambandið 1. maí 2004. Taka skal tillit til árangurs slíkrar samvinnu.

10) Samþætta skal kröfur um umhverfisvernd og skilgreiningu og framkvæmd stefnu Bandalagsins á sviði samevrópskra kerfa í samræmi við 6. gr. sáttmálans. Þetta hefur í för með sér að grunnvirki fyrir flutningsmáta, sem veldur minna tjóni á umhverfinu, er sett í forgang, nánar tiltekið járnbrautarflutningar, flutningar á stuttum sjóleiðum og flutningar á skipgengum vatnaleiðum.

11) Nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd aðalmarkmiðinu sem felst í því að skera á neikvæðu tengslin milli aukningar á sviði flutninga og aukningar vergrar landsframleiðslu eins og framkvæmdastjórnin lagði til í orðsendingu um áætlun Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun.

12) Mat á umhverfisáhrifum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið ([1]) mun í framtíðinni verða framkvæmt í tengslum við allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem leiða til verkefna sem varða sameiginlega hagsmuni. Fjármögnun samgöngugrunnvirkja skal einnig háð því að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafar Bandalagsins, einkum tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([2]) og tilskipanir ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla ([3]) og 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra ([4]).

13) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um stefnu Evrópu í flutningamálum er hvatt til samþættrar nálgunar þar sem m.a. eru sameinaðar ráðstafanir til að blása nýju lífi í járnbrautageirann, einkum fyrir vöruflutninga, efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum og stuttum sjóleiðum, hvetja til að háhraðajárnbrautakerfið og flutningar í lofti komi hvort öðru til fyllingar í ríkari mæli og stuðla að þróun rekstrarsamhæfðs og greindarstýrðs flutningakerfi til að tryggja aukna skilvirkni og öryggi kerfisins.

14) Skilvirkni sameiginlegrar stefnu í flutningamálum er m.a. háð samfellu ráðstafana til að blása nýju lífi í járnbrautageirann og byggja upp járnbrautargrunnvirkin. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/12/EB frá 26. febrúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/440/EB um þróun járnbrauta innan Bandalagsins ([5]) er kveðið á um samevrópskt kerfi fyrir vöruflutninga með járnbrautum sem unnt verður að nota fyrir alþjóðlega vöruflutningaþjónustu eftir 2003.

15) Koma skal á fyrirkomulagi, sem rúmast innan hins almenna markmiðs um að tryggja sjálfbæran hreyfanleika einstaklinga og vara, til að styðja þróun hraðbrauta hafsins milli aðildarríkja, í því skyni að draga úr umferðarþröng á hraðbrautum og/eða bæta aðgang að jaðarsvæðum og jaðarríkjum og eysvæðum og eyríkjum. Slíkt fyrirkomulag, sem m.a. tekur til útboðsaðferða, skal vera gagnsætt, sniðið að tilteknum þörfum og ekki hafa nein áhrif á reglur Bandalagsins um samkeppni eða opinber innkaup.

([1]) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

([2]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB (Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17).

([3]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

([4]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 75, 15.3.2001, bls. 1.

16) Líta skal á stuðning við þróun hraðbrauta hafsins sem fyllingu við ákvæði Bandalagsins um aðstoð og sem hvatningu til að þróa flutninga á stuttum sjóleiðum, sem fellur undir Marco Polo-áætlunina sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) ([1]) og skal þessi stuðningur byggjast á sömu viðmiðunum. Fjárhagsaðstoð Bandalagsins, samkvæmt þessum tveimur gerningum, skal þó ekki safnast upp.

17) Nauðsynlegt er að lýsa yfir að forgangsverkefni varði evrópska hagsmuni, að beina fjárframlögum Bandalagsins til slíkra verkefna og að innleiða kerfi til að hvetja til samræmingar milli aðildarríkjanna í því skyni að greiða fyrir því að verkefnunum sé lokið innan æskilegrar tímaáætlunar.

18) Í samræmi við 154. gr. sáttmálans skal stefnan um samevrópskt kerfi stuðla að því að efla efnahagslega og félagslega samheldni innan Bandalagsins. Til að ná þessu markmiði skal gera átak til að ná sem mestri samkvæmni milli viðmiðunarreglna Bandalagsins um samevrópska flutningakerfið og áætlana um viðeigandi fjármálagerninga sem eru fyrir hendi innan Bandalagsins.

19) Mat á forgangsverkefnum eftir á skal auðvelda síðari endurskoðanir viðmiðunarreglna og skráa yfir forgangsverkefni og bæta aðferðir við fyrirframgert mat sem aðildarríkin nota.

20) Það gæti reynst óheppilegt að aðildarríkin notuðu, hvert fyrir sig, eigin verklagsreglur til að meta umhverfisþætti og félagshagfræðileg áhrif verkefnis sem lýst hefur verið yfir að hafi fjölþjóðlega vídd og varði evrópska hagsmuni. Til að leysa þetta skal, til viðbótar við sameiginlegar matsaðferðir, þróa samræmdar matsreglur- og verklagsreglur um opinbert samráð eða reglur um fjölþjóðlega rannsókn, sem varðar mismunandi aðildarríki, sem í hlut eiga, með áherslu á félagslega og hagræna þætti og umhverfisþætti. Þessar verklagsreglur skulu gilda með fyrirvara um þær skyldur sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins um umhverfisvernd.

21) Nánara samstarf milli ríkja, sem tengjast verkefnum á sömu samgönguleiðum, kann að vera nauðsynlegt til að auka arðsemi af fjárfestingum og auðvelda að stilla saman tímasetningu fjárfestinga og að setja saman fjármögnunarpakka.

22) Aðildarríkin skulu auðkenna svæði yfir landamæri á grundvelli viðmiðana sem nefndin, sem komið er á fót skv. 2. mgr. 18. gr. ákvörðunar nr. 1692/96/EB, á að skilgreina. Fyrirliggjandi tilvísanir til svæða forgangsverkefna sem ná yfir landamæri, sem um getur í III. viðauka við þá ákvörðun, skulu ekki hafa áhrif á skilgreiningu svæða yfir landamæri samkvæmt þessum viðmiðunum.

23) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram greiningu á áhrifum tilmæla sem nefnd háttsettra embættismanna hefur sent frá sér. Niðurstöður sýna að framkvæmd þeirra verkefna sem nefndin tilgreindi, ásamt ýmsum ráðstöfunum sem koma fram í sameiginlegri stefnu í flutningamálum, s.s. að taka gjald fyrir not af grunnvirkjum og opna fyrir samkeppni í vöruflutningum með járnbrautum, mun hafa í för með sér verulegan ávinning að því er varðar tímasparnað, minni útblástur og minni umferðarþröng, betri aðgang að jaðaraðildarríkjum og að nýju aðildarríkjunum og bætta stöðu fyrir alla aðila.

24) Til þess að fylgja markmiðum samevrópska flutningakerfisins og uppfylla þær kröfur sem fylgja stækkun er nauðsynlegt að auka verulega fjárveitingar til samevrópsku kerfanna.

25) Framkvæmdastjórnin kann að taka þá ákvörðun að leggja til við Evrópuþingið og ráðið að nauðsynlegt sé að hrinda í framkvæmd öðrum verkefnum en þeim sem um getur í III. viðauka við ákvörðun nr. 1692/96/EB til þess að stefna að þeim markmiðum að auka vöxt, að samþætta stækkaða Evrópu og auka framleiðni og samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja á heimsmörkuðum ásamt því að stuðla að markmiðum um efnahagslega, félagslega og svæðisbundna samheldni og samþættingu. Veita skal þessum verkefnum forgang í tengslum við fjármálagerninga Bandalagsins.

26) Því ber að breyta ákvörðun nr. 1692/96/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun nr. 1692/96/EB:

1. Í 1. mgr. 2. gr. komi dagsetningin „2020“ í stað „2010“.

2. Í stað 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Til samgöngumannvirkja teljast vegakerfi, járnbrautakerfi og kerfi skipgengra vatnaleiða, hraðbrautir hafsins, hafnir við sjó og hafnir við skipgengar vatnaleiðir, flugvellir og aðrir samtengingarpunktar milli flutningakerfa.“

([1]) Stjtíð. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 788/2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17).

3. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Forgangsverkefni

Forgangsatriðin skulu vera sem hér segir að teknu tilliti til þeirra markmiða sem sett eru í 2. gr. og þeirra meginflokka ráðstafana sem settar eru fram í 4. gr.:

a) stofnun og uppbygging helstu tengistaða og samtengistaða sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að losna við flöskuhálsa, ljúka við kafla sem vantar og fullgera aðalsamgönguleiðir, einkum þá hluta sem ná yfir landamæri, liggja yfir náttúrulegar hindranir, og auka rekstrarsamhæfi á meginleiðum,

b) stofnun og uppbygging grunnvirkja sem stuðla að samtengingu innlendra kerfa, annars vegar til þess að greiða fyrir tengingu milli eyja eða svæða, sem svipar til eyja, landluktra svæða, jaðarsvæða og afskekktra svæða og hins vegar við miðlæg svæði Bandalagsins, einkum til að draga úr miklum flutningskostnaði þessara svæða,

c) nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á rekstrarsamhæfðu járnbrautakerfi í áföngum, þ.m.t., ef því verður við komið, leiðir sem hafa verið aðlagaðar fyrir vöruflutninga,

d) nauðsynlegar ráðstafanir til að efla sjóflutninga á löngum og stuttum sjóleiðum og skipgengum vatnaleiðum,

e) nauðsynlegar ráðstafanir til að samþætta flutninga með járnbrautum og í lofti, einkum með aðgangi járnbrauta að flugvöllum, þegar það á við, og þeim grunnvirkjum og búnaði sem þörf er á,

f) hámörkun afkastagetu og skilvirkni nýrra og fyrirliggjandi grunnvirkja, aukning samþættingar og endurbætur á öryggi og áreiðanleika kerfisins með því að stofna og gera endurbætur á stöðvum fyrir samtengda flutninga og aðgangsgrunnvirki þeirra og/eða með því að setja upp greindarstýrð kerfi,

g) samþætting öryggis- og umhverfisatriða við hönnun og framkvæmd samevrópska flutningakerfisins,

h) þróun sjálfbærs hreyfanleika einstaklinga og vara í samræmi við markmið Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun.“

4. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Umhverfisvernd

1. Við skipulagningu og framkvæmd verkefna verða aðildarríkin að taka tillit til umhverfisverndar, með því að annast mat á umhverfisáhrifum verkefna sem varða sameiginlega hagsmuni og til stendur að ráðast í, í samræmi við tilskipun ráðsins 85/337/EBE og með beitingu tilskipana 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla[*] og 92/43/EBE.

Frá 21. júlí 2004 skulu aðildarríkin framkvæma mat á umhverfisáhrifum skipulags- og framkvæmdaáætlana sem leiða til slíkra verkefna, einkum þar sem þau varða nýjar leiðir eða þróun annarra mikilvægra tengipunktagrunnvirkja, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið[**]. Aðildarríkin skulu taka tillit til niðurstöðu þessa umhverfismats við undirbúning skipulags- og framkvæmdaáætlana, sem í hlut eiga, í samræmi við 8. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Eigi síðar en 21. júlí 2004 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin, þróa viðeigandi aðferðir til að hrinda í framkvæmd stefnumarkandi umhverfismati með það að markmiði að tryggja m.a. viðeigandi samræmi, komast hjá tvíverknaði og ná fram einfaldara og hraðara skipulagsferli fyrir verkefni sem ná yfir landamæri og samgöngustofnleiðir.

Framkvæmdastjórnin skal, í skýrslu sinni um viðmiðunarreglur og í mögulegum viðbótartillögum að réttarreglum til endurskoðunar á viðmiðunarreglunum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 18. gr. þessarar ákvörðunar, taka tillit til niðurstöðu þessarar vinnu, þar sem það á við, og umhverfismats á TEN-verkefnunum sem aðildarríkin annast samkvæmt tilskipun 2001/42/EB.

(*) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).
(**) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.“

5. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Til flutningakerfisins teljast einnig grunnvirki umferðarstjórnunar, upplýsingar til notenda, viðbrögð við óhöppum og neyðarástandi og rafræn innheimta gjalda þar sem slík grunnvirki byggjast á virku samstarfi milli kerfa fyrir umferðarstjórnun í Evrópu, í einstökum löndum og svæðum og þeirra sem veita upplýsingar um ferðir og umferð og virðisaukandi þjónustu, sem mun tryggja nauðsynlega samfellu við hugbúnað en samevrópska áætlun um fjarskiptanet auðveldar innleiðingu hans.“

6. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Lýsing

1. Til járnbrautakerfisins teljast háhraðajárnbrautaspor og almenn járnbrautaspor.

2. Til háhraðajárnbrautakerfisins teljast, hvort sem notuð er núverandi eða ný tækni:

a) sérstök háhraðaspor sem eru gerð fyrir hraða sem er að jafnaði 250 km/klst. eða meiri,

b) sérstök endurbyggð háhraðaspor sem eru gerð fyrir hraða sem er u.þ.b. 200 km/klst.,

c) sérstök endurbyggð háhraðaspor, eitt eða fleiri, sem tengjast háhraðajárnbrautakerfinu sem hafa sérstök einkenni sem stafa af hömlum sem staðhættir eða umhverfi setja, vegna hæðarmunar í landslagi eða skipulags bæja og þar sem laga þarf hraða að hverju tilviki fyrir sig,

Skilgreina skal viðeigandi grunnkröfur og tækniforskriftir fyrir rekstrarsamhæfi, sem gilda um háhraðajárnbrautaspor þar sem notuð er núverandi tækni, í samræmi við tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins*. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um það þegar háhraðaspor eru tekin í notkun og gefa tæknilega lýsingu á þeim.

3. Til almenna járnbrautakerfisins teljast spor fyrir almenna farþega- og vöruflutninga með járnbrautum, þ.m.t. járnbrautarkaflar samevrópska kerfisins fyrir samsetta flutninga, sem um getur í 14. gr., tengingar við hafnir við sjó og vatnaleiðir sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þær fragtstöðvar sem allir rekstraraðilar hafa aðgang að. Skilgreina skal viðeigandi grunnkröfur og tækniforskriftir fyrir rekstrarsamhæfi, sem gilda um almenna járnbrautarkerfið, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB frá 19. mars 2001 um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins**.

4. Járnbrautakerfið skal taka til grunnvirkja og aðstöðu sem gerir mögulegt að samþætta flutninga með járnbrautum og vegum og, eftir því sem við á, flutninga í lofti og á sjó. Þess vegna skal leggja sérstaka áherslu á að tengja svæðisflugvelli við flutningakerfið.

5. Járnbrautakerfið skal uppfylla a.m.k. eitt af eftirtöldum hlutverkum:

a) gegna mikilvægu hlutverki í farþegaflutningum um langar vegalengdir,

b) gera kleift að tengjast flugvöllum, þar sem það á við,

c) gera kleift að nýta svæðis- og staðbundin járnbrautakerfi,

d) greiða fyrir vöruflutningum með því að auðkenna og þróa stofnleiðir sem eru fráteknar fyrir vöruflutninga eða leiðir þar sem vöruflutningalestir njóta forgangs,

e) gegna mikilvægu hlutverki í samsettum flutningum,

f) gera kleift að tengja saman flutninga á stuttum sjóleiðum og skipgengum vatnaleiðum um hafnir sem þjóna sameiginlegum hagsmunum.

6. Notendum járnbrautakerfisins skal standa til boða mikil gæði og öryggi, í krafti samfellu og uppbyggingar á rekstrarsamhæfi í áföngum sem næst einkum með tæknilegri samhæfingu og evrópsku stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð (ERTMS) sem er samhæft stjórn- og eftirlitskerfi sem mælt er með fyrir evrópska járnbrautakerfið. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, semja áætlun sem er í samræmi við áætlanir í hverju ríki fyrir sig.

(*) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 6. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(**) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1.“

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 11. gr.:

a) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b. Í I. viðauka eru tilgreindar hafnir við vatnaleiðir flutningakerfisins þar sem umfermingaraðstaða fyrir samþætta flutninga er fyrir hendi eða þar sem árlegir vöruflutningar nema a.m.k. 500 000 tonnum.“,

b) í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Til flutningakerfisins teljast einnig grunnvirki umferðarstjórnunar. Þetta hefur einkum í för með sér að komið verði á fót rekstrarsamhæfðu, greindarstýrðu umferða- og flutningakerfi sem nefnist „upplýsingaþjónusta um ár“ (RIS) sem ætlað er að hámarka núverandi flutningsgetu og öryggi kerfis skipgengra vatnaleiða og auka rekstrarsamhæfi við annan flutningsmáta.“

8. Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Hraðbrautir hafsins

1. Samevrópsku kerfi hraðbrauta hafsins er ætlað að stjórna völuflutningum á sjó í því skyni að bæta núverandi tengingar sjóflutninga eða koma á nýjum, hagkvæmum, reglulegum og tíðum tengingum sjóflutninga milli aðildarríkjanna til að draga úr umferðaþröng á vegum og/eða bæta aðgang að jaðarsvæðum, -eyjum og -ríkjum. Hraðbrautir hafsins skulu ekki útiloka samsetta flutninga á einstaklingum og vörum, svo framarlega sem einkum sé um vörur að ræða.

2. Samevrópskt kerfi hraðbrauta hafsins skal fela í sér aðstöðu og grunnvirki að því er varðar a.m.k. tvær hafnir í tveimur mismunandi aðildarríkjum. Aðstaða og grunnvirki skulu einnig taka til þátta, í a.m.k. einu aðildarríki, eins og hafnaraðstöðu, rafræns völuferlisstjórnunarkerfis, öryggis og verndar og reglna um stjórnsýslu og tollafgreiðslu ásamt grunnvirkjum fyrir beinan aðgang að landi, þ.m.t. aðferðir til að tryggja að unnt sé að stunda siglingar árið um kring, einkum aðgengi að búnaði til dýpkunar og aðstoð ísbrjóta að vetri til.

3. Vatnaleiðir eða skipaskurðir, eins og þeir eru tilgreindir í I. viðauka, sem tengja saman tvær evrópskar hraðbrautir hafsins eða tvo hluta þeirra og stuðla að því að stytta verulega siglingaleiðir, auka skilvirkni og stytta siglingatíma, skulu vera hluti af samevrópsku kerfi hraðbrauta hafsins.

4. Tillögur að verkefnum sem varða sameiginlega hagsmuni innan samevrópsks kerfis hraðbrauta hafsins skulu lagðar fram af a.m.k. tveimur aðildarríkjum og skulu þær sniðnar að raunverulegum þörfum. Einkaaðilar og opinberir aðilar skulu að öllu jöfnu eiga aðild að fyrirhuguðum verkefnum í samræmi við verklagsreglur þar sem kveðið er á um að áður en bæta má aðstoð Bandalagsins við aðstoð úr opinberum sjóðum skuli fara fram útboð með einu einhverju eftirtalinna sniða:

a) almennt útboð sem hlutaðeigandi aðildarríki standa fyrir sameiginlega í því skyni að skilgreina nýjar tengingar frá höfn í A-flokki, eins og skilgreint er í 2. mgr. 12. gr, sem aðildarríkin velja fyrir fram innan hvers hafsvæðis, eins og um getur í verkefni nr. 21 í III. viðauka,

b) almennt útboð sem hlutaðeigandi aðildarríki standa fyrir sameigjnlega og beinist að samstarfsaðilum sem sameina a.m.k. skipafélög og hafnir, sem eru staðsett á einu hafsvæðanna, eins og um getur í verkefni nr. 21 í III. viðauka.

5. Verkefni sem varða sameiginlega hagsmuni innan samevrópsks kerfis hraðbrauta hafsins:

– skulu leggja sérstaka áherslu á aðstöðu og grunnvirki sem mynda kerfi hraðbrauta hafsins,

– kunna, með fyrirvara um 87. og 88. gr. sáttmálans, að fela í sér upphafsaðstoð (start-up aid) ef niðurstöður útboðsferlisins, sem um getur í 4. mgr., sýna að opinber stuðningur telst nauðsynlegur til að verkefnið geti borið sig fjárhagslega; upphafsaðstoð skal takmörkuð við tvö ár og skal eingöngu veitt til að mæta tilhlýðilega rökstuddum fjármagnskostnaði; aðstoðin skal ekki nema hærri fjárhæð en þeirri lágmarksfjárhæð sem þarf til að koma á þessum tengingum; aðstoðin má þó ekki leiða til röskunar á samkeppni á viðeigandi markaði sem stríðir gegn sameiginlegum hagsmunum,

– geta einnig tekið til starfsemi sem hefur víðtækari ávinning og tengist ekki tilteknum höfnum, eins og að hafa til reiðu aðstöðu fyrir ísbrots- og dýpkunarstarfsemi ásamt upplýsingakerfi þ.m.t. umferðarstjórnunarkerfi og rafræn tilkynningakerfi.

6. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja ára, leggja fyrir nefndina, sem um getur í 18. gr., frumskrá yfir sérstök verkefni er varða sameiginlega hagsmuni og gera þar með hugmyndina um hraðbrautir hafsins að veruleika. Einnig ber að senda Evrópuþinginu þessa skrá.

7. Leggja skal verkefni, sem varða sameiginlega hagsmuni innan samevrópsks kerfis hraðbrauta hafsins, fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar.“

9. Eftirfarandi málsgrein bætist við 13. gr.:

„3. Tengja skal alþjóðlega tengipunkta samgöngukerfisins og tengipunkta Bandalagsins smám saman við háhraðaspor járnbrautakerfisins, eftir því sem við á. Kerfið skal taka til þeirra grunnvirkja og aðstöðu sem annast geta samþættingu flutningaþjónustu í lofti og með járnbrautum og, eftir því sem við á, á sjó.“

10. Eftirfarandi þáttur bætist við:

„ÞÁTTUR 10 a

SAMRÆMING MILLI AÐILDARRÍKJA

17. gr. a

Evrópskur samræmingaraðili

1. Til að auðvelda samræmdar framkvæmdir tiltekinna verkefna, einkum verkefna sem ná yfir landamæri eða hluta verkefna sem ná yfir landamæri og teljast til verkefna sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, eins og um getur í 19. gr. a, getur framkvæmdastjórnin, í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og að höfðu samráði við Evrópuþingið, tilnefnt aðila sem nefnist „evrópskur samræmingaraðili“. Evrópski samræmingaraðilinn skal starfa í nafni og fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Valdsvið evrópska samræmingaraðilans skal alla jafna tengjast ákveðnu verkefni, einkum ef um er að ræða verkefni sem nær yfir landamæri en ef nauðsyn krefur má rýmka valdsviðið svo það nái yfir meginumferðaræðar. Evrópski samræmingaraðilinn skal, ásamt viðkomandi aðildarríkjum, gera vinnuáætlun um starfsemi sína.

2. Evrópski samræmingaraðilinn skal einkum valinn á grundvelli reynslu sinnar af evrópskum stofnunum og þekkingar á viðfangsefnum er varða fjármögnun og mat á félagslegum, hagrænum og umhverfistengdum þáttum í viðamiklum verkefnum.

3. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um tilnefningu evrópska samræmingaraðilans skal tilgreint hvernig viðkomandi aðili eigi að sinna þeim verkefnum sem um getur í 5. mgr.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu starfa með evrópska samræmingaraðilanum og veita honum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt þeim verkefnum sem um getur í 5. mgr.

5. Evrópski samræmingaraðilinn skal:

a) hafa samstarf við hlutaðeigandi aðildarríki um að hvetja til notkunar sameiginlegra aðferða við mat á verkefnum og ráðleggja, eftir því sem við á, skipuleggjendum verkefna um fjármögnun verkefnanna,

b) semja árlega skýrslu fyrir Evrópuþingið, framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd verkefna sem hann ber ábyrgð á, um nýjar reglur eða aðra þróun sem gæti haft áhrif á eiginleika verkefnanna og allar erfiðleika og hindranir sem geta valdið umtalsverðum töfum að því er varðar dagsetningarnar sem tilgreindar eru í III. viðauka,

c) hafa samráð, ásamt viðkomandi aðildarríkjum, við svæðis- og staðaryfirvöld, rekstraraðila, flutningsþega og fulltrúa borgaralegs samfélags með það í huga að öðlast betri þekkingu á eftirspurn eftir flutningaþjónustu, möguleikum á að fjármagna fjárfestingar og tegund þjónustu sem verður að veita til að auðvelda aðgang að slíkri fjármögnun.

6. Með fyrirvara um gildandi verklagsreglur, sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins og landslögum getur framkvæmdastjórnin leitað álits evrópska samræmingaraðilans þegar teknar eru til meðferðar umsóknir um að Bandalagið fjármagni verkefni eða flokk verkefna sem evrópski samræmingaraðilinn ber ábyrgð á.“

11. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 18. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar:

„Nefnd um eftirlit með viðmiðunarreglum og upplýsingaskiptum“,

b) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni útdrætti úr eigin skipulags- og framkvæmdaáætlunum, sem þau semja með þróun samevrópska flutningakerfisins í huga, einkum í tengslum við verkefnin sem hefur verið lýst að varði evrópska hagsmuni eins og um getur í 19. gr. a. Þegar þær hafa verið samþykktar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni eigin skipulags- og framkvæmdaáætlanir til upplýsingar.“,

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni skýrslu á tveggja ára fresti um framkvæmd viðmiðunarreglnanna sem lýst er í þessari ákvörðun. Nefndin, sem komið er á fót skv. 2. mgr., skal aðstoða framkvæmdastjórnina við gerð skýrslunnar. Skýrslunni skulu fylgja tillögur um réttarreglur í tengslum við endurskoðun viðmiðunarreglnanna, ef þörf krefur; þessi lagafrumvörp mega, ef þörf krefur, fela í sér breytingar á skránni um forgangsverkefni í III. viðauka eða viðbót við þá verkefnaskrá sem er í samræmi við 1. mgr. 19. gr. Endurskoðunin skal einkum varða verkefni sem stuðla að svæðisbundinni samheldni Evrópusambandsins í samræmi við e-lið 1. mgr. 19. gr.“

12. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Forgangsverkefni

1. Forgangsverkefni skulu vera verkefni sem varða sameiginlega hagsmuni og um getur í 7. gr. þar sem athugun staðfestir að:

a) þeim sé ætlað að koma í veg fyrir flöskuhálsa eða ljúka við tengingar sem vantar í meginleiðir samevrópska kerfisins, einkum verkefni sem ná yfir landamæri, liggja yfir náttúrulegar hindranir eða þar sem hluti þeirra nær yfir landamæri,

b) umfang þeirra sé það mikið að gerð langtímaáætlunar á evrópskum vettvangi muni greiða verulega fyrir,

c) þau hafi almennt séð mögulega í för með sér hreinan félagslegan og hagrænan ávinning og aðra félagslega og hagræna kosti,

d) þau auki verulega hreyfanleika vöru og einstaklinga milli aðildarríkja og stuðli þannig einnig að rekstrarsamhæfi kerfa ríkjanna,

e) þau stuðli að svæðisbundinni samheldni innan Evrópusambandsins með því að samþætta kerfi nýju aðildarríkjanna og bæta tengingar við jaðar- og eyjasvæði,

f) þau stuðli að sjálfbærri þróun flutninga með því að auka öryggi og draga úr umhverfisspjöllum af völdum flutninga, einkum með því að stuðla að því að flutningsleiðir á borð við flutninga með járnbrautum, samþætta flutninga, flutninga á skipgengum vatnaleiðum og á sjó verði fyrir valinu,

g) þau feli í sér skuldbindingu af hálfu hlutaðeigandi aðildarríkja um að framkvæma rannsóknir og mat í tæka tíð til að ljúka framkvæmdum á fyrirframákveðnum degi, byggt á áætlunum hvers ríkis eða öðrum sambærilegum skjölum sem tengjast viðkomandi verkefni.

2. Forgangsverkefni, sem eiga að hefjast fyrir 2010, hlutar þeirra og samþykktir verklokadagar, sem um getur í g-lið 1. mgr., eru talin upp í III. viðauka.

3. Eigi síðar en 2010 skal framkvæmdastjórnin leggja fram drög að framvinduskýrslu og, ef nauðsyn krefur, tillögur að breytingum á skránni yfir forgangsverkefni sem kveðið er á um í III. viðauka í samræmi við 1. mgr.“

13. Eftirfarandi greinar bætist við:

„19. gr. a

Yfirlýsing um evrópska hagsmuni

1. Lýst hefur verið yfir að forgangsverkefni, sem kveðið er á um í III. viðauka, varði evrópska hagsmuni. Þessi yfirlýsing er eingöngu gerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum og þá löggerninga sem byggjast á henni.

2. Með fyrirvara um lagagrundvöll viðkomandi fjármálagerninga Bandalagsins:

a) skulu aðildarríkin veita þeim verkefnum viðeigandi forgang, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, þegar aðildarríkin leggja verkefni sín fyrir samstöðusjóð í samræmi við 10. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1164/94* frá 16. maí 1994 um stofnun samstöðusjóðs,

b) skulu aðildarríkin veita þeim verkefnum viðeigandi forgang, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, þegar aðildarríkin leggja verkefni sín fram vegna fjárhagsáætlunar samevrópska flutningskerfisins í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2236/95** frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta,

c) skal framkvæmdastjórnin hvetja aðildarríkin til að taka tillit til þeirra verkefna, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, við skipulagningu áætlana fyrir þróunarsjóðina, einkum á svæðum sem falla undir markmið 1, með hliðsjón af flutningsáætlunum hvers aðildarríkis sem falla undir gildissvið fyrirliggjandi stuðningsramma Bandalagsins,

d) skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að þau lönd, sem uppfylla skilyrði sjóðsins sem fjármagnar skipulagsráðstafanir fyrir ríki sem bíða aðildar (ISPA), veiti þeim verkefnum forgang í samræmi við 2. og 7. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1267/1999*** um stofnun sjóðs til að fjármagna skipulagsráðstafanir fyrir ríki sem bíða aðildar, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni.

3. Þegar framkvæmdastjórnin spáir fyrir um fjárhagsþörf sína skal hún gefa þeim verkefnum, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, viðeigandi forgang.

4. Ef umtalsverðar tafir verða á því að hafist verði handa við verkefnið, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, í tengslum við frestinn til 2010, skal framkvæmdastjórnin biðja hlutaðeigandi aðildarríki að greina frá ástæðum tafanna innan þriggja mánaða. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þess svars sem er veitt, hafa samráð við öll hlutaðeigandi aðildarríki til að leysa vandann sem orsakar tafirnar.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að höfðu samráði við nefndina sem komið er á fót skv. 2. mgr. 18. gr. og sem hluta af virku eftirliti sínu með framkvæmd verkefnisins sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, svo og með tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar, að samþykkja viðeigandi ráðstafanir. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu fá tækifæri til að gera athugasemdir við slíkar ráðstafanir áður en þær eru samþykktar.

Evrópuþinginu skal tafarlaust tilkynnt um allar ráðstafanir sem gripið er til.

Við samþykkt þessara ráðstafana skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til ábyrgðar hlutaðeigandi aðildarríkis og skal láta vera að grípa til aðgerða sem hafa áhrif á framkvæmd verkefnisins í því aðildarríki sem er ekki ábyrgt fyrir töfunum.

5. Þegar verkefni, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, er ekki að mestu leyti lokið innan hæfilega langs tíma eftir fyrirhugaðan verklokadag, sem tilgreindur er í III. viðauka, og öll hlutaðeigandi aðildarríki bera ábyrgð á töfinni skal framkvæmdastjórnin endurskoða verkefnið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr., með það fyrir augum að afturkalla flokkun þess sem verkefnis, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, samkvæmt málsmeðferð um endurskoðun sem um getur í 3. mgr. 18. gr. Í öllum tilvikum skal framkvæmdastjórnin endurskoða verkefnið í lok 15 ára tímabils eftir að lýst hefur verið yfir að það varði evrópska hagsmuni, í skilningi þessarar ákvörðunar.

6. Fimm árum eftir að verkefni, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, eða einum hluta þess lýkur skulu hlutaðeigandi aðildarríki láta fara fram mat á félagslegum og hagrænum áhrifum þess og áhrifum þess á umhverfið, þ.m.t. áhrif þess á viðskipti og frjálsa för fólks og frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkja, á svæðisbundna samheldni og sjálfbæra þróun. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þessa mats.

7. Þegar verkefni, sem lýst hefur verið yfir að varði evrópska hagsmuni, nær yfir landamærasvæði sem eru órjúfanleg heild tæknilega og fjárhagslega skulu hlutaðeigandi aðildarríki samræma aðferðir sínar við að meta félagsleg og hagræn áhrif verkefnisins og gera sitt ítrasta til láta fara fram millilandaúttekt áður en byggingarleyfi er veitt og innan gildandi ramma.

8. Aðildarríkin samræma, ýmist á tvíhliða eða marghliða grundvelli, eftir því sem við á, aðra hluta verkefnisins sem varða evrópska hagsmuni.

9. Samræmdar aðgerðir eða millilandaúttektir, sem um getur í 7. mgr., skulu gilda með fyrirvara um þær skyldur sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins um umhverfisvernd, einkum þær sem lúta að mati á umhverfisáhrifum. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar slíkar samræmdar aðgerðir eða millilandaúttektir hefjast og um niðurstöður þeirra. Framkvæmdastjórnin skal láta þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 18. gr. koma fram í skýrslunni.

19. gr. b

Svæði sem ná yfir landamæri

Aðildarríkin skulu, í tengslum við tiltekin forgangsverkefni, ákvarða svæði sem ná yfir landamæri tveggja aðildarríkja, þ.m.t. hraðbrautir hafsins, á grundvelli viðmiðana sem nefndin, sem komið er á fót skv. 2. mgr. 18. gr., skilgreinir og tilkynnir framkvæmdastjórninni um. Þetta verða nánar tiltekið svæði sem eru órjúfanleg heild tæknilega og fjárhagslega eða hlutaðeigandi aðildarríki skuldbinda sig gagnvart í sameiningu til að koma á sameiginlegu skipulagi.

(*) Reglugerð ráðsins (EB(nr. 1164/94 frá 16. maí 1994 um stofnun samstöðusjóðs (Stjtíð. EB L 130, 25.5.1994, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1265/1999 (Stjtíð. EB L 161, 26.6.1999, bls. 62).

(**) Reglugerð ráðsins (EB(nr. 2236/95 frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta (Stjtíð. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 (Stjtíð. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1).

(***) Reglugerð ráðsins (EB(nr. 1267/1999 frá 21. júní 1999 um stofnun sjóðs til að fjármagna skipulagsráðstafanir fyrir ríki sem bíða aðildar (Stjtíð. EB L 161, 26.6.1999, bls. 73). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2500/2001 (Stjtíð. EB L 342, 27.12.2001, bls. 1).“

14. Ákvæði 20. og 21. gr. falli brott.

15. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukunum:

1. í stað 2., 3., 4. og 6. liðar I. viðauka og meðfylgjandi korta komi það sem tilgreint er í I. viðauka við ákvörðun þessa,

2. í III. viðauka:

a) komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar: „Forgangsverkefni sem eiga að hefjast fyrir 2010“,

b) í stað efnisins komi textinn í II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. McDOWELL
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við ákvörðun 1692/96/EB:

1. Eftirfarandi komi í stað 2., 3. og 4. þáttar:

„2. þáttur: Vegakerfi

2.0.	Evrópa	2.8.	Ítalía
2.1.	Belgía	2.9.	Lúxemborg
2.2.	Danmörk	2.10.	Holland
2.3.	Þýskaland	2.11.	Austurríki
2.4.	Grikkland	2.12.	Portúgal
2.5.	Spánn	2.13.	Finnland
2.6.	Frakkland	2.14.	Svíþjóð
2.7.	Írland	2.15.	Breska konungsríkið

3. þáttur: Járnbrautakerfi

3.0.	Evrópa	3.8.	Ítalía
3.1.	Belgía	3.9.	Lúxemborg
3.2.	Danmörk	3.10.	Holland
3.3.	Þýskaland	3.11.	Austurríki
3.4.	Grikkland:	3.12.	Portúgal
3.5.	Spánn	3.13.	Finnland
3.6.	Frakkland	3.14.	Svíþjóð
3.7.	Írland	3.15.	Breska konungsríkið

4. þáttur: Kerfi skipgengra vatnaleiða og hafnir við vatnaleiðir“

2. Eftirfarandi komi í stað 6. þáttar:

„6. þáttur: Kerfi flugvalla

6.0.	Evrópa	6.4.	Frakkland
6.1.	Belgía/ Danmörk/ Þýskaland/ Lúxemborg/ Holland/ Austurríki	6.5.	Írland/Breska konungsríkið
6.2.	Grikkland:	6.6.	Ítalía
6.3.	Spánn/Portúgal	6.7.	Finnland/Svíþjóð“

3. Eftirfarandi kort komi í stað samsvarandi korta í ákvörðun nr. 1692/96/EB:

Kortin eru birt í Stjtíð. ESB L 201, 7.6.2004, bls. 11

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2004:201:0001:0055:EN:PDF

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað III. viðauka við ákvörðun nr. 1692/96/EB:

„III. VIÐAUKI

FORGANGSVERKEFNI SEM EIGA AÐ HEFJAST FYRIR 2010

1. Járnbrautarmeginæðin Berlín - Verona/Mílanó-Bologna-Napólí-Messina-Palermo
   - Halle/Leipzig-Nürnberg (2015)
   - Nürnberg-München (2006)
   - München-Kufstein (2015)
   - Kufstein-Innsbruck (2009)
   - jarðgöng í Brennerskarði (2015), svæði sem nær yfir landamæri
   - Verona-Napólí (2007)
   - Mílanó-Bologna (2006)
   - Járnbrautarbrú/vegabrú yfir sundið milli Messina-Palermo (2015)
2. Háhraðajárnbrautarmeginæðin París-Brussel/Brussel-Köln-Amsterdam-Lundúnir
   - Ermarsundsgöngin-Lundúnir (2007)
   - Brussel/Brussel-Liège-Köln (2007)
   - Brussel/Brussel-Rotterdam-Amsterdam (2007) ([1])
3. Háhraðajárnbrautarmeginæðin í Suðvestur-Evrópu
   - Lissabon/Porto-Madríd (2011) ([2])
   - Madríd-Barselóna (2005)
   - Barselóna-Figueras-Perpignan (2008)
   - Perpignan-Montpellier (2015)
   - Montpellier-Nîmes (2010)
   - Madríd-Vitoria-Irún/Hendaye (2010)
   - Irún/Hendaye-Dax, svæði sem nær yfir landamæri (2010)
   - Dax-Bordeaux (2020)
   - Bordeaux-Tours (2015)
4. Háhraðajárnbrautarmeginæðin austur
   - París-Baudrecourt (2007)
   - Metz-Lúxemborg (2007)
   - Saarbrücken-Mannheim (2007)
5. Betuwe-sporið (2007)

([1]) Þ.m.t. tvær háhraðajárnbrautarstöðvar í Rotterdam og Amsterdam sem töldustu ekki til verkefnisins sem var samþykkt á fundi leiðtogaráðsins í Essen 1994.

([2]) Þ.m.t. tengingarnar Lissabon-Porto (2013), Lissabon-Madrid (2010) og Aveiro Salamanca (2015).

6. Járnbrautarmeginæðin Lyon-Trieste-Divača/Koper-Divača-Ljubljana-Budapest-landamæri Úkraínu
   - Lyon-St Jean de Maurienne (2015)
   - Jarðgöngin Mont-Cenis (2015-2017), svæði sem nær yfir landamæri
   - Bussoleno-Turin (2011)
   - Turin-Feneyjar (2010)
   - Feneyjar- Ronchi Sud-Trieste Divača (2015)
   - Koper- Divača -Ljubljana (2015)
   - Ljubljana-Búdapest (2015)
7. Hraðbrautarmeginæðin Igoumenitsa/Patra-Aþena-Sofía-Búdapest
   - Via Egnatia (2006)
   - Pathe (2008)
   - Sofía-Kulata-grísk-búlgörsk landamærahraðbraut (2010) þar sem svæðið Promahon-Kulata nær yfir landamæri
   - Nadlac-Sibiu hraðbrautin (hluti sem liggur í átt að Bucuresti og Constanţa) (2007)
8. Fjölþjóðlega meginæðin Portúgal/Spánn-önnur svæði Evrópu ([2])
   - Járnbrautin La Coruña-Lissabon-Sines (2010)
   - Járnbrautin Lissabon- Valladolid (2010)
   - Járnbrautin Lissabon-Faro (2004)
   - Hraðbrautin Lissabon-Valladolid (2010)
   - Hraðbrautin La Coruña-Lissabon (2003)
   - Hraðbrautin Seville-Lissabon (lokið 2001)
   - Nýr fugvöllur í Lissabon (2015)
9. Járnbrautarmeginæðin Cork-Dyflinni-Belfast-Stranraer ([3]) (2001)
10. Malpensa (lokið 2001) ([4])
11. lokið 2000) ([5])
12. Norðurlandaþríhyrningurinn járnbrautar-/vegameginæðin
    - Vega- og járnbrautarverkefni í Svíþjóð (2010) ([6])
    - Hraðbrautin Helsinki-Turku (2010)
    - Járnbrautin Kerava-Lahti (2006)
    - Hraðbrautin Helsinki-Vaalimaa (2015)
    - Járnbrautin Helsinki-Vainikkala (rússnesku landamærin) (2014)
13. Vegameginæðin Breska konungsríkið/Írland//Benelúx (2010)
14. Aðalleiðin eftir vesturströndinni (West coast main line) (2007)
15. Galileo (2008)
16. Járnbrautarflutningameginæðin Sines-Madrid-París
    - Ný afkastamikil járnbrautarmeginæð þvert yfir Píreneafjöllin
    - Járnbrautin Sines-Badajoz (2010)
    - Járnbrautin Algeciras-Bobadilla (2010)

([1]) Hluti af þessari leið samsvarar samevrópskri stofnleið V.
([2]) Þar með talið endurnýjun hafna og flugvalla (2015) í samræmi við inntak þess sem leiðtogaráðið samþykkti í Essen/Dyflinni.
([3]) Árið 2003 var tekin ákvörðun um að auka enn frekar afköst á þessari leið og var því bætt við sem sérverkefni.
([4]) Verkefni lokið.
([5]) Verkefni lokið.
([6]) Lokið verður við nokkra stutta vegakafla og járnbrautaspor á tímabilinu 2010 til 2015.

17. Járnbrautarmeginæðin París-Strassborg-Stuttgart-Vín-Bratislava

- Baudrecourt-Strassborg-Stuttgart (2015) þar sem Kehl-brúin er svæði sem nær yfir landamæri
- Stuttgart-Ulm (2012)
- Munich-Salzburg (2015), svæði sem nær yfir landamæri
- Salzburg-Vín (2012)
- Vín-Bratislava (2010), svæði sem nær yfir landamæri

18. Skipgenga vatnaleiðameginæðin Rín/Meuse-Main-Danube

- Rhine-Meuse (2019) þar sem skipastiginn í Lanaye er svæði sem nær yfir landamæri
- Vilshofen-Straubing (2013)
- Wien- Bratislava (2015), svæði sem nær yfir landamæri
- Palkovicovo-Mohács (2014)
- Flöskuhálsar í Rúmeníu og Búlgaríu (2011)

19. Rekstrarsamhæfi háhraðajárnbrauta á Íberíuskaganum

- Madríd-Andalúsía (2010)
- Norðaustur (2010)
- Madríd-Levante og Miðjarðarhafið (2010)
- Norður/Norðvesturstofnleiðin, þ.m.t. Vigo-Porto (2010)
- Extremadura (2010)

20. Fehmarn Belt-járnbrautarmeginæðin

- Föst járnbrautar- og vegtenging yfir Fehmarn Belt (2004)
- Járnbrautartenging við Danmörku frá Eyrarsundi (2015)
- Járnbrautartenging við Þýskaland frá Hamborg (2015)
- Járnbrautin Hannover-Hamborg/Bremen (2015)

21. Hraðbrautir hafsins

Verkefni er varða sameiginlega hagsmuni og eru tilgreind í samræmi við 12. gr. a og varða eftirfarandi hraðbrautir hafsins:

- Eystrasaltshraðbrautina (sem tengir aðildarríki við Eystrasalt við aðildarríki í Mið- og Vestur-Evrópu, þ.m.t. leiðin milli Norðursjávar og Eystrasalts (Kílarskurðurinn) (2010)),
- hraðbraut hafsins í Vestur-Evrópu (sem liggur frá Portúgal og Spáni um Atlantshafsbogann til Norðursjávar og Írlandshafs) (2010),
- hraðbraut hafsins í Suðaustur-Evrópu (sem tengir Adríahaf við Jónahaf og austurhluta Miðjarðarhafsins, þ.m.t. Kýpur) (2010),
- hraðbraut hafsins í Suðvestur-Evrópu (vesturhluti Miðjarðarhafsins) sem tengir Spán, Frakkland, Ítalíu og Möltu ásamt tengingu við hraðbraut hafsins í Suðaustur-Evrópu (2010).

22. Járnbrautarmeginæðin Aþena-Sofía-Búdapest-Vín-Prag-Nürnberg/Dresden

- járnbrautin grísk/búlgörsku landamærin-Kulata-Sofia-Vidin/Calafat (2015)
- járnbrautin Curtici-Brasov (áleiðis til Búkarest og Constanta) (2010)
- járnbrautin Búdapest-Vín (2010), svæði sem nær yfir landamæri
- járnbrautin Břeclav-Prag-Nürnberg (2010) þar sem Nürnberg-Prague er svæði sem nær yfir landamæri
- járnbrautarmeginæðin Prag-Linz (2016)

([1]) Hluti þessarar leiðar samsvarar skilgreiningu á samevrópskri stofnleið VII.
([2]) Einnig til Svartahafs.
([3]) Þessi meginleið samsvarar að stórum hluta skilgreiningu á samevrópskri stofnleið IV.

23. Járnbrautarmeginæðin Gdansk-Warsaw-Brno/Bratislava-Vín ([1])
    - járnbrautin Gdansk-Varsjá-Katowice (2015)
    - járnbrautin Katowice-Břeclav (2010)
    - járnbrautin Katowice-Zilina-Nove Mesto n.V. (2010)
24. Járnbrautarmeginæðin Lyon/Genoa-Basel-Duisburg-Rotterdam/Antverpen
    - Lyon-Mulhouse-Mülheim ([2]) þar sem Mulhouse-Mülheim er svæði sem nær yfir landamæri (2018)
    - Genf-Mílanó/Novara-svissnesku landamærin (2013)
    - Basel-Karlsruhe (2015)
    - Frankfurt-Mannheim (2012)
    - Duisburg-Emmerich (2009) ([3])
    - „Iron-Rhine“ Rheidt-Antverpen, svæði sem nær yfir landamæri (2010)
25. Hraðbrautarmeginæðin Gdansk-Brno/Bratislava-Vín ([4])
    - hraðbrautin Gdansk-Katowice (2010)
    - hraðbrautin Katowice-Brno/Zilina (2010), svæði sem nær yfir landamæri
    - hraðbrautin Brno-Vín (2009), svæði sem nær yfir landamæri
26. Járnbrautar-/vegameginæðin Írland/Breska konungsríkið/meginland Evrópu
    - vega-/járnbrautarmeginæðin sem tengir Dyflinni við Norður-Írland (Belfast-Larne) og Suður-Írland (Cork) (2010) ([5])
    - vega-/járnbrautarmeginæðin Hull-Liverpool (2015)
    - járnbrautin Felixstowe-Nuneaton (2011)
    - járnbrautin Crewe-Holyhead (2008)
27. „Rail Baltica“-meginæðin Varsjá-Kaunas-Riga-Tallinn-Helsinki
    - -Kaunas (2010)
    - Kaunas-Riga (2014)
    - Riga-Tallinn (2016)
28. „Eurocaprail“ á járnbrautarmeginæðinni Brussel-Lúxemborg-Strassborg
    - Brussel-Lúxemborg-Strasbourg (2012)
29. Járnbrautarmeginæð samþættu stofnleiðarinnar um Jónahaf/Adríahaf
    - Kozani-Kalambaka-Igoumenitsa (2012)
    - Ioannina-Antirrio-Rio-Kalamata (2014)
30. Skipgenga vatnaleiðin Seine-Scheldt.

    endurbætur á siglingaleiðinni Deulemont-Gent (2012-2014-2016)

    Compiègne-Cambrai (2012-2014-2016)

Fyrirframákveðin verklok eru tilgreind í svigum. Verklok fyrir verkefni 1 til 20 og 30 og nánari upplýsingar um þætti þeirra eru eins og tilgreint er í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna svo framarlega sem þau hafa verið tilgreind þar.“

([1]) Þessi meginleið samsvarar að stórum hluta skilgreiningu á samevrópskri stofnleið VI.
([2]) Þ.m.t. TGV Rhin-Rhône, fyrir utan vesturhlutann.
([3]) Verkefni nr. 5 (Betuwe-línan) tengir Rotterdam og Emmerich.
([4]) Þessi meginleið samsvarar að stórum hluta skilgreiningu á samevrópskri stofnleið VI.
([5]) Þ.m.t. framkvæmd nr. 13. í Essen: vegameginæðin Írland/Breska konungsríkið/Benelúx.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/1/EB **2008/EES/68/14**

frá 18. janúar 2006

um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalaganna, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 84/647/EBE frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum ([3]) hefur verið breytt verulega ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda framangreinda tilskipun.

2) Í þjóðhagslegu tilliti gerir notkun á leigðum ökutækjum það kleift við tilteknar aðstæður að ná bestu ráðstöfun fjármagns með því að draga úr óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþáttanna.

3) Í rekstrarhagfræðilegu tilliti eykur sá möguleiki sveigjanleika í skipulagi flutninga og eykur þar með afköst hlutaðeigandi fyrirtækja.

4) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ökutæki“: vélknúið ökutæki, eftirvagn, festivagn eða samtengd ökutæki sem einvörðungu eru ætluð til vöruflutninga,

b) „leigt ökutæki“: hvert það ökutæki sem gegn þóknun og um tiltekið skeið er afhent fyrirtæki sem fæst við vöruflutninga á vegum til afnota gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning á grundvelli samnings við fyrirtæki sem lætur ökutækin í té.

2. gr.

1. Hvert aðildarríki skal heimila að ökutæki, sem fyrirtæki með staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis hafa leigt, aki um yfirráðasvæði þess til að komast milli aðildarríkja að því tilskildu að:

a) ökutækið sé skráð eða það hafi verið tekið í notkun í samræmi við lög í hinu aðildarríkinu,

b) samningurinn fjalli einvörðungu um leigu á ökutæki án ökumanns og að því fylgi ekki annar samningur við sama fyrirtæki um akstur eða starfsfólk þess,

c) hið leigða ökutæki sé aðeins ætlað til afnota fyrir fyrirtækið sem notar það meðan leigusamningurinn gildir,

d) starfsfólk fyrirtækisins, sem notar hið leigða ökutæki, aki því.

2. Eftirtalin skjöl skulu vera til staðar í ökutækinu því til staðfestingar að framangreind skilyrði, sem um getur í a- til d-lið 1.mgr., hafi verið uppfyllt:

a) leigusamningurinn eða vottaður útdráttur úr honum þar sem einkum er tilgreint nafn leigusala, leigutaka, dagsetning og gildistími samningsins og auðkenni ökutækisins,

b) ráðningarsamningur ökumanns eða vottaður útdráttur úr honum þar sem einkum er tilgreint nafn vinnuveitanda, launþega og dagsetning og gildistími samningsins eða nýlegur launaseðill sé ökumaður ekki sá sem leigir ökutækið.

Ef þörf krefur er heimilt að nota í stað skjalanna, sem um getur í a- og b-lið, annað sambærilegt skjal sem lögbær yfirvöld í aðildarríkinu hafa gefið út.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 56.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB C 97 E, 22.4.2004, bls. 66) og ákvörðun ráðsins frá 8. desember 2005.

([3]) Stjtíð. EB L 335, 22.12.1984, bls. 72. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 90/398/EBE (Stjtíð. EB L 202, 31.7.1990, bls. 46).

([4]) Sjá viðauka I, A hluta.í

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innlendum fyrirtækjum sé heimilt að nota leigð ökutæki, sem skráð eru eða hafa verið tekin í notkun samkvæmt landslögum þeirra, til vöruflutninga á vegum með sömu skilmálum og gilda um ökutæki í eigu þeirra, enda uppfylli fyrirtækin skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að undanskilja flutninga fyrir eigin reikning, með ökutækjum með leyfilega heildarþyngd með hleðslu yfir 6 tonnum, undan ákvæðum 1. mgr.

4. gr.

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á reglugerðir aðildarríkis, þar sem mælt er fyrir um rýmri skilyrði fyrir notkun leigðra ökutækja en þau sem tilgreind eru í 2. og 3. gr.

5. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. gr. skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á beitingu þeirra reglna sem varða:

a) skipulag markaðarins fyrir vöruflutninga á vegum gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning, einkum aðgang að markaðnum og um kvótatakmarkanir fyrir vöruflutninga á vegum,

b) taxta og skilmála við vöruflutninga á vegum,

c) verðmyndum í leiguakstri,

d) innflutning ökutækja,

e) skilyrði fyrir því að hefja rekstur eða starfa við útleigu ökutækja.

6. gr.

Tilskipun 84/647/EBE er hér með felld úr gildi, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 18. janúar 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	H. WINKLER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með áorðnum breytingum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 84/647/EBE	(Stjtíð. EB L 335, 22.12.1984, bls. 72)
Tilskipun ráðsins 90/398/EBE	(Stjtíð. EB L 202, 31.7.1990, bls. 46)

B-hluti

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
Tilskipun 84/647/EBE	30. júní 1986
Tilskipun 90/398/EBE	31. desember 1990

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 84/647/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsmálsliður 1. gr.	Inngangsmálsliður 1. gr.
Fyrsti undirliður 1. gr.	a-liður 1. gr.
Annar undirliður 1. gr.	b-liður 1. gr.
Inngangsmálsliður 2. gr.	Inngangsmálsliður 1. mgr. 2. gr.
1.-4. liður 2. gr.	a- til d-liður 1. mgr. 2. gr.
Inngangsmálsliður fyrstu undirgreinar 5. liðar 2. gr.	, Inngangsmálsliður fyrstu undirgreinar 2. liðar 2. gr.
a- og b-liður fyrstu undirgreinar 5. liðar 2. gr.	a- og b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein, 5. liðar 2. gr.	Önnur undirgrein, 2. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
1. mgr. 4. gr.	4. gr.
Inngangsmálsliður 5. gr.	Inngangsmálsliður 5. gr.
Fyrsti undirliður 5. gr.	a-liður 5. gr.
Annar undirliður 5. gr.	b-liður 5. gr.
Þriðji undirliður 5. gr.	c-liður 5. gr.
Fjórði undirliður 5. gr.	d-liður 5. gr.
Fimmti undirliður 5. gr.	e-liður 5. gr.
6. gr.	—
7. gr.	—
8. gr.	—
—	6. gr.
—	7. gr.
9. gr.	8. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/59/EB **2008/EES/68/15**

frá 15. júlí 2003

um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]) að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1., 2. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 ([4]) er kveðið á um að tilteknir ökumenn, sem stunda vöru- eða farþegaflutninga á vegum skulu, eftir aldri, flokki ökutækis, sem er notað, og ekinnar vegalengdar, hafa undir höndum starfshæfnisvottorð, í samræmi við reglur Bandalagsins um lágmarksþjálfun fyrir tiltekna ökumenn sem stunda flutninga á vegum. Þessi lágmarksþjálfun ákvarðast af tilskipun 76/914/EBE ([5]).

2) Þar sem ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gilda um mjög lágt hlutfall ökumanna og skylduþjálfunar ökumanna er, eins og sakir standa, einungis krafist í fáum aðildarríkjum, stunda flestir ökumenn, sem aka um þessar mundir um landsvæði Bandalagsins, starfsgrein sína einungis á grundvelli ökuskírteinis.

3) Til að gera ökumönnum kleift að uppfylla hinar nýju kröfur, sem skapast af því hvernig markaður fyrir flutninga á vegum hefur þróast, skulu reglur Bandalagsins gilda um alla ökumenn, hvort sem þeir eru sjálfstætt starfandi eða launamenn og hvort sem þeir annast flutningana fyrir eigin reikning eða gegn gjaldi.

4) Nýjar reglur Bandalagsins voru settar til að tryggja að ökumaðurinn hafi þá menntun og hæfi sem þarf til að hafa aðgang að aksturssstarfsemi og stunda hana.

5) Skyldubundinni grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun er einkum ætlað að bæta öryggi á vegum og öryggi ökumannsins, þ.m.t. við störf sem hann annast þegar ökutækið er kyrrstætt. Enn fremur skal nútímalegt eðli ökumannsstarfsins miða að því að vekja áhuga ungs fólks á starfsgreininni og stuðla að ráðningu nýrra ökumanna þegar skortur er á þeim.

6) Til að varast ójöfn samkeppnisskilyrði gildir þessi tilskipun um aksturssstarfsemi bæði fyrir ríkisborgara aðildarríkis og ríkisborgara þriðja lands sem eru ráðnir eða fengnir til þjónustu í fyrirtækjum sem hafa staðfestu í aðildarríki.

7) Í því skyni að staðfesta að ökumaður uppfylli kröfurnar skulu aðildarríki gefa út starfshæfnisvottorð ökumanns sem vottar grunnþjálfun hans eða reglubundna þjálfun.

8) Með tilliti til þess mismunar sem ríkir í núverandi kerfum í tilteknum aðildarríkjum skulu aðildarríki geta valið um nokkra kosti til að greiða fyrir framkvæmd ákvæðanna að því er varðar grunnþjálfun.

9) Í því skyni að viðhalda menntun og hæfi ökumanns skal gerð sú krafa að starfandi ökumenn hljóti reglubundna þjálfun í þeirri færni sem nauðsynleg er í starfi þeirra.

10) Lágmarkskröfur, sem þarf að uppfylla að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun, varða öryggisreglur sem fara á eftir við akstur og þegar ökutækið er kyrrstætt. Þróun varnaraksturs — að sjá fyrir hættu, að taka tillit til annarra sem fara um veginn — sem helst í hendur við skynsamlega eldsneytiseyðslu, mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið og flutninga á vegum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 11.

([1]) Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 258 og Stjtíð. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 263.

([2]) Stjtíð. EB C 260, 17.9.2001, bls. 90.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 271 E, 7.11.2002, bls. 381), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. desember 2002 (Stjtíð. ESB C 32 E, 11.2.2003, bls. 9) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 8. apríl 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2003.

([4]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 76/914/EBE frá 16. desember 1976 um lágmarksþjálfun fyrir tiltekna ökumenn sem sjá um flutninga á vegum (Stjtíð. EB L 357, 29.12.1976, bls. 36).

11) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á réttindi ökumanns, sem er handhafi ökuskírteinis, sem er nauðsynlegt til að stunda aksturstarfsemi, fyrir þann dag sem mælt er fyrir um til að fá starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfun hans eða reglubundna þjálfun.

12) Einungis þjálfunarmiðstöðvar, sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa viðurkennt, mega skipuleggja þjálfunarnámskeiðin sem mælt er fyrir um til grunnþjálfunar og reglubundinnar þjálfunar. Til að tryggja gæði þessara viðurkenndu miðstöðva skulu lögbær yfirvöld setja samræmdar viðmiðanir um viðurkenningu, þ.m.t. krafa um trausta og öfluga fagmennsku.

13) Ekki eingöngu skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skipuleggja próf, sem kveðið er á um í tengslum við grunnþjálfun og reglubundna þjálfun, heldur einnig allir þeir aðilar sem þau tilnefna. Með tilliti til mikilvægis þessarar tilskipunar fyrir öryggi á vegum og jöfn samkeppnisskilyrði skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa umsjón með slíkum prófum.

14) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að fyrstu lotu reglubundinnar þjálfunar skuli lokið og að gefa skuli út samsvarandi starfshæfnisvottorð innan fimm ára, annaðhvort frá útgáfudegi starfshæfnisvottorðsins, sem vottar grunnþjálfunina, eða lokadagsetningu þess frests sem tilteknir ökumenn hafa til að láta áunnin réttindi sín öðlast gildi. Einnig skal vera mögulegt að stytta þennan frest eða lengja. Eftir fyrstu reglubundnu þjálfunina skal ökumaðurinn hljóta reglubundna þjálfun á fimm ára fresti.

15) Til að votta að ökumaður, sem er ríkisborgari aðildarríkis, sé handhafi starfshæfnisvottorðs, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og til að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á mismunandi starfshæfnisvottorðum, skulu aðildarríkin setja samræmdar táknmyndir Bandalagsins, sem mælt er fyrir um í þessum tilgangi, ásamt gildistíma þeirra, annaðhvort á ökuskírteinið eða nýja atvinnuskírteini ökumannsins, sem aðildarríkin viðurkenna sameiginlega, en mælt er fyrir um samræmda fyrirmynd þess í þessari tilskipun. Sams konar öryggiskröfur skulu gilda um þetta skírteini og ökuskírteinið vegna mikilvægis þeirra réttinda sem það felur í sér fyrir öryggi á vegum og jöfn samkeppnisskilyrði. Aðildarríkjunum er gefinn kostur á að setja táknmyndir Bandalagsins í nýja skírteinið, sem gerir þeim kleift að mæla fyrir um gildistíma ökuskírteina sem svarar ekki til lokadags gildistíma reglubundinnar þjálfunar, með tilliti til þess að í tilskipun 91/439/EBE ([1]) er kveðið á um að hvert aðildarríki áskilji sér rétt til að ákvarða, gildistíma ökuskírteina, sem það gefur, út, á grundvelli innlendra viðmiðana.

16) Nauðsynlegt er að breyta ákvæðum I. viðauka og I. viðauka a við tilskipun 91/439/EBE svo að unnt sé að bæta nýjum táknmyndum Bandalagsins í skrána yfir samræmdar táknmyndir og undirtáknmyndir, sem settar eru fram í þessum viðaukum, til að ákvarða daginn, sem ökumaður uppfyllir kröfur um starfsfærni, hvort sem um er að ræða grunnþjálfun eða reglubundna þjálfun.

17) Mæla skal fyrir um sérákvæði um vottun fyrir ökumenn, sem þessi tilskipun tekur til og eru ríkisborgarar þriðju landa.

18) Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með tilliti til ólíkra grunnþjálfunarkerfa sem hún mælir fyrir um, og skal hún leggja skýrslu um þetta viðfangsefni fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina.

19) Með tilliti til þess að umtalsverður fjöldi ökumanna fellur undir þessa tilskipun skal ákvæðum, er varða grunnþjálfun, beitt í tveimur áföngum eftir því hvort um er að ræða farþegaflutninga eða vöruflutninga. Áfangaskipting í framkvæmd þessarar tilskipunar, að því er varðar grunnþjálfun ökumanna ökutækja sem annast vöru- og farþegaflutninga, skal einnig gera kleift að koma á reglubundinni þjálfun í áföngum.

20) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til hrinda þessari tilskipun í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

21) Svo að tillit sé tekið til þess að í ákvæðum sem varða grunnþjálfun eru tilgreindir tveir mismunandi dagar skal fella viðeigandi ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun 76/914/EBE úr gildi.

22) Þó er æskilegt, svo að meginreglur laga Bandalagsins séu virtar, að ökumenn ökutækja, sem notuð eru til flutninga, séu undanþegnir beitingu þessarar tilskipunar þegar það er talið hafa óveruleg áhrif á öryggi á vegum eða í þeim tilvikum þegar kröfurnar í þessari tilskipun eru óhóflega íþyngjandi í efnahagslegu eða félagslegu tilliti.

23) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar, þ.e. að setja viðmiðanir í öllu Bandalaginu um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun, og þar sem auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðrar aðgerðar, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

([1]) Reglugerð ráðsins 91/439/EBE frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini (Stjtíð. EB L 237, 24.8.1991, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/56/EB (Stjtíð EB L 237, 21.9.2000, bls. 45).

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið.

Þessi tilskipun gildir um aksturstarfsemi sem stunduð er af:

a) ríkisborgurum aðildarríkis og

b) ríkisborgurum þriðju landa sem eru launþegar eða sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki notar,

sem hér á eftir eru nefndir „ökumenn“, sem stunda flutninga á vegum innan Bandalagsins, á vegum sem eru opnir almennri umferð, og nota:

— ökutæki, sem krafist er ökuskírteinis fyrir í flokki C1, C 1 + E, C eða C + E, eins og skilgreint er í tilskipun 91/439/EBE, eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að jafngildi því,

— ökutæki, sem krafist er ökuskírteinis fyrir í flokki D1, D1 + E, D eða D + E, eins og skilgreint er í tilskipun 91/439/EBE, eða ökuskírteinis sem viðurkennt er að jafngildi því.

2. gr.

Undanþágur

Þessi tilskipun gildir ekki um:

a) ökutæki sem fara ekki yfir 45 km hámarkshraða á klukkustund,

b) ökutæki sem her, almannavarnir, slökkvilið og liðsafli, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu, notar eða hefur umráð yfir,

c) ökutæki, sem er reynsluekið á vegum vegna tækniþróunar, viðgerða eða viðhalds, eða ný eða endurbyggð ökutæki sem enn hafa ekki verið tekin í notkun,

d) ökutæki sem notuð eru í neyðartilvikum eða eru ætluð til björgunarstarfa,

e) ökutæki sem notuð eru við ökukennslu fyrir þá einstaklinga sem óska eftir að fá ökuskírteini eða starfshæfnisvottorð, eins og kveðið er á um í 6. gr. og 1. mgr. 8. gr.,

f) ökutæki til farþegaflutninga, sem ekki eru stundaðir í atvinnuskyni, eða til vöruflutninga til einkanota,

g) ökutæki, sem flytja efni eða búnað sem ökumaður notar við vinnu sína, að því tilskildu að akstur ökutækisins sé ekki aðalatvinnugrein ökumannsins.

3. gr.

Menntun og hæfi svo og þjálfun

1. Aksturstarfsemi, eins og hún er skilgreind í 1. gr., er háð skyldubundinni grunnþjálfun og skyldubundinni, reglubundinni þjálfun. Í þessu skyni skulu aðildarríki koma á:

a) kerfi fyrir grunnþjálfun,

aðildarríkin skulu hafa um tvo eftirfarandi kosti að velja:

i) kost sem sameinar þátttöku í námskeiði og próf.

Í samræmi við lið 2.1 í 2. þætti I. viðauka felur þess háttar grunnþjálfun í sér þátttöku í skyldunámskeiði í tiltekinn tíma. Því skal ljúka með prófi. Ef niðurstaðan úr prófinu er fullnægjandi eru menntun og hæfi vottuð með starfshæfnisvottorði eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr.,

ii) kost sem felur aðeins í sér próf. Í samræmi við lið 2.2 í 2. þætti I. viðauka felur þessi tegund grunnþjálfunar ekki í sér þátttöku í skyldunámskeiði heldur eingöngu fræðileg og verkleg próf. Ef niðurstaðan úr prófunum er fullnægjandi eru menntun og hæfi vottuð með starfshæfnisvottorði, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 6. gr.,

Aðildarríki getur þó heimilað ökumanni að aka innan yfirráðasvæðis síns áður en hann hefur fengið í hendur starfshæfnisvottorð í þrjú ár að hámarki, að því tilskildu að hann hafi sótt starfsþjálfunarnámskeið í viðkomandi aðildarríki, sem stendur í a.m.k. sex mánuði. Með tilliti til starfsþjálfunarnámskeiðsins er hægt að ljúka prófunum sem um getur í i- og ii-lið í áföngum,

b) kerfi fyrir reglubundna þjálfun.

Í samræmi við 4. þátt I. viðauka felst reglubundin þjálfun í þátttöku í skyldunámskeiði. Það skal vottað með starfshæfnisvottorði eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um kerfi fyrir hraðgrunnþjálfun svo að ökumaðurinn megi stunda akstur í þeim tilvikum sem um getur í ii-lið a-liðar 2. mgr. og b-lið 2. gr. og i-lið a-liðar 3. mgr. og b-lið 3. mgr. 5. gr.

Í samræmi við 3. þátt I. viðauka felst þátttaka í skyldunámskeiði í hraðgrunnþjálfuninni. Því skal ljúka með prófi. Ef niðurstaðan úr prófinu er fullnægjandi er þjálfunin vottuð með starfshæfnisvottorði eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökumönnum, sem hafa fengið starfshæfnisvottorð, sem kveðið er á um í tilskipun 96/26/EB ([1]), undanþágu frá prófunum, sem um getur í i- og ii-lið a-liðar 1. mgr. og í 2. mgr., að því er varðar viðfangsefni sem prófið tekur til og kveðið er á um í þeirri tilskipun, og, þar sem við á, frá því að taka þátt í samsvarandi hlutum námskeiðsins.

4. gr.

Áunnin réttindi

Eftirfarandi ökumenn skulu undanþegnir kröfunni um að hljóta grunnþjálfun:

a) ökumenn sem eru handhafar ökuskírteinis í flokki D1, D1 + E, D eða D + E eða skírteinis sem viðurkennt er að sé jafngilt því og gefið er út eigi síðar en tveimur árum eftir lokadagsetningu til að lögleiða þessa tilskipun,

b) ökumenn sem eru handhafar ökuskírteinis í flokki C1, C1 + E, C eða C + E eða skírteinis sem viðurkennt er að sé jafngilt því og gefið er út eigi síðar en þremur árum eftir lokadagsetningu til að lögleiða þessa tilskipun.

5. gr.

Grunnþjálfun

1. Ekki skal gerð krafa um að samsvarandi ökuskírteini sé fengið áður en aðgangur að grunnþjálfun fæst.

2. Ökumenn ökutækja, sem ætluð eru til vöruflutninga, mega aka:

a) frá 18 ára aldri:

   i) ökutæki í flokki C og C + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.,

   ii) ökutæki í flokki C1 og C1 + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.,

b) frá 21 árs aldri, ökutæki í flokki C og C + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

3. Ökumenn ökutækja, sem ætluð eru til farþegaflutninga, mega aka:

a) frá 21 árs aldri:

   i) ökutæki í flokki D og D + E til reglubundinna farþegaflutninga svo fremi að akstursleiðin sé ekki lengri en 50 km og ökutæki í flokki D1 og D1 + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

   Aðildarríki getur heimilað ökumönnum ökutækja í einum af framangreindum flokkum að aka slíkum ökutækjum innan yfirráðasvæðis síns frá 18 ára aldri, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.,

   ii) ökutæki í flokki D og D + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr.

   Aðildarríki getur heimilað ökumönnum ökutækja í einum af framangreindum flokkum að aka slíkum ökutækjum innan yfirráðasvæðis síns frá 20 ára aldri, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. Lækka má þetta aldurstakmark í 18 ár ef ökumaðurinn ekur slíkum ökutækjum án farþega,

b) frá 23 ára aldri, ökutæki í flokki D og D + E, að því tilskildu að þeir séu handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

4. Með fyrirvara um þau aldursmörk, sem tilgreind eru í 2. mgr., skulu ökumenn, sem stunda vöruflutninga og eru handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og kveðið er á um í 6. gr., í einum af flokkunum sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, undanþegnir því að verða sér úti um slíkt starfshæfnisvottorð fyrir einhvern annan ökutækjaflokk sem um getur í þeirri málsgrein.

Þessi ákvæði gilda um sömu skilyrði fyrir ökumenn sem stunda farþegaflutninga í flokkunum sem um getur í 3. málsgrein.

5. Þess er ekki krafist að ökumenn, sem stunda vöruflutninga og færa út starfsemi sína eða breyta henni í því skyni að flytja farþega, eða öfugt, og eru handhafar starfshæfnisvottorðs, eins og kveðið er á um í 6. gr., endurtaki sameiginlegan hluta grunnþjálfunarinnar heldur einungis þá hluta sem varða sérstaklega nýju þjálfunina.

6. gr.

Starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfunina

1. Starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfun.

a) Starfshæfnisvottorð sem veitt er á grundvelli þátttöku í námskeiði og prófs.

Í samræmi við i-lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin krefjast þess að ökunemar sæki námskeið í þjálfunarmiðstöð sem lögbær yfirvöld hafa viðurkennt, í samræmi við 5. þátt í I. viðauka, hér á eftir nefnd „viðurkennd þjálfunarmiðstöð“. Þessi námskeið skulu taka til allra þeirra viðfangsefna sem um getur í 1. þætti I. viðauka. Þessari þjálfun skal ljúka með fullnægjandi niðurstöðu úr prófinu sem kveðið er á um í lið 2.1. í 2. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu skipuleggja þetta próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þess vera að kanna hvort ökunemi hafi þá þekkingu á framangreindum viðfangsefnum sem krafist er í 1. þætti í I. viðauka. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa umsjón með prófinu og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út vottorð um starfshæfni sem vottar grunnþjálfun ökumannanna.

([1]) Tilskipun ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum (Stjtíð. EB L 124, 23.5.1996, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/76/EB (Stjtíð. EB L 277, 14.10.1998, bls. 17).

b) Starfshæfnisvottorð er veitt á grundvelli prófa.

Í samræmi við ii-lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríki krefjast þess að ökunemar standist fræðilegu og verklegu prófin, sem um getur í lið 2.2 í 2. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu skipuleggja þessi próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þeirra vera sá að kanna hvort ökunemi hefur þá þekkingu á framangreindum viðfangsefnum sem krafist er í 1. þætti í I. viðauka. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa eftirlit með prófunum og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar grunnþjálfun ökumannanna.

2. Starfshæfnisvottorð sem vottar hraðgrunnþjálfun.

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin gera þá kröfu að ökuneminn sæki námskeið við viðurkennda þjálfunarmiðstöð. Þessi námskeið skulu taka til allra þeirra viðfangsefna sem um getur í 1. þætti I. viðauka.

Þessari þjálfun skal ljúka með prófi eins og kveðið er á um í 3. þætti I. viðauka. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu skipuleggja þetta próf, eða aðili sem þau tilnefna, og skal tilgangur þess vera að kanna hvort ökuneminn hefur þá þekkingu á framangreindum viðfangsefnum sem krafist er í 1. þætti í I. viðauka. Þessi yfirvöld eða aðilar skulu hafa umsjón með prófinu og, ef fullnægjandi niðurstaða fæst, gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar hraðgrunnþjálfun ökumannanna.

7. gr.

Reglubundin þjálfun

Reglubundin þjálfun skal fela í sér þjálfun til að gera handhöfum starfshæfnisvottorða kleift, eins og um getur í 6. gr., og ökumönnum, sem um getur í 4. gr., að endurnýja þekkingu sem er nauðsynleg í starfi þeirra, með sérstaka áherslu á öryggi á vegum og skynsamlega eldsneytiseyðslu.

Þessi þjálfun skal skipulögð í viðurkenndri þjálfunarmiðstöð skv. 5. þætti í I. viðauka. Ef ökumaður fer til starfa hjá öðru fyrirtæki skal taka tillit til reglubundinnar þjálfunar sem hann hefur þegar fengið.

Reglubundin þjálfun skal miða að því að víkka út og endurskoða sum viðfangsefnin sem getið er í 1. þætti I. viðauka.

8. gr.

Starfshæfnisvottorð sem vottar reglubundna þjálfun

1. Þegar ökumaður hefur lokið hinni reglubundnu þjálfun, sem um getur í 7. gr., skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða viðurkennda þjálfunarmiðstöðin gefa út starfshæfnisvottorð sem vottar reglubundna þjálfun hans.

2. Eftirfarandi ökumenn skulu sækja fyrsta námskeið í reglubundinni þjálfun:

a) handhafar starfshæfnisvottorðs, sem um getur í 6. gr., innan fimm ára frá útgáfu þess vottorðs,

b) ökumennirnir, sem um getur í 4. gr., innan fimm ára frá dagsetningunum, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., í samræmi við tímaáætlun sem aðildarríkin ákveða.

Aðildarríkin mega stytta eða lengja tímabilin, sem um getur í a- og b-lið, m.a. svo að þau séu í samræmi við gildistíma ökuskírteinis eða til að tryggja innleiðingu reglubundinnar þjálfunar í áföngum. Tímabilið má þó ekki vera skemmra en þrjú ár eða lengra en sjö ár.

3. Ökumaður, sem hefur lokið fyrsta námskeiði í reglubundinni þjálfun eins og um getur í 2. mgr., skal fá reglubundna þjálfun á fimm ára fresti, áður en starfshæfnisvottorðið, sem vottar reglubundna þjálfun hans, fellur úr gildi.

4. Handhafar starfshæfnisvottorðsins, sem um getur í 6. gr., eða starfshæfnisvottorðsins, sem um getur í 1. mgr. þeirrar greinar, og ökumenn, sem um getur í 4. gr., starfa ekki lengur við akstur og uppfylla ekki skilyrði 1., 2. og 3. mgr. skulu sækja námskeið í reglubundinni þjálfun áður en þeir hefja störf á ný.

5. Ökumenn sem stunda vöru- eða farþegaflutninga á vegum og hafa lokið námskeiði í reglubundinni þjálfun í einum af flokkunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 5. gr., skulu undanþegnir þeirri skyldu að sækja reglubundna þjálfun fyrir annan flokk en sem kveðið er á um í þessum málsgreinum.

9. gr.

Þjálfunarstaður

Ökumenn, sem um getur í a-lið 1. gr., skulu fá þá grunnþjálfun, sem um getur í 5. gr., í því aðildarríki sem þeir hafa fasta búsetu, eins og skilgreint er í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 ([1]).

Ökumenn, sem um getur í b-lið 1. gr., skulu hljóta þjálfun í því aðildarríki þar sem fyrirtækið hefur staðfestu eða í því aðildarríki þar sem atvinnuleyfi þeirra er gefið út.

Ökumenn, sem um getur í a- og b-lið 1. gr., skulu hljóta þá reglubundnu þjálfun, sem um getur í 7. gr., í því aðildarríki þar sem þeir hafa fasta búsetu eða í því aðildarríki þar sem þeir starfa.

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. EB L 370, 3.12.1985, bls. 8). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1360/2002 (Stjtíð. EB L 207, 5.8.2002, bls. 1).

10. gr.

Tákntölur Bandalagsins

1. Á grundvelli starfshæfnisvottorðs, sem um getur í 6. gr., og starfshæfnisvottorðs, sem um getur í 1. mr. 8. gr, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis, að teknu tilliti til ákvæða 2. og 3. mgr. 5. gr. og 8. gr., skrá tákntölur Bandalagsins sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar ásamt samsvarandi flokkum:

— annaðhvort inn á ökuskírteinið,

— eða inn í atvinnuskírteini ökumannsins sem er útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í II. viðauka. Atvinnuskírteini ökumanns, sem er gefið út í aðildarríkjunum, skal njóta gagnkvæmrar viðurkenningar. Þegar skírteinið er gefið út skulu lögbær yfirvöld kanna hvort ökuskírteinið, en númer þess er tilgreint í skírteininu, sé í gildi.

2. Bæta skal eftirfarandi tákntölum Bandalagsins við skrána yfir samræmdar tákntölur Bandalagsins eins og mælt er fyrir um í I. viðauka og I. viðauka a við tilskipun 91/439/EBE:

„95. Ökumaður, sem er handhafi starfshæfnisvottorðs, sem uppfyllir skyldur um starfshæfni sem um getur í 3. gr. þar til … (t.d. 95. 01.01.2012).“

3. a) Ökumaður, sem um getur í b-lið 1. gr., sem ekur ökutækjum sem notuð eru til vöruflutninga á vegum, skal færa sönnur á að hann hafi þá menntun og hæfi og þjálfun, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, með akstursvottorði eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 484/2002 ([1]).

Auk vottorðsins getur aðildarríkið gefið út atvinnuskírteini ökumanns, sem kveðið er á um í II. viðauka, en í það eru færðar viðkomandi tákntölur Bandalagsins.

b) Ökumaður, sem um getur í b-lið 1. gr., sem ekur ökutækjum sem notuð eru til farþegaflutninga á vegum, skal færa sönnur á að hann hafi þá menntun og hæfi og þjálfun sem kveðið er um í þessari tilskipun með:

— annaðhvort tákntölum Bandalagsins sem færðar eru inn á fyrirmynd að ökuskírteini Bandalagsins, þar sem hann er handhafi slíks skírteinis, eða

— atvinnuskírteini ökumanns, eins og kveðið er á um í II. viðauka, þar sem færðar eru inn viðeigandi tákntölur Bandalagsins eða

— innlendu skírteini sem nýtur gagnkvæmrar viðurkenningar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 484/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 og (EBE) nr. 3118/93 í því skyni að taka upp ökumannsvottorð (Stjtíð. EB L 76, 19.3.2002, bls. 1).

11. gr.

Aðlögun að vísindalegum og tæknilegum framförum

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar, til að aðlaga I. og II. viðauka að vísindalegum og tæknilegum framförum, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr.

12. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

13. gr.

Skýrsla

Fyrir 10. september 2011 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina skýrslu þar sem upphaflegt mat er lagt á framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með tilliti til jafngildis hinna mismunandi grunnþjálfunarkerfa, sem kveðið er á um í 3. gr., og skilvirkni þar að lútandi til að ná þeim markmiðum menntunar og hæfis sem sett eru. Skýrslunni skulu fylgja viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Lögleiðing og framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 10. september 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum:

— frá 10. september 2008 að því er varðar þá grunnþjálfun sem krafist er við akstur ökutækja í flokki D1, D1 + E, D og D + E,

— frá 10. september 2009 að því er varðar þá grunnþjálfun sem krafist er við akstur ökutækja í flokki C1, C1 + E, C og C + E.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það og aðstoða hvert annað við að beita þessum ráðstöfunum.

15. gr.

Niðurfelling

1. Ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 er breytt sem hér segir:

a) ákvæði 1. mgr. falli úr gildi frá og með 10. september 2009

b) ákvæði 2. og 4. mgr. falli úr gildi frá og með 10. september 2008.

2. Tilskipun 76/914/EBE falli úr gildi frá og með 10. september 2009.

3. Lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem samþykkt voru til að fara að tilskipun 76/914/EBE, falli úr gildi:

— frá 10. september 2008 fyrir ökumenn ökutækja sem stunda farþegaflutninga á vegum,

— frá 10. september 2009 fyrir ökumenn ökutækja sem stunda vöruflutninga á vegum.

16. gr.

Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. TREMONTI
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM MENNTUN OG HÆFI OG ÞJÁLFUN

1. þáttur: Skrá yfir viðfangsefni:

Sú þekking, sem aðildarríkjum ber að taka tillit til þegar grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun ökumanns er komið á, skal a.m.k. taka til viðfangsefnanna í þessari skrá. Ökunemar skulu öðlast þá kunnáttu og verklegu hæfni, sem nauðsynleg er, til að aka öllum öryggisökutækjum í viðkomandi flokki.

Lágmarkskunnátta skal ekki vera minni en sú sem felst í 2. stigi í þjálfunarþrepskerfinu, sem kveðið er á um í I. viðauka við ákvörðun 85/368/EBE ([1]), þ.e. stigið sem fæst með skyldunámi, að viðbættri starfsþjálfun.

1. *Framhaldsþjálfun í skynsamlegum akstri sem byggist á öryggisreglum*

Öll ökuskírteini

1.1. Markmið: að þekkja eiginleika aflyfirfærslukerfisins í þeim tilgangi að nýta það eins vel og hægt er:

ferlar yfir snúningsvægi, afl og rauneldsneytisnotkun hreyfils, svæði á snúningsmæli sem sýnir hámarksnýtingu, töflur yfir gírhlutföll.

1.2. Markmið: að þekkja tæknilega eiginleika og starfsemi öryggiseftirlits til þess að hafa eftirlit með ökutæki, lágmarka slit og koma í veg fyrir bilanir:

tilteknir eiginleikar vökvahemla með soghjálparátaki, takmörk á notkun hemla og hamlara, hemlar og hamlari notaðir saman, betri nýting hraða- og gírhlutfalls, notkun tregðu ökutækis, notkun aðferða til að hægja á ökutækinu og hemla á leið niður brekkur, viðbrögð ef bilun verður.

1.3. Markmið: hæfni til að ná fram hámarksnýtingu eldsneytis:

að ná fram hámarksnýtingu eldsneytis með því að beita verkkunnáttu að því er varðar liði 1.1 og 1.2.

Ökuskírteini í flokki C, C + E, C1, C1 + E

1.4. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tilhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og réttrar notkunar á ökutækinu:

álag sem hefur áhrif á ökutæki á hreyfingu, notkun gírhlutfalls í samræmi við farm ökutækis og ástand vegar, útreikningur farmþunga ökutækis eða vagnalestar, útreikningur heildarrúmmáls, dreifing farms, áhrif ofhleðslu á öxulinn, stöðugleiki ökutækis og staðsetning þyngdarmiðju, gerðir umbúða og vörubretta.

Helstu flokkar varnings, sem þarf að festa örugglega, klemmu- og öryggisaðferðir, notkun öryggisóla, skoðun festibúnaðar, notkun búnaðar til að meðhöndla farm, notkun búnaðar til að setja á yfirbreiðslur og taka þær niður.

Ökuskírteini í flokki D, D + E, D1, D1 + E

1.5. Markmið: hæfni til að tryggja að vel fari um farþega og að öryggis þeirra sé gætt:

rétt mat á langsum og þversum hreyfingum ökutækisins, samnýting vegarins, staðsetning á veginum, mjúk hemlun, taka tillit til útskögunar, notkun sérstakra grunnvirkja (almenn svæði, sérstakar akreinar), samræming á öruggum akstri og öðrum hlutverkum ökumanns, samskipti við farþega ásamt ýmsum sérvandamálum sem tengjast tilteknum hópum farþega (fötluðum, börnum).

1.6. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tillhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og réttrar notkunar á ökutækinu:

kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu, notkun gírhlutfalls, í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar, útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar, dreifing þyngdar, afleiðingar sem of mikið álag á öxulinn hefur, stöðugleiki ökutækis og þyngdarmiðja.

([1]) Ákvörðun ráðsins 85/368/EBE frá 16. júlí 1985 um samanburð á kröfum um starfsmenntun og hæfi milli aðildarríkja Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB L 199, 31.7.1985, bls. 56).

2. *Beiting reglugerða*

Öll ökuskírteini

2.1. Markmið: að þekkja félagslegt umhverfi flutninga á vegum og reglurnar sem gilda um þá:

hámarksvinnutími innan flutningsgeirans, meginreglur, beiting og afleiðingar reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85, viðurlög við að nota ekki ökurita, óviðeigandi notkun á honum og fikt, þekking á félagslegu umhverfi flutninga á vegum: réttindi og skyldur ökumanna að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun.

Ökuskírteini í flokki C, C + E, C1, C1 + E

2.2. Markmið: að þekkja reglugerðirnar sem gilda um vöruflutninga:

flutningsrekstrarleyfi, skyldur samkvæmt stöðluðum samningum um vöruflutninga, að útbúa skjöl sem flutningssamningurinn samanstendur af, alþjóðleg flutningsleyfi, skyldur samkvæmt samningi um samkomulag í millilandaflutningum á farmi á vegum, útfylling alþjóðlegra farmbréfa, för yfir landamæri, vöruflutningsaðilar, sérstök fylgiskjöl með vörum.

Ökuskírteini í flokki D, D + E, D1, D1 + E

2.3. Markmið: að þekkja reglugerðirnar sem gilda um farþegaflutninga:

flutningur sérstakra farþegahópa, öryggisbúnaður í hópbifreiðum, öryggisbelti, hleðsla ökutækis.

3. *Heilsufars-, vega- og umhverfisöryggi, þjónusta, vöruferlisstjórnun*

Öll ökuskírteini

3.1. Markmið: að gera ökumenn meðvitaðri um hættur í umferðinni og vinnuslys:

tegundir vinnuslysa í flutningsgeiranum, tölulegar upplýsingar um umferðarslys, þáttur vöruflutningabifreiða/hópbifreiða í þeim, slys á einstaklingum, skemmdir á eignum ásamt fjárhagslegum afleiðingum.

3.2. Markmið: hæfni til að koma í veg fyrir glæpsamlegt athæfi og mansal á ólöglegum innflytjendum:

almennar upplýsingar, afleiðingar fyrir ökumenn, forvarnaraðgerðir, gátlisti, löggjöf um ábyrgð flutningsaðila.

3.3. Markmið: hæfni til að hindra líkamlega áhættu:

meginreglur vinnuvistfræðinnar; hreyfingar og stöður sem skapa áhættu, líkamleg hreysti, æfing í meðferð vara, persónuleg vernd.

3.4. Markmið: aukin vitund um mikilvægi líkamlegs og andlegs hæfis:

grundvallarreglur um hollt og alhliða mataræði, áhrif áfengis, lyfja eða einhverra annarra efna sem líklegt er að hafi áhrif á hegðun, einkenni, orsakir og áhrif þreytu og streitu, grundvallarþýðing skiptingar á milli vinnu- og hvíldartíma.

3.5. Markmið: hæfni til að meta neyðaraðstæður:

hegðun í neyðaraðstæðum: mat á aðstæðum, komið í veg fyrir frekari slys, kallað eftir aðstoð, aðstoð við slasaða og skyndihjálp, viðbrögð við bruna, rýming vöruflutningabifreiðar/hópbifreiðar, trygging öryggis allra farþega, brugðist við árásarhneigð; kunnátta á grundvallarreglum við að semja skýrslu um slys.

3.6. Markmið: hæfni til að tileinka sér hegðun til að bæta ímynd fyrirtækisins:

hegðun ökumannsins og ímynd fyrirtækisins: mikilvægi gæða þjónustunnar, sem ökumaðurinn veitir, fyrir fyrirtækið, hlutverk ökumannsins, fólk sem ökumaðurinn á samskipti við, viðhald ökutækis, vinnufyrirkomulag, viðskipta- og fjárhagsleg áhrif af völdum deilumáls..

Ökuskírteini í flokki C, C + E, C1, C1 + E

3.7. Markmið: þekking á efnahagslegu umhverfi farmflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

flutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta (samkeppni, framsendendur), annars konar flutningastarfsemi á vegum (flutningur gegn gjaldi, fyrir eigin reikning, starfsemi í tengslum við flutninga), skipulag helstu tegunda flutningsfyrirtækja og starfsemi í tengslum við flutninga, mismunandi sérhæfing í flutningum (tankbifreið, stýrt hitastig o.s.frv.), breytingar sem eiga sér stað innan atvinnugreinarinnar (fjölbreytni í veittri þjónustu, sambland af flutningum með járnbrautum og á vegum, undirverktakar o.s.frv.).

Ökuskírteini í flokki D, D + E, D1, D1 + E

3.8. Markmið: að þekkja efnahagslegt umhverfi farþegaflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

farþegaflutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta farþega (járnbraut, einkabifreið), mismunandi þjónusta í tengslum við farþegaflutninga á vegum, ferð yfir landamæri (millilandaflutningar), skipulagning helstu tegunda fyrirtækja sem stunda farþegaflutninga á vegum.

2. þáttur: Skyldubundin grunnþjálfun sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr.

2.1. *Valkostur sem sameinar þátttöku í námskeiði og prófi*

Grunnþjálfun skal fela í sér kennslu á öllum viðfangsefnum í skránni skv. 1. þætti. Lengd þessarar grunnþjálfunar skal vera 280 klukkustundir.

Hver ökunemi skal aka í a.m.k. 20 klukkustundir með ökukennara sér við hlið í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir að lágmarki þær kröfur, sem skilgreindar eru í tilskipun 91/439/EBE, um ökutæki sem eru notuð til ökuprófs.

Ökunemi skal aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hver ökumaður skal aka mest átta klukkustundir af þessum 20 klukkustunda akstri með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand þeirra breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins.

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., skal grunnþjálfunin vera 70 klukkustundir, þ.m.t. fimm klukkustundir í akstri með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn. Í prófinu skal vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

2.2. *Valkostur sem felur í sér próf*

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, eða aðili sem þau tilnefna, skulu skipuleggja fyrrnefnd fræðileg og verkleg próf til að kanna hvort ökuneminn hefur þá þekkingu, sem krafist er í 1. þætti, á þeim viðfangsefnum og markmiðum sem þar eru skráð.

a) Fræðilega prófið skal a.m.k. vera í tveimur hlutum:

   i) spurningar, annaðhvort. fjölvalsspurningar og spurningar sem svara þarf skriflega eða sambland af hvoru tveggja,

   ii) raunhæf verkefni. Próftími fræðilega hluta prófsins skal vera fjórar klukkustundir hið minnsta.

b) Verklega prófið skal vera í tveimur hlutum:

   i) ökupróf þar sem markmiðið er að leggja mat á þjálfun í skynsamlegum akstri sem byggist á öryggisreglum. Prófið skal fara fram, þegar unnt er, á vegum utan byggðra svæða, á greiðfærum vegum og hraðbrautum (eða álíka vegum) svo og á öllum tegundum aðalbrauta í þéttbýli þar sem er að finna mismunandi tegundir erfiðleika sem líklegt er ökumaðurinn standi frammi fyrir. Æskilegt væri að þetta próf færi fram við mismikinn umferðarþunga. Aksturstíminn á veginum skal nýttur eins vel og mögulegt er svo unnt sé að meta umsækjandann á öllum þeim umferðarsvæðum sem líklegt er að hann aki um. Lengd þessa prófs skal vera 90 mínútur hið minnsta,

   ii) verklegt próf sem tekur a.m.k. til liða 1.4, 1.5, 1.6, 3.2, 3.3 og 3.5.

   Lengd þessa prófs skal vera 30 mínútur hið minnsta.

Ökutækið, sem er notað í verklega prófinu, skal uppfylla lágmarkskröfur um ökutæki, sem eru notuð til ökuprófs, eins og skilgreint er í tilskipun 91/439/EBE.

Við verklega prófið má bæta þriðja prófinu sem fer fram við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand þeirra breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins.

Tímalengd þessa valfrjálsa prófs er ekki fastákveðin, Ef ökumaðurinn þreytir slíkt próf skal draga lengd próftímans frá 90 mínútna ökuprófinu sem um getur í i-lið, en frádreginn tími má þó ekki vera lengri en 30 mínútur.

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., skal fræðilega prófið takmarkast við þau viðfangsefni, sem um getur í 1. þætti og varða ökutækin sem hin nýja grunnþjálfun á við. Slíkir ökumenn þurfa þó að þreyta allt verklega prófið.

3. þáttur: Hraðgrunnþjálfun sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 3. gr

Hraðgrunnþjálfun skal fela í sér kennslu á öllum viðfangsefnum í skránni í 1. þætti. Lengd hennar skal vera 140 klukkustundir.

Hver ökunemi skal aka með ökukennara sér við hlið í a.m.k. 10 klukkustundir í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir lágmarkskröfur um ökutæki, sem eru notuð til ökuprófs, eins og skilgreint er í tilskipun 91/439/EBE.

Ökunemi skal aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hver ökumaður skal aka mest átta klukkustundir af þessum 10 klukkustundum með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fáanlega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand þeirra breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins.

Að því er varðar þá ökumenn, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., skal lengd hraðgrunnþjálfunar vera 35 klukkustundir, þ.m.t. tvær og hálf klukkustund í akstri með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðilinn sem þau tilnefndu leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn. Í prófinu skal vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

4. þáttur: Reglubundin skylduþjálfun sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 3. gr.

Reglubundin skylduþjálfunarnámskeið skulu skipulögð af viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Lengd hennar skal vera 35 klukkustundir á fimm ára fresti og hvert námskeið skal vera a.m.k. sjö klukkustundir. Slíka reglubundna þjálfun má að hluta veita með bestu fáanlegu hermum.

5. þáttur: Viðurkenning á grunnþjálfun og reglubundinni þjálfun

5.1. Þjálfunarmiðstöðvarnar, þar sem grunnþjálfunin og reglubundna þjálfunin fer fram, skulu viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna. Einungis er heimilt að veita viðurkenningu þegar skrifleg umsókn hefur borist. Eftirfarandi skjöl skulu fylgja umsókninni:

5.1.1. viðeigandi áætlun um menntun og hæfi og þjálfun þar sem tilgreind eru viðfangsefnin sem eru kennd og fyrirhuguð framkvæmdaráætlun og kennsluaðferðir,

5.1.2. menntun og hæfi leiðbeinanda og starfssvið,

5.1.3. upplýsingar um kennslustaðina, kennsluefnið, búnaðinn fyrir verklegu verkefnin og ökutækin sem eru notuð,

5.1.4. skilyrði fyrir þátttöku í námskeiðunum (fjöldi þátttakenda).

5.2. Lögbær yfirvöld skulu veita skriflegt samþykki sitt með eftirfarandi skilyrðum:

5.2.1. þjálfunin skal framkvæmd í samræmi við skjölin sem fylgja með umsókninni,

5.2.2. lögbær yfirvöld hafa rétt á að senda viðurkenndan aðila til að aðstoða við þjálfunarnámskeið viðurkenndra þjálfunarmiðstöðva og þau hafa rétt á að fylgjast með slíkum þjálfunarmiðstöðvum, að því er varðar starfsaðferðir, sem eru notaðar, og framsetningu þjálfunarnámskeiða og prófa,

5.2.3. draga má viðurkenninguna til baka eða fella hana niður ef skilyrði viðurkenningarinnar eru ekki lengur uppfyllt. Viðurkennd þjálfunarmiðstöð skal ábyrgjast að leiðbeinendur búi yfir staðgóðri þekkingu á nýjustu reglugerðum og þjálfunarkröfum Hluti af sérstakri valaðferð er að leiðbeinendur leggi fram vottorð um að þeir hafi þekkingu á viðfangsefninu og kennsluaðferðunum. Að því er varðar verklegan hluta þjálfunarinnar skulu leiðbeinendur leggja fram vottorð um reynslu sína sem atvinnuökumenn eða svipaða akstursreynslu, t.d. sem ökukennarar fyrir þungaflutningabifreiðar. Kennsluáætlunin skal vera í samræmi við viðurkenninguna og skal taka til viðfangsefna í skránni í 1. þætti.

II. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI UM FYRIRMYND EVRÓPUBANDALAGANNA AÐ ATVINNUSKÍRTEINI ÖKUMANNS

1. Efnislegir eiginleikar skírteinisins skulu vera í samræmi við ISO-staðla 7810 og 7816-1.

   Aðferðirnar við að ganga úr skugga um efnislega eiginleika skírteinisins, til að tryggt sé að þeir samrýmist alþjóðlegum stöðlum, skulu vera í samræmi við ISO-staðal 10373.

2. Á skírteininu eru tvær hliðar:

   á hlið 1 er:

   a) yfirskriftin „atvinnuskírteini ökumanns“, prentuð með stóru letri á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur skírteinið út,

   b) heiti aðildarríkisins sem gefur út skírteinið (valfrjálst),

   c) auðkenni aðildarríkisins, sem gefur skírteinið út, prentað með negatívu letri í bláum rétthyrningi og umlukið tólf gulum stjörnum sem mynda hring; auðkennin skulu vera eftirfarandi:

      B: Belgía

      DK: Danmörk

      D: Þýskaland

      GR: Grikkland

      E: Spánn

      F: Frakklandi

      IRL: Írland

      I: Ítalía

      L: Lúxemborg

      NL: Holland

      A: Austurríki

      P: Portúgal

      FIN: Finnland

      S: Svíþjóð

      UK: Breska konungsríkið

   d) sérstakar upplýsingar sem varða skírteinið, í þessari röð:

      1. kenninafn handhafa

      2. eiginnafn handhafa,

      3. fæðingardagur- og -staður handhafa,

      4. a) útgáfudagur,

         b) gildir til (dags.),

         c) heiti útgáfuyfirvalds (má prenta á hlið 2),

         d) annað númer en númer ökuskírteinis vegna umsýslu (valfrjálst),

      5. a) númer ökuskírteinis,

         b) raðnúmer,

      6. ljósmynd af handhafa,

      7. undirskrift handhafa,

      8. fastur búsetustaður eða póstfang handhafa (valfrjálst),

      9. (undir)flokkar þeirra ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,

e) orðin „fyrirmynd Evrópubandalaganna“ á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins, sem gefur út skírteinið, og yfirskriftin „atvinnuskírteini ökumanns“ á öðrum opinberum tungumálum Bandalagsins, skulu prentuð í bláum lit og mynda bakgrunn skírteinisins:

tarjeta de cualificación del conductor

chaufføruddannelsesbevis

Fahrerqualifizierungsnachweis

δελτίο επιμόρφωσης οδηγού

driver qualification card

carte de qualification de conducteur

cárta cáilíochta tiomána

carta di qualificazione del conducente

kwalificatiekaart bestuurder

carta de qualificação do motorista

kuljettajan ammattipätevyyskortti

yrkeskompetensbevis för förare;

f) viðmiðunarlitirnir:

— blár: Pantone Reflex blue,

— gulur: Pantone yellow,

á hlið 2 er:

a) 9. (undir)flokkar ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,

10. tákntölur Bandalagsins sem kveðið er á um í 10. gr. þessarar tilskipunar,

11. svæði þar sem aðildarríkið, sem gefur skírteinið út, getur fært inn mikilvægar upplýsingar er varða stjórnsýslu eða upplýsingar sem tengjast öryggi á vegum (valfrjálst). Ef upplýsingarnar tengjast lið í þessum viðauka skal númer liðsins vera fyrir framan upplýsingarnar,

b) skýring á tölusettum færslum sem koma fram á hliðum 1 og 2 á skírteininu (a.m.k. að því er varðar 1., 2., 3., 4. lið (a-lið), 4. lið (b-lið), 4. lið (c-lið), 5. lið (a-lið), 5. lið (b-lið) og 10. lið).

Fari aðildarríki fram á að rita þessar upplýsingar á annarri þjóðtungu en einni af eftirtöldum: dönsku, hollensku, ensku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og sænsku, skal það gefa skírteinið út á tveimur tungumálum og nota eitt af framangreindum tungumálum með fyrirvara um önnur ákvæði þessa viðauka.

3. **Öryggi, þ.m.t. gagnavernd**

Markmiðið með hinum ýmsu hlutum skírteinisins er að útiloka að hægt sé að falsa skírteinið eða eiga við það á nokkurn hátt og koma upp um hvers kyns tilburði í þá átt.

Aðildarríkin skulu tryggja að öryggisstig skírteinisins sé a.m.k. sambærilegt öryggisstigi ökuskírteinisins.


4. **Sérstakt fyrirkomulag**

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina er aðildarríkjunum heimilt að bæta við litum eða merkingum, s.s. strikamerki, innlendum táknum og öryggisatriðum, sbr. þó önnur ákvæði þessa viðauka.


Í tengslum við gagnkvæma viðurkenningu skírteina mega ekki vera aðrar upplýsingar í strikamerkinu en þær sem þegar er unnt að lesa á atvinnuskírteini ökumanns eða eru nauðsynlegar fyrir vinnuferlið við útgáfu þess.

FYRIRMYND EVRÓPUBANDALAGANNA AÐ ATVINNUSKÍRTEINI ÖKUMANNS

Hlið 1



Hlið 2



TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/65/EB **2008/EES/68/16**

frá 26. október 2005

um að efla hafnarvernd (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Váatvik sem stafa af hryðjuverkastarfsemi eru ein mesta ógn sem steðjar að hugsjónum lýðræðis og frelsis og þeim friðargildum sem liggja til grundvallar Evrópusambandinu.

2) Vernda skal fólk, grunnvirki og búnað í höfnum gegn váatvikum og eyðileggjandi áhrifum þeirra. Flutningsþegar, efnahagslífið og samfélagið í heild myndu njóta góðs af slíkri vernd.

3) Þann 31. mars 2004 samþykktu Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins reglugerð (EB) nr. 725/2004 ([4]) um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu. Ráðstafanir um siglingavernd, sem komið er á með þeirri reglugerð, eru aðeins hluti af þeim ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að ná viðeigandi verndarstigi í öllum hlekkjum flutningakeðjunnar sem tengjast siglingum. Sú reglugerð takmarkast við gildissvið verndarráðstafana um borð í skipum og milliliðalaus tengsl skips og hafnar.

4) Í því skyni að ná fram eins mikilli vernd og unnt er fyrir atvinnuvegi á sviði siglinga- og hafnarstarfsemi, skal innleiða verndarráðstafanir sem ná til allra hafna innan marka sem aðildarríkið sem í hlut á skilgreinir og tryggir þar með að verndarráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 njóti góðs af aukinni vernd á sviði hafnarstarfsemi. Þessar ráðstafanir skulu gilda um allar hafnir þar sem ein hafnaraðstaða eða fleiri, sem reglugerð (EB) nr. 725/2004 tekur til, eru staðsettar.

5) Verndarmarkmiðum þessarar tilskipunar skal náð með því að gera viðeigandi ráðstafanir með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis og ráðstafanir, sem eru gerðar á grundvelli VI. bálks sáttmálans um Evrópusambandið.

6) Aðildarríki skulu styðjast við nákvæmt áhættumat til að skera úr um hvar mörk hafnarsvæðisins liggja með tilliti til verndar, auk annarra ráðstafana sem krafist er til að tryggja viðeigandi hafnarvernd. Slíkar ráðstafanir skulu vera mismunandi með tilliti til ríkjandi vástigs og endurspegla ólíkt áhættusnið mismunandi undirsvæða innan hafnarinnar.

7) Aðildarríki skulu samþykkja verndaráætlanir hafna sem fela í sér áhættumat hafnar. Til þess að verndarráðstafanir séu skilvirkar er einnig nauðsynlegt að hafa skýra verkaskiptingu milli allra aðila sem málið varðar auk reglulegra æfinga. Þessi skýra verkaskipting og skráning æfinga í formi verndaráætlana hafna er talið stuðla verulega að skilvirkni bæði fyrirbyggjandi ráðstafana og ráðstafana um úrbætur í hafnarvernd.

8) Ekjuskip eru sérstaklega berskjölduð fyrir váatvikum, einkum ef þau flytja farþega auk farms. Grípa skal til fullnægjandi ráðstafana á grundvelli áhættumats sem tryggir að bifreiðar og vörubifreiðar sem eiga að fara um borð í ekjuskip, sem eru í ferðum innanlands eða milli landa, skapi ekki áhættu fyrir skipið, farþega þess og áhöfn eða farm. Ráðstafanirnar sem gripið er til skulu vera þannig að starfsemin gangi sem greiðlegast fyrir sig.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB C 120, 20.5.2005, bls. 28.

([2]) Stjtíð. ESB C 43, 18.2.2005, bls. 26.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 10. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 6. október 2005.

([4]) Stjtíð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

9) Aðildarríki skulu vera í stakk búin að setja á stofn nefndir um hafnarvernd sem falið er að veita hagnýta ráðgjöf í höfnum sem falla undir þessa tilskipun.

10) Aðildarríki skulu sjá til þess að allir aðilar sem málið varðar viðurkenni með skýrum hætti ábyrgð á sviði hafnarverndar. Aðildarríki skulu fara að verndarreglum og skipa ábyrgt yfirvald fyrir allar hafnir sínar, samþykkja allt áhættumat og verndaráætlanir fyrir hafnir sínar, setja á og kynna, eftir því sem við á, vástig og tryggja að ráðstafanir séu vel kynntar, framkvæmdar og samræmdar.

11) Aðildarríki skulu samþykkja mat og áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra í höfnum sínum. Í því skyni að lágmarka röskun í höfnum og íþyngja stjórnsýslu hjá skoðunaraðilum sem minnst skal eftirlit framkvæmdastjórnarinnar með framkvæmd þessarar tilskipunar fara fram samhliða skoðununum sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

12) Aðildarríki skulu sjá til þess að tengilið fyrir hafnarvernd verði falið hlutverk tengiliðs milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna. Þeir skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvaða hafnir falli undir þessa tilskipun á grundvelli áhættumats sem gert er.

13) Skilvirk og stöðluð beiting ráðstafana samkvæmt þessari stefnu vekur áleitnar spurningar í tengslum við fjármögnun. Fjármögnun viðbótarverndarráðstafana skal ekki valda röskun á samkeppni. Eigi síðar en 30. júní 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið niðurstöður rannsóknar um kostnað við ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt þessari tilskipun, og skoða einkum með hvaða hætti fjármögnun skiptist milli opinberra yfirvalda, hafnaryfirvalda og rekstraraðila.

14) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

15) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

16) Skilgreina skal málsmeðferð um aðlögun þessarar tilskipunar með það í huga að taka mið af þróun alþjóðlegra gerninga og, að fenginni reynslu, að aðlaga eða bæta við ítarleg ákvæði viðaukanna við þessa tilskipun án þess að víkka gildissvið hennar.

17) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar nægilega vel, þ.e. að innleiða á yfirvegaðan hátt viðeigandi ráðstafanir varðandi stefnumótun í sjóflutningum og hafnarmálum, og auðveldara er að ná þessum markmiðum á vettvangi Bandalagsins þar eð þessi tilskipun nær til allrar Evrópu, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans.

18) Þar sem þessi tilskipun varðar hafnir við sjó ættu skuldbindingarnar í henni ekki að gilda um Austurríki, Tékkland, Ungverjaland, Lúxemborg eða Slóvakíu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

1. Meginmarkmið þessarar tilskipunar er að innleiða ráðstafanir Bandalagsins til að efla hafnarvernd andspænis ógnunum um váatvik. Þessi tilskipun skal einnig tryggja að verndarráðstafanir, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004, njóti góðs af aukinni hafnarvernd.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu samanstanda af:

a) sameiginlegum grunnreglum um verndarráðstafanir hafna,

b) kerfi til framkvæmdar þessum reglum,

c) viðeigandi kerfi til eftirlits með því að reglum sé fylgt.

2. gr.

Gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um verndarráðstafanir sem fara skal eftir í höfnum. Aðildarríki mega beita ákvæðum þessarar tilskipunar á sviðum sem tengjast höfnum.

([1]) Stjtíð. ESB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu gilda um hverja höfn á yfirráðasvæði aðildarríkis með eina hafnaraðstöðu eða fleiri og á þeim svæðum sem hver samþykkt verndaráætlun hafnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 tekur til. Þessi tilskipun gildir ekki um hernaðarmannvirki í höfnum.

3. Aðildarríki skulu skilgreina fyrir hverja höfn mörk hafnarinnar, að því er varðar þessa tilskipun, og taka með viðeigandi hætti tillit til upplýsinga frá áhættumati fyrir höfn.

4. Hafi aðildarríki skilgreint mörk hafnaraðstöðu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 725/2004 þannig að þau nái með virkum hætti yfir höfnina skulu viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 725/2004 ganga framar þessari tilskipun.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „höfn“: tiltekið landssvæði og hafsvæði með mörk skilgreind af hálfu aðildarríkis þar sem höfnin er staðsett, þar sem fram fer vinna og búnað er að finna sem er hannaður til að greiða fyrir flutningastarfsemi á sviði sjóflutninga í atvinnuskyni,

2. „tengsl skips og hafnar“: tengsl sem eiga sér stað þegar skip verður beint og tafarlaust fyrir áhrifum af aðgerðum sem tengjast flutningi fólks eða vöru eða við það að skipinu er veitt hafnarþjónusta eða hún er veitt af hálfu skipsins,

3. „hafnaraðstaða“: staður þar sem tengsl skips og hafnar eiga sér stað; þar á meðal svæði á borð við akkerislægi, biðsvæði skipa við bryggju og aðkomuleiðir frá sjó, eftir því sem við á,

4. „tengiliður fyrir hafnarvernd“: aðili sem hvert aðildarríki tilnefnir sem tengilið framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja og til að greiða fyrir, fylgja eftir og upplýsa um beitingu ráðstafana um hafnarvernd sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,

5. „stjórnvald hafnarverndar“: stjórnvaldið sem ber ábyrgð á verndarmálum í tiltekinni höfn.

4. gr.

Samhæfing við ráðstafanir sem gripið er til við beitingu reglugerðar (EB) nr. 725/2004

Aðildarríki skulu tryggja að verndarráðstafanir hafnar, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, séu í góðu samræmi við ráðstafanirnar sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004.

5. gr.

Stjórnvald hafnarverndar

1. Aðildarríki skulu tilnefna stjórnvald hafnarverndar fyrir hverja höfn sem tilskipun þessi tekur til. Tilnefna má stjórnvald hafnarverndar fyrir fleiri en eina höfn.

2. Stjórnvald hafnarverndar skal vera ábyrgt fyrir að undirbúa og að hrinda í framkvæmd verndaráætlunum hafna byggðum á niðurstöðum áhættumats fyrir höfn.

3. Aðildarríki mega tilnefna „lögbært yfirvald um siglingavernd“ sem kveðið er á um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 sem stjórnvald hafnarverndar.

6. gr.

Áhættumat fyrir höfn

1. Aðildarríki skulu tryggja að áhættumat fyrir hafnir fari fram í tengslum við hafnirnar sem falla undir þessa tilskipun. Við þetta mat skal taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra aðstæðna hinna ýmsu hluta hafnar og, telji viðkomandi stjórnvald í aðildarríkinu það eiga við, aðliggjandi svæða ef þau hafa áhrif á vernd í höfninni og taka tillit til mats á hafnaraðstöðu innan marka hennar eins og það fer fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004.

2. Hvert áhættumat fyrir höfn skal fara fram að teknu tilliti til krafnanna sem taldar eru upp í I. viðauka að lágmarki.

3. Viðurkenndur verndaraðili, sem um getur í 11. gr., má gera áhættumat fyrir hafnir.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal samþykkja áhættumat fyrir hafnir.

7. gr.

Verndaráætlun hafnar

1. Með fyrirvara um niðurstöður áhættumats fyrir hafnir skulu aðildarríki tryggja að verndaráætlanir hafna séu gerðar, þeim haldið við og þær uppfærðar. Í verndaráætlunum hafna skal taka á sérstökum aðstæðum í hinum ýmsu hlutum hafnar og samþætta verndaráætlanir fyrir hina ýmsu hafnaraðstöðu innan marka hennar sem komið er á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004.

2. Í verndaráætlunum hafna skal auðkenna, fyrir hvert hinna mismunandi vástiga sem um getur í 8. gr.:

a) verklagsreglurnar sem fylgja á,

b) ráðstafanirnar sem eiga að vera fyrir hendi,

c) aðgerðirnar sem grípa á til.

3. Í hverri verndaráætlun hafnar skal að lágmarki taka tillit til krafnanna sem taldar eru upp í II. viðauka. Þar sem það á við og að svo miklu leyti sem við á skal verndaráætlun hafnar einkum fela í sér verndarráðstafanir sem gilda um farþega og ökutæki á leið um borð í hafskip sem flytja farþega og ökutæki. Ef um er að ræða alþjóðlega sjóflutningaþjónustu skulu hlutaðeigandi aðildarríki eiga samstarf um áhættumat.

4. Viðurkenndur verndaraðili, sem um getur í 11. gr., má gera verndaráætlanir hafna.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal samþykkja verndaráætlanir hafna áður en þeim er hrint í framkvæmd.

6. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlit sé haft með framkvæmd verndaráætlana hafna. Eftirlitið skal samhæft annarri eftirlitsstarfsemi sem fer fram í höfninni.

7. Aðildarríki skulu tryggja að fullnægjandi æfingar fari fram, að teknu tilliti til krafnanna um grunnverndarþjálfunina sem tilgreind er í III. viðauka.

8. gr.

Vástig

1. Aðildarríki skulu innleiða kerfi um vástig fyrir hafnir eða hluta hafna.

2. Vástigin skulu vera þrjú samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (EB) nr. 725/2004.

— „Vástig 1“: það stig þegar viðhlítandi lágmarksverndarráðstöfunum skal beitt öllum stundum.

— „Vástig 2“: það stig þegar viðhlítandi viðbótarverndarráðstöfunum skal beitt tímabundið vegna aukinnar hættu á váatviki.

— „Vástig 3“: það stig þegar grípa skal tímabundið til sértækra verndar- og öryggisráðstafana meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi, þótt e.t.v. sé ekki unnt að benda á tiltekið skotmark.

3. Aðildarríki skulu ákvarða vástig sem er notað fyrir hverja höfn eða hluta hafnar. Á hverju vástigi má aðildarríki ákvarða að beita eigi mismunandi verndarráðstöfunum á mismunandi stöðum innan hafnarinnar með tilliti til niðurstaðna áhættumats fyrir höfn.

4. Aðildarríki skulu senda til viðkomandi einstaklings eða einstaklinga upplýsingar um vástig, sem er í gildi fyrir hverja höfn eða hluta hafnar, auk allra breytinga á þeim.

9. gr.

Verndarfulltrúi hafnar

1. Hlutaðeigandi aðildarríki skal samþykkja verndarfulltrúa fyrir hverja höfn. Þar sem því verður við komið skal hver höfn hafa verndarfulltrúa hafnar en má, ef við á, hafa sameiginlegan verndarfulltrúa.

2. Verndarfulltrúar hafna skulu gegna hlutverki tengiliðar í málum sem tengjast hafnarvernd.

3. Ef verndarfulltrúi hafnar er ekki hinn sami og verndarfulltrúi hafnaraðstöðu skal tryggt að verndarfulltrúi (eða -fulltrúar) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 starfi náið saman.

10. gr.

Endurskoðun

1. Aðildarríki skulu tryggja að áhættumat fyrir hafnir og verndaráætlanir hafna séu endurskoðaðar eftir því sem við á. Áhættumat og verndaráætlanir skal endurskoða a.m.k. einu sinni á fimm ára fresti.

2. Umfang endurskoðunarinnar skal vera í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr. eftir því sem við á.

11. gr.

Viðurkenndur verndaraðili

Aðildarríki mega tilnefna viðurkennda verndaraðila til að ná markmiðum þessarar tilskipunar. Viðurkenndir verndaraðilar skulu uppfylla skilyrðin í IV. viðauka.

12. gr.

Tengiliður fyrir hafnarvernd

Aðildarríki skulu tilnefna tengilið til að sjá um hafnarverndarmál. Aðildarríki mega tilnefna tengiliðinn, sem tilnefndur er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004, til að sjá um hafnarverndarmál. Tengiliður fyrir hafnarvernd skal senda skrá til framkvæmdastjórnarinnar yfir hafnir, sem þessi tilskipun tekur til, og upplýsa hana um hvers kyns breytingar á þessari skrá.

13. gr.

Framkvæmd og samræmisathugun

1. Aðildarríki skulu setja upp kerfi sem tryggir fullnægjandi og reglubundið eftirlit með verndaráætlunum hafna og framkvæmd þeirra.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við tengiliðina sem um getur í 12. gr., hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar af hálfu aðildarríkja.

3. Þetta eftirlit skal fara fram samhliða skoðununum sem kveðið er á um í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

14. gr.

Aðlögun

Breyta má ákvæðum I. til IV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr. án þess að víkka gildissvið þessarar tilskipunar.

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með reglugerð (EB) nr. 725/2004.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.3. Nefndin setur sér starfsreglur.

16. gr.

Trúnaðarkvöð upplýsinga og miðlun þeirra

1. Við beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við ákvæði ákvörðunar Kola- og stálbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu 2001/844/EB ([1]), til að vernda trúnaðarupplýsingar sem hún hefur aðgang að eða aðildarríkin senda henni.

Aðildarríki skulu grípa til jafngildra ráðstafana í samræmi við viðeigandi innlenda löggjöf.

2. Allt starfsfólk sem sér um skoðanir vegna siglingaverndar eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum, sem varða þ essa tilskipun, skulu hafa viðeigandi öryggisvottun þess aðildarríkis þar sem viðkomandi starfsmenn eru ríkisborgarar.*17. gr.*

Refsiákvæði

Aðildarríki skulu tryggja að refsingar, sem teknar eru upp vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, séu skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

([1]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2005/94/EB, KBE (Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2005, bls. 66).

18. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. júní 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

19. gr.

Matsskýrsla

Eigi síðar en 15. desember 2008 og á fimm ára fresti þar á eftir skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem byggist m.a. á upplýsingum sem fengnar eru skv. 13. gr. Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin kanna að hve miklu leyti aðildarríkin uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og hversu skilvirkar ráðstafanirnar, sem gripið er til, eru. Ef nauðsyn krefur skal hún leggja fram tillögur um viðbótarráðstafanir.

20. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

21. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna sem hafa yfir að ráða höfnum sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

Gjört í Strassborg 26. október 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	D. ALEXANDER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

ÁHÆTTUMAT FYRIR HÖFN

Áhættumat fyrir höfn er undirstaða verndaráætlunar hafnar og framkvæmdar hennar. Áhættumat fyrir höfn felst a.m.k. í eftirfarandi:

— greiningu og mati á mikilvægum eignum og grunnvirkjum sem áríðandi er að vernda,

— greiningu á mögulegum ógnum við þessar eignir og grunnvirki og mati á líkum á að til þeirra komi svo unnt sé að koma á og forgangsraða verndarráðstöfunum,

— greiningu, vali á og forgangsröðun gagnráðstafana og breytingu á verkferlum og áhrifamætti þeirra með það að markmiði að fækka veilum og,

— greiningu á veikleikum, þar á meðal mannlegum veikleikum, í grunnvirkjum, stefnu og verklagsreglum.

Í því augnamiði skal í matinu a.m.k.:

— greina svæði sem varða hafnarvernd og skilgreina þannig einnig mörk hafnarinnar. Í þessu felst hafnaraðstaða sem fellur þegar undir reglugerð (EB) nr. 725/2004 þar sem áhættumat hennar liggur til grundvallar.

— greina verndarviðfangsefni sem stafa af tengslum hafnaraðstöðu og annarra verndarráðstafana hafnar,

— greina hvaða starfsfólk hafna sætir athugun á bakgrunni og/eða öryggisheimild sökum þess að það starfar á svæðum tengdum mikilli hættu,

— skipta höfn í svæði, ef það kemur að gagni, með tilliti til líkinda á váatvikum. Svæði verða ekki aðeins metin með hliðsjón af beinni lýsingu þeirra sem hugsanlegt skotmark heldur verður einnig miðað við hugsanlegt hlutverk þeirra sem aðkomuleið ef gerð er árás á nærliggjandi svæði.

— greina áhættufrávik, t.d. þau sem byggjast á ártíðabundnum sveiflum,

— greina einkenni hvers undirsvæðis, svo sem staðsetningu, aðgengi, orkugjafa, samskiptakerfi, eignarhald og notendur auk annarra þátta sem teljast mikilvægir með tilliti til verndar,

— greina hugsanlega atburðarás ógnar í tengslum við höfnina. Höfnin í heild sinni eða sérstakir hlutar grunnvirkis hennar, fólk eða flutningatæki innan hafnar geta verið beint skotmark ógnar sem hefur verið greind,

— greina tilteknar afleiðingar atburðarrásar ógnar. Afleiðingar geta haft áhrif á eitt eða fleiri undirsvæði. Bæði beinar og óbeinar afleiðingar verða greindar. Veita skal hættu á mannskaða sérstaka athygli,

— greina hvort hugsanlega sé hætta á klasaáhrifum váatviks,

— greina veilur hvers undirsvæðis,

— greina alla skipulagsþætti sem tengjast hafnarvernd í heild, þ.m.t. skipting á milli allra stjórnvalda sem tengjast vernd, fyrirliggjandi reglur og verklagsreglur,

— greina veilur allra verndarþátta sem tengjast málefnum á sviði stjórnunar, löggjafar og verklagsreglna,

— greina ráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir sem miða að því að draga úr hættulegum veilum. Sérstök áhersla verður lögð á þörfina á aðgangsstýringu og aðferðir við hana eða takmarkanir á aðgengi að höfninni allri eða tilteknum svæðum hafnarinnar, þ.m.t. greining á farþegum, starfsmönnum hafnarinnar eða öðrum starfsmönnum, gestum og áhöfnum skipa, þörf á eftirliti með svæðum og starfsemi ásamt eftirliti með farmi og farangri. Ráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir verða í samræmi við fyrirsjáanlega áhættu sem getur verið breytileg eftir hafnarsvæðum,

— greina hvernig ráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir verða styrktar ef vástig verður hækkað,

— greina tilteknar kröfur um hvernig taka eigi á vel þekktum verndarvanda svo sem „grunsamlegum“ farmi, farangri, eldsneyti, vistum eða einstaklingum, óþekktum bögglum, þekktum hættum (t.d. sprengju). Með slíkum kröfum er lagt mat á skilyrði um hvort brýnt sé annaðhvort að afmá áhættuna þar sem staðið er frammi fyrir henni eða eftir að hún hefur verið færð á öruggt svæði,

— greina ráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir sem miðast að því að takmarka og draga úr afleiðingum,

— greina verkþætti sem gera kleift að gripið sé til viðeigandi og réttrar framkvæmdar þeirra ráðstafana, verklagsreglna og aðgerða sem greindar eru,

— leggja sérstaka áherslu á, eftir því sem við á, tengsl við aðrar verndaráætlanir (t.d. verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu) og aðrar fyrirliggjandi verndarráðstafanir. Einnig verður lögð áhersla á tengsl við aðrar viðbragðsáætlanir (t.d. viðbragðsáætlun ef olíuslys verður, neyðaráætlun hafnar, áætlun um læknisfræðilegt inngrip, áætlun ef kjarnorkuslys verður, o.þ.h.).

— greina þörf á boðskiptum fyrir framkvæmd ráðstafana og verklagsreglna,

— leggja sérstaka áherslu á ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðkvæmar verndarupplýsingar birtist opinberlega,

— greina þörfina á því að hvaða marki þeir sem eru beinlínis viðriðnir málið þurfa að vera upplýstir auk almennings, eftir því sem við á.

II. VIÐAUKI

VERNDARÁÆTLUN HAFNAR

Í verndaráætlun hafnar er sett fram verndarfyrirkomulag hafnarinnar. Hún verður byggð á niðurstöðum áhættumats fyrir höfn. Í henni eru settar fram skýrt skilgreindar ráðstafanir. Í henni er kveðið á um eftirlitskerfi sem gerir kleift, ef nauðsyn krefur, að grípa til viðeigandi ráðstafana til úrbóta.

Verndaráætlun hafnar verður byggð á eftirfarandi almennum þáttum:

— að greina öll svið sem hafa þýðingu fyrir hafnarvernd. Eftir eðli áhættumatsins geta ráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir verið mismunandi frá einu undirsvæði til annars. Staðreyndin er sú að sum undirsvæði kalla á öflugri fyrirbyggjandi ráðstafanir en önnur. Sérstök áhersla verður lögð á tengsl milli undirsvæða eins og bent er á í áhættumati fyrir höfn,

— að tryggja samræmingu verndarráðstafana á svæðum með mismunandi verndarþarfir,

— að kveða á um, ef nauðsyn krefur, breytilegar ráðstafanir bæði með tilliti til mismunandi hluta hafnar, breytilegs vástigs og sérstakra rannsóknargagna,

— að greina það stjórnskipulag sem styður að hafnarvernd sé aukin.

Samkvæmt verndaráætluninni og á grunni þessara almennu þátta verður verkefnum úthlutað og vinnuáætlanir tilgreindar á eftirtöldum sviðum:

— aðgangskröfur. Fyrir sum svæði öðlast kröfur því aðeins gildi þegar vástig fer yfir tiltekið lágmarksviðmið. Allar kröfur og viðmið koma fram í heild sinni í verndaráætlun hafnar,

— kröfur um eftirlit með persónuskilríkjum, farangri og farmi. Kröfur kunna að gilda um undirsvæði eða ekki; kröfur kunna að gilda í heild sinni á mismunandi undirsvæðum eða ekki. Einstaklingar sem fara inn á undirsvæði eða dvelja þar kunna að sæta eftirliti. Verndaráætlun hafnar bregst með viðeigandi hætti við niðurstöðum áhættumats sem er tækið sem notað er til að greina verndarþörf hvers undirsvæðis á hverju vástigi. Ef sérstök auðkenniskort eru útbúin í tengslum við hafnarvernd verða settar skýrar verklagsreglur um útgáfu, eftirlit með notkun og skil slíkra skjala. Í slíkum verklagsreglum verður tekið tillit til sérstakra þarfa tiltekinna hópa notenda hafna þar sem gert er kleift að beita sérhæfðum ráðstöfunum í því skyni að takmarka neikvæð áhrif eftirlitskrafna. Í þessum hópum eru a.m.k. farmenn, starfsmenn stjórnvalda, fólk sem starfar reglulega innan hafnar eða heimsækir hana reglulega, íbúar sem búa innan hafnarinnar og fólk sem vinnur stöku sinnum við höfnina eða heimsækir hana stöku sinnum,

— tengsl við stjórnvöld sem sjá um eftirlit með farmi, farangri eða farþegum. Ef nauðsyn krefur er ætlunin að koma á tengslum við upplýsinga- og aðgangsheimildarkerfi þessara stjórnvalda, þ.m.t. möguleikar á aðgangsheimildarkerfi fyrir komu,

— verklagsreglur og ráðstafanir til að fást við grunsamlegan farm, farangur, eldsneyti, vistir eða einstaklinga, þ.m.t. greining á öruggu svæði; sem og fyrir áhyggjuefni í tengslum við vernd og bresti í hafnarvernd,

— eftirlitskröfur fyrir undirsvæði eða starfsemi innan undirsvæða. Þörfin á tæknilausnum og lausnunum sjálfum verður metin á grunni áhættumats hafnarinnar,

— vegvísar. Svæði þar sem eftirlitskröfur gilda verða merkt með vegvísum á viðeigandi hátt. Eftirlits- og aðgangskröfur taka með viðeigandi hætti mið af öllum gildandi lögum og venjum sem við eiga. Vöktun á starfsemi verður merkt með viðeigandi hætti krefjist innlend löggjöf þess.

— miðlun upplýsinga og aðgangsheimildir. Allar viðeigandi upplýsingar um siglingavernd verða sendar með viðeigandi hætti samkvæmt viðmiðunum um aðgangsheimildir sem koma fram í áætluninni. Með hliðsjón af því að sumar upplýsingar eru viðkvæmar verða þær aðeins sendar áfram ef viðkomandi þarf að fá vitneskju um þær en þeim skulu einnig fylgja, ef nauðsyn krefur, verklagsreglur um tilkynningar sem ætlaðar eru almenningi. Viðmiðanir um aðgangsheimildir eru hluti af áætluninni og er ætlað að vernda viðkvæmar verndarupplýsingar gegn óheimilli birtingu,

— tilkynning um váatvik. Með það í huga að tryggja skjót viðbrögð er sett fram í verndaráætlun hafnar skýr krafa um að verndarfulltrúa hafnar og/eða stjórnvöldum hafnarverndar verði tilkynnt um öll váatvik,

— samþætting við aðrar fyrirbyggjandi áætlanir eða starfsemi. Í áætluninni er sérstaklega kveðið á um samþættingu við aðra fyrirbyggjandi eftirlitsstarfssemi sem er í gildi hjá höfninni,

— samþætting við aðrar viðbragðsáætlanir og/eða að hún feli í sér sérstakar viðbragðsráðstafanir, verklagsreglur og aðgerðir. Í áætluninni er lýsing á samskiptum og samvinnu í tengslum við aðrar viðbragðs- og neyðaráætlanir. Ef nauðsyn krefur er fundin lausn á hvers kyns ágreiningsefnum og annmörkum,

— menntunar- og þjálfunarkröfur,

— starfandi verndaraðili hafnar og starfsreglur. Í verndaráætlun hafnar eru upplýsingar um verndaraðila hafnar, verkaskiptingu og starfsreglur hans. Í henni eru einnig upplýsingar um samhæfingu við verndarfulltrúa hafnaraðstöðu og verndarfulltrúa skipa, eftir því sem við á. Í henni eru tilgreind verkefni hafnarverndarnefndar ef slík nefnd er fyrir hendi,

— málsmeðferð um að aðlaga og uppfæra verndaráætlun hafnar.

III. VIÐAUKI

KRÖFUR UM GRUNNVERNDARÞJÁLFUN

Hinar ý msu þjálfunaræfingar, sem verndarfulltrúar hafna kunna að taka þátt í ásamt viðeigandi yfirvöldum aðildarríkja, verndarfulltrúum útgerðarfélaga eða verndarfulltrúum skipa, séu þeir til staðar, fara fram a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári en þó mega aldrei líða meira en 18 mánuðir á milli æfinga. Þegar óskað er eftir þátttöku verndarfulltrúa útgerðarfélaga eða verndarfulltrúa skipa í sameiginlegum þjálfunaræfingum ber að hafa í huga hvaða afleiðingar það hafi fyrir skipið með tilliti til verndar og starfsemi þess. Þjálfunaræfingunum er ætlað að prófa boðskipti, samhæfingu, hvort tilföng séu fyrir hendi og viðbrögð. Þessar þjálfunaræfingar geta verið:

1) verklegar viðbragðsæfingar,

2) skrifborðsæfingar með hjálp hermis eða í námskeiðsformi eða

3) samhliða öðrum æfingum sem haldnar eru, s.s. æfingum í viðbúnaði í neyðartilvikum eða æfingum annarra hafnarríkisyfirvalda.

IV. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM VIÐURKENNDUR VERNDARAÐILI ÞARF AÐ UPPFYLLA

Viðurkenndur verndaraðili skal geta sýnt fram á:

1) sérfræðiþekkingu á viðeigandi þáttum hafnarverndar,

2) tilhlýðilega þekkingu á rekstri hafna, þ.m.t. þekking á hönnun hafna og hafnargerð,

3) tilhlýðilega þekkingu á annarri starfsemi sem tengist verndarmálum og kann að hafa áhrif á hafnarvernd,

4) hæfni til að meta líklega verndaráhættu sem kann að steðja að höfn,

5) hæfni til að viðhalda og auka sérþekkingu starfsmanna sinna á hafnarvernd,

6) hæfni til að fylgjast með áframhaldandi áreiðanleika starfsmanna sinna,

7) hæfni til að viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til að forðast óheimila birtingu eða aðgang að viðkvæmu efni um verndarmál,

8) þekkingu á viðeigandi innlendri og alþjóðlegri löggjöf og verndarkröfum,

9) þekkingu á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,

10) hæfni til að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,

11) hæfni til að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna hafnarvernd,

12) þekkingu á tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,

13) þekkingu á verndar- og eftirlitsbúnaði og -kerfum og takmörkunum við notkun þeirra.

Viðurkenndur verndaraðili, sem hefur gert áhættumat eða endurskoðað slíkt mat fyrir höfn, má ekki semja verndaráætlun hafnar eða endurskoða hana fyrir sömu höfn.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 65/2006 **2008/EES/68/17**

frá 13. janúar 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópubandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ([2]) var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.

2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegu grunnreglurnar nákvæmari.

3) Einkum skal vera mögulegt að prófa nýja tækni og ferli í tilraunaskyni í takmarkaðan tíma. Slíkar tilraunir skulu ekki draga úr heildarflugvernd.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 3. gr. a bætist við í reglugerð (EB) nr. 622/2003,

„3. gr. a

Nýjar tæknilegar aðferðir og ferli

1. Aðildarríkin mega heimila notkun tæknilegrar aðferðar eða ferlis við flugverndareftirlit í stað þeirra sem mælt er fyrir um í viðaukanum, að því tilskildu að:

a) þau séu notuð í því skyni að meta nýjar leiðir við að framkvæma viðkomandi flugverndareftirlit og

b) þau muni ekki hafa neikvæð áhrif á heildarflugvernd sem komið hefur verið á.

2. Viðkomandi aðildarríki, sem fyrirhugar að leyfa notkun nýrrar aðferðar eða ferlis, skal, a.m.k. fjórum mánuðum áður en áætluð notkun hefst, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skriflega um hina nýju aðferð eða ferli sem það ætlar að leyfa og láta fylgja með mat þar sem tilgreint er hvernig aðildarríkið skuli tryggja að beiting nýju aðferðarinnar eða ferlisins uppfylli kröfuna í b-lið 1. mgr. Í tilkynningunni skulu einnig koma fram ítarlegar upplýsingar um þann stað eða staði þar sem aðferðin eða ferlið verður notað og fyrirhugaða lengd matstímabilsins.

3. Ef framkvæmdastjórnin gefur aðildarríkinu jákvætt svar eða ef ekkert svar berst innan þriggja mánaða frá móttöku skriflegu beiðninnar má aðildarríkið leyfa notkun nýju aðferðarinnar eða ferlisins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 17.1.2006, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 857/2005 (Stjtíð. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 9)

Ef framkvæmdastjórnin er ekki fullviss um að hin fyrirhugaða, nýja aðferð eða ferli veiti fullnægjandi tryggingu fyrir því að heildarflugvernd verði viðhaldið í Bandalaginu skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu þar um innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., þar sem hún útskýrir efasemdir sínar. Við slíkar aðstæður skal viðkomandi aðildarríki ekki hefja notkun aðferðarinnar eða ferlisins fyrr en það hefur fengið samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

4. Lengd matstímabilsins fyrir hverja tæknilega aðferð eða ferli skal vera að hámarki 18 mánuðir. Framkvæmdastjórnin má framlengja matstímabilið um hámark 12 mánuði til viðbótar, að því tilskildu að aðildarríkið leggi fram gild rök fyrir framlengingunni.

5. Hlutaðeigandi yfirvald í viðkomandi aðildarríki skal, a.m.k. á sex mánaða fresti á matstímabilinu, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framvindu matsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um innihald framvinduskýrslunnar.

6. Matstímabilið má ekki undir neinum kringumstæðum vera lengra en 30 mánuðir.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 549/2004 **EES/2008/68/18**

frá 10. mars 2004

um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 11. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmd sameiginlegrar stefnu í flutningamálum krefst skilvirks flugsamgöngukerfis sem gerir mögulegt að reka örugga og reglubundna flutningaþjónustu í lofti og greiðir þar með fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi.

2) Á aukafundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars árið 2000 hvatti Evrópuráðið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur um stjórnun loftrýmis, flugumferðarstjórn og flæðistjórnun flugumferðar sem byggjast á starfi nefndar háttsettra embættismanna um samevrópskt loftrými en framkvæmdastjórnin kom nefndinni á fót. Þessi nefnd, sem samanstendur aðallega af borgaralegum yfirvöldum og hermálayfirvöldum á sviði flugleiðsögu í aðildarríkjunum, lagði fram skýrslu sína í nóvember 2000.

3) Ef rekstur flugumferðarkerfis á að ganga snurðulaust fyrir sig er þörf á samræmdu, háu öryggisstigi í flugleiðsöguþjónustu, sem gerir mögulegt að hámarksnýta evrópskt loftrými og koma á samræmdu háu öryggisstigi í flugumferð í samræmi við þá staðreynd að flugleiðsöguþjónusta varðar hag almennings, þ.m.t. skyldur um opinbera þjónustu. Nota skal því flugumferðarkerfið í samræmi við ítrustu kröfur um ábyrgð og hæfni.

4) Þróa skal framtaksverkefnið um samevrópskt loftrými í samræmi við skyldur, sem fylgja aðild Bandalagsins og aðildarríkja þess að Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) [þ.e. Evrópustofnuninni um flugumferðaröryggi], og í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í Chicago-samþykktinni um alþjóðaflugmál frá 1944.

5) Ákvarðanir, sem varða inntak, gildissvið eða framkvæmd hernaðaraðgerða og herþjálfunar, heyra ekki undir valdssvið Bandalagsins.

6) Aðildarríkin hafa samþykkt almenna yfirlýsingu um hernaðarleg málefni sem tengjast samevrópska loftrýminu ([5]). Í samræmi við þessa yfirlýsingu skulu aðildarríkin einkum efla samvinnu um almenningsflug og herflug og, ef og svo framarlega sem öll hlutaðeigandi

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 24.

([3]) Stjtíð. EB C 278, 14.11.2002, bls. 13.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (OJ C 272 E, 13.11.2003, bls. 296), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 129 E, 3.6.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 9.

aðildarríki telja það nauðsynlegt, greiða fyrir samvinnu á milli herja sinna á öllum sviðum rekstrarstjórnunar flugumferðar.

7) Loftrými er takmörkuð auðlind sem einungis er mögulegt að nýta með ákjósanlegum og skilvirkum hætti ef tekið er mið af þörfum allra notenda og, eftir því sem við á, að þeir séu hafðir með í ráðum í öllu þróunar- og ákvörðunartökuferlinu svo og við framkvæmd samevrópska loftrýmisins, þ.m.t. í nefndinni um samevrópskt loftrými.

8) Af þessum ástæðum og í því skyni að útvíkka samevrópskt loftrými þannig að það nái til fleiri Evrópuríkja skal Bandalagið, með hliðsjón af þeirri þróun sem á sér stað innan Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, mæla fyrir um sameiginleg markmið og aðgerðaráætlun til að stuðla að átaki Bandalagsins, aðildarríkjanna og hinna ýmsu hagsmunaaðila á sviði efnahagsmála í þeim tilgangi að koma á fót loftrými með samþættari rekstri, þ.e. samevrópskt loftrými.

9) Ef aðildarríkin grípa til aðgerða til að tryggja samræmi við kröfur Bandalagsins skulu yfirvöld, sem ganga úr skugga um að samræmis sé gætt, hafa nægilegt sjálfstæði gagnvart veitendum flugleiðsöguþjónustu.

10) Nauðsynlegt er að starfsemi og uppbygging flugleiðsöguþjónustu, einkum flugumferðarþjónustu sem líkja má við opinbert yfirvald, sé aðskilin en rekstrarform hennar að lögum er breytilegt í hinum ýmsu aðildarríkjum.

11) Ef þörf er á óháðum úttektum á veitendum flugleiðsöguþjónustu skal viðurkenna skoðanir af hálfu opinberra úttektaryfirvalda í aðildarríkjum, þar sem stjórnvöld veita þessa þjónustu eða opinber aðili sem er undir eftirliti framangreindra yfirvalda, sem óháðar skoðanir, hvort sem úttektarskýrslurnar eru birtar opinberlega eða ekki.

12) Æskilegt er að víkka út samevrópskt loftrými til þriðju landa innan Evrópu, annaðhvort innan ramma þátttöku Bandalagsins í starfi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, eftir að Bandalagið hefur gerst aðili að stofnuninni, eða með samningum sem Bandalagið hefur gert við þessi þriðju lönd.

13) Aðild Bandalagsins að Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu er mikilvægur þáttur í að koma á samevrópsku loftrými.

14) Í tengslum við stofnun samevrópsks loftrýmis skal Bandalagið, ef við á, stórauka samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu til að tryggja samvirkni á sviði reglusetningar og samræmdar aðferðir og til að koma í veg fyrir tvíverknað hjá þessum tveimur aðilum.

15) Í samræmi við niðurstöðu nefndar háttsettra embættismanna er Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu sá aðili sem býr yfir viðeigandi sérþekkingu til að styðja Bandalagið í hlutverki sínu sem stjórnvald. Þar af leiðandi skal semja framkvæmdarreglur um málefni sem falla undir valdssvið Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu samkvæmt umboði til handa þeirri stofnun, sbr. þó skilyrði sem falla innan ramma samstarfs á milli framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

16) Við gerð draga að ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar til að koma á samevrópsku loftrými, er þörf á víðtæku samráði við hagsmunaaðila á sviði efnahagsmála og hagsmunaaðila vinnumarkaðarins.

17) Aðilum vinnumarkaðarins skal tilkynnt og haft samráð við þá á viðeigandi hátt um allar ráðstafanir sem hafa mikilvæg félagsleg áhrif. Einnig skal hafa samráð við viðræðunefnd starfsgreina sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB frá 20 maí 1998 um stofnun viðræðunefnda starfsgreina til að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins innan Evrópu ([1]).

18) Hagsmunaaðilar, eins og veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur, flugvellir, fluggeirinn og fulltrúar fagfélaga, skulu hafa tök á að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um tæknilega þætti við framkvæmd samevrópsks loftrýmis.

19) Frammistaða flugleiðsöguþjónustukerfisins í heild innan Evrópu skal metin reglulega, með tilhlýðilegri hliðsjón af því að viðhalda þarf háu öryggisstigi, til að kanna

([1]) Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 27.

virkni þeirra ráðstafana, sem hafa verið gerðar, og til að leggja til frekari ráðstafanir.

20) Viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og á ráðstöfunum, sem um getur í 3. gr., skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, án þess þó að draga úr öryggi.

21) Meta skal áhrifin af ráðstöfunum, sem gerðar eru til að beita þessari reglugerð, í ljósi skýrslna sem framkvæmdastjórnin leggur reglulega fram.

22) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á heimildir aðildarríkjanna til að samþykkja ákvæði í tengslum við skipulag herja sinna. Þessi heimild getur leitt til þess að aðildarríkin samþykki ráðstafanir til að tryggja að herir þeirra hafi fullnægjandi loftrými í menntunar- og þjálfunarskyni. Því skal setja verndarákvæði til að gera kleift að beita þessari heimild.

23) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna. Þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á fót samevrópsku loftrými, vegna þess hversu fjölþjóðlegar aðgerðirnar eru verður markmiðunum betur náð á vettvangi Bandalagsins, þótt gefinn verði kostur á ítarlegum framkvæmdarreglum sem miðast við sérstakar, staðbundnar aðstæður, og því getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

26) Í 2. mgr. 8. gr. í stöðluðum starfsreglum fyrir nefndir ([2]), sem komið er á fót við beitingu 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, er að finna staðlað ákvæði þess efnis að formanni nefndar sé heimilt að ákveða að bjóða þriðju aðilum að sitja fund nefndarinnar. Formaður nefndarinnar um samevrópskt loftrými skal, ef við á, bjóða fulltrúum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu að taka þátt í fundunum sem áheyrnarfulltrúar eða sérfræðingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með framtaksverkefninu um samevrópskt loftrými er að efla núverandi öryggisstaðla og heildarskilvirkni almennrar flugumferðar í Evrópu, að hámarka getuna og uppfylla þar með allar kröfur loftrýmisnotenda ásamt því að minnka tafir eins og mögulegt er. Til að ná þessu markmiði er í reglugerðinni kveðið á um að setja skuli samræmdan regluramma um stofnun samevrópsks loftrýmis eigi síðar en 31. desember 2004.

2. Beiting þessarar reglugerðar og ráðstafananna, sem um getur í 3. gr., skulu vera með fyrirvara um yfirráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál í samræmi við 13. gr. Þessi reglugerð og framangreindar ráðstafanir taka ekki til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs.

3. Beiting þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., skal vera með fyrirvara um réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samþykktinni um alþjóðaflugmál frá 1944.

4. Beiting þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

5. Beitingu þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., gagnvart flugvellinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB C 38, 6.2.2001, bls. 3.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð, og að því er varða ráðstafanirnar sem um getur í 3. gr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugstjórnarþjónusta“: þjónusta sem er veitt í þeim tilgangi:

   a) að koma í veg fyrir árekstur:

      — milli loftfara og

      — milli loftfars og hindrana á umferðarsvæði flugvallar og

   b) að flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð,

2. „flugturnsþjónusta“: flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð,

3. „upplýsingaþjónusta flugmála“: þjónusta sem er stofnuð innan skilgreinds rýmis og sem er ábyrg fyrir að miðla flugmálaupplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu,

4. „flugleiðsöguþjónusta“: flugumferðarþjónusta, fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónusta flugmála,

5. „veitendur flugleiðsöguþjónustu“: opinber aðili eða einkaaðili sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir almenna flugumferð,

6. „loftrýmisumdæmi“: loftrými af skilgreindri stærð, að því er varðar rúm og tíma, þar sem veitt er flugleiðsöguþjónusta,

7. „stjórnun loftrýmis“: áætlunaraðgerð sem hefur fyrst og fremst það markmið að hámarka nýtingu tiltæks loftrýmis með virkum tímaskiptum og með skiptingu loftrýmis öðru hverju milli mismunandi loftrýmisnotenda sem byggist á skammtímaþörfum,

8. „loftrýmisnotendur“: öll loftför sem eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð,

9. „flæðistjórnun flugumferðar“: þjónusta sem er veitt með það að markmiði að stuðla að öruggu, skipulegu og hröðu flæði flugumferðar með því að tryggja að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt til hins ítrasta og að umfang flugumferðar sé í samræmi við getuna sem viðeigandi veitendur flugumferðarþjónustu hafa gefið upp,

10. „rekstrarstjórnun flugumferðar“: samstillt stjórnun í lofti og á jörðu niðri (flugumferðarþjónusta, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar) sem krafist er til að tryggja örugga og skilvirka hreyfingu loftfars á öllum stigum starfrækslu,

11. „flugumferðarþjónusta“: mismunandi tegundir flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu um flugumferð og flugstjórnarþjónustu (flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu),

12. „flugstjórnarsvæðisþjónusta“: flugstjórnarþjónusta fyrir stjórnað flug í tilteknu loftrými,

13. „aðflugsstjórnarþjónusta“: flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi,

14. „þjónustupakki“: tvenns konar eða fleiri tegundir af flugleiðsöguþjónustu,

15. „starfsleyfi“: skjal, útgefið af aðildarríki, sem samræmist landslögum og staðfestir að sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu uppfylli skilyrði fyrir veitingu tiltekinnar þjónustu,

16. „fjarskiptaþjónusta“: faststöðva- og farstöðvaþjónusta fyrir flug til að gera möguleg fjarskipti milli landstöðva, milli loftfara og landsstöðva og milli loftfara að því er varðar flugstjórnarþjónustu,

17. „evrópskt net fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN)“: safn kerfa, sem eru talin upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([1]), sem gerir kleift að veita flugleiðsöguþjónustu í Bandalaginu, þ.m.t snertifletir við landamæri þriðju landa,

18. „rekstrarhugmynd“: viðmiðanir fyrir rekstrarlega notkun evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar eða hluta þess,

19. „kerfishlutar“: áþreifanlegir hlutir eins og vélbúnaður og óáþreifanlegir hlutir eins og hugbúnaður sem rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar byggist á,

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 33.

20. „Eurocontrol“: Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu sem komið var á fót með Alþjóðasáttmálanum um samvinnu flugumferðar frá 13. desember 1960 varðandi samvinnu um öryggi flugleiðsögu ([1]),

21. „meginreglur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu við ákvörðun kostnaðargrunns fyrir leiðargjald og útreikning á gjaldskráreiningu“: meginreglur, sem eru tilgreindar í skjali nr. 99.60.01/01 sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu gaf út 1. ágúst 1999,

22. „sveigjanleg notkun loftrýmis“: hugmynd að stjórnun loftrýmis sem er notuð á yfirráðasvæði Evrópusambands flugmálastjórna eins og tilgreint er í 1. útgáfu af „Handbók um stjórnun loftrýmis að því er varðar beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis“ frá 5. febrúar 1996 sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu gaf út,

23. „flugupplýsingasvæði“: loftrými af skilgreindri stærð þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta og viðbúnaðarþjónusta,

24. „fluglag“: flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 hektópasköl (hPa), og aðgreindur frá öðrum slíkum flötum með tilteknum loftþrýstingsmun.

25. „starfrænt loftrýmisumdæmi“: loftrýmisumdæmi sem byggist á rekstrarkröfum sem endurspegla þörfina á að tryggja samþættari stjórnun loftrýmis án tillits til fyrirliggjandi landamæra,

26. „almenn flugumferð“: allar hreyfingar almenningsloftfara og ríkisloftfara (þ.m.t. her-, toll- og lögregluloftför) þegar þessar hreyfingar eru framkvæmdar í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

27. „ICAO“: Alþjóðaflugmálastofnunin sem komið var á fót með Chicago-samþykktinni um alþjóðaflugmál frá 1944,

28. „rekstrarsamhæfi“: starfrænir, tæknilegir og rekstrarlegir eiginleikar sem krafist er í kerfum og kerfishlutum evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og í verklagsreglum um rekstur þ ess til að tryggja öruggan, samfelldan og skilvirkan rekstur. Rekstrarsamhæfi næst með því að láta kerfin og kerfishlutana uppfylla grunnkröfurnar,

29. „veðurþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur loftfari í té veðurspár, yfirlit og athuganir sem og hvers konar aðrar veðurupplýsingar og gögn sem veitt eru af ríkjum til notkunar fyrir flug,

30. „leiðsöguþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur í té upplýsingar um stöðu og tíma loftfara,

31. „rekstrargögn“: upplýsingar sem varða öll stig flugs og eru nauðsynlegar til að veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur, rekstraraðilar flugvalla og aðrir hlutaðeigandi aðilar geti tekið rekstrarákvarðanir,

32. „verklagsregla“, eins og hún er notuð í tengslum við rekstrarsamhæfisreglugerðina: stöðluð aðferð fyrir annaðhvort tæknilega eða rekstrarlega notkun kerfa í tengslum við samþykktar og fullgiltar rekstrarhugmyndir sem krefjast samræmdrar framkvæmdar í evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,

33. „að taka í notkun“: fyrsta rekstrarlega notkun kerfis að lokinni fyrstu uppsetningu þess eða eftir uppfærslu þess,

34. „net flugleiða“: net tiltekinna flugleiða til að beina almennri flugumferð í ákveðinn farveg eftir því sem nauðsynlegt er fyrir veitingu flugstjórnarþjónustu,

35. „leiðarval“: leið sem loftfar á að fylgja á meðan á flugi stendur,

36. „samfelldur rekstur“: rekstur evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með þeim hætti að frá sjónarhóli notanda virkar það eins og um væri að ræða samfellt kerfi,

37. „undirsvæði“: hluti af flugstjórnarsvæði og/eða efra/neðra flugupplýsingasvæði,

38. „kögunarþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem eru notuð til að ákvarða staðsetningu sérhvers loftfars til að tryggja örugga fjarlægð milli loftfara,

39. „kerfi“: safn af kerfishlutum í lofti og á jörðu niðri svo og búnaður í geimnum sem veitir stuðning fyrir flugleiðsöguþjónustu á öllum stigum flugs,

40. „uppfærsla“: hvers kyns lagfæringar sem breyta rekstrarlegum eiginleikum kerfis.

([1]) Samningi sem er breytt með bókun frá 12. febrúar 1981 og endurskoðaður með bókun frá 27. júní 1997.

3. gr.

Aðgerðarsvið Bandalagsins

1. Í þessari reglugerð er settur samræmdur reglurammi um stofnun samevrópsks loftrýmis í tengslum við:

a) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([1]),

b) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ([2]) og

c) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([3])

og ásamt framkvæmdareglunum sem framkvæmdastjórnin samþykkti á grundvelli þessarar reglugerðar og reglugerðanna sem um getur hér að framan.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda, sbr. þó ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Innlend eftirlitsyfirvöld

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eða koma á fót einni eða fleiri stofnunum, sem gegna hlutverki innlends eftirlitsyfirvalds, til að takast á hendur verkefnin sem slíku yfirvaldi er úthlutað samkvæmt þessari reglugerð og samkvæmt ráðstöfunum sem um getur í 3. gr.

2. Innlendu eftirlitsyfirvöldin skulu vera óháð veitendum flugleiðsöguþjónustu. Unnt er að uppfylla þetta óhæði með fullnægjandi aðgreiningu, a.m.k. á þjónustustiginu, á milli innlendra eftirlitsyfirvalda og slíkra veitenda. Aðildarríkin skulu tryggja að innlend eftirlitsyfirvöld beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng innlendra eftirlitsyfirvalda, ásamt breytingum á þeim, og ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja samræmi við 2. mgr.

5. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um samevrópskt loftrými, hér á eftir kölluð „nefndin“, sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju aðildarríki og er undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin skal tryggja að viðeigandi tillit sé tekið til hagsmuna allra hópa notenda.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

Samráðshópur um flugsamgöngur

Með fyrirvara um hlutverk nefndarinnar og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu skal framkvæmdastjórnin koma á fót „samráðshóp um flugsamgöngur“ sem veitendur flugleiðsöguþjónustu, samtök loftrýmisnotenda, flugvellir, fluggeirinn og fulltrúar fagfélaga eru hluti af. Hlutverk þessa hóps skal eingöngu vera að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um tæknileg atriði varðandi framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

7. gr.

Tengsl við þriðju lönd innan Evrópu

Bandalagið skal styðja og hafa það sem markmið að víkka út samevrópska loftrýmið svo það nái til landa sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu. Í því skyni skal það leitast við, annaðhvort innan ramma samninga sem gerðir hafa verið við aðliggjandi þriðju lönd eða innan ramma Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, að færa út gildissvið þessarar reglugerðar og þeirra ráðstafana, sem um getur í 3. gr., svo að hún nái til þessara landa.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.
([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.
([3]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

8. gr.

Framkvæmdareglur

1. Til að þróa framkvæmdarreglur skv. 3. gr., sem falla undir valdsvið Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, skal framkvæmdastjórnin veita henni umboð þar sem tilgreind eru þau verkefni, sem á að inna af hendi, og tímaáætlun fyrir þau. Í tengslum við þetta skal framkvæmdastjórnin leitast við að nýta sér sem best fyrirkomulag Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu varðandi þátttöku og samráð allra hagsmunaaðila þar sem þetta fyrirkomulag samsvarar starfsaðferðum framkvæmdastjórnarinnar um gagnsæi og samráð og stangast ekki á við stofnanaskuldbindingar hennar. Framkvæmdastjórnin skal fylgja málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Á grundvelli vinnunnar, sem framkvæmd er skv. 1. mgr., skal taka ákvarðanir um hvernig beita eigi niðurstöðum hennar innan Bandalagins og um frestinn til að koma þeim niðurstöðum í framkvæmd í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. Birta skal þessar ákvarðanir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Þrátt fyrir 2. mgr., ef Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu getur ekki samþykkt umboð sem henni var veitt skv. 1. mgr. eða ef framkvæmdastjórnin, í samráði við nefndina, telur að

a) vinnu, sem unnin er á grundvelli slíks umboðs, miði ekki nógu vel miðað við settan frest eða

b) ef niðurstöður vinnunnar eru ekki fullnægjandi,

er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr., að samþykkja aðrar ráðstafanir til að ná fram markmiðum viðkomandi umboðs.

4. Til að þróa framkvæmdarreglur skv. 3. gr., sem falla utan valdsviðs Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, skal framkvæmdastjórnin starfa í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr.

9. gr.

Viðurlög

Viðurlög við brotum loftrýmisnotenda og þjónustuveitenda á ákvæðum þessarar reglugerðar, sem aðildarríkin skulu mæla fyrir um, og á ráðstöfunum, sem um getur í 3. gr., skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

10. gr.

Samráð við hagsmunaaðila

Aðildarríkin, sem starfa samkvæmt eigin landslögum, og framkvæmdastjórnin skulu koma á fót samráðsvettvangi til að hagsmunaaðilar geti tekið þátt í framkvæmd samevrópsks loftrýmis á viðeigandi hátt.

Slíkir hagsmunaaðilar geta verið:

— veitendur flugleiðsöguþjónustu,

— loftrýmisnotendur,

— flugvellir,

— fluggeirinn og

— fulltrúar fagfélaga.

Samráð við hagsmunaaðila skal einkum fela í sér þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og tækni í evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

11. gr.

Mat á frammistöðu

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að frammistaða flugleiðsögu verði skoðuð og metin og skal hún nýta til þess fyrirliggjandi sérfræðikunnáttu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

2. Greining upplýsinganna, sem safnað er með hliðsjón af 1. mgr., miðar að því að:

a) gera mögulegt að bera saman og bæta flugleiðsöguþjónustu,

b) aðstoða veitendur flugleiðsöguþjónustu við að láta í té þá þjónustu sem krafist er,

c) bæta samráðsferlið á milli loftrýmisnotenda, veitenda flugleiðsöguþjónustu og flugvalla,

d) gera mögulegt að skilgreina og efla bestu starfsvenjur, þ.m.t. aukið öryggi, skilvirkni og geta.

3. Með fyrirvara um rétt almennings til aðgangs að skjölum framkvæmdastjórnarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins

og framkvæmdastjórnarinnar ([1]), skal framkvæmdastjórnin samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr., ráðstafanir um miðlun upplýsinga, sem um getur í 2. mgr., til hagsmunaaðila.

12. gr.

Eftirlit, vöktun og aðferðir við mat á áhrifum

1. Eftirlit, vöktun og aðferðir við mat á áhrifum skulu byggjast á því að aðildarríkin leggi fram ársskýrslur um framkvæmd aðgerðanna, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, og ráðstafananna sem um getur í 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar að lútandi, í fyrsta sinn 20. apríl 2007 og síðan þriðja hvert ár. Í þessu skyni má framkvæmdastjórnin óska eftir upplýsingum frá aðildarríkjunum til viðbótar við þær upplýsingar sem er að finna í skýrslunum sem þau lögðu fram í samræmi við 1. mgr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin vinnur að drögum að skýrslunum, sem um getur í 2. mgr., skal hún óska eftir áliti nefndarinnar.

4. Skýrslurnar skulu hafa að geyma mat á niðurstöðum aðgerða, sem gripið var til samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um þróun í geiranum, einkum að því er varðar efnahagslega, félagslega, starfstengda og tæknilega þætti svo og gæði þjónustunnar, í ljósi upprunalegu markmiðanna og með hliðsjón af framtíðarþörfum.

13. gr.

Verndarráðstafanir

Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geri ráðstafanir í þeim mæli sem þörf er á til að standa vörð um grundvallarhagsmuni í öryggis- og varnarmálum eða stefnuhagsmuni í varnarmálum. Þessar ráðstafanir snerta einkum þær sem eru afar brýnar:

— með hliðsjón af eftirliti með loftrými, sem er á ábyrgð og í samræmi við svæðisbundna flugleiðsögusamninga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t. möguleikar á að uppgötva, bera kennsl á og meta öll loftför, sem nota slíkt loftrými, í því augnamiði að tryggja öryggi í flugi og grípa til aðgerða til að koma til móts við þarfir er varða öryggi og varnir,

— ef um er að ræða alvarlega ókyrrð á innlendum vettvangi sem hefur áhrif á viðhald laga og reglna,

— ef um er að ræða stríð eða alvarlega spennu á alþjóðavettvangi sem getur valdið því að stríð brjótist út,

— til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjanna um að viðhalda friði og alþjóðaöryggi,

— til að annast hernaðaraðgerðir og herþjálfun, þ.m.t. nauðsynlegir æfingarmöguleikar.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

([1]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 550/2004 **2008/EES/68/19**

frá 10. mars 2004

um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 11. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðildarríkin hafa endurskipulagt í mismiklum mæli starfsvið innlendra aðila, sem veita flugleiðsöguþjónustu, með því að auka sjálfstæði þeirra og frelsi til að veita þjónustu. Vaxandi þörf er á að tryggja að lágmarkskröfur varðandi almannahagsmuni séu uppfylltar í þessu nýja umhverfi.

2) Í skýrslu, sem nefnd háttsettra embættismanna um samevrópskt loftrými sendi frá sér í nóvember 2000, var staðfest þörfin á reglum á vettvangi Bandalagsins til að gera greinarmun á reglusetningu og veitingu þjónustu og til að innleiða kerfi fyrir veitingu starfsleyfa sem miðar að því að gæta almannahagsmuna, einkum að því er varðar öryggi, og bæta innheimtukerfi.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 (rammareglugerðin) ([5]) eru sett rammaákvæði um að koma á samevrópsku loftrými.

4) Til að koma á samevrópsku loftrými skal samþykkja ráðstafanir til að tryggja að örugg og skilvirk flugleiðsöguþjónusta verði veitt í samræmi við skipulag og notkun loftrýmis sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([6]). Mikilvægt er að koma á samræmdu skipulagi við að veita slíka þjónustu til að unnt sé að uppfylla þarfir loftrýmisnotenda á fullnægjandi hátt og stjórna flugumferð á öruggan og skilvirkan hátt.

5) Veiting flugumferðarþjónustu, sem fjallað er um í þessari reglugerð, tengist heimildum opinbers yfirvalds sem eru ekki efnahagslegs eðlis og sem myndi réttlæta beitingu samkeppnisreglna sáttmálans.

6) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að hafa eftirlit með því að flugleiðsöguþjónusta sé veitt á öruggan og skilvirkan hátt og að veitendur hennar fari að sameiginlegum kröfum sem ákvarðaðar eru á vettvangi Bandalagsins.

7) Aðildarríkjunum skal heimilt að fela viðurkenndum stofnunum, sem búa yfir tæknilegri reynslu, að ganga úr skugga um að veitendur flugleiðsöguþjónustu fari að sameiginlegum kröfum sem ákvarðaðar eru á vettvangi Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 26.

([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 24.

([3]) Stjtíð. EB C 278, 14.11.2002, bls. 13.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (Stjtíð. ESB C 272 E, 13.11.2003, bls. 303), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 129 E, 3.6.2003, bls. 16) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðinum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

8) Til að rekstur flugumferðarkerfis geti gengið snurðulaust fyrir sig er einnig þörf á samræmdum og ströngum öryggisstöðlum fyrir veitendur flugleiðsöguþjónustu.

9) Samræma skal fyrirkomulag við útgáfu skírteina fyrir flugumferðarstjóra þannig að unnt sé að fjölga þeim og stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu skírteina.

10) Til að tryggja samfelldni í veitingu þjónustu skal koma á sameiginlegu kerfi til að veita þeim sem veita flugleiðsöguþjónustu starfsleyfi sem felur í sér leið til að skilgreina réttindi og skyldur þeirra og hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að slíkum kröfum.

11) Skilyrði, sem fylgja starfsleyfum, skulu rökstudd á hlutlægan hátt, vera án mismununar, hófleg, gagnsæ og samrýmast viðeigandi alþjóðlegum stöðlum.

12) Starfsleyfi skulu viðurkennd gagnkvæmt af öllum aðildarríkjunum til að gera veitendum flugleiðsöguþjónustu kleift, innan ramma öryggiskrafnanna, að veita þjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem þeir fengu starfsleyfi sitt.

13) Skipuleggja skal veitingu fjarskipta-, flugleiðsögu- og kögunarþjónustu ásamt upplýsingaþjónustu flugmála samkvæmt markaðsaðstæðum, að teknu tilliti til séreinkenna slíkrar þjónustu og að viðhafa hátt öryggisstig.

14) Til að greiða fyrir öruggri flugumferð yfir landamæri aðildarríkjanna, til hagsbóta fyrir loftrýmisnotendur og farþega þeirra, skal í kerfi um veitingu starfsleyfis kveðið á um ramma til að gera aðildarríkjum kleift að tilnefna veitendur flugumferðarþjónustu, óháð því hvar þeir hafa fengið starfsleyfi.

15) Á grundvelli greininga á öryggisráðstöfunum skulu aðildarríkin geta tilnefnt einn eða fleiri veitendur veðurþjónustu, að því er varðar það loftrými, í heild eða hluta, sem er á ábyrgð þeirra, án þess að þörf sé á að skipuleggja útboð.

16) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu, með viðeigandi ráðstöfunum, koma á og viðhalda nánu samstarfi við hermálayfirvöld sem eru ábyrg fyrir starfsemi sem getur haft áhrif á almenna flugumferð.

17) Ársreikningur veitenda flugleiðsöguþjónustu skal vera eins gagnsær og mögulegt er.

18) Innleiðing samræmdra meginreglna og skilyrða fyrir aðgangi að rekstrargögnum á að greiða fyrir veitingu flugleiðsöguþjónustu svo og fyrir rekstri loftrýmisnotenda og flugvalla í nýju umhverfi.

19) Innheimtuskilyrði, sem gilda um loftrýmisnotendur, skulu vera sanngjörn og gagnsæ.

20) Notendagjöld skulu vera þóknun fyrir afnot af búnaði og þjónustu sem veitendur flugleiðsöguþjónustu og aðildarríki láta í té. Fjárhæð notendagjaldanna skal vera í réttu hlutfalli við kostnaðinn að teknu tilliti til markmiða um öryggi og efnahagslega skilvirkni.

21) Ekki skal mismuna loftrýmisnotendum að því er varðar aðgang að sambærilegri flugleiðsöguþjónustu.

22) Veitendur flugleiðsöguþjónustu bjóða upp á tiltekinn búnað og þjónustu, sem tengist beint rekstri loftfara, en þeir skulu geta staðið straum af kostnaðinum sem af þessu hlýst í samræmi við meginregluna að notandinn borgi, þ.e. að loftrýmisnotendur skuli greiða þann kostnað sem þeir stofna til á notkunarstaðnum eða eins nálægt honum og mögulegt er.

23) Mikilvægt er að tryggja gagnsæi varðandi kostnaðinn sem stofnað er til vegna slíks búnaðar og þjónustu. Þar af leiðandi skal greina loftrýmisnotendum frá öllum breytingum sem eru gerðar á skipulagi og fjárhæð gjaldanna. Skýringar á slíkum breytingum eða fjárfestingum, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu leggja til, skulu vera hluti af upplýsingaskiptum á milli stjórnar þjónustunnar og loftrýmisnotenda.

24) Möguleiki skal vera á að aðlaga gjöldin sem stuðlar að því að hámarka afköst kerfisins í heild. Fjárhagsleg hvatning getur verið gagnleg leið til að hraða innleiðingu búnaðar í lofti eða á jörðu niðri sem eykur afkastagetu, til að umbuna fyrir góðan árangur eða til að vega upp á móti óþægindum af því að velja síður æskilegar flugleiðir.

25) Í tengslum við þessar tekjur, sem er aflað í þeim tilgangi að fá sanngjarnan arð af eignum, og í beinum tengslum við sparnað, sem næst með aukinni skilvirkni, skal framkvæmdastjórnin kanna möguleikann á því að stofna varasjóð með það að markmiði að draga úr áhrifum af skyndilegri hækkun gjalda fyrir loftrýmisnotendur á tímabilum þegar flugumferð hefur dregist saman.

26) Framkvæmdastjórnin skal kanna möguleikann á því að skipuleggja tímabundna fjárhagsaðstoð fyrir ráðstafanir sem miða að því að auka afkastagetu evrópska flugstjórnarkerfisins í heild.

27) Framkvæmdastjórnin skal reglulega endurskoða ákvörðun og álagningu gjalda á loftrýmisnotendur í samráði við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) og innlend eftirlitsyfirvöld og loftrýmisnotendur.

28) Þar eð upplýsingar um veitendur flugleiðsöguþjónustu eru sérstaklega viðkvæmar skulu innlend eftirlitsyfirvöld ekki birta upplýsingar sem þagnarskylda gildir um en þetta má þó ekki koma í veg fyrir skipulagningu kerfis sem vaktar og birtir árangur þessara þjónustuveitenda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Gildissvið og markmið

1. Innan gildissviðs rammareglugerðarinnar varðar þessi reglugerð veitingu flugleiðsöguþjónustu í samevrópska loftrýminu. Markmiðið með þessari reglugerð er að ákvarða sameiginlegar kröfur um örugga og skilvirka veitingu flugleiðsöguþjónustu í Bandalaginu.

2. Þessi reglugerð gildir um veitingu flugleiðsöguþjónustu fyrir almenna flugumferð í samræmi við og innan gildissviðs rammareglugerðarinnar.

2. gr.

Verkefni innlendra eftirlitsyfirvalda

1. Innlend eftirlitsyfirvöld, sem um getur í 4. gr. rammareglugerðarinnar, skulu tryggja viðeigandi eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar öruggan og skilvirkan rekstur veitenda flugleiðsöguþjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð aðildarríkisins sem tilnefndi eða kom viðkomandi yfirvaldi á fót.

2. Í þessu skyni skulu eftirlitsyfirvöld í hverju landi skipuleggja tilskildar skoðanir og kannanir til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu skal greiða fyrir slíku starfi.

3. Í tengslum við starfræn loftrýmisumdæmi, sem ná yfir loftrýmið og eru á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera með sér samning um eftirlit, sem kveðið er á um í þessari grein, að því er varðar veitendur flugleiðsöguþjónustu í tengslum við þessi umdæmi. Aðildarríki mega gera með sér samning um eftirlitið, sem kveðið er á um í þessari grein, að því er varðar þann sem veitir flugleiðsöguþjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem aðalrekstur hans fer fram.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma á nánu samstarfi sín á milli til að tryggja fullnægjandi eftirlit með veitendum flugleiðsöguþjónustu sem hafa gilt starfsleyfi í einu aðildarríki en veita einnig þjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð annars aðildarríkis. Slíkt samstarf skal fela í sér samkomulag um það hvernig eigi að meðhöndla tilvik þar sem ekki er farið að gildandi, sameiginlegum kröfum í 6. gr. eða skilyrðunum í II. viðauka.

3. gr.

Viðurkenndar stofnanir

1. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að ákveða að úthluta, að fullu eða að hluta til, skoðunum og könnunum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., til viðurkenndra stofnana sem uppfylla kröfurnar í I. viðauka.

2. Viðurkenning, sem innlent eftirlitsyfirvald veitir, skal vera gild innan Bandalagsins í þrjú ár með möguleika á endurnýjun. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að fyrirskipa sérhverri þessara viðurkenndu stofnana, sem eru staðsettar í Bandalaginu, að annast þessar skoðanir og kannanir.

4. gr.

Öryggiskröfur

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, tilgreina og samþykkja öryggiskröfur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (ESARR) og síðari breytingar við þessar kröfur innan gildissviðs þessarar reglugerðar sem skulu vera bindandi samkvæmt lögum Bandalagsins. Birtingin skal vera í formi tilvísana til slíkra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Útgáfa skírteina fyrir flugumferðarstjóra

Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessarar reglugerðar, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um útgáfu skírteina fyrir flugumferðarstjóra.

II. KAFLI

REGLUR UM VEITINGU ÞJÓNUSTU

6. gr.

Sameiginlegar kröfur

Ákvarða skal sameiginlegar kröfur varðandi veitingu flugleiðsöguþjónustu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar. Til sameiginlegu krafnanna telst eftirfarandi:

— tæknileg og rekstrarleg færni og hæfi,

— kerfi og ferli fyrir öryggis- og gæðastjórnun,

— tilkynningakerfi,

— gæði þjónustu,

— fjárhagslegur styrkur,

— bótaábyrgð og tryggingarvernd,

— eignarhald og stjórnskipulag, þ.m.t. hindrun hagsmunaárekstra,

— mannauður, þ.m.t. fullnægjandi mönnunaráætlun,

— vernd.

7. gr.

Starfsleyfi fyrir veitendur flugleiðsöguþjónustu

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu innan Bandalagsins skulu verða sér úti um starfsleyfi í aðildarríkjunum.

2. Umsókn um starfsleyfi skal lögð fyrir innlent eftirlitsyfirvald aðildarríkisins þar sem aðalrekstur umsækjandans fer fram og skráð skrifstofa hans er, ef hún er fyrir hendi.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu láta veitendum flugleiðsöguþjónustu í té starfsleyfi ef þeir fara að sameiginlegum kröfum sem um getur í 6. gr. Heimilt er að veita starfsleyfi fyrir hverja einstaka tegund flugleiðsöguþjónustu, eins og hún er skilgreind í 2. gr. rammareglugerðarinnar, eða fyrir þjónustupakka, m.a. eftir því hvar veitandi flugumferðarþjónustu rekur og viðheldur eigin fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarkerfum, óháð því hver réttarstaða hans er. Hafa skal reglubundið eftirlit með starfsleyfunum.

4. Í starfsleyfunum skal tilgreina réttindi og skyldur veitenda flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. aðgangur loftrýmisnotenda að þjónustu, án mismununar, einkum að því er varðar öryggi. Veiting starfsleyfis er einungis háð skilyrðunum í II. viðauka. Slík skilyrði skulu vera rökstudd á hlutlægan hátt, vera án mismununar, hófleg og gagnsæ.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríkin leyfa að veitt verði flugleiðsöguþjónusta í öllu loftrýminu, sem er á ábyrgð þeirra, eða hluta þess, án þess að starfsleyfi sé fyrir hendi, í tilvikum þar sem sá sem veitir slíka þjónustu veitir hana fyrst og fremst fyrir hreyfingar loftfars sem teljast ekki til almennrar flugumferðar. Í þessum tilvikum skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína og um ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja að farið sé í einu og öllu að sameiginlegu kröfunum.

6. Án þess að það hafi áhrif á 8. gr. og með fyrirvara um 9. gr. skal útgáfa starfsleyfa til handa veitendum flugleiðsöguþjónustu fela í sér möguleika á að þeir bjóði þjónustu sína öðrum veitendum flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendum og flugvöllum innan Bandalagsins.

7. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hafa eftirlit með því hvort farið sé að sameiginlegum kröfum og skilyrðum sem fylgja starfsleyfunum. Upplýsingar um slíkt eftirlit skulu færðar í ársskýrslur sem aðildarríkin skulu leggja fram skv. 1. mgr. 12. gr. rammareglugerðarinnar. Ef innlent eftirlitsyfirvald kemst að því að handhafi starfsleyfis fullnægir ekki lengur slíkum kröfum eða skilyrðum skal hann gera viðeigandi ráðstafanir en tryggja um leið samfelldni þjónustunnar. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér afturköllun starfsleyfisins.

8. Aðildarríki skal viðurkenna öll starfsleyfi sem eru gefin út í öðru aðildarríki í samræmi við þessa grein.

9. Í undantekningartilvikum mega aðildarríkin fresta beitingu þessarar greinar um sex mánuði frá þeim degi sem leiðir af 2. mgr. 19. gr. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka frestun og tilgreina ástæður fyrir henni.

8. gr.

Tilnefning veitenda flugumferðarþjónustu

1. Aðildarríki skulu tryggja einkarétt á veitingu flugumferðarþjónustu innan tiltekinna loftrýmisumdæma að því er varðar loftrými sem eru á þeirra ábyrgð. Í því skyni skulu aðildarríkin tilnefna veitanda flugumferðarþjónustu sem hefur gilt starfsleyfi í Bandalaginu.

2. Aðildarríkin skulu skilgreina réttindi og skyldur sem tilnefndir þjónustuveitendur eiga að uppfylla. Skyldurnar geta falið í sér skilyrði fyrir tímanlega afhendingu viðeigandi upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að greina allar hreyfingar loftfars í loftrýminu sem er á ábyrgð aðildarríkjanna.

3. Aðildarríki hafa rétt til að velja þjónustuveitanda, að því tilskildu að hinn síðarnefndi uppfylli kröfurnar og skilyrðin sem um getur í 6. og 7. gr.

4. Að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi, sem eru ákvörðuð í samræmi við 5. gr. loftrýmisreglugerðarinnar og ná yfir loftrými á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilnefna sameiginlega einn eða fleiri veitendur flugumferðarþjónustu, a.m.k. einum mánuði áður en loftrýmisumdæminu er komið á fót.

5. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tafarlaust um allar ákvarðanir, sem teknar eru innan ramma þessarar greinar, að því er varðar tilnefningu veitenda flugumferðarþjónustu innan tiltekinna loftrýmisumdæma að því er varðar loftrými sem er á þeirra ábyrgð.

9. gr.

Tilnefning veitenda veðurþjónustu

1. Aðildarríkin mega tilnefna veitanda veðurþjónustu sem hefur einkarétt á því að láta í té öll veðurfræðileg gögn eða hluta af þeim í öllu eða hluta af loftrýminu sem er á ábyrgð þeirra, að teknu tilliti til öryggisráðstafana.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum án tafar um hvers konar ákvarðanir sem teknar eru innan ramma þessarar greinar að því er varðar tilnefningu veitanda veðurþjónustu.

10. gr.

Samstarf milli þjónustuveitenda

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu mega nýta sér þjónustu annarra þjónustuveitenda sem hafa starfsleyfi í Bandalaginu.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu gera samstarfið formlegt með skriflegum samningi eða sambærilegri lagaráðstöfun þar sem tilgreindar eru tilteknar skyldur og verkefni, sem hver þjónustuveitandi hefur með höndum, og sem gerir þjónustuveitendum kleift að skiptast á rekstrargögnum að því er varðar almenna flugumferð. Tilkynna skal hlutaðeigandi innlendu eftirlitsyfirvaldi eða -yfirvöldum um þetta fyrirkomulag.

3. Þegar um er að ræða veitingu flugumferðarþjónustu skal samþykki krafist frá hlutaðeigandi aðildarríkjum. Þegar um er að ræða veitingu veðurþjónustu skal krafist samþykkis hlutaðeigandi aðildarríkja ef þau hafa tilnefnt þjónustuveitanda sem fær einkarétt í samræmi við 1. mgr. 9. gr.

11. gr.

Samstarf við hermálayfirvöld

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum til að tryggja að gert sé skriflegt samkomulag eða sambærileg lagaráðstöfun milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda að því varðar stjórnun tiltekinna loftrýmisumdæma.

12. gr.

Gagnsæi ársreiknings

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu semja ársreikning og leggja hann fram til endurskoðunar og birtingar, hvernig sem eignarhaldi þeirra og rekstrarformi að lögum er háttað. Ársreikningurinn skal saminn í samræmi við samþykkta alþjóðlega reikningsskilastaðla í Bandalaginu. Þar sem ekki reynist unnt að ná fullu samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, vegna réttarstöðu þjónustuveitandans, skal hann kappkosta að ná eins miklu samræmi og mögulegt er.

2. Í öllum tilvikum skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu birta árskýrslu og skal starfssemi þeirra endurskoðuð reglulega af óháðum endurskoðanda.

3. Þegar veitendur flugleiðsöguþjónustu bjóða þjónustupakka skulu þeir í innra bókhaldi sínu tilgreina viðeigandi kostnað og tekjur af flugleiðsöguþjónustu, sundurliðaðar í samræmi við meginreglur Evrópustofnunar um ákvörðun kostnaðargrunns fyrir leiðargjald og útreikning á gjaldskráreiningum, og þeir skulu einnig, eftir því sem við á, halda annarri þjónustu en flugleiðsöguþjónustu aðskildri í undirreikningi ársreiknings á sama hátt og krafist yrði af þeim ef þjónustan, sem um er að ræða, væri veitt af aðskildum fyrirtækjum.

4. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem hafa rétt á að fá aðgang að ársreikningi þeirra þjónustuveitenda sem veita þjónustu innan loftrýmisins sem er á ábyrgð þeirra.

5. Aðildarríkin mega láta bráðabirgðaákvæði 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]) gilda um veitendur flugleiðsöguþjónustu sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

13. gr.

Aðgangur að og vernd gagna

1. Að því er almenna flugumferð varðar skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur og flugvellir skiptast á viðeigandi rekstrargögnum á rauntíma til að greiða fyrir rekstrarþörfum sínum. Aðeins er heimilt að nota gögnin í rekstrarlegum tilgangi.

2. Veita skal viðeigandi yfirvöldum, veitendum flugleiðsöguþjónustu sem hafa starfsleyfi, loftrýmisnotendum og flugvöllum aðgang að rekstrargögnum, án mismunar.

3. Þjónustuveitendur með starfsleyfi, loftrýmisnotendur og flugvellir skulu ákvarða stöðluð aðgangsskilyrði að viðeigandi rekstrargögnum, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu samþykkja slík stöðluð skilyrði. Settar skulu nákvæmar reglur um slík skilyrði, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

III. KAFLI

INNHEIMTUKERFI

14. gr.

Almenn ákvæði

Í samræmi við kröfurnar í 15. og 16. gr. skal þróa innheimtukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu sem stuðlar að meira gagnsæi að því er varðar ákvörðun, álagningu og innheimtu gjalda af loftrýmisnotendum. Þetta kerfi skal einnig vera í samræmi við 15. gr. Chicago-samþykktarinnar um alþjóðaflugmál frá 1944 og innheimtukerfi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu fyrir leiðargjöld.

15. gr.

Meginreglur

1. Innheimtukerfið skal byggjast á kostnaði sem veitendur flugleiðsöguþjónustu stofna til við veitingu hennar til hagsbóta fyrir loftrýmisnotendur. Kerfið deilir þessum kostnaði á mismunandi notendahópa.

2. Eftirfarandi meginreglum skal beitt við ákvörðun kostnaðargrunns fyrir gjöld:

a) kostnaður, sem loftrýmisnotendur deila með sér, skal vera heildarkostnaður við veitingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðeigandi fjárhæð fyrir vöxtum af fjárfestingum og afskriftum eigna svo og kostnaður af viðhaldi, rekstri, stjórnun og stjórnsýslu,

b) kostnaður sem taka skal tillit til í þessu samhengi skal vera sá kostnaður sem metinn er í tengslum við búnað og þjónustu sem kveðið er á um og komið í framkvæmd samkvæmt svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóða-flugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið. Hann getur einnig falið í sér kostnað sem innlend eftirlitsyfirvöld og/eða viðurkenndar stofnanir hafa stofnað til svo og annan kostnað sem stofnað er til af viðeigandi aðildarríki og þjónustuveitanda í tengslum við veitingu flugleiðsögu-þjónustu,

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

c) kostnaður við mismunandi flugleiðsöguþjónustu skal tilgreindur sérstaklega, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr.,

d) víxlniðurgreiðsla á milli mismunandi flugleiðsöguþjónustu skal einungis leyfð þegar hún er réttlætt af hlutlægum ástæðum og að því tilskildu að hún sé greinilega tilgreind,

e) tryggt skal að kostnaðargrunnur gjaldanna sé gagnsær. Samþykkja skal framkvæmdarreglur um upplýsingar sem þjónustuveitanda ber að veita til að unnt sé að gera úttekt á áætlunum hans, raunkostnaði og tekjum. Innlend eftirlitsyfirvöld, þjónustuveitendur, loftrýmisnotendur, framkvæmdastjórnin og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu skulu reglulega skiptast á upplýsingum.

3. Með fyrirvara um innheimtukerfi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu fyrir leiðargjöld skulu aðildarríkin, í samræmi við 2. mgr., uppfylla eftirfarandi meginreglur við ákvörðun gjalda:

a) ákvarða skal gjöld fyrir að hafa aðgang að flugleiðsöguþjónustu án mismununar. Þegar gjöld eru lögð á mismunandi loftrýmisnotendur fyrir not af sömu þjónustu skal ekki gera greinarmun á þjóðerni notenda eða notendahópi,

b) heimilt er að veita undanþágu fyrir tiltekna notendur, einkum létt loftför og ríkisloftför, að því tilskildu að kostnaður við slíka undanþágu leggist ekki á aðra notendur,

c) tekjur af flugleiðsöguþjónustu geta verið svo miklar að þær verði meiri en allur beinn og óbeinn rekstrarkostnaður og skapi þar með sanngjarnan arð af eignum sem getur haft í för með sér nauðsynlegar endurbætur fjármuna,

d) gjöld skulu endurspegla kostnað af flugleiðsöguþjónustu og búnaði sem notendum loftrýmis stendur til boða, að teknu tilliti til hlutfallslegrar afkastagetu mismunandi tegunda viðkomandi loftfara,

e) gjöld skulu hvetja til þess að flugleiðsöguþjónustan sé veitt á öruggan, skilvirkan og árangursríkan hátt í því augnamiði að stuðla að háu öryggisstigi og kostnaðarhagkvæmni svo og að stuðla að samþættri þjónustustarfsemi. Með hliðsjón af því er heimilt að nota slík gjöld til að láta í té:

— kerfi, þ.m.t. hvatning í formi fjárhagslegra kosta og ókosta til að hvetja veitendur flugleiðsöguþjónustu og/eða loftrýmisnotendur til að styðja við úrbætur á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar, s.s. aukin afköst og færri seinkanir, en samtímis að viðhalda hámarksöryggisstigi. Ákvörðun um það hvort nota eigi slíkt kerfi er á ábyrgð hvers aðildarríkis,

— tekjur í þágu verkefna sem eiga að aðstoða tiltekna hópa loftrýmisnotenda og/eða tiltekna hópa veitenda flugleiðsöguþjónustu til að bæta sameiginleg flugleiðsögugrunnvirki, veitingu flugleiðsöguþjónustu og notkun loftrýmis.

4. Samþykkja skal framkvæmdarreglur á þeim sviðum, sem fjallað er um í 1., 2. og 3. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 8. gr. í rammareglugerðinni.

16. gr.

Endurskoðun gjalda

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, kveða á um stöðuga endurskoðun á því hvort farið sé að meginreglunum og reglunum sem um getur í 14. og 15. gr. Framkvæmdastjórnin skal kappkosta að koma á nauðsynlegu kerfi til að nýta sérþekkingu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja, sem telja að framangreindum meginreglum og reglum hafi ekki verið beitt á réttan hátt, eða að eigin frumkvæði, láta fara fram rannsókn á hvers kyns staðhæfingum þess efnis að ekki sé farið að viðkomandi meginreglum og/eða reglum eða þeim ekki beitt á réttan hátt. Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar, eftir að hafa veitt hlutaðeigandi aðildarríki áheyrn og eftir að hafa haft samráð við nefndina um samevrópskt loftrými, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, taka ákvörðun um beitingu 14. og 15. gr. og hvort halda megi viðkomandi beitingu áfram.

3. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til aðildarríkjanna og tilkynna þjónustuveitandanum um hana, svo fremi hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta. Hvert aðildarríki má vísa ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins innan eins mánaðar. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan eins mánaðar.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Aðlögun að tækniframförum

1. Vegna aðlögunar að tækniframförum er heimilt að breyta viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta framkvæmdarreglur, sem eru samþykktar á grundvelli þessarar reglugerðar, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

18. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Hvorki innlend eftirlitsyfirvöld, sem starfa í samræmi við innlenda löggjöf, né framkvæmdastjórnin mega birta upplýsingar sem leynd hvílir yfir, einkum þegar um er að ræða upplýsingar um veitendur flugleiðsöguþjónustu, viðskiptasambönd þeirra eða kostnaðarliði.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt viðkomandi innlendra eftirlitsyfirvalda til að veita upplýsingar þegar það er nauðsynlegt til að þau geti gegnt skyldum sínum en í slíkum tilvikum skal einungis veita nauðsynlegar upplýsingar og taka tillit til réttmætra hagsmuna veitenda flugleiðsöguþjónustu af því að varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu þar að auki ekki koma í veg fyrir birtingu upplýsinga sem ekki hvílir leynd yfir og varða skilyrði við veitingu þjónustunnar og framkvæmd hennar.

19. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 7. og 8. gr. öðlast þó gildi einu ári eftir birtingu sameiginlegu krafnanna, sem um getur í 6. gr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL VIÐURKENNDRA STOFNANA

Viðurkennda stofnunin skal:

— geta lagt fram skjalfastar sannanir um yfirgripsmikla reynslu af því að meta opinbera aðila og einkaaðila á sviði flutninga í lofti, einkum veitendur flugleiðsöguþjónustu, og opinbera aðila og einkaaðila í öðrum svipuðum geirum innan eins eða fleiri sviða sem falla undir þessa reglugerð,

— setja sér alhliða reglur og reglugerðir um reglubundið eftirlit með framangreindum aðilum sem skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar með rannsóknar- og þróunaráætlunum,

— ekki vera stjórnað af veitendum flugleiðsöguþjónustu, flugvallaryfirvöldum eða öðrum sem hafa viðskiptalegra hagsmuna að gæta að því er varðar veitingu flugleiðsöguþjónustu eða flutninga í lofti,

— hafa í þjónustu sinni starfsfólk á sviði tækni, rekstrar, stoðþjónustu og rannsókna sem er í réttu hlutfalli við verkefnin sem á að framkvæma,

— rekin og henni stjórnað þannig að tryggt sé að trúnaðar sé gætt við meðferð upplýsinga eins og stjórnin krefst,

— búin undir að láta hlutaðeigandi innlendu eftirlitsyfirvaldi í té viðeigandi upplýsingar,

— hafa skilgreint og skráð stefnu sína, markmið og skuldbindingar í gæðamálum og tryggt að inntak stefnunnar sé skilmerkilegt, hún sé framkvæmd og henni viðhaldið á öllum stigum innan stofnunarinnar,

— hafa þróað, framkvæmt og viðhaldið skilvirku innra gæðakerfi sem byggist á viðeigandi hlutum alþjóðlegra viðurkenndra gæðastaðla og er í samræmi við EN 45004 (skoðunaraðilar) og EN 29001 eins og þeir eru túlkaðir í kröfum um gæðavottunarkerfi Alþjóðasambands flokkunarfélaga (IACS),

— verða sér út um vottun fyrir gæðakerfið frá óháðu úttektarfyrirtæki sem yfirvöld aðildarríkisins, þar sem það er staðsett, viðurkenna.

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM EIGA AÐ FYLGJA STARFSLEYFUM

1. Í starfsleyfunum skal tilgreina:

   a) innlenda eftirlitsyfirvaldið sem gefur út starfsleyfið,

   b) umsækjandann (nafn og heimilisfang),

   c) þjónustuna sem hefur fengið starfsleyfi,

   d) yfirlýsingu um að umsækjandinn uppfylli sameiginlegar kröfur, eins og skilgreint er í 6. gr. þessarar reglugerðar,

   e) útgáfudag og gildistíma starfsleyfisins.

2. Viðbótarskilyrði sem fylgja starfsleyfum geta, eftir því sem við á, tengst eftirfarandi:

   a) aðgangi að þjónustu án mismununar fyrir loftrýmisnotendur og kröfum um frammistöðu slíkrar þjónustu, þ.m.t. öryggis- og rekstrarsamhæfisstig,

   b) forskriftum fyrir rekstri þessarar tilteknu þjónustu,

   c) þeim tíma sem veita skal þessa þjónustu,

   d) ýmsum rekstrarbúnaði sem á að nota innan tiltekinnar þjónustu,

   e) hindrun eða takmörkun á rekstri annarrar þjónustu en þeirrar sem tengist veitingu flugleiðsöguþjónustu,

   f) samningum, samkomulagi eða öðru fyrirkomulagi á milli þjónustuveitanda og þriðja aðila að því er varðar þjónustuna,

   g) veitingu upplýsinga sem eðlilegt er að krefjast til að unnt sé að hafa eftirlit með því að þjónustan uppfylli sameiginlegar kröfur, þ.m.t. áætlanir, fjárhags- og rekstrargögn og mikilvægar breytingar á tegund og/eða umfangi flugleiðsöguþjónustunnar sem er veitt,

   h) öllum öðrum lagalegum skilyrðum sem gilda ekki einungis um flugleiðsöguþjónustu, eins og skilyrði sem tengjast niðurfellingu eða afturköllun starfsleyfis.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 551/2004 **2008/EES/68/20**

frá 10. mars 2004

um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 11. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Við stofnun samevrópsks loftrýmis er nauðsynlegt að farið sé að samræmdum reglum við skipulag og notkun loftrýmis.

2) Í skýrslu, sem nefnd háttsettra embættismanna um samevrópskt loftrými sendi frá sér í nóvember 2000, kemur fram að loftrýmið skuli hannað, reglur settar um það og því stjórnað á evrópskum grunni.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. nóvember 2001 um stofnun samevrópsks loftrýmis er hvatt til skipulagsbreytinga svo að unnt sé að koma á fót samevrópsku loftrými með því að samþætta smám saman stjórnun loftrýma og þróa nýjar hugmyndir og aðferðir við rekstrarstjórnun flugumferðar.

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 (rammareglugerðin) ([5]) eru sett rammaákvæði um að koma á samevrópsku loftrými.

5) Í 1. gr. Chicago-samþykktarinnar um alþjóðaflugmál frá 1944 viðurkenna samningsríkin að „Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftinu, sem uppi yfir því er.“ Það er innan ramma slíks yfirráðaréttar að aðildarríki Bandalagsins beita, með fyrirvara um viðeigandi alþjóðasamninga, heimildum opinbers yfirvalds til að stjórna flugumferð.

6) Loftrými er sameiginleg auðlind allra notendahópa og þurfa þeir að nota það á sveigjanlegan hátt til að tryggja sanngirni og gagnsæi, að teknu tilliti til þarfar aðildarríkjanna að tryggja vernd og varnir og skuldbindinga þeirra við alþjóðastofnanir.

7) Skilvirk stjórnun loftrýmis er nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að auka afkastagetu flugumferðarþjónustukerfisins, sinna mismunandi kröfum notenda sem best og nýta loftrýmið á eins sveigjanlegan hátt og unnt er.

8) Starfsemi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) er staðfesting á því að ekki er raunhæft að þróa flugleiðakerfi og skipulag loftrýmis á einangraðan hátt þar sem hvert aðildarríki er óaðskiljanlegur hluti af evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, bæði innan og utan Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 35.

([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 24.

([3]) Stjtíð. EB C 278, 14.11.2002, bls. 13.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (Stjtíð. ESB C 272 E, 13.11.2003, bls. 316), afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 129 E, 3.6.2003, bls. 11) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

9) Samþætta skal smám saman rekstur loftrýmis fyrir almennt leiðarflug í efra loftrými. Ákvarða skal snertiflöt á milli efra og neðra loftrýmis til samræmis við það.

10) Stofnun efra flugupplýsingasvæðis Evrópu (EUIR), sem tekur til efra loftrýmisins og er á ábyrgð aðildarríkjanna innan gildissviðs þessarar reglugerðar, mun auðvelda sameiginlega áætlanagerð og sameiginlega útgáfu flugupplýsingahandbókar til að koma í veg fyrir svæðisbundna flöskuhálsa.

11) Loftrýmisnotendur búa ekki allir við sömu skilyrði að því er varðar aðgang að loftrými Bandalagsins og frelsi til að hreyfa sig innan þess. Þetta stafar af skorti á samhæfingu við skiptingu loftrýmis í flokka.

12) Endurskilgreining loftrýmis skal byggjast á rekstrarkröfum, óháð fyrirliggjandi mörkum. Þróa skal sameiginlegar meginreglur til þess að koma á einsleitum, starfrænum loftrýmisumdæmum í samráði við og á grundvelli tæknilegrar ráðgjafar frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

13) Mikilvægt er að koma á sameiginlegu, samræmdu skipulagi loftrýmis, að því er varðar flugleiðir og undirsvæði, byggja núverandi skipulag og framtíðarskipulag loftrýmis á sameiginlegum meginreglum og hanna og stjórna loftrými í samræmi við samræmdar reglur.

14) Nota skal hugmyndina um sveigjanlega notkun loftrýmis á skilvirkan hátt. Nauðsynlegt er að ná sem bestri nýtingu undirsvæða loftrýmis, einkum á álagstímum almennrar flugumferðar og í loftrými þar sem flugumferð er mikil, með samstarfi á milli aðildarríkjanna með tilliti til notkunar þessara undirsvæða fyrir hernaðaraðgerðir og herþjálfun. Í því skyni er nauðsynlegt að úthluta viðeigandi fjármunum til að koma hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í framkvæmd á skilvirkan hátt, að teknu tilliti til borgaralegra og hernaðarlegra krafna.

15) Aðildarríkin skulu leita eftir samstarfi við aðliggjandi aðildarríki til að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis yfir landamæri.

16) Mismunur á skipulagi samstarfs vegna almenningsflugs og herflugs í Bandalaginu takmarkar samræmda og tímanlega stjórnun loftrýmis og framkvæmd breytinga. Hvernig til tekst með samevrópskt loftrými byggist á skilvirku samstarfi milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda, með fyrirvara um heimildir og ábyrgðir aðildarríkja á sviði varnarmála.

17) Ef beiting sameiginlegra meginreglna og viðmiðana hefur heftandi áhrif á flug sem tengist hernaðaraðgerðum og herþjálfun skal tryggja að það fari fram á öruggan og skilvirkan hátt.

18) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að auka skilvirkni flæðisstjórnunar flugumferðar í því skyni að styðja við fyrirliggjandi rekstrareiningar, þ.m.t. yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

19) Æskilegt er að huga að því að útvíkka hugmyndir um efra loftrými þannig að þær nái einnig til neðra loftrýmis í samræmi við tímaáætlun og viðeigandi rannsóknir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Innan gildissviðs rammareglugerðarinnar varðar þessi reglugerð skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu. Markmiðið með þessari reglugerð er að styðja hugmyndina um að samþætta smám saman rekstur loftrýmis í tengslum við sameiginlega stefnu í flutningamálum og að ákvarða sameiginlegar verklagsreglur fyrir hönnun, skipulagningu og stjórnun til að tryggja skilvirka og örugga framkvæmd rekstrarstjórnunar flugumferðar.

2. Notkun loftrýmis skal styðja rekstur flugleiðsöguþjónustu á samfelldan og samræmdan hátt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L, 96, 31.3.2004, bls. 10.

3. Með fyrirvara um 10. gr. skal þessi reglugerð gilda um loftrými Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríkin eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu í samræmi við þjónustureglugerðina. Aðildarríkin mega einnig beita þessari reglugerð á loftrými sem er á ábyrgð þeirra innan annarra svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að því tilskildu að þau tilkynni framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

4. Birta skal flugupplýsingasvæðin, sem eru innan þess loftrýmis sem reglugerð þessi gildir um, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

II. KAFLI

UPPBYGGING LOFTRÝMIS

2. gr.

Afmörkun loftrýmis

Skil á milli efra og neðra loftrýmis miðast við fluglag 285.

Ákveða má frávik frá þessum skilum, sem eru réttlætanleg í ljósi rekstrarkrafna, í samráði við viðkomandi aðildarríki í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

3. gr.

Efra flugupplýsingasvæði Evrópu

1. Bandalagið og aðildarríkin skulu stefna að því að koma á sameiginlegu efra flugupplýsingasvæði Evrópu sem Alþjóðaflugmálastofnunin viðurkennir. Í því tilliti skal framkvæmdastjórnin, þegar um er að ræða málefni sem heyra undir valdsvið Bandalagsins, leggja tillögu fyrir ráðið í samræmi við 300. gr. sáttmálans eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Efra flugupplýsingasvæði Evrópu skal hannað þannig að það nái yfir loftrými, sem er á ábyrgð aðildarríkjanna í samræmi við 3. mgr. 1. gr., og geti einnig tekið til loftrýmis þriðju landa í Evrópu.

3. Stofnun efra flugupplýsingasvæðis Evrópu skal ekki hafa áhrif á ábyrgð aðildarríkjanna, að því er varðar tilnefningu veitenda flugumferðarþjónustu fyrir loftrýmið sem er á þeirra ábyrgð í samræmi við 1. mgr. 8. gr. þjónustureglugerðarinnar.

4. Aðildarríkin skulu viðhalda ábyrgð sinni gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni innan landfræðilegra marka efri flugupplýsingasvæðanna og flugupplýsingasvæðanna sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur úthlutað þeim við gildistöku þessarar reglugerðar.

5. Án þess að það hafi áhrif á útgáfu aðildarríkjanna á flugupplýsingum og með þeim hætti sem samræmist þeirri útgáfu skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, samræma vinnu við eina flugupplýsingahandbók sem varðar efra flugupplýsingasvæði Evrópu, að teknu tilliti til viðeigandi krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

4. gr.

Skipting loftrýmis í flokka

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu hanna efra flugupplýsingasvæði Evrópu í samræmi við vaxandi samhæfingu í skiptingu loftrýmis í flokka sem ætlað er að tryggja að flugleiðsöguþjónusta sé veitt á samfelldan hátt innan ramma samevrópsks loftrýmis. Þessi sameiginlega stefna byggist á einfaldaðri beitingu við skiptingu loftrýmis í flokka eins og skilgreint er í loftrýmisáætlun Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu fyrir ríkin í Evrópusambandi flugmálastjórna í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Setja skal nauðsynlegar framkvæmdarreglur á þessu sviði í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. í rammareglugerðinni.

5. gr.

Endurskilgreining efra loftrýmis

1. Í því skyni að ná fram hámarksgetu og -skilvirkni nets fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar innan samevrópska loftrýmisins og til að tryggja hátt öryggisstig skal endurskilgreina efra loftrýmið þannig að það skiptist í starfræn loftrýmisumdæmi.

2. Starfræn loftrýmisumdæmi skulu m.a.:

a) byggjast á greiningu á öryggi,

b) gera mögulegt að hámarksnýta loftrými, að teknu tilliti til flæðis flugumferðar,

c) rökstudd með heildarvirðisauka þeirra, þ.m.t. hámarksnýting tæknilegra úrræða og mannauðs á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar,

d) tryggja skilvirka og sveigjanlega færslu ábyrgðar á flugumferðarstjórn milli flugumferðarþjónustudeilda,

e) tryggja samhæfingu milli skilgreiningar efra og neðra loftrýmis,

f) uppfylla skilyrði sem leiðir af svæðisbundnum samningum sem eru gerðir innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og

g) virða svæðisbundna samninga sem eru í gildi á þeim degi sem reglugerð þessi tekur gildi, einkum þá sem snerta þriðju lönd í Evrópu.

3. Þróa skal sameiginlegar, almennar meginreglur um stofnun og breytingar á starfrænum loftrýmisumdæmum í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. rammareglugerðarinnar.

4. Einungis skal stofna starfræn loftrýmisumdæmi með sameiginlegum samningi milli allra aðildarríkja, sem bera ábyrgð á einhverjum hluta loftrýmisins í umdæminu, eða með yfirlýsingu frá einu aðildarríki ef loftrýmið í umdæminu er algerlega á þess ábyrgð. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skulu ekki grípa til aðgerða fyrr en að höfðu samráði við hagsmunaaðila, þ.m.t. framkvæmdastjórnin og hin aðildarríkin.

5. Ef starfrænt loftrýmisumdæmi tengist loftrými sem er algerlega eða að hluta til á ábyrgð tveggja eða fleiri aðildarríkja skal samningurinn, sem umdæmið byggist á, hafa að geyma nauðsynleg ákvæði um það hvernig breyta megi umdæminu og hvernig aðildarríki getur dregið sig út úr því, þ.m.t. ákvæði um aðlögunarfyrirkomulag.

6. Ef upp koma erfiðleikar á milli tveggja eða fleiri aðildarríkja vegna starfræns loftrýmisumdæmis yfir landamæri, sem varðar loftrými á þeirra ábyrgð, mega hlutaðeigandi aðildarríki í sameiningu leita álits hjá nefndinni um samevrópskt loftrými. Álitinu skal skilað til hlutaðeigandi aðildarríkja. Með fyrirvara um 4. mgr. skulu aðildarríkin taka tillit til þessa álits við lausn mála.

7. Ákvarðanirnar, sem um getur í 4. og 5. mgr., skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Í tengslum við þessa birtingu skal tilgreina hvenær viðkomandi ákvörðun tekur gildi.

6. gr.

Bestuð hönnun flugleiða og undirsvæða í efra loftrými

1. Setja skal sameiginlegar meginreglur og viðmiðanir fyrir hönnun flugleiða og undirsvæða til að tryggja örugga, efnahagslega skilvirka og umhverfisvæna notkun loftrýmis. Hönnun undirsvæða skal m.a. vera í samhengi við hönnun flugleiða.

2. Samþykkja skal framkvæmdarreglur á þeim sviðum, sem fjallað er um í 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. í rammareglugerðinni.

3. Ákvarðanir um að koma á eða breyta flugleiðum og undirsvæðum krefjast samþykkis aðildarríkja sem bera ábyrgð á loftrýminu sem slíkar ákvarðanir gilda um.

III. KAFLI

SVEIGJANLEG NOTKUN LOFTRÝMIS Í SAMEVRÓPSKA LOFTRÝMINU

7. gr.

Sveigjanleg notkun loftrýmis

1. Aðildarríkin skulu, að teknu tilliti til skipulagningar hernaðarþátta á þeirra ábyrgð, tryggja samræmda beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur lýst og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur þróað, til að greiða fyrir stjórnun loftrýmis og rekstrarstjórnun flugumferðar innan ramma sameiginlegu stefnunnar í flutningamálum.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis, innan ramma sameiginlegu stefnunnar í flutningamálum, að því er varðar loftrými á ábyrgð þeirra.

3. Þegar nauðsynlegt reynist, einkum í kjölfar skýrslna sem aðildarríkin leggja fram, að styrkja og samræma beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu skal samþykkja framkvæmdarreglur, innan ramma sameiginlegu stefnunnar í flutningamálum, í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. rammareglugerðarinnar.

8. gr.

Tímabundin stöðvun

1. Ef beiting 7. gr. hefur í för með sér verulega rekstrarerfiðleika mega aðildarríkin stöðva tímabundið slíka beitingu, að því tilskildu að þau tilkynni það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum án tafar.

2. Þegar tímabundin stöðvun hefur verið innleidd má vinna að breytingum á reglunum, sem samþykktar voru skv. 3. mgr. 7. gr., fyrir loftrýmið, sem er á ábyrgð hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja, í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. rammareglugerðarinnar.

9. gr.

Flæðisstjórnun flugumferðar

1. Setja skal framkvæmdarreglur um flæðisstjórnun flugumferðar í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. rammareglugerðarinnar í því skyni að hámarka tiltæka getu til nýtingar loftrýmis og efla flæðisstjórnunarferli flugumferðar. Þessar reglur skulu byggjast á gagnsæi og skilvirkni og tryggja að þessi nýtingargeta sé látin í té á sveigjanlegan og tímanlegan hátt í samræmi við tilmæli svæðisbundinnar fugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið.

2. Framkvæmdarreglurnar skulu styðja rekstrarákvarðanir veitenda flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila, flugvalla og loftrýmisnotenda og skulu reglurnar taka til eftirfarandi þátta:

a) flugáætlana,

b) notkunar tiltækrar loftrýmisgetu á öllum stigum flugs, þ.m.t. úthlutun afgreiðslutíma, og

c) notkunar flugleiða í almennri flugumferð, m.a.:

— útgáfa sameiginlegs rits um stefnumið fyrir flugleiðir og flugumferð,

— möguleikar á að beina almennri flugumferð frá svæðum þar sem flugumferð er mikil og

— forgangsreglur varðandi aðgang að loftrými fyrir almenna flugumferð, einkum á álags- og hættutímum.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Endurskoðun

Í tengslum við reglubundna endurskoðun, sem um getur í 2. mgr. 12. gr. rammareglugerðarinnar, skal framkvæmdastjórnin ljúka könnun á framtíðarhorfum að því er varðar notkun hugmyndanna, sem um getur í 3., 5. og 6. gr., um neðra loftrými.

Á grundvelli niðurstaðna úr þessari könnun og í ljósi árangurs sem hefur náðst skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2006, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og skal henni fylgja, ef við á, tillaga um að útvíkka beitingu þessara hugmynda, þannig að þær nái einnig til neðra loftrýmis, eða ákvarða hvers kyns aðrar aðgerðir. Í ljósi slíkrar fyrirhugaðrar útvíkkunar skulu viðeigandi ákvarðanir helst teknar fyrir 31. desember 2009.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 552/2004 **2008/EES/68/21**

frá 10. mars 2004

um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 11. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að koma á samevrópska loftrýminu skal samþykkja ráðstafanir í tengslum við kerfi, hluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglur með það að markmiði að tryggja rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN) og skulu þessar ráðstafanir vera í samræmi við veitingu flugleiðsöguþjónustu, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ([5]), og í samræmi við skipulag og notkun loftrýmis eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2003 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([6]).

2) Skýrsla nefndar háttsettra embættismanna um samevrópska loftrýmið hefur staðfest nauðsyn þess að sett verði tæknireglugerð á grundvelli „nýju aðferðarinnar“, í samræmi við ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla ([7]), þar sem grundvallarkröfur, reglur og staðlar eru til fyllingar hverju öðru og eru samræmd.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 (rammareglugerðin) ([8]) eru sett rammaákvæði um stofnun samevrópsks loftrýmis.

4) Skýrsla nefndar háttsettra embættismanna hefur staðfest að jafnvel þótt árangur hafi náðst á síðustu árum í átt að samfelldum rekstri evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sé staðan enn óviðunandi þar eð samþætting innlendra kerfa fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sé lítil og hægt gangi að innleiða nýjar rekstrarhugmyndir og nýja tækni sem er nauðsynleg til að ná fram þeim viðbótarafköstum sem krafist er.

5) Aukin samþætting á vettvangi Bandalagsins myndi leiða til aukinnar skilvirkni og minni kostnaðar við innkaup og viðhald á kerfum og til aukinnar samræmingar í rekstri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 41.
([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 24.
([3]) Stjtíð. EB C 278, 14.11.2002, bls. 13.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (Stjtíð. ESB C 272, 13.11.2003, bls. 325), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtíð. EB C 129 E, 3.6.2003, bls. 26) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.
([6]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.
([7]) Stjtíð. EB C 136, 4.6.1985, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

6) Þar eð innlendar tækniforskriftir, sem eru notaðar við innkaup, eru allsráðandi hefur það leitt til þess að markaðurinn fyrir kerfin er dreifður og auðveldar því ekki samvinnu innan iðnaðarins á vettvangi Bandalagsins. Sökum þess verður iðnaðurinn sérstaklega fyrir áhrifum þar sem hann þarf að aðlaga vörur sínar umtalsvert fyrir hvern innlendan markað. Þessir starfshættir valda því að óþarflega erfitt er að þróa og taka í notkun nýja tækni og þeir hægja á innleiðingu nýrra rekstrarhugmynda sem nauðsynlegar eru til að auka afköst.

7) Því eru það hagsmunir allra, sem koma að rekstrarstjórnun flugumferðar, að þróa nýja samstarfsleið sem gerir jafna þátttöku allra aðila mögulega, eflir sköpunarstarf og stuðlar að því að þekking og reynsla sé samnýtt og áhættu dreift. Slíkt samstarf skal miða að því að þróa, í samvinnu við iðnaðinn, samfellt safn Bandalagsforskrifta sem geta uppfyllt þarfir á sem breiðustu sviði.

8) Markmið Bandalagsins er að koma á innri markaði og því skulu ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, stuðla að stöðugri þróun hans í þessum geira.

9) Því er rétt að setja fram grunnkröfur sem skulu gilda um evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess, kerfishluta og tilheyrandi verklagsreglur.

10) Semja skal framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi fyrir kerfi, eftir því sem nauðsynlegt er, sem koma til fyllingar eða skerpa á grunnkröfunum. Einnig skal semja þessar reglur ef það er nauðsynlegt til að auðvelda samræmda innleiðingu nýrra, umsaminna og fullgiltra hugmynda í rekstri eða nýrrar tækni. Samræmi við þessar reglur skal viðhaldið að staðaldri. Þessar reglur skulu styðjast við reglur og staðla sem eru þróuð af alþjóðastofnunum, s.s. Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) eða Alþjóðaflugmálastofnuninni.

11) Þróun og samþykki á Bandalagsforskriftum varðandi evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess, kerfishluta og tilheyrandi verklagsreglur er viðeigandi leið til að ákvarða þau tæknilegu og rekstrarlegu skilyrði sem eru nauðsynleg til að uppfylla grunnkröfurnar og viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi. Þegar farið er að birtum Bandalagsforskriftum, sem heldur áfram að vera valkvætt, má ganga út frá samræmi við grunnkröfurnar og viðeigandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi.

12) Bandalagsforskriftir skulu settar af evrópskum staðlastofnunum í samvinnu við Evrópusamtök um búnað í almenningsflugi (Eurocae) og Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu, í samræmi við almennar stöðlunaraðferðir Bandalagsins.

13) Aðferðirnar, sem notaðar eru við mat á samræmi eða nothæfi kerfishlutanna, skulu byggjast á notkun á aðferðareiningunum sem fjallað er um í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu ([1]). Eftir því sem nauðsynlegt er skulu þessar aðferðareiningar víkkaðar út þannig að þær taki til sértækra krafna hlutaðeigandi atvinnugreina.

14) Markaðurinn, sem um er að ræða, er lítill og samanstendur af kerfum og kerfishlutum sem nær eingöngu eru notuð til rekstrarstjórnunar flugumferðar og eru ekki ætluð fyrir almenning. Því væri um of að festa CE-merkið á einstaka kerfishluta þar sem það nægir að framleiðandinn gefi út samræmisyfirlýsingu á grundvelli samræmismatsins og/eða mats á nothæfi. Þetta skal ekki hafa áhrif á þá skyldu framleiðenda að festa CE-merkið á tiltekna kerfishluta til að staðfesta að þeir samrýmist annarri löggjöf Bandalagsins sem tengist þeim.

15) Þegar kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar er tekið í notkun skal sannprófa hvort farið sé að grunnkröfum og viðeigandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi. Sé farið að Bandalagsforskriftum má ganga út frá samræmi við grunnkröfurnar og viðeigandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi.

16) Ná skal beitingu þessarar reglugerðar til fulls með aðlögunaraðferð, sem hönnuð er til að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar, án þess að skapa óréttmætar hindranir sem lúta að hlutfalli kostnaðar og ábata við að viðhalda fyrirliggjandi grunnvirki.

([1]) Stjtíð. EB L 220, 30. 8. 1993., bls. 23.

17) Innan ramma viðkomandi löggjafar Bandalagsins skal taka tilhlýðilegt tillit til nauðsynjar þess að tryggja:

— að skilyrði með tilliti til aðgengis og skilvirkrar notkunar á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar séu samhæfð, sem er nauðsynlegt fyrir framkvæmd samevrópska loftrýmisins, þ.m.t. þættir er varða rafsegulsviðssamhæfi,

— að þjónusta, sem miðar að öryggi mannslífa, sé varin fyrir skaðlegum truflunum,

— að viðeigandi notkun tíðna, sem úthlutað er til fluggeirans og er eingöngu stjórnað af honum, sé skilvirk.

18) Tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu ([1]) takmarkast við skyldur samningsstofnana. Þessi reglugerð er yfirgripsmeiri þar sem hún fjallar um skyldur allra aðila, þ.m.t. veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur, fluggeirinn og flugvellir, og í henni er bæði kveðið á um reglur, sem skulu gilda um alla, og að samþykktar verði Bandalagsforskriftir sem, jafnvel þótt beiting þeirra sé valkvæð, gera að verkum að ganga má út frá samræmi við grunnkröfurnar. Því ber, eftir aðlögunartímabil, að fella niður tilskipun 93/65/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/15/EB frá 25. mars 1997 um samþykkt staðla sem Evrópustofnun um flugumferðaröryggi hefur samið og breytingu á tilskipun ráðsins 93/65/EBE um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu ([2]) og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2082/2000 frá 6. september 2000 um samþykkt á stöðlum Evrópustofnunar um flugumferðaröryggi og breytingu á tilskipun 97/15/EB ([3]) og (EB) nr. 980/2002 frá 4. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2082/2000.

19) Með tilliti til réttaröryggis er mikilvægt að tryggja að efni tiltekinna ákvæða í löggjöf Bandalagsins, sem samþykkt voru á grundvelli tilskipunar 93/65/EBE, haldist í gildi óbreytt. Það mun taka nokkurn tíma að samþykkja, samkvæmt þessari reglugerð, framkvæmdarreglur sem samsvara slíkum ákvæðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Innan gildissviðs rammareglugerðarinnar varðar þessi reglugerð rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. Þessi reglugerð skal gilda um kerfin, hluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglur sem tilgreind eru í I. viðauka.

3. Markmið þessarar reglugerðar er að ná fram rekstrarsamhæfi milli mismunandi kerfa, hluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglna evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til viðkomandi innlendra reglna. Þessi reglugerð miðar einnig að því að tryggja samræmda og skjóta innleiðingu nýrra, umsaminna og fullgiltra hugmynda í rekstri og tækni við rekstrarstjórnun flugumferðar.

II. KAFLI

GRUNNKRÖFUR, FRAMKVÆMDARREGLUR UM REKSTRARSAMHÆFI OG BANDALAGSFORSKRIFTIR

2. gr.

Grunnkröfur

Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess, kerfishlutar og tilheyrandi verklagsreglur skulu uppfylla grunnkröfurnar. Grunnkröfurnar eru settar fram í II. viðauka.

3. gr.

Framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi

1. Semja skal framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi, eftir því sem nauðsynlegt er, til að ná markmiðum þessarar reglugerðar með samfelldum hætti.

([1]) Stjtíð. EB L 187, 29.7.1993, bls. 52. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 95, 10.4.1997, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2082/2000 (Stjtíð. EB L 254, 9.10.2000, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 254, 9.10.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 980/2002 (Stjtíð. EB L 150, 8.6.2002, bls. 38).

2. Kerfi, hlutar þeirra og tilheyrandi verklagsreglur skulu vera í samræmi við viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi allan endingartímann.

3. Í framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi skal einkum:

a) ákvarða allar sértækar kröfur sem koma til fyllingar eða skerpa á grunnkröfunum einkum með tilliti til öryggis, samfellds rekstrar og afkasta, og/eða

b) lýsa, eftir því sem við á, öllum sértækum kröfum sem koma til fyllingar eða skerpa á grunnkröfunum, einkum með tilliti til samræmdar innleiðingar nýrra, umsaminna og fullgiltra hugmynda í rekstri eða nýrrar tækni, og/eða

c) ákvarða kerfishlutana, þegar um er að ræða kerfi og/eða

d) lýsa sértækum aðferðum við samræmismat sem, eftir því sem við á, kalla á þátttöku tilkynntra aðila, eins og um getur í 8. gr., og byggjast á aðferðareiningunum sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/65/EBE og sem nota skal til að meta annaðhvort samræmi eða nothæfi kerfishlutanna sem og til sannprófunar á kerfum og/eða

e) tilgreina skilyrðin fyrir framkvæmd og, eftir því sem við á, daginn þegar allir viðkomandi hagsmunaaðilar skulu hafa uppfyllt þau.

4. Við undirbúning, samþykkt og endurskoðun framkvæmdarreglna um rekstrarsamhæfi skal taka tillit til áætlaðs kostnaðar og ávinnings af þeim tæknilausnum, sem nota má til að uppfylla reglurnar, með það fyrir augum að finna hagkvæmustu lausnina með tilhlýðilegu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja það háa öryggisstig sem samið hefur verið um. Mat á kostnaði og ávinningi af þessum lausnum fyrir alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila skal fylgja öllum drögum að framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

5. Setja skal framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi í samræmi við málsmeðferðina skv. 8. gr. í rammareglugerðinni.

4. gr.

Bandalagsforskriftir

1. Heimilt er að ákveða Bandalagsforskriftir til að ná markmiði þessarar reglugerðar. Slíkar forskriftir geta verið:

a) evrópustaðlar fyrir kerfi eða hluta þeirra, ásamt viðkomandi verklagsreglum, sem evrópskar staðlastofnanir semja, í samvinnu við Evrópusamtök um búnað í almenningsflugi, í umboði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 6. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]) og samkvæmt almennum viðmiðunarreglum um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og stöðlunarstofnananna sem undirritaðar voru 13. nóvember 1984

eða

b) forskriftir sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu semur um málefni er varða rekstrarsamræmingu milli veitenda flugleiðsöguþjónustu, að fenginni beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

2. Gengið skal út frá því að grunnkröfurnar og/eða framkvæmdarreglurnar um rekstrarsamhæfi séu uppfylltar fyrir þau kerfi, ásamt tilheyrandi verklagsreglum, og þá kerfishluta sem uppfylla viðeigandi Bandalagsforskriftir en tilvísunarnúmer þessara Bandalagsforskrifta hafa verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta tilvísanir í Evrópustaðlana, sem um getur í a-lið 1. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta tilvísanir í forskriftir Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, sem um getur í b-lið 1. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

5. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samræmi við birta Bandalagsforskrift tryggi ekki að farið sé að grunnkröfunum og/eða framkvæmdarreglunum um rekstrarsamhæfi, sem fyrrnefndri Bandalagsforskrift er ætlað að taka til, gildir málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

6. Ef um er að ræða galla á birtum Evrópustöðlum er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar og að höfðu samráði við nefndina, sem komið var á fót skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, að draga staðlana sem um er að ræða til baka, að hluta eða í heild, úr ritunum, þar sem þá er að finna, eða að breyta þeim.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

7. Ef um er að ræða galla á birtum forskriftum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar og að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, að draga staðlana, sem um er að ræða, til baka, að hluta eða í heild, úr ritunum, þar sem þá er að finna, eða að breyta þeim.

III. KAFLI

SANNPRÓFUN Á SAMRÆMI

5. gr.

EB-samræmisyfirlýsing eða yfirlýsing um nothæfi kerfishluta

1. Kerfishlutum skal fylgja EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi. Í III. viðauka eru talin upp einstök atriði þessarar yfirlýsingar.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal tryggja og lýsa yfir með EB-yfirlýsingunni um samræmi eða nothæfi að hann hafi beitt ákvæðunum sem mælt er fyrir um í grunnkröfunum og í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

3. Gengið skal út frá því að grunnkröfurnar og viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi séu uppfylltar að því er varðar þá kerfishluta sem EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi fylgir.

4. Í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi skulu tilgreind, eftir því sem við á, þau verkefni sem lúta að mati á samræmi eða nothæfi kerfishluta og tilkynntu stofnanirnar, sem um getur í 8. gr., skulu inna af hendi.

6. gr.

EB-yfirlýsing um sannprófun kerfa

1. Kerfi skulu gangast undir EB-sannprófun, af hálfu þess sem veitir flugleiðsöguþjónustu, í samræmi við viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi í því skyni að tryggja að þau uppfylli grunnkröfurnar í þessari reglugerð og framkvæmdarreglurnar um rekstrarsamhæfi þegar þau eru felld inn í evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. Áður en kerfi er tekið í notkun skal veitandi flugleiðsöguþjónustunnar útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun, sem staðfestir samræmi, og leggja hana fyrir innlenda eftirlitsyfirvaldið ásamt tækniskjölum.

Í IV. viðauka eru talin upp einstök atriði þessarar yfirlýsingar og tækniskjalanna. Innlenda eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að krefjast viðbótarupplýsinga sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með slíku samræmi.

3. Í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi skulu tilgreind, eftir því sem við á, þau verkefni sem lúta að sannprófun kerfa og tilkynntu stofnanirnar, sem um getur í 8. gr., skulu inna af hendi.

4. EB-yfirlýsingin um sannprófun skal vera með fyrirvara um hvers kyns mat sem nauðsynlegt kann að vera fyrir eftirlitsyfirvaldið að framkvæma af öðrum ástæðum en rekstrarsamhæfi.

7. gr.

Verndarráðstafanir

1. Ef innlent eftirlitsyfirvald kemst að raun um að:

a) kerfishluti, sem fylgir EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi eða

b) kerfi, sem fylgir EB-yfirlýsing um sannprófun,

uppfyllir ekki grunnkröfurnar og/eða viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi skal það, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja öryggi og samfellu í rekstri, grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að takmarka notkunarsvið kerfishlutans eða kerfisins, sem um er að ræða, eða banna að aðilar, sem heyra undir ábyrgð innlenda eftirlitsyfirvaldsins, noti þau.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ráðstafanir og greina frá ástæðum fyrir þeim og einkum hvort það telji að grunnkröfurnar séu ekki uppfylltar af þeirri ástæðu að:

a) kerfið eða kerfishlutinn standist ekki grunnkröfurnar;

b) beiting framkvæmdarreglnanna um rekstrarsamhæfi og/eða Bandalagsforskrifta sé röng,

c) gallar séu á framkvæmdarreglunum um rekstrarsamhæfi og/eða Bandalagsforskriftum.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi málsaðila eins fljótt og auðið er. Að höfðu slíku samráði skal framkvæmdastjórnin greina aðildarríkinu frá niðurstöðum sínum og hvort það telji að ráðstafanirnar, sem innlenda eftirlitsyfirvaldið gerði, séu réttmætar.

4. Komist framkvæmdastjórnin að því að ráðstafanirnar, sem innlenda eftirlitsyfirvaldið grípur til, séu ekki réttlætanlegar skal það krefjast þess að hlutaðeigandi aðildarríki tryggi að þær séu afturkallaðar án tafar. Hún skal þegar í stað tilkynna framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu um þetta.

5. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að grunnkröfurnar séu ekki uppfylltar sökum rangrar beitingar framkvæmdarreglnanna um rekstrarsamhæfi og/eða Bandalagsforskrifta skal hlutaðeigandi aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim sem gaf út yfirlýsinguna um samræmi eða nothæfi eða EB-yfirlýsinguna um sannprófun og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

6. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því að grunnkröfurnar eru ekki uppfylltar vegna galla í Bandalagsforskriftum gildir málsmeðferðin sem um getur í 6. eða 7. mgr. 4. gr.

8. gr.

Tilkynntir aðilar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða aðila þau hafa tilnefnt til að inna af hendi verkefnin er lúta að matinu á samræmi eða nothæfi, sem um getur í 5. gr., og/eða sannprófunina, sem um getur í 6. gr., og gefa upp verksvið hvers aðila og kenninúmer sem framkvæmdastjórnin úthlutar. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir aðilana, kenninúmer þeirra og verksvið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og tryggja að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita viðmiðunum, sem kveðið er á um í V. viðauka, við mat á aðilum sem á að tilkynna. Aðilar, sem standast matsviðmiðanirnar sem kveðið er á um í viðeigandi Evrópustöðlum, teljast standast fyrrnefndar viðmiðanir.

3. Aðildarríki skal afturkalla tilkynningu um aðila sem stenst ekki lengur viðmiðanirnar sem um getur í V. viðauka. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það þegar í stað.

4. Með fyrirvara um kröfurnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., er aðildarríkjum heimilt að ákveða að tilnefna stofnanirnar, sem eru viðurkenndar í samræmi við 3. gr. í þjónustureglugerðinni, sem tilkynnta aðila.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

9. gr.

Endurskoðun viðauka

Ef um er að ræða tæknilega eða rekstrarlega þróun er heimilt að breyta I. og II. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

10. gr.

Bráðabirgðafyrirkomulag

1. Frá og með 20. október 2005 skulu grunnkröfurnar gilda um það þegar kerfi og kerfishlutar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar eru tekin í notkun ef það er ekki tilgreint með öðrum hætti í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

2. Þess skal krafist að kerfi og kerfishlutar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, sem eru nú í notkun, uppfylli grunnkröfurnar eigi síðar en 20. apríl 2011 ef það er ekki tilgreint með öðrum hætti í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

3. Ef kerfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar hafa verið pöntuð eða bindandi samningar þess efnis hafa verið undirritaðir:

— fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar eða, eftir því sem við á,

— fyrir gildistökudag einnar eða fleiri viðkomandi framkvæmdarreglna um rekstrarsamhæfi,

þannig að ekki er hægt að tryggja að grunnkröfurnar og/eða viðkomandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi séu uppfylltar innan tímamarkanna, sem um getur í 1. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki veita framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um grunnkröfurnar og/eða framkvæmdarreglurnar um rekstrarsamhæfi ef bent hefur verið á að óvissa ríki um hvort kröfurnar hafi verið uppfylltar.

Framkvæmdastjórnin skal hefja samráð við hlutaðeigandi aðila og eftir það skal hún taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni.

11. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 93/65/EBE og 97/15/EB og reglugerðir (EB) nr. 2082/2000 og 980/2002 skulu felldar úr gildi 20. október 2005.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR KERFI FYRIR FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU

Að því er varðar þessa reglugerð er evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skipt í átta kerfi.

1. Kerfi og verklagsreglur fyrir stjórnun loftrýmis.
2. Kerfi og verklagsreglur fyrir flæðisstjórnun flugumferðar.
3. Kerfi og verklagsreglur fyrir flugumferðarþjónustu, einkum fluggagnavinnslukerfi, kögunargagnavinnslukerfi og kerfi fyrir notendaskil.
4. Fjarskiptakerfi og verklagsreglur fyrir fjarskipti milli jarðstöðva, milli loftfara og jarðstöðva og milli loftfara.
5. Leiðsögukerfi og verklagsreglur fyrir leiðsögu.
6. Kögunarkerfi og verklagsreglur fyrir kögun.
7. Kerfi og verklagsreglur fyrir upplýsingaþjónustu flugmála.
8. Kerfi og verklagsreglur fyrir notkun veðurupplýsinga.

II. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR

A-hluti: Almennar kröfur

Þetta eru kröfur sem eiga við um allt netið og gilda almennt um öll kerfin sem eru tilgreind í I. viðauka.

1. *Samfelldur rekstur*

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kerfa og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, með þeim hætti að samfelldur rekstur evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sé ávallt tryggður á öllum stigum flugs. Samfelldur rekstur felst einkum í upplýsingaskiptum, þ.m.t. allar upplýsingar sem máli skipta um rekstrarstöðu, í sameiginlegum skilningi á upplýsingum, sambærilegri nákvæmni í gagnavinnslu og tilheyrandi verklagsreglum en þetta gerir kleift að ná umsömdum, sameiginlegum rekstrarafköstum fyrir allt evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar að hluta eða í heild.

2. *Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir*

Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar skulu styðja, á samræmdum grunni, nýjar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir sem auka gæði og skilvirkni flugleiðsöguþjónustu, einkum með tilliti til öryggis og afkasta.

Skoða skal möguleika nýrra hugmynda, s.s. sameiginlega ákvarðanatöku, aukna sjálfvirkni og aðrar aðferðir við að úthluta skiptri ábyrgð, að teknu tilhlýðilegu tilliti til tækniþróunar og öruggrar framkvæmdar hugmyndanna í kjölfar fullgildingar.

3. *Öryggi*

Kerfi og rekstur evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skulu ná því háa öryggisstigi sem samið hefur verið um. Koma skal á umsömdum aðferðum við öryggisstjórnun og skýrslugjöf til að ná þessu fram.

Með tilliti til viðeigandi kerfa á jörðu niðri eða hluta þeirra skal þetta háa öryggisstig aukið með öryggisnetum sem skulu uppfylla umsamdar, sameiginlegar gæðakröfur.

Samræmt safn öryggiskrafna varðandi hönnun, notkun, viðhald og rekstur kerfa og hluta þeirra, bæði við venjulegar og ófullkomnar rekstraraðstæður, skal sett fram með það að markmiði að ná fram umsömdu öryggi á öllum stigum flugs og fyrir allt evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kerfa með þeim hætti að verkefnin, sem falin eru starfsfólki sem starfar við eftirlit, séu innan mannlegrar getu, bæði við venjulegar og ófullkomnar rekstraraðstæður, og í samræmi við það öryggisstig sem krafist er.

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kerfa með þeim hætti að venjulegt rekstrarumhverfi kerfanna verði ekki fyrir skaðlegum truflunum.

4. *Samvinna um almenningsflug og herflug*

Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar skulu styðja stigvaxandi samræmingu almenningsflugs og herflugs, að því marki sem nauðsynlegt er fyrir skilvirka stjórnun loftrýmis og flæðisstjórnun flugumferðar, og örugga og skilvirka notkun loftrýmis allra notenda með því að koma hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í framkvæmd.

Til að ná þessum markmiðum skal evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar þeirra styðja tímanleg skipti milli borgaralegra og hernaðarlegra aðila á réttum og samræmdum upplýsingum sem taka til allra stiga flugsins.

Taka skal tillit til krafna er varða þjóðaröryggi.

5. *Umhverfistakmarkanir*

Í kerfum og rekstri evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal tekið tillit til nauðsynjar þess að halda umhverfisáhrifum í lágmarki í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

6. *Meginreglur um rökræna högun kerfa*

Kerfi skulu hönnuð og smám saman samþætt með það að markmiði að ná fram samfelldri og sífellt samræmdari, þróaðri og fullgiltri rökrænni högun innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

7. *Meginreglur um smíði kerfa*

Kerfi skulu hönnuð, smíðuð og þeim haldið við á grundvelli áreiðanlegrar verkfræðikunnáttu, einkum að því er varðar einingastig, þannig að unnt sé að skipta út hlutum, framboð á þeim sé mikið, varakerfi séu fyrir hendi og mikilvægir kerfishlutar séu bilanaþolnir.

B-hluti: Sértækar kröfur

Þetta eru kröfurnar sem eru sértækar fyrir hvert kerfanna og sem koma til fyllingar eða skerpa á almennu kröfunum.

1. *Kerfi og verklagsreglur fyrir stjórnun loftrýmis*

1.1. Samfelldur rekstur

Veita skal öllum hlutaðeigandi aðilum upplýsingar með réttum hætti og tímanlega um þætti, er varða forlausnir og úrlausnir með tilliti til tiltækileika loftrýmis, til að tryggja öllum loftrýmisnotendum skilvirka úthlutun og notkun loftrýmisins. Í þessu tilliti skal taka mið af kröfum er varða þjóðaröryggi.

2. *Kerfi og verklagsreglur fyrir flæðisstjórnun flugumferðar*

2.1. Samfelldur rekstur

Kerfi og verklagsreglur fyrir flæðisstjórnun flugumferðar skulu styðja skipti á réttum, samfelldum og viðeigandi flugupplýsingum er varða skipulag, forlausnir og úrlausnir, eftir því sem við á, og taka til flugs á öllum stigum og bjóða upp á möguleika á skoðanaskiptum í því skyni að ná sem bestri nýtingu loftrýmis.

3. *Kerfi og verklagsreglur fyrir flugumferðarþjónustu*

3.1. *Fluggagnavinnslukerfi*

3.1.1. Samfelldur rekstur

Fluggagnavinnslukerfi skulu vera rekstrarsamhæf, að því er varðar tímanleg skipti á réttum og samræmdum upplýsingum og sameiginlegan, rekstrarlegan skilning á þessum upplýsingum, til að tryggja samfellt og samræmt skipulagsferli og úrlausnasamræmingu, með skilvirkri notkun gagna í öllu evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar á öllum stigum flugs.

Til að tryggja örugga, samfellda og hraðvirka gagnavinnslu innan alls evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal nákvæmni í fluggagnavinnslu vera sambærileg og viðeigandi fyrir tiltekið umferðarsvæði (á jörðu, í aðflugi eða brottflugi (TMA) og í leiðarflugi) sem er með þekktum umferðareinkennum og er hagnýtt samkvæmt umsaminni og fullgiltri rekstrarhugmynd, einkum með tilliti til nákvæmni og villumarka fyrir niðurstöður úr vinnslunni.

3.1.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Fluggagnavinnslukerfi skulu vera þannig gerð að hægt sé að innleiða smám saman þróaðar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir fyrir öll stig flugs.

Eiginleikar tækja, sem byggjast að miklu leyti á sjálfvirkni, skulu vera þannig að tækin gefi kost á samfelldri og skilvirkri vinnslu flugupplýsinga á forlausna- og úrlausnastigi í hlutum evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur flugvélakerfa og kerfa á jörðu niðri og hlutum þ eirra, sem styðja nýjar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir, þannig að þau verði rekstrarsamhæf með tilliti til tímanlegra skipta á réttum og samræmdum upplýsingum og sameiginlegs skilnings á rekstrarstöðunni á hverjum tíma og á áætlaðri rekstrarstöðu.

3.2. Kögunargagnavinnslukerfi

3.2.1. Samfelldur rekstur

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kögunargagnavinnslukerfa með þeim hætti að ná megi tilskildri afkastagetu og gæðum þjónustu á tilteknu umferðarsvæði (á jörðu, í aðflugi eða brottflugi og í leiðarflugi) sem er með þekktum umferðareinkennum, einkum með tilliti til þess að reiknaðar niðurstöður séu nákvæmar og áreiðanlegar og upplýsingar á starfstöð flugumferðarstjóra séu réttar, heildstæðar, tiltækar, samfelldar og tímanlegar.

Kögunargagnavinnslukerfi skulu vera þannig gerð að hægt sé að skiptast tímanlega á upplýsingum, sem eru viðeigandi, nákvæmar, samræmdar og samfelldar, til að tryggja sem bestan rekstur í mismunandi hlutum evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

3.2.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Kögunargagnavinnslukerfi skulu vera þannig gerð að hægt sé að nýta nýjar kögunarupplýsingalindir, sem smám saman verða tiltækar, til að bæta gæði þjónustunnar í heild.

3.3. Kerfi fyrir notendaskil

3.3.1. Samfelldur rekstur

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur notendaskila fyrir flugumferðarstjórnunarkerfi á jörðu niðri með þeim hætti að öllum flugumferðarstjórum standi smám saman til boða samræmt starfsumhverfi, þ.m.t. að því er varðar aðgerðir og vinnuvistfræði, sem gerir kleift að ná þeirri afkastagetu sem krafist er fyrir tiltekið umferðarsvæði (á jörðu, í aðflugi og brottflugi og í leiðarflugi) sem er með þekktum umferðareinkennum.

3.3.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Kerfi fyrir notendaskil skulu vera þannig gerð að hægt sé að innleiða smám saman nýjar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir og aukna sjálfvirkni með þeim hætti að verkefnin, sem falin eru flugumferðarstjórum, séu innan mannlegrar getu, bæði við venjulegar og ófullkomnar rekstraraðstæður.

4. *Fjarskiptakerfi og verklagsreglur fyrir fjarskipti milli jarðstöðva, milli loftfara og jarðstöðva og milli loftfara*

4.1. Samfelldur rekstur

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur fjarskiptakerfa með þeim hætti að tilskilin afkastageta, náist innan tiltekins hluta loftrýmis eða fyrir sértæka notkun, einkum með tilliti til vinnslutíma, heildstæði, tiltækileika og samfelldrar virkni.

Fjarskiptanetið innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal vera með þeim hætti að kröfur um gæði þjónustu, drægi og varakerfi séu uppfylltar.

4.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Fjarskiptakerfi skulu styðja að innleiddar séu þróaðar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir fyrir öll stig flugs.

5. *Leiðsögukerfi og verklagsreglur við leiðsögu*

5.1. Samfelldur rekstur

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur leiðsögukerfa með þeim hætti að ná megi tilskilinni nákvæmni í láréttri og lóðréttri flugleiðsögu, einkum með tilliti til nákvæmni og virkni á tilteknu umferðarsvæði (á jörðu, í aðflugi eða brottflugi og í leiðarflugi) sem er með þekktum umferðareinkennum og er notað samkvæmt umsaminni og fullgiltri rekstrarhugmynd.

6. *Kögunarkerfi og verklagsreglur við kögun*

6.1. Samfelldur rekstur

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kögunarkerfa með þeim hætti að ná megi tilskildri afkastagetu á tilteknu umferðarsvæði (á jörðu, í aðflugi eða brottflugi og í leiðarflugi), sem er með þekktum umferðareinkennum og er notað samkvæmt umsaminni og fullgiltri rekstrarhugmynd, einkum með tilliti til nákvæmni, útbreiðslu, drægi og gæða þjónustu.

Kögunarnetið innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal vera með þeim hætti að kröfur um nákvæmni, tímanleika, útbreiðslu og varakerfi séu uppfylltar. Kögunarnetið skal gera kleift að skiptast á kögunargögnum til að bæta rekstur innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

7. *Kerfi og verklagsreglur fyrir upplýsingaþjónustu flugmála*

7.1. Samfelldur rekstur

Nákvæmar, tímanlegar og samræmdar flugmálaupplýsingar skulu veittar smám saman á rafrænu formi sem byggist á sameiginlegu, umsömdu og stöðluðu gagnamengi.

Nákvæmar og samræmdar flugmálaupplýsingar, einkum um kerfi og hluta þeirra í lofti og á jörðu niðri, skulu gerðar tiltækar tímanlega.

7.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Flugmálaupplýsingar, sem verða sífellt nákvæmari, ítarlegri og betur uppfærðar, skulu gerðar tiltækar og notaðar tímanlega í því skyni að efla stöðugar úrbætur í skilvirkri notkun loftrýmis og flugvalla.

8. *Kerfi og verklagsreglur fyrir notkun á veðurupplýsingum*

8.1. Samfelldur rekstur

Kerfi og verklagsreglur fyrir notkun á veðurupplýsingum skulu bæta samræmi og tímanleika í birtingu upplýsinganna og gæði framsetningar þeirra með því að nota umsamið gagnamengi.

8.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Kerfi og verklagsreglur fyrir notkun á veðurupplýsingum skulu gera þær tiltækar með skjótari hætti og notkun þeirra hraðvirkari í því skyni að gera notkun loftrýmis og flugvalla stöðugt skilvirkari.

III. VIÐAUKI

KERFISHLUTAR

EB-yfirlýsing um:

— samræmi

— nothæfi

1. *Kerfishlutar*

Kerfishlutarnir verða tilgreindir í framkvæmdarreglunum um rekstrarsamhæfi í samræmi við ákvæði 3. gr. í þessari reglugerð.

2. *Gildissvið*

EB-yfirlýsingin nær til:

— annaðhvort mats á samræmi kerfishluta við Bandalagsforskriftir, sem um hann gilda þegar hann er skoðaður einn og sér, eða

— mats á eða úrskurðar um nothæfi kerfishluta þegar hann er skoðaður í því rekstrarstjórnunarumhverfi flugumferðar þar sem hann er notaður. Matsaðferðirnar, sem tilkynntu aðilarnir beita á hönnunar- og framleiðslustigum, byggjast á aðferðareiningunum, sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

3. *Innihald EB-yfirlýsingarinnar*

EB-yfirlýsingin um samræmi eða nothæfi og fylgiskjöl með henni skulu vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og leiðbeiningarnar og í henni þarf eftirfarandi að koma fram:

— tilvísanir í reglugerðina,

— heiti og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan Bandalagsins (gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang en ef um viðurkenndan fulltrúa er að ræða skal einnig gefa upp viðskiptaheiti framleiðanda),

— lýsing á kerfishlutanum,

— lýsing á aðferðinni sem notuð er til að lýsa yfir samræmi eða nothæfi (5. gr. í þessari reglugerð),

— öll ákvæði sem eiga við um kerfishlutann, einkum notkunarskilyrðin,

— ef við á, heiti og heimilisfang tilkynnta aðilans (aðilanna), sem koma að málsmeðferðinni sem beitt er við að ákvarða samræmi eða nothæfi, og dagsetning prófunarvottorðsins ásamt gildistíma vottorðsins og skilyrðum fyrir gildi þess, eftir því sem við á,

— ef við á, tilvísun í Bandalagsforskriftirnar sem fylgt er,

— deili á undirritunaraðilanum sem fengið hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu.

IV. VIÐAUKI

KERFI

EB-yfirlýsing um sannprófun kerfa

Sannprófunaraðferð fyrir kerfi

1. *Efni EB-yfirlýsingar um sannprófun kerfa*

EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölin og í henni þarf eftirfarandi að koma fram:

— tilvísanir í reglugerðina,

— heiti og heimilisfang þess sem veitir flugleiðsöguþjónustuna (viðskiptaheiti og fullt heimilisfang),

— stutt lýsing á kerfinu,

— lýsing á aðferðinni sem notuð er til að lýsa yfir samræmi kerfisins (6. gr. í þessari reglugerð),

— heiti og heimilisfang tilkynnta aðilans sem innti af hendi þau verkefni er lúta að sannprófuninni, eftir því sem við á,

— tilvísanir til einstakra tækniskjala,

— ef við á, tilvísun í Bandalagsforskriftirnar,

— öll viðeigandi bráðabirgðaákvæði eða endanleg ákvæði sem kerfi þurfa að samrýmast, einkum, ef við á, takmarkanir á rekstri eða skilyrði fyrir honum,

— gildistími EB-yfirlýsingarinnar sé hún tímabundin,

— deili á undirritunaraðilanum.

2. *Sannprófunaraðferð fyrir kerfi*

Sannprófun á kerfum er aðferð þar sem veitandi flugleiðsöguþjónustunnar skoðar kerfi og vottar að það sé í samræmi við þessa reglugerð og að heimilt sé að taka það í notkun á grundvelli þessarar reglugerðar. Kerfið er skoðað með tilliti til eftirfarandi þátta:

— heildarhönnunar,

— þróunar og samþættingar kerfisins, þ.m.t. einkum samsetning kerfishluta þess og heildarstilling,

— samþættingar kerfisins að því er varðar rekstur,

— sérstakra ákvæða um viðhald kerfisins ef við á.

Ef þátttöku tilkynnts aðila er krafist í viðkomandi framkvæmdarreglu um rekstrarsamhæfi skal tilkynnti aðilinn, eftir að hafa innt af hendi verkefnin sem honum ber skylda til í samræmi við regluna, semja samræmisvottorð í tengslum við verkefnin sem hann innti af hendi. Þetta vottorð er ætlað þeim sem veitir flugleiðsöguþjónustu. Þessi veitandi flugleiðsöguþjónustu semur síðan EB-yfirlýsingu um sannprófun sem ætluð er innlenda eftirlitsyfirvaldinu.

3. *Tækniskjöl*

Í tækniskjölunum, sem fylgja EB-yfirlýsingunni um sannprófun, þurfa að vera öll nauðsynleg gögn er varða eiginleika kerfisins, þ.m.t. skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun, sem og gögn sem votta samræmi kerfishlutanna eftir því sem við á. Eftirfarandi gögn skulu a.m.k. fylgja með:

— tilgreining á viðkomandi hlutum tækniforskriftanna, sem notaðir eru til innkaupa, sem tryggja samræmi við gildandi framkvæmdarreglur um rekstrarsamhæfi og, eftir því sem við á, Bandalagsforskriftanna,

— skrá yfir kerfishlutana, eins og um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar,

— afrit af EB-yfirlýsingunni um samræmi eða nothæfi, sem þarf að fylgja fyrrnefndum kerfishlutum í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, ásamt, ef við á, afriti af skýrslum um prófanir og rannsóknir sem tilkynntu aðilarnir hafa gert,

— ef tilkynntur aðili hefur tekið þátt í sannprófun á kerfinu eða kerfunum, vottorð, meðárituð af honum sjálfum, þar sem fram kemur að kerfið sé í samræmi við þessa reglugerð og settir eru fram fyrirvarar sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi,

— ef tilkynntur aðili hefur ekki tekið þátt í sannprófuninni, skrá yfir prófanir og útfærslur á uppsetningu sem gerðar eru til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar og sérstakar kröfur sem er að finna í viðkomandi framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi.

4. *Afhending*

Tækniskjölin skulu fylgja EB-yfirlýsingunni um sannprófun sem sá sem veitir flugleiðsöguþjónustuna afhendir innlendu eftirlitsyfirvaldi. Sá sem veitir flugleiðsöguþjónustuna skal geyma afrit af tækniskjölunum svo lengi sem kerfið er í notkun. Hann skal senda þau til annarra aðildarríkja sé þess óskað.

V. VIÐAUKI

TILKYNNTIR AÐILAR

1. Aðilinn, forstöðumaður hans og starfsmenn, sem annast skoðun, mega ekki hafa afskipti, hvorki bein né sem viðurkenndir fulltrúar, af hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða viðhaldi kerfishlutanna eða kerfanna, né heldur af rekstri þeirra. Þetta útilokar þó ekki að framleiðandinn eða sá sem annast smíðina og samþykkti aðilinn geti skipst á tæknilegum upplýsingum.

2. Aðilinn og starfsmenn hans, sem annast skoðun, skulu gæta þess að hún sé í hvívetna unnin af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og skulu þeir vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem niðurstöður athugana hafa áhrif á.

3. Aðilinn skal ráða til sín starfslið og hafa aðstöðu til að vinna á fullnægjandi hátt þau tæknilegu verkefni og stjórnunarverkefni sem tengjast framkvæmd skoðana, hann skal einnig hafa til umráða nauðsynlegan búnað fyrir skoðanir sem heyra til undantekninga.

4. Starfsmenn, sem annast skoðun, skulu hafa:

   — trausta tækni- og starfsþjálfun,

   — næga þekkingu á þeim kröfum, sem gerðar eru við skoðanir sem þeir framkvæma, og næga starfsreynslu við slíkar aðgerðir,

   — tilskilda kunnáttu í að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að þessar skoðanir hafi farið fram.

5. Hlutleysi skoðunarmanna þarf að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera bundin fjölda þeirra skoðana, sem gerðar eru, né niðurstöðum slíkra skoðana.

6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema aðildarríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á skoðununum.

7. Starfsmenn aðilans skulu fara með allar upplýsingar, sem þeir fá við að inna af hendi störf sín samkvæmt þessari reglugerð, sem trúnaðarmál.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/18/EB 2008/EES/68/22

frá 31. mars 2004

um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 9. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tengslum við nýjar breytingar sem gera þarf á tilskipunum ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu ([5]), 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup ([6]) og 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga ([7]), en þessar breytingar eru nauðsynlegar til að mæta kröfum þeim um einföldun og nútímavæðingu sem bæði samningsyfirvöld og rekstraraðilar settu fram í andsvörum sínum við grænbókinni sem framkvæmdastjórnin samþykkti 27. nóvember 1996, skal, til glöggvunar, endursemja tilskipanirnar og steypa þeim saman í einn texta. Þessi tilskipun er byggð á dómaframkvæmd dómstólsins, einkum að því er varðar forsendur fyrir vali tilboðs, sem skýrir möguleika samningsyfirvalda á því að uppfylla þarfir almennings sem málið varðar, t.d. á sviði umhverfis- og/eða félagsmála, að því tilskildu að slíkar forsendur tengist efni samningsins, veiti samningsyfirvaldi ekki ótakmarkað valfrelsi, séu skýrt orðaðar og í samræmi við grundvallarreglurnar sem nefndar eru í 2. forsendu.

2) Samningar, sem eru gerðir í aðildarríkjunum fyrir hönd ríkisins eða svæðis- eða staðaryfirvalda og annarra aðila sem lúta stjórn opinberra lögaðila, falla undir meginreglur sáttmálans, einkum meginregluna um frjálsa vöruflutninga, meginregluna um staðfesturétt og meginregluna um frelsi til að veita þjónustu og reglur sem af þeim leiða, t.d. meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhófsregluna og meginregluna um gagnsæi. Sé um að ræða opinbera samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti er þó rétt að setja ákvæði, sem eru byggð á þessum meginreglum, um að samræma, á vettvangi Bandalagsins, reglur um útboð og gerð samninga í einstökum ríkjum í Bandalaginu til að tryggja áhrif meginreglnanna og sjá til þess að opnað sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum. Þessi samræmingarákvæði ber því að túlka bæði samkvæmt fyrrgreindum meginreglum og öðrum reglum sáttmálans.

3) Slík samræmingarákvæði skal laga, eftir því sem unnt er, að núgildandi reglum og starfsvenjum í hverju einstöku aðildarríki.

4) Ef aðili, sem heyrir undir opinberan rétt, tekur þátt í útboðsferli opinbers samnings sem bjóðandi skulu aðildarríkin tryggja að það valdi engri röskun á samkeppni gagnvart einkaaðilum sem eru jafnframt bjóðendur.

5) Samkvæmt 6. gr. sáttmálans ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu Bandalagsins og starfsemi, sem um getur í 3. gr. sáttmálans, einkum með það fyrir augum að efla sjálfbæra þróun. Í þessari tilskipun er því skýrt hvernig samningsyfirvöld geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB C 29 E, 30.1.2001, bls. 11 og Stjtíð. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 210.

([2]) Stjtíð. EB C 193, 10.7.2001, bls. 7.

([3]) Stjtíð. EB C 144, 16.5.2001, bls. 23.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 271 E, 7.11.2002, bls. 176), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20 mars 2003 (Stjtíð. ESB C 147 E, 24.6.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([7]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

6) Ekkert í þessari tilskipun á að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra eða varðveita plöntur, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum.

7) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) ([1]) var einkum samþykktur samningurinn um opinber innkaup, sem gerður var innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hér á eftir nefndur „samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“, en hann er gerður í þeim tilgangi að setja marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur í tengslum við opinbera samninga með það fyrir augum að auka frelsi í alþjóðaviðskiptum og efla þau.

Í ljósi alþjóðlegra réttinda og skuldbindinga Bandalagsins, sem leiðir af samþykkt samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, gildir það fyrirkomulag sem þar er skilgreint um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað þann samning. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ekki bein áhrif. Samningsyfirvöld, sem eru bundin af samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem fara að þessari tilskipun og beita ákvæðum hennar gagnvart rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn, skulu því uppfylla ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Einnig er rétt að þessi samræmingarákvæði tryggi rekstraraðilum í Bandalaginu þátttökuskilyrði í opinberum innkaupum sem eru allt eins hagstæð og þau skilyrði sem bjóðast rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

8) Áður en útboðsferli samnings hefst geta samningsyfirvöld, með tæknilegum skoðanaskiptum, leitað ráða eða þegið ráð sem geta komið að gagni við gerð útboðsskilmála en þó því aðeins að slík ráðgjöf verði ekki til þess að hindra samkeppni.

9) Í ljósi þess hve opinberir verksamningar eru fjölbreytilegir skulu samningsyfirvöld geta valið um hvort þau gera samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samning sameiginlega eða aðgreint. Ákvörðun um hvort samningur skuli gerður aðgreint eða sameiginlega skal tekin með tilliti til gæðaviðmiðana og hagrænna viðmiðana sem kunna að vera ákveðnar í landslögum.

10) Samningur skal því aðeins teljast opinber verksamningur að efni hans varði sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í I. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Opinberir þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka samninginn sem opinberan verksamning að hann taki til slíkra verka.

11) Setja skal fram skilgreiningu Bandalagsins á rammasamningum ásamt sérstökum reglum um rammasamninga sem eru gerðir í tengslum við samninga sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þegar samningsyfirvald gerir rammasamning í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar auglýsingar, tímafresti og skilyrði fyrir framlagningu tilboða, getur það, samkvæmt þessum reglum, gengið til samninga á grundvelli og innan gildistíma slíks rammasamnings, annaðhvort með því að nota skilmála rammasamningsins eða, ef ekki hafa allir skilmálar verið ákveðnir fyrir fram í rammasamningnum, með því að bjóða aðilum að rammasamningnum að leggja á ný fram tilboð varðandi þá skilmála sem ekki voru ákveðnir áður. Ef óskað er eftir nýjum tilboðum skal fara að ákveðnum reglum sem hafa þann tilgang að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og að almennar meginreglur séu virtar, einkum meginreglan um jafna meðferð. Af sömu ástæðu gilda skilmálar rammasamningsins ekki lengur en í fjögur ár nema í tilvikum sem samningsyfirvöld geta fært gild rök fyrir.

12) Stöðugt er unnið að því að þróa nýja rafræna innkaupatækni. Slík tækni stuðlar að aukinni samkeppni og hagræðingu í opinberum innkaupum, einkum vegna þess að notkun hennar sparar bæði tíma og fjármuni. Samningsyfirvöld geta nýtt sér rafræna innkaupatækni, að því tilskildu að slík not samrýmist reglunum sem settar eru með þessari tilskipun og meginreglunum um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Í því samhengi getur tilboð, sem bjóðandi leggur fram, einkum þegar óskað er eftir nýjum tilboðum í tengslum við rammasamning eða virkt innkaupakerfi, verið í formi rafræns vörulista bjóðanda ef bjóðandinn nýtir sér þær samskiptaaðferðir sem samningsyfirvald hefur valið í samræmi við 42. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

13) Í ljósi hinnar öru útbreiðslu rafrænna innkaupakerfa ber að setja viðeigandi reglur nú þegar til að gera samningsyfirvöldum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem slík kerfi bjóða upp á. Með þetta í huga er nauðsynlegt að skilgreina fyllilega rafrænt, virkt innkaupakerfi fyrir algeng innkaup og mæla fyrir um sérstakar reglur um uppsetningu og rekstur slíks kerfis til að tryggja réttláta meðferð allra rekstraraðila sem vilja taka þátt. Sérhverjum rekstraraðila, sem leggur fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og uppfyllir forsendur fyrir vali, skal vera heimilt að nýta sér slíkt kerfi. Þessi innkaupatækni gerir samningsyfirvaldi kleift, með því að koma upp skrá yfir bjóðendur sem þegar hafa verið valdir og gefa nýjum bjóðendum kost á því að taka þátt, að velja úr sérlega breiðum hópi bjóðenda með notkun hins rafræna búnaðar og tryggja um leið hámarksnýtingu opinbers fjármagns með víðtækri samkeppni.

14) Þar sem líkur eru á því að notkun rafrænna uppboða fari vaxandi er rétt að setja fram skilgreiningu Bandalagsins á þeim þau og að um þau gildi sérstakar reglur til að tryggja að þau fari fram í fullu samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Því er æskilegt að sett verði ákvæði um að slík rafræn uppboð verði aðeins notuð þegar um er að ræða verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga sem hægt er að ákvarða nákvæmar forskriftir fyrir. Þetta á einkum við um endurnýjaða vöru- verk- og þjónustusamninga. Af sömu ástæðu skal einnig vera hægt að ákveða viðeigandi flokkun bjóðenda á öllum stigum rafræns uppboðs. Þegar kostur gefst á því að nota rafræn uppboð gerir það samningsyfirvöldum kleift að hvetja bjóðendur til að bjóða nýtt og lægra verð og, þegar tilboð er valið á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs, að fara fram á úrbætur í öðrum þáttum tilboðsins en verðinu. Til að tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi má einungis taka með í rafrænt uppboð þá þætti sem hægt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án allra afskipta og/eða samþykkis samningsyfirvalds, þ.e. aðeins þá þætti sem setja má fram sem magn svo að unnt sé að tilgreina þá í tölum eða sem hlutfall. Hins vegar skal ekki taka með í rafrænum uppboðum þau svið tilboða sem varða þætti sem ekki er hægt að setja fram í tölum. Þar af leiðandi skal ekki halda rafræn uppboð þegar um er að ræða tiltekna verksamninga og þjónustusamninga sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka.

15) Í aðildarríkjunum hafa þróast tilteknar, miðstýrðar innkaupaaðferðir. Ýmis samningsyfirvöld hafa það hlutverk að annast innkaup og gerð opinberra samninga eða rammasamninga fyrir önnur samningsyfirvöld. Vegna hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og hagræðingar í opinberum innkaupum. Þess vegna ber að ákveða skilgreiningu Bandalagsins á miðlægum innkaupastofnunum sem samningsyfirvöld nýta sér. Einnig ber að skilgreina hvaða skilyrði samningsyfirvöld, sem kaupa verk vörur og/eða þjónustu með milligöngu miðlægrar innkaupastofnunar, skulu uppfylla svo að þau teljist hafa farið að ákvæðum þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til meginreglnanna um bann við mismunun og jafna meðferð.

16) Svo að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum er aðildarríkjunum það í sjálfsvald sett hvort þau veita samningsyfirvöldum heimild til að nýta sér rammasamninga, miðlægar innkaupastofnanir, virk innkaupakerfi, rafræn uppboð eða samkeppnisviðræður eins og skilgreint er og kveðið á um í þessari tilskipun.

17) Því fleiri viðmiðunarfjárhæðir sem notaðar eru við beitingu samræmingarákvæðanna, því meiri vandkvæði hefur það í för með sér fyrir samningsyfirvöld. Með tilliti til myntbandalagsins skal enn fremur setja þessar viðmiðunarfjárhæðir fram í evrum. Í samræmi við það skal setja viðmiðunarfjárhæðir fram í evrum á þann hátt að það einfaldi beitingu slíkra ákvæða og tryggi um leið að farið sé að ákvæðum um viðmiðunarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi (SDR). Í þessu sambandi er einnig rétt að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem eru settar fram í evrum til að laga þær, eftir atvikum, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum.

18) Með tilliti til beitingar útboðsreglna þessarar tilskipunar og vegna eftirlits er best að skipta þjónustusviðinu í flokka sem svara til tiltekinnar flokkunar í sameiginlegu flokkunarkerfi og raða þeim í tvo viðauka, II. viðauka A og II. viðauka B, eftir því hvaða kerfi þeir falla undir. Að því er varðar þjónustu í II. viðauka B skulu ákvæði þessarar tilskipunar ekki hafa áhrif á beitingu Bandalagsreglna sem gilda sérstaklega um viðkomandi þjónustu.

19) Að því er varðar opinbera þjónustusamninga skal full beiting þessarar tilskipunar takmarkast, á aðlögunartímabili, við samninga þar sem ákvæði tilskipunarinnar gera kleift að nýta alla möguleika á auknum viðskiptum yfir landamæri. Fylgjast skal með samningum um aðra þjónustu á þessu aðlögunartímabili

áður en ákvörðun er tekin um að beita þessari tilskipun til fulls. Því er nauðsynlegt að skilgreina fyrirkomulag á slíku eftirliti. Það fyrirkomulag skal jafnframt gera hlutaðeigandi aðilum kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum.

20) Opinberir samningar, gerðir af samningsyfirvöldum sem starfa á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og sem varða slíka starfsemi, falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([1]). Samningar, sem samningsyfirvöld gera í tengslum við þjónustustarfsemi vegna sjó- og strandflutninga og flutninga á ám og vötnum, skulu þó falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

21) Vegna virkrar markaðssamkeppni í fjarskiptageiranum í kjölfar þess að Bandalagsreglur, sem miða að því að auka frelsi í þeim geira, eru komnar til framkvæmda skal undanskilja opinbera samninga á því sviði frá gildissviði þessarar tilskipunar svo fremi að þeir séu fyrst og fremst gerðir til að samningsyfirvöld geti stundað tiltekna starfsemi í fjarskiptageiranum. Slík starfsemi er skilgreind í samræmi við skilgreiningar sem notaðar eru í 1., 2. og 8. gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ([2]), á þann hátt að þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem hafa verið undanþegnir gildissviði tilskipunar 93/38/EBE skv. 8. gr. hennar.

22) Gera þarf ráð fyrir tilvikum þar sem hægt er að láta hjá líða að beita samræmingaraðgerðum af ástæðum sem tengjast ríkisöryggi eða ríkisleynd eða vegna sérstakra reglna um gerð samninga, sem byggja á milliríkjasamningum varðandi herstöðvar, eða reglna sem gilda sérstaklega um alþjóðastofnanir.

23) Samkvæmt 163. gr. sáttmálans ber að hvetja til rannsókna og tækniþróunar til að renna stoðum undir vísinda- og tæknigrundvöll iðnaðar í Bandalaginu og með því að opna aðgang að opinberum þjónustusamningum er stuðlað að því að þetta markmið náist. Þessi tilskipun gildir ekki um sameiginlega fjármögnun rannsóknar- og þróunarverkefna: rannsóknar- og þróunarsamningar falla því ekki undir þessa tilskipun nema þeir komi einungis samningsyfirvöldum til góða í eigin starfsemi og að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsyfirvaldinu.

24) Á sviði þjónustu hafa samningar um kaup eða leigu á fasteignum, eða rétt til slíkrar eignar, séreinkenni sem valda því að óheppilegt er að beita reglum um opinber innkaup.

25) Við gerð opinberra samninga um tiltekna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu fyrir hljóðvarp og sjónvarp skal taka tillit til menningarlegra og félagslegra þátta sem valda því að ekki er heppilegt að beita reglum um opinber innkaup. Af þeim sökum skal gera undantekningu vegna opinberra þjónustusamninga um kaup, þróun, framleiðslu eða sameiginlega framleiðslu á efni sem er tilbúið til notkunar og aðra undirbúningsþjónustu, t.d. varðandi handrit eða listræna framkvæmd, sem nauðsynleg er fyrir framleiðslu efnisins, svo og vegna samninga varðandi útsendingartíma. Þessi undantekning skal þó ekki gilda um afhendingu tæknilegs búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir framleiðslu, sameiginlega framleiðslu og útsendingu slíks efnis. Með útsendingu er átt við sendingu og miðlun um einhvers konar rafrænt net.

26) Gerðardóms- og sáttameðferð er vanalega veitt af aðilum eða einstaklingum sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki getur fallið undir reglur um innkaup.

27) Í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar nær fjármálaþjónusta, sem fellur undir þessa tilskipun, ekki til gerninga sem varða peninga- eða gengisstefnu, ríkisskuldir, stjórnun opinberra sjóða eða annað sem varðar viðskipti í verðbréfum eða aðra

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

fjármálagerninga; einkum á það við um viðskipti samningsyfirvalda í því skyni að afla fjár eða eiginfjár. Samningar, sem tengjast útgáfu, kaupum, sölu eða framsali verðbréfa eða annarra fjármálagerninga, falla því ekki undir hana. Þjónusta seðlabanka er einnig undanþegin gildissviði hennar.

28) Atvinna og störf eru grundvallaratriði þegar tryggja á jöfn tækifæri fyrir alla og stuðla að félagslegum samruna. Í því sambandi eru verndaðir vinnustaðir og áætlanir um verndaða vinnu mikill stuðningur við aðlögun eða enduraðlögun fatlaðs fólks á vinnumarkaðnum. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna opinberra samninga slíkum vinnustöðum eða bundið framkvæmd samninga áætlunum um verndaða vinnu.

29) Tækniforskriftirnar, sem opinberir innkaupsaðilar setja fram, skulu veita ráðrúm til þess að opna fyrir samkeppni í opinberum innkaupum. Þess vegna á að vera hægt að leggja fram tilboð þar sem gefinn er kostur á fjölbreyttum, tæknilegum lausnum. Því ætti að vera unnt að setja fram tækniforskriftir sem kröfur um nothæfi og hagnýtingu og samningsyfirvöld skulu, þegar vísað er til Evrópustaðla eða, þegar þeir eru ekki til, landsstaðla, taka gild tilboð sem eru byggð á jafngildu fyrirkomulagi. Leyfa skal bjóðendum að leggja fram hvers konar sönnunargögn til að sýna að tilboð séu jafngild. Samningsyfirvöld skulu geta rökstutt allar ályktanir þess efnis að ekki hafi verið um jafngild tilboð að ræða í tilteknu tilviki. Samningsyfirvöld, sem vilja hafa ákveðnar umhverfiskröfur í tækniforskriftum tiltekins samnings, geta mælt fyrir um eiginleika er varða umhverfið, s.s. tiltekna framleiðsluaðferð, og/eða tiltekin umhverfisáhrif vöru- eða þjónustuhópa. Þau geta notað, en eru ekki skyldug til þess að nota, viðeigandi forskriftir sem eru skilgreindar í umhverfismerkjum á borð við evrópska umhverfismerkið, (fjöl-)þjóðleg umhverfismerki eða hvaða önnur umhverfismerki sem er, að því tilskildu að kröfur varðandi merkið séu settar fram og samþykktar á grundvelli vísindalegra gagna og notuð málsmeðferð sem hagsmunaaðilar, s.s. stofnanir ríkisins, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfisstofnanir, geta nýtt sér og að því tilskildu að merkið sé aðgengilegt og tiltækt öllum hlutaðeigandi aðilum. Samningsyfirvöld skulu, þegar unnt er, mæla fyrir um tækniforskriftir á þann hátt að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgang fatlaðra eða hönnun sem hæfir öllum notendum. Tækniforskriftirnar skulu settar fram á skýran hátt svo að öllum bjóðendum sé það ljóst hvað felst í þeim kröfum sem samningsyfirvöld gera.

30) Frekari upplýsingar varðandi samninga skulu, samkvæmt venju í aðildarríkjum, veittar í útboðsgögnum fyrir hvern samning eða í jafngildu skjali.

31) Það getur reynst ógerlegt fyrir samningsyfirvöld, sem vinna að mjög flóknum verkefnum, án þess að þau hafi gert nokkur mistök, að skilgreina leiðir til að uppfylla þarfir sínar eða meta hvað í boði er á markaðnum af tæknilegum og/eða fjárhagslegum og lagalegum lausnum. Þessi staða getur einkum komið upp við framkvæmd mikilvægra, samþættra verkefna á sviði grunnvirkja í flutningum, stórra tölvuneta eða verkefna sem fela í sér flókna og skipulagsbundna fjármögnum þar sem ekki er hægt að skilgreina fjármálahliðina og lagalegu hliðina fyrir fram. Sé ekki hægt að gera slíka samninga sem almenna eða lokaða útboðssamninga skal kveða á um sveigjanlega útboðsaðferð sem bæði tryggir samkeppni á milli rekstraraðila og kemur einnig til móts við þá þörf að samningsyfirvöld ræði allar hliðar samningsins við hvern og einn þátttakanda. Þessa aðferð má þó ekki nota á þann hátt að það takmarki eða raski samkeppni, t.d. með því að breyta einhverjum grunnþáttum tilboðanna, setja fram nýjar, mikilvægar kröfur á hendur bjóðandanum, sem verður fyrir valinu, eða með því að velja einhvern annan bjóðanda en þann sem leggur fram fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið.

32) Rétt er að setja ákvæði um undirverktöku til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að taka þátt í opinberum innkaupum.

33) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru samrýmanleg þessari tilskipun að því tilskildu að þau hafi ekki, beint eða óbeint, mismunun í för með sér og séu tilgreind í útboðstilkynningu eða í útboðsgögnum. Þau geta m.a. verið sett í þeim tilgangi að stuðla að starfsþjálfun á vinnustað, ráðningu starfsfólks sem á í sérstökum erfiðleikum með að komast á vinnumarkaðinn, baráttu gegn atvinnuleysi eða umhverfisvernd. Til dæmis má nefna kröfur, sem gilda meðan á framkvæmd samningsins stendur, um að ráða umsækjendur sem hafa verið lengi atvinnulausir eða gera ráðstafanir til að þjálfa atvinnulaust eða ungt fólk, um að fylgja í meginatriðum ákvæðum grundvallarsamninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), að því gefnu að slík ákvæði hafi ekki verið leidd í landslög, og að ráða fleiri fatlaða einstaklinga en kveðið er á um í landslögum.

34) Gildandi lög, reglur og kjarasamningar, bæði innanlands og á vettvangi Bandalagsins, á sviði ráðningarskilmála og öryggis í starfi, gilda meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra sé í samræmi við lög Bandalagsins. Varðandi starfsemi, sem teygir sig yfir landamæri, þar sem starfsmenn frá einu aðildarríki veita þjónustu í öðru aðildarríki í tengslum við framkvæmd opinbers samnings er mælt fyrir um lágmarksskilyrði, sem gistilandið þarf að virða í tengslum við slíka útsenda starfsmenn, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu ([1]). Ef ákvæði eru um þetta í innlendum lögum má líta á það sem alvarlegt misferli eða brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila ef ákvæðin eru ekki virt og getur það valdið því að hann verði útilokaður frá útboðsferli opinbers samnings.

35) Í ljósi nýrrar þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og þess að hún getur einfaldað birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferlisins skulu rafrænar aðferðir settar jafnfætis hefðbundnum aðferðum í fjarskiptum og upplýsingaskiptum. Þær aðferðir og sú tækni, sem valið er að nota, skal, eftir því sem unnt er, vera samrýmanleg þeirri tækni sem notuð er í öðrum aðildarríkjum.

36) Til að tryggja þróun virkrar samkeppni á sviði opinberra samninga er nauðsynlegt að útboðstilkynningar samningsyfirvalda aðildarríkja séu birtar alls staðar í Bandalaginu. Upplýsingarnar í þessum tilkynningum skulu gera rekstraraðilum í Bandalaginu kleift að meta hvort þeir hafi áhuga á fyrirhuguðum samningum. Þess vegna ber að veita þeim nægilegar upplýsingar um viðfang samningsins og skilyrði sem honum fylgja. Því ber að tryggja á viðeigandi hátt að opinberar tilkynningar verði sýnilegri, t.d. með því að nota stöðluð eyðublöð fyrir útboðstilkynningar og sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 ([2]) að skuli vera tilvísunarflokkunarkerfi fyrir opinbera samninga. Í lokuðum útboðum er tilgangur auglýsinga einkum sá að gera verktökum í aðildarríkjum kleift að lýsa áhuga sínum á samningum með því að leita eftir boði samningsyfirvalda um að leggja fram tilboð samkvæmt settum skilyrðum.

37) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([4]) skulu, í samhengi þessarar tilskipunar, gilda um flutning upplýsinga með rafrænum aðferðum. Í reglum um opinber innkaup og gildandi reglum um þjónustusamkeppni eru gerðar strangari kröfur um öryggi og þagnarskyldu en í þessum tilskipunum. Samkvæmt því skal búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, áætlana og verkefna uppfylla tilteknar viðbótarkröfur. Af þeim sökum ber að hvetja til notkunar rafrænna undirskrifta, einkum háþróaðra, rafrænna undirskrifta, eftir því sem unnt er. Auk þess geta valfrjáls faggildingarkerfi myndað heppilegan ramma um bætta vottunarþjónustu fyrir þennan búnað.

38) Notkun rafrænna aðferða sparar tíma. Þess vegna ber að setja ákvæði um styttingu lágmarksfrests ef rafrænum aðferðum er beitt, þó með því skilyrði að þau samrýmist sérstökum ákvæðum um flutningsaðferðir sem notaðar verða í Bandalaginu.

39) Athugun á hæfi bjóðenda í almennum útboðum, og þátttakenda í lokuðum útboðum og samningskaupum að undangenginni birtingu útboðstilkynningar og í samkeppnisviðræðum og við val bjóðenda og þátttakenda, skal fara fram við gagnsæ skilyrði. Þess vegna skal tilgreina hvaða viðmiðanir um bann við mismunun samningsyfirvöld geta stuðst við þegar þau velja samkeppnisaðila og hvaða aðferðir rekstraraðilar geta notað til að sanna að þeir hafi uppfyllt þessar viðmiðanir. Með tilliti til gagnsæis skal einnig krefjast þess að samningsyfirvöld tilgreini, um leið og samningur er boðinn út, hvaða valforsendur þau muni nota og þá sérstöku hæfni sem hugsanlegt er að þau krefjist af rekstraraðilum svo að þeir geti tekið þátt í útboðinu.

40) Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda þátttakenda í lokuðum útboðum og samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, og einnig í samkeppnisviðræðum. Slík takmörkun á fjölda þátttakenda skal vera á grundvelli hlutlægra viðmiðana

([1]) Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, p.1.
([3]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.
([4]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

sem eru tilgreindar í útboðstilkynningunni. Þessar hlutlægu viðmiðanir gefa ekki endilega til kynna vægi. Þegar um er að ræða viðmiðanir, sem tengjast persónulegri stöðu rekstraraðila, getur nægt að í útboðstilkynningunni sé almennt vísað til þeirra atriða sem um getur í 45. gr.

41) Í samkeppnisviðræðum og samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, skulu samningsyfirvöld, í ljósi þess sveigjanleika sem kann að vera þörf á og mikils kostnaðar við slíkar innkaupaaðferðir, hafa leyfi til að láta innkaupin fara fram í nokkrum áföngum til að fækka smám saman, á grundvelli fyrirfram tilgreindra valforsendna, þeim tilboðum sem þau þurfa áfram að ræða eða semja um. Þessi fækkun skal, að svo miklu leyti sem fjöldi viðeigandi tilboða eða þátttakenda leyfir, tryggja raunverulega samkeppni.

42) Viðeigandi Bandalagsreglur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, vottorða eða annarra sönnunargagna um formlega menntun og hæfi gilda þegar krafist er sönnunar á sérstakri menntun og hæfi vegna þátttöku í innkaupaferli eða hönnunarsamkeppni.

43) Forðast skal að gera opinbera samninga við rekstraraðila sem hafa tekið þátt í glæpasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu eða sviksemi, sem hefur beinst gegn fjárhagslegum hagsmunum Evrópubandalaganna, eða fundnir sekir um peningaþvætti. Ef við á skulu samningsyfirvöld krefjast þess að þátttakendur eða bjóðendur leggi fram viðeigandi skjöl og ef þau hafa efasemdir varðandi persónulega stöðu þátttakanda eða bjóðanda geta þau leitað eftir samstarfi við þar til bær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki. Slíkir rekstraraðilar skulu útilokaðir um leið og samningsyfirvöld fá vitneskju um úrskurð sem hefur fallið vegna slíkra brota í samræmi við innlend lög og hefur því dómsígildi. Ef ákvæði eru um það í landslögum má líta á það sem brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli ef hann fer ekki að umhverfislögum eða lögum um ólögmætt samkomulag í opinberum samningum og það hefur verið staðfest með endanlegum úrskurði eða jafngildri ákvörðun. Sé ekki farið að innlendum ákvæðum til framkvæmdar tilskipunum ráðsins 2000/78/EB ([1]) og 76/207/EBE ([2]) um jafna meðferð starfsmanna, og það hefur verið staðfest með endanlegum úrskurði eða jafngildri ákvörðun, getur það talist brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli.

44) Í tilvikum þar sem verkið eða þjónustan er þess eðlis að það gefur ástæðu til að beita ráðstöfunum eða kerfum umhverfisstjórnar á meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur er hægt að krefjast þess að slíkum ráðstöfunum eða kerfum sé beitt. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Bandalagsgerningum, eins og t.d. reglugerð (EB) nr. 761/2001 ([3]) (EMAS) eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Auk þess skal samþykkja lýsingu á þeim ráðstöfunum, sem rekstraraðili framkvæmir til að tryggja sama stig umhverfisverndar, sem sönnun sem kemur í stað skráðra umhverfisstjórnunarkerfa.

45) Þessi tilskipun gerir aðildarríkjunum kleift að koma upp opinberri skrá yfir verktaka, birgja og þjónustuveitendur eða vottunarkerfi opinberra aðila eða einkaaðila og þar eru sett ákvæði um áhrif slíkrar skráningar eða vottunar í útboðsferli í öðru aðildarríki. Að því er varðar opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila er mikilvægt að taka tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins í tilvikum þar sem rekstraraðili, sem tilheyrir ákveðnum hópi, vitnar til efnahagslegrar, fjárhagslegrar eða tæknilegrar getu annarra fyrirtækja í hópnum til stuðnings umsókn sinni um skráningu. Í því tilviki þarf rekstraraðilinn að sanna að hann hafi í raun aðgang að þessum tilföngum allan gildistíma skráningarinnar. Að því er

([1]) Tilskipun ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennan ramma um jafna meðferð með tilliti til atvinnu og starfa (Stjtíð. EB L 303, 2.12.2000, bls. 16).

([2]) Tilskipun ráðsins 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör (Stjtíð. EB L 39, 14.2.1976, bls. 40). Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB (Stjtíð. EB L 269, 5.10.2002, bls. 15).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

þessa skráningu varðar getur aðildarríki því ákveðið hvaða kröfur þurfi að uppfylla og einkum, ef verktakinn vitnar t.d. til fjárhagsstöðu annars fyrirtækis í hópnum, getur aðildarríkið krafist þess að það fyrirtæki taki á sig ábyrgð, ef nauðsyn krefur einn fyrir alla og allir fyrir einn.

46) Val tilboða skal fara fram á grundvelli hlutlægra forsendna sem tryggja að farið sé að meginreglunum um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð og sem tryggja að tilboð séu metin á grundvelli virkrar samkeppni. Þess vegna er rétt að leyfa aðeins notkun tveggja valforsendna: „lægsta verð“ og „fjárhagslega hagkvæmasta tilboð“.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við val á tilboði ber að mæla fyrir um þá skyldu – í samræmi við dómaframkvæmd – að tryggja nauðsynlegt gagnsæi svo að unnt sé að veita öllum bjóðendum eðlilegar upplýsingar um forsendur og fyrirkomulag við mat á því hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast. Það er því skylda samningsyfirvalda að gefa upp forsendur fyrir vali á tilboði og hlutfallslegt vægi hverrar forsendu með nægilegum fyrirvara svo að bjóðendur viti af því þegar þeir semja tilboð sín. Samningsyfirvöld geta gert undantekningu frá því að tilgreina vægi forsendna fyrir vali á tilboði þegar gildar ástæður eru fyrir því, sem þau verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum verða þau að tilgreina forgangsröð forsendna eftir mikilvægi þeirra.

Ef samningsyfirvöld ákveða að gera samning við þann sem leggur fram fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið skulu þau meta tilboðin með tilliti til þess hvaða tilboð felur í sér besta hlutfallið á milli gæða og verðs. Með þetta í huga skulu þau ákvarða fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur sem eiga að gera kleift að ákvarða hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast fyrir samningsyfirvöld, á heildina litið. Ákvörðun þessara forsendna er háð efni samningsins því að á grundvelli þeirra á að vera hægt að meta þá framkvæmd sem felst í hverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er, eins og skilgreint er í tækniforskriftunum, og einnig að ákvarða hlutfallið milli gæða og verðs hjá hverjum bjóðanda.

Til að tryggja jafna meðferð skulu forsendur fyrir vali tilboðs vera þannig að hægt sé að bera saman tilboð og meta þau hlutlægt. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt geta fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur fyrir vali tilboðs, t.d. það að uppfylla umhverfiskröfur, gert samningsyfirvaldi kleift að uppfylla þarfir almennra borgara, sem málið varðar, eins og tekið er fram í skilmálum samningsins. Samkvæmt sömu skilyrðum getur samningsyfirvald notað forsendur, einkum til að koma til móts við þarfir sem eru skilgreindar í skilmálum samningsins, sem eiga að uppfylla félagslegar kröfur sérlega illa settra hópa fólks sem viðtakendur eða notendur verksins, vörunnar eða þjónustunnar, sem samningurinn er gerður um, tilheyra.

47) Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga mega valforsendur ekki hafa áhrif á beitingu innlendra ákvæða um þóknun fyrir tiltekna þjónustu, t.d. þjónustu sem arkitektar, verkfræðingar eða lögfræðingar veita og, að því er opinbera vörusamninga varðar, beitingu innlendra ákvæða um fast verð á skólabókum.

48) Samþykkja þarf tiltekin tæknileg skilyrði, einkum að því er varðar tilkynningar og tölulegar skýrslur og einnig flokkunarkerfið sem er notað og skilyrði fyrir tilvísun í það flokkunarkerfi, og breyta þeim í samræmi við breyttar tæknikröfur. Einnig þarf að uppfæra skrána yfir samningsyfirvöld í viðaukunum. Því er rétt að komið verði á fót sveigjanlegu og hröðu samþykktarferli í þessum tilgangi.

49) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu gerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

50) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([2]) gildir við útreikning á frestum sem fjallað er um í þessari tilskipun.

51) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti, sem settir eru í XI. viðauka, til lögleiðingar og beitingar tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR

Skilgreiningar og meginreglur

1. gr. — Skilgreiningar

2. gr. — Meginreglur um val tilboða

3. gr. — Veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar: ákvæðið um bann við mismunun

II. BÁLKUR

Reglur um opinbera samninga

I. KAFLI

Almenn ákvæði

4. gr. — Rekstraraðilar

5. gr. — Skilyrði í tengslum við samninga sem eru gerðir á vettvangi Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar

6. gr. — Trúnaðarkvaðir

II. KAFLI

Gildissvið

1. þáttur — Viðmiðunarfjárhæðir

7. gr. — Viðmiðunarfjárhæðir fyrir opinbera samninga

8. gr. — Samningar sem samningsyfirvöld niðurgreiða um meira en 50%

9. gr. — Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti opinberra samninga, rammasamninga og virkra innkaupakerfa

2. þáttur — Sérstakar aðstæður

10. gr. — Innkaup til varnarmála

11. gr. — Opinberir samningar og rammasamningar, gerðir af miðlægum innkaupastofnunum

3. þáttur — Samningar sem falla ekki undir tilskipunina

12. gr. — Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu

13. gr. — Sérstakar undantekningar á fjarskiptasviðinu

14. gr. — Leynilegir samningar og samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana

15. gr. — Samningar sem eru gerðir samkvæmt alþjóðareglum

16. gr. — Sérstakar undantekningar

17. gr. — Sérleyfissamningar um þjónustu

18. gr. — Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

4. þáttur — Sérstakt fyrirkomulag

19. gr. — Samningar sem eru bundnir við ákveðna hópa

III. KAFLI

Reglur um opinbera þjónustusamninga

20. gr. — Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka A

21. gr. — Þjónustusamningar sem eru skráðir í II. viðauka B

22. gr. — Blandaðir þjónustusamningar sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í II. viðauka A og II. viðauka B

IV. KAFLI

Sérstakar reglur sem gilda um útboðsskilmála og útboðsgögn

23. gr. — Tækniforskriftir

24. gr. — Frávikstilboð

25. gr. — Undirverktaka

26. gr. — Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings

27. gr. — Skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuskilyrði

V. KAFLI

Útboðsaðferðir

28. gr. — Almennt útboð, lokað útboð, samningskaup og samkeppnisviðræður

29. gr. — Samkeppnisviðræður

30. gr. — Samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar

31. gr. — Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar

32. gr. — Rammasamningar

33. gr. — Virk innkaupakerfi

34. gr. — Opinberir verksamningar: sérstakar reglur um byggingu félagslegs húsnæðis

VI. KAFLI

Reglur um birtingu og gagnsæi

1. þáttur — Birting tilkynninga

35. gr. — Tilkynningar

36. gr. — Form og aðferð við birtingu tilkynninga

37. gr. — Birting án skyldu

2. þáttur — Frestur

38. gr. — Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu

39. gr. — Almenn útboð: útboðsskilmálar, viðbótargögn og upplýsingar

3. þáttur — Efni upplýsinga og sendingaraðferðir

40. gr. — Boð um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum eða gera samning

41. gr. — Upplýsingar til þátttakenda og bjóðenda

4. þáttur — Samskipti

42. gr. — Reglur um samskipti

5. þáttur — Skýrslur

43. gr. — Efni skýrslna

VII. KAFLI

Framkvæmd útboðs

1. þáttur — Almenn ákvæði

44. gr. — Athugun á hæfi og vali þátttakenda og vali tilboða

2. þáttur — Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

45. gr. — Persónulegar aðstæður þátttakanda eða bjóðanda

46. gr. — Starfsréttindi

47. gr. — Efnahagsleg og fjárhagsleg staða

48. gr. — Tæknileg og fagleg geta

49. gr. — Gæðastaðlar

50. gr. — Umhverfisstjórnunarstaðlar

51. gr. — Viðbótargögn og upplýsingar

52. gr. — Opinber skrá yfir samþykkta rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum stofnunum

3. þáttur — Val tilboðs

53. gr. — Forsendur fyrir vali tilboðs.

54. gr. — Rafræn uppboð

55. gr. — Óeðlilega lág tilboð

III. BÁLKUR

Reglur um opinbera sérleyfissamninga um verk

I. KAFLI

Gildandi reglur um opinbera sérleyfissamninga um verk

3. „Evrópskt tæknisamþykki“: jákvætt, tæknilegt mat á nothæfi vöru í ákveðnum tilgangi, gefið á grundvelli þess að innbyggðir eiginleikar vörunnar og skilgreind skilyrði um nýtingu og notkun uppfylli grunnkröfur um byggingarframkvæmdir. Evrópskt tæknisamþykki skal gefið út af samþykktaraðila sem aðildarríkið tilnefnir.

4. „Sameiginleg tækniforskrift“: tækniforskrift sem mælt er fyrir um í samræmi við málsmeðferð sem aðildarríkin viðurkenna og hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. „Tækniviðmiðun“: hvers konar framleiðsla evrópskra staðlastofnana, annað en opinberir staðlar, í samræmi við reglur sem settar eru vegna þróunar á markaðsþörfum.

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM

VII. VIÐAUKI A

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM OPINBER ÚTBOÐ

TILKYNNING UM BIRTINGU KYNNINGARTILKYNNINGAR Í UPPLÝSINGASKRÁ KAUPANDA

1. Heimaland samningsyfirvalds.

2. Heiti samningsyfirvalds.

3. Netfang „upplýsingaskrár kaupanda“ (URL).

4. CPV-tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

KYNNINGARTILKYNNING

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalds og, ef ástæða er til, samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar og, þegar um er að ræða þjónustu- og verksamninga, um þjónustu, t.d. heimasíðu viðkomandi stjórnvalds, þar sem hægt er að fá upplýsingar um regluverk fyrir skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuaðstæður sem gildir á staðnum þar sem samningurinn kemur til framkvæmda.

2. Ef við á skal tilgreina hvort opinberi samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu.

3. Þegar um er að ræða opinbera verksamninga: hvers eðlis verkið er og umfang þess og staðinn þar sem það er unnið, helstu eiginleika verkhluta miðað við verkið allt ef skipta á verkinu, áætlað kostnaðarbil fyrirhugaðra verka, ef það liggur fyrir, og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

   Ef um er að ræða opinbera vörusamninga: eðli og magn eða verðmæti vörunnar sem á að afhenda, og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

   Þegar um er að ræða opinbera þ jónustusamninga: heildarfjárhæð fyrirhugaðra kaupa í hverjum og einum þjónustuflokki í II. viðauka A og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

4. Áætluð dagsetning dagsins þegar útboðsferli samnings eða samninga hefst þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga samkvæmt flokkun.

5. Ef við á skal tilgreina hvort rammasamningur hafi verið gerður.

6. Aðrar upplýsingar ef við á.

7. Sendingardagur kynningartilkynningar eða sendingardagur tilkynningar um birtingu hennar í upplýsingaskrá kaupanda.

8. Tilgreina skal hvort samningurinn fellur undir samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

ÚTBOÐSTILKYNNING

Almennt útboð og lokað útboð, samkeppnisviðræður, samningskaup:

1. Nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalda.

2. Ef við á skal tilgreina hvort opinberi samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um verndaða vinnu.

3. a) Útboðsferli sem valið er,

   b) ef við á, ástæðurnar fyrir notkun hraðútboðs (í lokuðu útboði og samningskaupum),

   c) ef við á skal tilgreina hvort rammasamningur hafi verið gerður,

d) ef virkt, rafrænt innkaupakerfi er notað skal geta um það,

e) ef við á skal geta um rafrænt uppboð (þegar um er að ræða almennt útboð, lokað útboð eða samningskaup við aðstæður sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr.).

4. Form samningsins.

5. Framkvæmda- eða vinnslustaður verksins eða afhendingarstaður vöru eða þjónustu.

6. a) Opinberir verksamningar:

— eðli og umfang verksins og almenn lýsing á starfseminni. Einkum skal tilgreina valkosti um viðbótarverk og, ef unnt er, tímatöflu til bráðabirgða um nýtingu þessara kosta og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Ef verkinu eða samningnum er skipt í nokkra verkhluta skal tilgreina stærð hinna ýmsu verkhluta og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis,

— upplýsingar um tilganginn með verkinu eða samningnum þegar áætlanagerð er innifalin í samningnum,

— sé um að ræða rammasamning skal tilgreina áætlaðan gildistíma rammasamningsins, mat á heildarfjárhæð verksins á öllum gildistíma rammasamningsins og, ef unnt er, verðmæti og tíðni þeirra samninga sem á að gera.

b) Opinberir vörusamningar:

— eðli vörunnar sem á að afhenda og skal einkum tilgreina hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu, svo og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis. Magn vörunnar sem á að afhenda og skal einkum tilgreina valkosti um viðbótarkaup og, ef unnt er, tímatöflu til bráðabirgða fyrir nýtingu þessara kosta og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Tilvísunarnúmer flokkunarkerfis,

— sé um að ræða tímasetta eða endurnýjanlega samninga á tilteknu tímabili skal einnig tilgreina, ef unnt er, tímatöflu fyrir síðari samninga um kaup á viðkomandi vöru,

— sé um að ræða rammasamning skal tilgreina áætlaðan gildistíma rammasamningsins, mat á heildarverðmæti vörunnar á öllum gildistíma rammasamningsins og, ef unnt er, verðmæti og tíðni þeirra samninga sem á að gera.

c) Opinberir þjónustusamningar:

— flokkur þjónustunnar og lýsing á henni. Tilvísunarnúmer flokkunarkerfis. Umfang þjónustunnar sem á að veita. Einkum skal tilgreina valkosti um kaup á viðbótarþjónustu og, ef unnt er, tímatöflu til bráðabirgða um nýtingu þessara kosta og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjanlega samninga á tilteknu tímabili skal tilgreina áætlaðan tímaramma, ef unnt er, fyrir síðari opinbera samninga um kaup á viðkomandi þjónustu,

— sé um að ræða rammasamning skal tilgreina áætlaðan gildistíma rammasamningsins, mat á heildarfjárhæð þjónustunnar á öllum gildistíma rammasamningsins og, ef unnt er, verðmæti og tíðni þeirra samninga sem á að gera,

— tilgreina skal hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

tilvísun í lög og stjórnsýslufyrirmæli,

— tilgreina skal hvort lögaðilar skuli gefa upp nöfn og starfsmenntun og hæfi þeirra starfsmanna sem annast framkvæmd þjónustunnar.

7. Sé samningum skipt í nokkra hluta skal geta um það hvort unnt er að bjóða í einn hluta, nokkra af hlutunum eða þá alla.

8. Frestur til að ljúka verksamningi, vörusamningi eða þjónustusamningi eða til hve langs tíma slíkur samningur er gerður; ef unnt er skal einnig tilgreina tímamörkin þegar verk á að hefjast og þegar afhending vöru eða þjónustu á að hefjast.

9. Samþykki eða bann við frávikstilboðum.

10. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það ef unnt er.

11. Almenn útboð:

a) nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar þar sem hægt er að leggja fram beiðni um útboðsgögn og viðbótargögn,

b) ef við á, frestur til að leggja fram slíka beiðni,

c) ef við á, verð og greiðsluskilmálar vegna slíkra gagna.

12. a) Skilafrestur tilboða eða kynningarboða þar sem virkt innkaupakerfi er notað (almenn útboð),

b) skilafrestur þátttökutilkynningar (lokað útboð og samningskaup),

c) heimilisfang sem senda á þessar upplýsingar til,

d) tungumál, eitt eða fleiri, sem þær skulu ritaðar á.

13. Almenn útboð:

a) einstaklingar sem hafa heimild til að vera viðstaddir opnun tilboða,

b) dagsetning, staður og stund fyrir slíka opnun.

14. Ef við á, tryggingarfé og aðrar ábyrgðir sem krafist er.

15. Helstu skilmálar varðandi fjármögnun og greiðslur og/eða tilvísanir í texta þar sem þetta er að finna.

16. Eftir því sem við á, hvaða rekstrarform að lögum sá hópur rekstraraðila, sem gera á samning við, skal hafa.

17. Valforsendur varðandi persónulega stöðu rekstraraðila, sem geta valdið því að þeir verði útilokaðir, og umbeðnar upplýsingar sem sanna að þeir falli ekki undir tilvik sem réttlæta útilokun. Valforsendur og upplýsingar varðandi persónulega stöðu rekstraraðila, upplýsingar og öll, nauðsynleg formsatriði vegna mats á þeirri efnahagslegu og tæknilegu stöðu rekstraraðila sem krafist er. Hugsanlega eru gerðar sérstakar lágmarkskröfur.

18. Sé um að rammasamning að ræða: fjöldi og, ef við á, fyrirhugaður hámarksfjöldi rekstraraðila, sem geta orðið aðilar að rammasamningnum, gildistími hans og, ef við á, ástæður fyrir lengri gildistíma en fjórum árum.

19. Sé um að ræða samkeppnisviðræður eða samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar skal tilgreina, ef við á, hvort ferlið fer fram í áföngum með það fyrir augum að fækka smám saman lausnum sem verða ræddar eða tilboðum sem samið verður um.

20. Þegar um er að ræða lokað útboð, samkeppnisviðræður eða samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar og sá kostur tekinn að takmarka þann fjölda aðila sem boðið er að gera tilboð eða taka þátt í viðræðum eða gera samning: lágmarksfjöldi og, ef við á, fyrirhugaður hámarksfjöldi þátttakenda og hlutlægar viðmiðanir sem nota á við að velja þann fjölda.

21. Gildistími tilboðs (almenn útboð).

22. Eftir því sem við á, nöfn og heimilisföng rekstraraðila sem samningsyfirvöld hafa þegar valið (samningskaup).

23. Forsendur sem um getur í 53. gr. og nota á þegar valið er úr tilboðun: „lægsta verð“ eða „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“. Tilgreina skal forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra ef þær koma ekki fram í útboðskilmálum eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, í skýringargögnum.

24. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.

25. Birtingardagur eða -dagar kynningartilkynningar, í samræmi við tækniforskriftirnar um birtingu sem getið er í VIII. viðauka, eða yfirlýsing um að slík birting hafi ekki átt sér stað.

26. Sendingardagur tilkynningarinnar.

27. Tilgreina skal hvort samningurinn fellur undir samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

EINFÖLDUÐ ÚTBOÐSTILKYNNING, NOTUÐ Í TENGSLUM VIÐ VIRKT INNKAUPAKERFI

1. Heimaland samningsyfirvalds.

2. Nafn og tölvupóstfang samningsyfirvalds.

3. Tilvísun í birtingu útboðstilkynningar fyrir virka innkaupakerfið.

4. Tölvupóstfang þar sem tækniforskriftin og viðbótarskjöl varðandi virka innkaupakerfið eru tiltæk.

5. Efni samnings: lýsing samkvæmt tilvísunarnúmeri eða –númerum CPV-flokkunarkerfisins ásamt magni eða umfangi sem samningurinn á að taka til.

6. Tímarammi fyrir framlagningu kynningarboða.

TILKYNNINGAR UM GERÐ SAMNINGS

1. Nafn og heimilisfang samningsyfirvalds.

2. Útboðstilhögun sem valin er. Ef samningskaup fara fram án undangenginnar útboðstilkynningar (28. gr.), rökstuðningur fyrir því.

3. Opinberir verksamningar: eðli og umfang samningsins, almenn lýsing á verkinu.

   Opinberir vörusamningar: hvers eðlis varan er, sem á að afhenda, og magn hennar, sundurliðað eftir birgjum ef við á, tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

   Opinberir þjónustusamningar: flokkur og lýsing á þjónustunni; tilvísunarnúmer flokkunarkerfis; magn þjónustunnar.

4. Dagsetning samningsgerðar.

5. Forsendur fyrir samningsgerð.

6. Fjöldi tilboða sem bárust.

7. Nafn og heimilisfang rekstraraðilans eða rekstraraðilanna sem valdir voru.

8. Verð eða verðbil (lágmarks-/hámarksverð) sem greitt er.

9. Fjárhæð tilboðs (tilboða) sem borist hafa eða hæsta og lægsta tilboð sem tekið var tillit til við val samningsaðila.

10. Ef við á, sá hluti samnings sem líklegt er að verði samið um við þriðja aðila sem undirverktaka og fjárhæð þess hluta.

11. Birtingardagur útboðstilkynningar í samræmi við tækniskilmála um birtingu í VIII. viðauka

12. Sendingardagur útboðstilkynningar

13. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.

VII. VIÐAUKI B

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SÉRLEYFI VARÐANDI OPINBER VERK

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalda
2. a) Framkvæmdarstaður
   b) Viðfang sérleyfissamnings, eðli og umfang þjónustunnar
3. a) Frestur til að senda inn umsóknir
   b) Heimilisfang sem umsóknir skulu sendar til
   c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þær skulu ritaðar á
4. Persónuleg, tæknileg og fjárhagsleg skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla
5. Forsendur sem verða notaðar við val tilboðs
6. Ef við á, sá hluti verksins sem verður að lágmarki boðinn út til þriðja aðila
7. Sendingardagur tilkynningarinnar
8. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.

VII. VIÐAUKI C

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSTILKYNNINGUM SÉRLEYFISHAFA, SEM ERU EKKI SAMNINGSYFIRVÖLD, VEGNA VERKSAMNINGA

1. a) Framkvæmdarstaður
   b) Eðli og umfang þjónustunnar, almenn lýsing á verkinu
2. Frestur til að ljúka verkinu
3. Nafn og heimilisfang aðilans þar sem hægt er að leggja fram beiðni um útboðsgögn og viðbótargögn
4. a) Skilafrestur umsókna um þátttöku og/eða tilboða
   b) Heimilisfang sem umsóknir skulu sendar til
   c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þær skulu ritaðar á
5. Hvers konar kröfur um tryggingarfé eða aðrar ábyrgðir
6. Efnahagsleg og tæknileg skilyrði sem verktaki verður að uppfylla
7. Forsendur sem verða notaðar við val tilboðs
8. Sendingardagur tilkynningarinnar

VII. VIÐAUKI D

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM HÖNNUNARSAMKEPPNI

TILKYNNING UM SAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalds og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótargögn
2. Lýsing á verkefninu
3. Tegund samkeppni: almenn eða lokuð
4. Þegar um er að ræða almenna samkeppni: frestur til að skila verkefnum
5. Þegar um er að ræða lokaða samkeppni:
   a) fjöldi þátttakenda sem reiknað er með
   b) nöfn þátttakenda sem þegar hafa verið valdir, ef einhverjir eru
   c) forsendur fyrir vali þátttakenda
   d) frestur fyrir þátttökutilkynningu
6. Ef við á skal tilgreina hvort þátttaka takmarkist við sérstaka starfsgrein
7. Forsendur sem nota á við mat á verkefnunum
8. Nöfn þeirra sem hafa verið valdir í dómnefnd
9. Tilgreina skal hvort ákvörðun dómnefndar er bindandi fyrir samningsyfirvald
10. Fjöldi og verðmæti verðlauna
11. Greiðslur sem allir þátttakendur fá, ef einhverjar eru
12. Tilgreina skal hvort einhverjir samningar verða gerðir við sigurvegara að lokinni keppni
13. Sendingardagur tilkynningarinnar

TILKYNNING UM ÚRSLIT SAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, bréfasímanúmer og tölvupóstfang samningsyfirvalda
2. Lýsing á verkefninu
3. Heildarfjöldi þátttakenda
4. Fjöldi útlendra þátttakenda
5. Sigurvegari eða sigurvegarar í samkeppninni
6. Verðlaun, ef einhver eru
7. Tilvísun í tilkynningu um samkeppni
8. Sendingardagur tilkynningarinnar

VIII. VIÐAUKI

ATRIÐI VARÐANDI BIRTINGU

1. **Birting tilkynninga**

a) Samningsyfirvöld senda tilkynningar, sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem krafist er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB frá 13. september 2001 um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðstilkynninga ([1]). Kynningartilkynning, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., sem er birt í upplýsingaskrá kaupanda, eins og lýst er í b-lið 2. liðar, skal vera með sama sniði, svo og tilkynning um slíka birtingu.

b) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna birtir tilkynningar sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr. en ef um er að ræða kynningartilkynningu, sem birtist í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., skulu samningsyfirvöld birta hana.

Auk þess geta samningsyfirvöld birt þessar upplýsingar á Netinu í „upplýsingaskrá kaupanda“ eins og um getur í b-lið 2. liðar.

c) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalagsins sendir samningsyfirvöldum staðfestingu á birtingu sem um getur í 8. mgr. 36. gr.

2. **Birting viðbótarupplýsinga**

a) Samningsyfirvöld eru hvött til að birta útboðsskilmála og öll viðbótarskjöl á Netinu.

b) Í upplýsingaskrá kaupanda geta komið fram kynningartilkynningar eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 35. gr., upplýsingar um yfirstandandi boð um að leggja fram tilboð, áformuð innkaup, gerða samninga, útboð sem er aflýst og allar gagnlegar, almennar upplýsingar, s.s. um tengiliði, síma- og bréfasímanúmer, póstföng og tölvupóstföng.

3. **Snið tilkynninga og reglur um sendingu þeirra með rafrænum aðferðum**

Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra fást á netfanginu „http://simap.eu.int“.

([1]) Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1.

IX. VIÐAUKI

SKRÁR

IX. VIÐAUKI A([1])

OPINBERIR VERKSAMNINGAR

Firmaskrár og samsvarandi yfirlýsingar og vottorð fyrir hvert aðildarríki eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce“/„Handelsregister“,

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen“,

— í Þýskalandi: „Handelsregister“ og „Handwerksrolle“,

— í Grikklandi: „Μητρώο Εργοληπτικών Επιχειρήσεων“, ΜΕΕΠ, sem heyrir undir ráðuneyti umhverfismála, borgar og landsbyggðarskipulags og opinberra framkvæmda (ΥΠΕΧΩΔΕ),

— á Spáni: „Registro Oficial de Empresas Clasificadas del Ministerio de Hacienda“,

— í Frakklandi: „Registre du commerce et des sociétés“ og „Répertoire des métiers“,

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða „Registrar of Friendly Societies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato“,

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes“ og „Rôle de la chambre des métiers“,

— í Hollandi: „Handelsregister“,

— Í Austurríki: „Firmenbuch“, „Gewerberegister“, og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern“,

— í Portúgal: „Instituto dos Mercados de Obras Públicas e Particulares e do Imobiliário“ (IMOPPI),

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri“/„Handelsregistret“,

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren“,

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem stafestir að viðkomandi aðili hafi gefið eðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni.

([1]) Að því er varðar 46. gr. eru „firma- og viðskiptaskrár“ skrárnar sem eru tilgreinar í þessum viðauka og, ef breytingar hafa verið gerðar í viðkomandi löndum, skrárnar sem hafa komið í þeirra stað.

IX. VIÐAUKI B

OPINBERIR VÖRUSAMNINGAR

Viðeigandi firma- og viðskiptaskrár og yfirlýsingar og vottorð þar að lútandi eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce“/„Handelsregister“,

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen“,

— í Þýskalandi: „Handelsregister“ og „Handwerksrolle“,

— í Grikklandi: „Βιοτεχνικό ή Εμπορικό ή Βιομηχανικό Επιμελητήριο“,

— á Spáni: „Registro Mercantil“ eða, ef um er að ræða óskráða einstaklinga, vottorð sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein,

— í Frakklandi: „Registre du commerce et des sociétés“ og „Répertoire des métiers“,

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða „Registrar of Friendly Societies“ um að hann sé skráður þar eða, ef hann er ekki skráður, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato“ og „Registro delle commissioni provinciali per l'artigianato“,

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes“ og „Rôle de la chambre des métiers“,

— í Hollandi: „Handelsregister“,

— Í Austurríki: „Firmenbuch“, „Gewerberegister“, og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern“,

— í Portúgal: „Registo Nacional das Pessoas Colectivas“,

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri“/„Handelsregistret“,

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren“,

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ um að hann sé skráður þar eða, ef hann er ekki skráður þar, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti.

IX. VIÐAUKI C

OPINBERIR ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Viðeigandi firma- og viðskiptaskrár eða yfirlýsingar og vottorð eru:

— í Belgíu: „Registre du commerce“/„Handelsregister“ og „Ordres professionels/Beroepsorden“,

— í Danmörku: „Erhvervs-og Selskabsstyrelsen“,

— í Þýskalandi: „Handelsregister“, „Handwerksrolle“, „Vereinsregister“, „Partnerschaftsregister“ og „Mitgliedsverzeichnisse de Berufskammern der Ländern“,

— í Grikklandi: verktakinn kann að verða beðinn að leggja fram eiðsvarna yfirlýsingu hjá lögbókanda um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein; í tilvikum sem kveðið er á um í gildandi landslögum, vegna veitingar rannsóknarþjónustu eins og getið er í I. viðauka A, firmaskráin „Μητρώο Μελετητών“ og „Μητρώο Γραφείων Μελετών“,

— á Spáni: „Registro Oficial de Empresas Clasificadas del Ministerio de Hacienda“,

— í Frakklandi: „Registre du commerce“ og „Répertoire des métiers“,

— á Írlandi: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða „Registrar of Friendly Societies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni og sérstöku viðskiptaheiti,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato“, „Registro delle commissioni provinciali per l'artigianato“ eða „Consiglio nazionale degli ordini professionali“,

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes“ og „Rôle de la chambre des métiers“,

— í Hollandi: „Handelsregister“,

— Í Austurríki: „Firmenbuch“, „Gewerberegister“, og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern“,

— í Portúgal: „Registo Nacional das Pessoas Colectivas“,

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri“/„Handelsregistret“,

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren“,

— í Breska konungsríkinu: verktaki kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of companies“ eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni.

X. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA OG ÁÆTLANA OG VERKEFNA Í HÖNNUNARSAMKEPPNI

Búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga og áætlana og samkeppnisverkefna skal a.m.k. tryggja, að því er varðar tækni og viðeigandi aðferðir, að:

a) rafrænar undirskriftir varðandi tilboð, þátttökutilkynningar og framsendingu áætlana og verkefna séu í samræmi við innlend ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt tilskipun 1999/93/EB,

b) unnt sé að ákvarða nákvæmlega tímasetningu og dagsetningu fyrir móttöku tilboða, þátttökutilkynninga og fyrir afhendingu áætlana og verkefna,

c) unnt sé að tryggja með nokkurri vissu að enginn geti fengið aðgang að gögnum, sem eru flutt samkvæmt þessum kröfum, áður en tilgreindur frestur rennur út,

d) ef aðgangsbann er brotið sé unnt að tryggja með nokkurri vissu að auðvelt sé að sjá það,

e) aðeins aðilar, sem hafa til þess heimild, geti sett eða breytt dagsetningu á opnun gagna sem berast,

f) á hinum ýmsu stigum útboðsferlis eða samkeppni verði einungis hægt að fá aðgang að öllum gögnum sem eru afhent, eða hluta þeirra, með aðgerðum sem aðilar, sem hafa til þess heimild, framkvæma samtímis,

g) aðilar, sem hafa heimild til samtímis aðgerða, veiti einungis aðgang að gögnum, sem eru flutt, eftir tilgreinda dagsetningu,

h) gögn, sem eru móttekin og opnuð í samræmi við þessar kröfur, verði ekki aðgengileg öðrum aðilum en þeim sem hafa heimild til að kynna sér þau.

XI. VIÐAUKI

FRESTUR TIL LÖGLEIÐINGAR OG BEITINGAR (80. GR.)

Tilskipanir	Frestur til lögleiðingar og beitingar
92/50/EBE (Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1)	1. júlí 1993
Austurríki, Finnland, Svíþjóð (*)	1. janúar 1995
93/36/EBE (Stjtíð. EB L 199, 9.8. 1993, bls. 1)	13. júní 1994
Austurríki, Finnland, Svíþjóð (*)	1. janúar 1995
93/37/EBE (Stjtíð. EB L 199, 9.8. 1993, bls. 54) samsteypa úr tilskipunum:	
— 71/305/EBE (Stjtíð. EB L 185, 16.8. 1971, bls. 5)	
— EB 6	30. júlí 1972
— DK, IRL, UK	1. janúar 1973
— Grikkland	1. janúar 1981
— Spánn/Portúgal	1. janúar 1986
— Austurríki, Finnland, Svíþjóð (*)	1. janúar 1995
— 89/440/EBE (Stjtíð. EB L 210, 21.7. 1989, bls. 1)	
— EB 9	19. júlí 1990
— Grikkland, Spánn, Portúgal	1. mars 1992
— Austurríki, Finnland, Svíþjóð (*)	1. janúar 1995
97/52/EB (Stjtíð. EB L 328, 28.11.1997, bls. 1)	13. október 1998

(*) EEA: 1. janúar 1994.

XII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA ([1])

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
1. mgr. 1. gr.	Fyrsta lína 1. gr., aðlagað	Fyrsta lína 1. gr., aðlagað	Fyrsta lína 1. gr., aðlagað		
a-liður 2. mgr. 1. gr.	Fyrsti hluti málsliðar a-liðar 1. gr.	Fyrsti og síðasti hluti fyrsta málsliðar a-liðar 1. gr.	a-liður 1. gr.		Breytt
b-liður 2. mgr. 1. gr.	a- og c-liður 1. gr., aðlagað	—	—		
Fyrsta undirgrein c-liðar 2. mgr. 1. gr.	—	Annar hluti fyrsta málsliðar og annar málsliður a-liðar 1. gr., aðlagað	—		
Önnur undirgrein c-liðar 2. mgr. 1. gr.	—	a-liður 1. gr., aðlagað	—		
Fyrsta undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
Önnur undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.	—	—	2. gr., aðlagað		
Þriðja undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.	—	—	16. forsenda, aðlagað		
3. mgr. 1. gr.	d-liður 1. gr.	—	—		
4. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
5. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
6. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
7. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
Fyrsta undirgrein 8. mgr. 1. gr.	—	—	Fyrsti málsliður c-liðar 1. gr., aðlagað		
Önnur undirgrein 8. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
Þriðja undirgrein 8. mgr. 1. gr.	h-liður 1. gr.	c-liður 1. gr.	Annar málsliður c-liðar 1. gr.		Breytt

([1]) „Aðlagað“ merkir að orðalagi textans hefur verið breytt en merkingin í tilskipununum, sem eru felldar úr gildi, hefur haldist. Breytingar á merkingu ákvæða tilskipananna, sem eru felldar úr gildi, eru gefnar til kynna með orðinu „breytt“. Þetta orð stendur í aftasta dálkinum þegar breytingin varðar ákvæði tilskipananna þriggja sem eru felldar úr gildi. Ef breytingin hefur aðeins áhrif á tvær af þessum tilskipunum stendur orðið „breytt“ í dálki viðeigandi tilskipana.

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
9. mgr. 1. gr.	b-liður 1. gr., aðlagað	b-liður 1. gr., aðlagað	b-liður 1. gr., aðlagað		
10. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
Fyrsta undirgrein 11. mgr. 1. gr.	e-liður 1. gr., aðlagað	d-liður 1. gr., aðlagað	d-liður 1. gr., aðlagað		
Önnur undirgrein 11. mgr. 1. gr.	f-liður 1. gr., aðlagað	e-liður 1. gr., aðlagað	e-liður 1. gr., aðlagað		
Þriðja undirgrein 11. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
Fjórða undirgrein 11. mgr. 1. gr.	g-liður 1. gr., aðlagað	f-liður 1. gr., aðlagað	f-liður 1. gr., aðlagað		
Fimmta undirgrein 11. mgr. 1. gr.	—	—	g-liður 1. gr., aðlagað		
12. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
13. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
14. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
15. mgr. 1. gr.	—	—	—		Nýtt
2. gr.	6. mgr. 6. gr.	7. mgr. 5. gr.	2. mgr. 3. gr.		Breytt
3. gr.	—	2. mgr. 2. gr.	—		
1. mgr. 4. gr.	Nýtt	Nýtt	2. og 3. mgr. 26. gr., aðlagað		
2. mgr. 4. gr.	21. gr., breytt	18. gr., aðlagað	1. mgr. 26 gr., breytt		
5. gr.	33. gr. a, aðlagað	28. gr., breytt	38. gr. a, aðlagað		
6. gr.	—	2. mgr. 15. gr.	—		Breytt
a- og b-liður 7. gr.	—	a-liður 1. mgr. 5. gr., aðlagað	a-liður 1. mgr. 7. gr., aðlagað		
c-liður 7. gr.	a-liður 1. mgr. 6. gr., aðlagað	—	—		
8. gr.	2. gr. og b-liður 1. mgr. 6. gr., aðlagað	—	3. mgr. 3. gr. og a-liður 1. mgr. 7. gr., aðlagað		
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.	—	5. mgr. 5. gr.	2. og 7. mgr. 7. gr.		Breytt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.	—	—	—		Nýtt
2. mgr. 9. gr.	—	b-liður 1. mgr. 5. gr.	—		Breytt
3. mgr. 9. gr.	4. mgr. 6. gr.	6. mgr. 5. gr.	Síðari hluti 3. mgr. 7. gr.		
4. mgr. 9. gr.	5. mgr. 6. gr., aðlagað				
a-liður 5. mgr. 9. gr.	3. mgr. 6. gr., aðlagað	—	Þriðja undirgrein 4. mgr. 7. gr., aðlagað		
b-liður 5. mgr. 9. gr.	—	4. mgr. 5. gr.	—		Breytt
6. mgr. 9. gr.	—	2. mgr. 5. gr.	—		
7. mgr. 9. gr.	—	3. mgr. 5. gr.	6. mgr. 7. gr.		
a-liður 8. mgr. 9. gr.	—	—	4. mgr. 7. gr.		Breytt
b-liður 8. mgr. 9. gr.	—	—	5. mgr. 7. gr.		Breytt
9. mgr. 9. gr.	—	—	—		Nýtt
10. gr.	Nýtt	3. gr., aðlagað	1. mgr. 4. gr., aðlagað		
11. gr.	—	—	—		Nýtt
12. gr.	a-liður 4. gr.	a-liður 2. gr.	ii-liður a-liðar 1. gr.		Breytt
13. gr.	—	—	—		Nýtt
14. gr.	b-liður 4. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.	2. mgr. 4. gr.		
a-liður 15. gr.	a-liður 5. gr., aðlagað	a-liður 4. gr., aðlagað	a-liður 5. gr., aðlagað		
b- og c-liður 15. gr.	b- og c-liður 5. gr.	b- og c-liður 4. gr.	b- og c-liður 5. gr.		
16. gr.	—	—	iii. –ix.-liður a-liðar 1. gr.		
17. gr.	—	—	—		Nýtt
18. gr.	—	—	6. gr.		Breytt
19. gr.	—	—	—		Nýtt
20. gr.	—	—	8. gr.		
21. gr.			9. gr.		

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
22. gr.	—	—	10. gr.		
23. gr.	10. gr.	8. gr.	14. gr.		Breytt
Fyrsta undirgrein 1.-4. mgr. 24. gr.	19. gr.	1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 24. gr.		Breytt
Önnur undirgrein 4. mgr. 24. gr.	—	2. mgr. 16. gr., aðlagað	2. mgr. 24. gr., aðlagað		
Fyrsta undirgrein 25. gr.	Fyrsta undirgrein 20. gr.	Fyrsta undirgrein 17. gr.	Fyrsta undirgrein 25. gr.		Breytt
Önnur undirgrein 25. gr.	Önnur undirgrein 20. gr.	Önnur undirgrein 17. gr.	Önnur undirgrein 25. gr.		
26. gr.	—	—	—		Nýtt
Fyrsta undirgrein 27. gr.	1. mgr. 23. gr.	—	1. mgr. 28. gr.		Breytt
Önnur og þriðja undirgrein 27. gr.	2. mgr. 23. gr.	—	2. mgr. 28. gr.		
Fyrsta undirgrein 28. gr.	1. mgr. 7. gr., aðlagað	1. mgr. 6. gr., aðlagað	1. mgr. 11. gr., aðlagað		
Önnur undirgrein 28. gr.	4. mgr. 7. gr.	4. mgr. 6. gr.	4. mgr. 11. gr.		Breytt
29. gr.	—	—	—		Nýtt
a-liður 1. mgr. 30. gr.	a-liður 2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 6. gr.	a-liður 2. mgr. 11. gr.		
b-liður 1. mgr. 30. gr.	c-liður 2. mgr. 7. gr.	Nýtt	b-liður 2. mgr. 11. gr.		
c-liður 1. mgr. 30. gr.		—	c-liður 2. mgr. 11. gr.		
d-liður 1. mgr. 30. gr.	b-liður 2. mgr. 7. gr.	—	—		
2., 3. og 4. mgr. 30. gr.	—	—	—		Nýtt
a-liður 1. liðar 31. gr.	a-liður 3. mgr. 7. gr.	a-liður 3. mgr. 6. gr.	a-liður 3. mgr. 11. gr.		
b-liður 1. liðar 31. gr.	b-liður 3. mgr. 7. gr.	c-liður 3. mgr. 6. gr.	b-liður 3. mgr. 11. gr.		
c-liður 1. liðar 31. gr.	c-liður 3. mgr. 7. gr.	d-liður 3. mgr. 6. gr.	d-liður 3. mgr. 11. gr.		
a-liður 2. liðar 31. gr.	—	b-liður 3. mgr. 6. gr.	—		

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
b-liður 2. liðar 31. gr.	—	e-liður 3. mgr. 6. gr.	—		
c-liður 2. liðar 31. gr.	—	Nýtt	—		
d-liður 2. liðar 31. gr.	—	Nýtt	—		
3. liður 31. gr.	—	—	c-liður 3. mgr. 11. gr.		
a-liður 4. liðar 31. gr.	d-liður 3. mgr. 7. gr.	—	e-liður 3. mgr. 11. gr.		
b-liður 4. liðar 31. gr.	e-liður 3. mgr. 7. gr.	—	f-liður 3. mgr. 11. gr.		
32. gr.	—	—	—		Nýtt
33. gr.	—	—	—		Nýtt
Fyrsta og önnur undirgrein 34. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 9. gr.	—	—		
Þriðja undirgrein 34. gr.	Þriðja undirgrein 9. gr.				Breytt
Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 35. gr.,	—	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.	—		
Önnur undirgrein a-liðar 1. mgr. 35. gr.,	—	Fyrsti málsliður annarrar undir-greinar 1. mgr. 9. gr.	—		Breytt
b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 35. gr.	—	—	1. mgr. 15. gr.		
c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 11. gr.	—	—		
Önnur undirgrein 1. mgr. 35. gr.	—	Önnur undirgrein 5. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 17. gr.		Breytt
Þriðja undirgrein 1. mgr. 35. gr.	Önnur undirgrein 7. mgr. 11. gr.	—	—		Breytt
Fjórða, fimmta og sjötta undirgrein 1. mgr. 35. gr.	—	—	—		Nýtt
2. mgr. 35. gr.	2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 15. gr.		Breytt
3. mgr. 35. gr.	—	—	—		Nýtt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 35. gr.	Fyrsti málsliður 5. mgr. 11. gr.	Fyrsti málsliður 3. mgr. 9. gr.	1. mgr. 16. gr.		Breytt
Önnur og þriðja undirgrein 4. mgr. 35. gr.	—	—	—		Nýtt
Fjórða undirgrein 4. mgr. 35. gr.			3. og 4. mgr. 16. gr.		
Fimmta undirgrein 4. mgr. 35. gr.	Annar málsliður 5. mgr. 11. gr.	Annar málsliður 3. mgr. 9. gr.	5. mgr. 16. gr.		Breytt
1. mgr. 36. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 11. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 4. mgr. 9. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 1. mgr. 17. gr., aðlagað		
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 36. gr.	Fyrsti málsliður 7. mgr. 11. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 9. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 17. gr.		Breytt
Önnur undirgrein 2. mgr. 36. gr.	—	—	—		Nýtt
3. mgr. 36. gr.	10. mgr. 11. gr.	8. mgr. 9. gr.	5. mgr. 17. gr.		Breytt
4. mgr. 36. gr.	8. og 13. mgr. 11. gr.	6. og 11. mgr. 9. gr.	4. og 8. mgr. 17. gr.		Breytt
5. mgr. 36. gr.	11. mgr. 11. gr., aðlagað	9. mgr. 9. gr., aðlagað	6. mgr. 17. gr., aðlagað		
6. mgr. 36. gr.	Annar málsliður 13. mgr. 11. gr.	Annar málsliður 11. mgr. 9. gr.	Annar málsliður 8. mgr. 17. gr.		Breytt
Fyrsta undirgrein 7. mgr. 36. gr.	12. mgr. 11. gr.	10. mgr. 9. gr.	7. mgr. 17. gr.		
Önnur undirgrein 7. mgr. 36. gr.	—	—	—		Nýtt
37. gr.	17. gr.	13. gr.	21. gr.		Breytt
1. mgr. 38. gr.	—	—	—		Nýtt
2. mgr. 38. gr.	2. mgr. 12. gr., aðlagað	1. mgr. 10. gr., aðlagað	1. mgr. 18. gr., aðlagað		
3. mgr. 38. gr.	1. og 3. mgr. 13. gr., aðlagað	1. og 3. mgr. 11. gr., aðlagað	1. og 3. mgr. 19. gr., aðlagað		Breytt
4. mgr. 38. gr.	2. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr., aðlagað	1. mgr. a 10. gr. og 3. mgr. a 11. gr., aðlagað	2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 19. gr., aðlagað		
5. og 6. mgr. 38. gr.	—	—	—		Nýtt
7. mgr. 38. gr.	5. mgr. 12. gr.	4. mgr. 10. gr.	5. mgr. 18. gr.		Breytt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
8. mgr. 38. gr.	1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 20. gr.		Breytt
39. gr.	12. gr. (3. og 4. mgr.), 13. gr.(6. mgr.) og 14. gr. (2. mgr.), aðlagað	10. gr. (2. og 3. mgr), 11. gr. (5. mgr.) og 12. gr. (2. mgr.), aðlagað	18. gr. (3. og 4. mgr), 19. gr. (6. mgr.) og 20. gr. (2. mgr.), aðlagað		
40. gr.	2. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 14. gr.	2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 12. gr.	2. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 20. gr.		Breytt
1. mgr. 41. gr.	Fyrsti málsliður 2. mgr. 8. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 2. mgr. 7. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 2. mgr. 12. gr., aðlagað		
2. mgr. 41. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 8. gr., aðlagað	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 7. gr., aðlagað	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr., aðlagað		
3. mgr. 41. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr., aðlagað	Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr., aðlagað	Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr., aðlagað		
	Síðasti málsliður 2. mgr. 8. gr.	Síðasti málsliður 2. mgr. 7. gr.	Síðasti málsliður 2. mgr. 12. gr.		Fellt úr gildi
1., 3. og 6. mgr. 42. gr.	5. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 18. gr.	4. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 15. gr.	5. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 23. gr.		Breytt
2., 4. og 5. mgr. 42. gr.	—	—	—		Nýtt
43. gr.	3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 12. gr.		Breytt
1. mgr. 44. gr.	1. mgr. 18. gr., aðlagað	1. mgr. 15. gr., aðlagað	1. mgr. 23. gr., aðlagað		Breytt
2. mgr. 44. gr.	—	—	—		Nýtt
3. mgr. 44. gr.	22. gr.	3. mgr. 23. gr.	4. mgr. 32. gr.		Breytt
4. mgr. 44. gr.	—	—	—		Nýtt
1. mgr. 45. gr.	—	—	—		Nýtt
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 45. gr.	Fyrsta undirgrein 24. gr., aðlagað	1. mgr. 20. gr., aðlagað	Fyrsta undirgrein 29. gr., aðlagað		
Önnur undirgrein 2. mgr. 45. gr.	—	—	—		Nýtt
3. mgr. 45. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 24. gr., aðlagað	2. og 3. mgr. 20. gr., aðlagað	Önnur og þriðja undirgrein 29. gr., aðlagað		
4. mgr. 45. gr.	Fjórða undirgrein 24. gr.	4. mgr. 20. gr.	Fjórða undirgrein 29. gr.		Breytt
Fyrsta undirgrein 46. gr.	Fyrsti málsliður 25. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 1. og 2. mgr. 21. gr., aðlagað	Fyrsti málsliður 1. og 3. mgr. 30. gr., aðlagað		

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
Önnur undirgrein 46. gr.	—	—	2. mgr. 30. gr.		
a- og b-liður 1. mgr. 47. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 26. gr., aðlagað	a- og b-liður 1. mgr. 22. gr., aðlagað	a- og b-liður 1. mgr. 31. gr., aðlagað		
c-liður 1. mgr. 47. gr.	c-liður 1. mgr. 26. gr.	c-liður 1. mgr. 22. gr.	c-liður 1. mgr. 31. gr.		Breytt
2. og 3. mgr. 47. gr.	—	—	—		Nýtt
4. og 5. mgr. 47. gr.	2. og 3. mgr. 26. gr., aðlagað	2. og 3. mgr. 22. gr., aðlagað	2. og 3. mgr. 31. gr., aðlagað		Breytt
1. mgr. og liðir a-e og liðir g-j í 2. mgr. 48. gr.	1. mgr. 27. gr., aðlagað	1. mgr. 23. gr., aðlagað	2. mgr. 32. gr., aðlagað		
f-liður 2. mgr. 48. gr.	—		—		Nýtt
3. og 4. mgr. 48. gr.	—	—	—		Nýtt
5. mgr. 48. gr.	Nýtt	Nýtt	1. mgr. 32. gr., aðlagað		
6. mgr. 48. gr.	2. mgr. 27. gr.	2. mgr. 23. gr.	3. mgr. 32. gr.		
49. gr.	Nýtt	Nýtt	33. gr.		Breytt
50. gr.	—	—	—		Nýtt
51. gr.	28. gr.	24. gr.	34. gr.		
52. gr.	29. gr.	25. gr.	35. gr.		Breytt
1. mgr. 53. gr.	1. mgr. 30. gr., aðlagað	1. mgr. 26. gr., aðlagað	1. mgr. 36. gr., aðlagað		
2. mgr. 53. gr.	2. mgr. 30. gr.	2. mgr. 26. gr.	2. mgr. 36. gr.		Breytt
	3. mgr. 30. gr.	—	—		Fellt úr gildi
54. gr.	—	—	—		Nýtt
55. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 30. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 27. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 37. gr.		Breytt
—	Þriðja undirgrein 4. mgr. 30. gr.	Þriðja undirgrein 27. gr.	Þriðja undirgrein 37. gr.		Fellt úr gildi
—	Fjórða undirgrein 4. mgr. 30. gr.	—	—		Fellt úr gildi
—	31. gr.	—	—		Fellt úr gildi

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
—	32. gr.	—	—		Fellt úr gildi
56. gr.	1. mgr. 3. gr., aðlagað				
57. gr.	—				Nýtt
58. gr.	3. mgr., 6.-11. mgr. og 13. mgr. 11. gr.				Breytt
59. gr.	15. gr.	—	—		
60. gr.	2. mgr. 3. gr.	—	—		
61. gr.	Nýtt	—	—		
62. gr.	3. mgr. 3. gr.				
63. gr.	4. mgr. 3. gr.				Breytt
64. gr.	4. mgr., fyrsta undirgrein 6. mgr., fyrsta undirgrein 7. mgr. og 9. mgr. 11. gr.	—	—		Breytt
65. gr.	16. gr.				
66. gr.	—	—	3. og 4. mgr. 13. gr.		
1. mgr. 67 gr.	—	—	Fyrsta undirgrein 1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 13. gr.		
2. mgr. 67. gr.			1.-3. undirliður 1. mgr. og 1.-3. undirliður 2. mgr. 13. gr.		Breytt
68. gr.	—	—	Nýtt		
1. mgr. 69. gr.	—	—	3. mgr. 15. gr.		
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 69. gr.	—	—	1. mgr. og annar undirliður 2. mgr. 16. gr.		Breytt
önnur undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 69. gr.	—	—	Nýtt		
70. gr.	—	—	1. mgr., fyrsta og þriðja undirgrein 2. mgr., 3.-6. mgr. og 8. mgr. 17. gr.		Breytt
71. gr.	—	—	Nýtt		
72. gr.	—	—	5. mgr. 13. gr.		

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
73. gr.	—	—	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 13. gr.		
74. gr.	—	—	Önnur undirgrein 6. mgr. 13. gr.		Breytt
	33. gr.	30. gr.	38. gr.		Fellt úr gildi
75. gr.	1. mgr. 34. gr., aðlagað	1. mgr. 31. gr., aðlagað	1. mgr. 39. gr., aðlagað		
76. gr.	2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 31. gr.	2. mgr. 39. gr.		Breytt
			Önnur undirgrein d-liðar 2. mgr. 39. gr.		Fellt úr gildi
1. mgr. 77. gr.	—	1. mgr. 32. gr.	1. mgr. 40. gr.		
2. mgr. 77. gr.	3. mgr. 35. gr.	2. mgr. 32. gr.	3. mgr. 40. gr.		Breytt
	—	—	2. mgr. 40. gr.		Fellt úr gildi
3. mgr. 77. gr.	—	3. mgr. 32. gr.	4. mgr. 40. gr.		Breytt
1. og 2. mgr. 78. gr.					Nýtt
3. og 4. mgr. 78. gr.	a-liður 2. mgr. 6. gr.	d-liður 1. mgr. 5. gr.	c-liður 1. mgr. 7. gr.		Breytt
a-liður 79. gr.	b-liður 1. mgr. 6. gr., aðlagað	Önnur undirgrein c-liðar 1. mgr. 5. gr., aðlagað	Önnur undirgrein b-liðar 1. mgr. 7. gr., aðlagað		
b-liður 79. gr.	2. mgr. 35. gr.	—	4. mgr. 16. gr.		Breytt
c-liður 79. gr.	—	—	—		Nýtt
d-liður 79. gr.	1. mgr. 35. gr., aðlagað	—	—		
e-liður 79. gr.		3. mgr. 29. gr., aðlagað	—		
f-liður 79. gr.	2. mgr. 35. gr., aðlagað	—	—		Nýtt
g-liður 79. gr.	—	—	—		
h- og i-liður 79. gr.	—	—	—		Nýtt
80. gr.					
81. gr.					
82. gr.					
83. gr.					

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/37/EBE	Tilskipun 93/36/EBE	Tilskipun 92/50/EBE	Aðrar gerðir	
84. gr.					
I. viðauki	II. viðauki				Breytt
II. viðauki A og II. viðauki B	—	—	I. viðauki A og I. viðauki B		Breytt
III. viðauki	I. viðauki	—	—	Aðildarsamningar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar	Aðlagað
IV. viðauki	—	I. viðauki	—	Aðildarsamningar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar	Aðlagað
V. viðauki	—	II. viðauki	—		Breytt
VI. viðauki	III. viðauki	III. viðauki	II. viðauki		Breytt
VII. viðauki A, B, C og D	IV., V. og VI. viðauki	IV. viðauki	III. og IV. viðauki		Breytt
VIII. viðauki	—	—	—		Nýtt
IX. viðauki					Aðlagað
IX. viðauki A	—	2. mgr. 21. gr.	—	Aðildarsamningar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar	Aðlagað
IX. VIÐAUKI B	—	—	3. mgr. 30. gr.	Aðildarsamningar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar	Aðlagað
IX. VIÐAUKI C	25. gr., aðlagað	—	—	Aðildarsamningar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar	Aðlagað
X. viðauki					Nýtt
XI. viðauki					Nýtt
XII. viðauki					Nýtt

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1874/2004 **2008/EES/68/23**

frá 28. október 2004

um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([1]), einkum 69. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([2]), einkum 78. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um opinbera samninga,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) ([3]) samþykkti ráðið samning um opinber innkaup, hér á eftir nefndur „samningurinn“, sbr. 4. viðauka við þá ákvörðun. Samkvæmt ákvæðum samningsins skal fara að reglunum, sem þar er mælt fyrir um, um leið og viðkomandi samningar ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar, sem hér á eftir nefnast „viðmiðunarfjárhæðir“, og settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipana 2004/17/EB og 2004/18/EB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita þeim, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði verður framkvæmdastjórnin að kanna þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipunum sem samningurinn tekur til, og hækka þær eða lækka ef nauðsyn krefur til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum, sem eru námundaðar að næsta þúsundi og jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum. Upphæð viðmiðunarfjárhæðanna í tilskipununum jafngildir ekki upphæð viðmiðunarfjárhæðanna í samningnum, sem hafa verið endurreiknaðar þannig að þær taki til tímabilsins frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2005 ([4]). Því ber að endurskoða þær.

3) Enn fremur hafa þær viðmiðunarfjárhæðir, sem eru óháðar samningnum, verið lagaðar að þeim viðmiðunarfjárhæðum sem byggjast á honum í tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB í þeim tilgangi að fækka þeim viðmiðunarfjárhæðum sem ber að fara eftir. Þess vegna er rétt að endurskoða þær einnig.

4) Breytingarnar hafa ekki áhrif á innlend ákvæði til framkvæmdar tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB sem hefjast á lægri viðmiðunarfjárhæðum en þeim sem eru tilgreindar í tilskipununum.

5) Því ber að breyta tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2004/17/EB:

1. Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið komi „473 000 evrur“ í stað „499 000 evrur“,

   b) í b-lið komi „5 923 000 evrur“ í stað „6 242 000 evrur“.

2. Ákvæðum 61. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í 1. mgr. komi „473 000 evrur“ í stað „499 000 evrur“,

   b) í 2. mgr. komi „473 000 evrur“ í stað „499 000 evrur“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2004/18/EB:

1. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið komi „154 000 evrur“ í stað „162 000 evrur“,

   b) í b-lið komi „236 000 evrur“ í stað „249 000 evrur“,

   c) í c-lið komi „5 923 000 evrur“ í stað „6 242 000 evrur“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 29.10.2004, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

([3]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB C 309, 19.12.2003, bls. 14.

2. Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið komi „5 923 000 evrur“ í stað „6 242 000 evrur,“

   b) í b-lið komi „154 000 evrur“ í stað „249 000 evrur“.

3. Í 56. gr. komi „5 923 000 evrur“ í stað „6 242 000 evrur“.

4. Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 63 gr. komi „5 923 000 evrur“ í stað „6 242 000 evrur“.

5. Ákvæðum 1. mgr. 67. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið komi „154 000 evrur“ í stað „162 000 evrur,“

   b) í b-lið komi „236 000 evrur“ í stað „249 000 evrur“,

   c) í c-lið komi „236 000 evrur“ í stað „249 000 evrur“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/51/EB **2008/EES/68/24**

frá 7. september 2005

um breytingu á XX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og VIII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB um opinber innkaup (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([1]), einkum b-lið 70. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([2]), einkum b-lið 79. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með XX. viðauka við tilskipun 2004/17/EB er ákveðið að samningsstofnanirnar skuli senda tilkynningarnar, sem um getur í 41., 42., 43. og 63. gr. í þeirri tilskipun, til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem krafist er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB frá 13. september 2001 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 93/36/EBE, IV., V. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 93/37/EBE, III. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 92/50/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 97/52/EB, og XII. til XV. og XVII. og XVIII. viðauka við tilskipun ráðsins 93/38/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/4/EB (Tilskipun um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðsauglýsinga) ([3]). Eins er ákveðið með VIII. viðauka við tilskipun 2004/18/EB að samningsyfirvöld skuli senda tilkynningar, sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem krafist er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

2) Þar eð þau stöðluðu eyðublöð, sem sett eru fram í tilskipun 2001/78/EB, taka ekki að öllu leyti tillit til upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB, verða ný, stöðluð eyðublöð sett fram í framkvæmdarráðstöfunum. Tilvísanirnar í tilskipun 2001/78/EB í XX. viðauka við tilskipun 2004/17/EB og í VIII. viðauka við tilskipun 2004/18/EB eru því ekki lengur í gildi.

3) Því ber að breyta tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinber innkaup.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrsta málsliðar a-liðar 1. liðar XX. viðauka við tilskipun 2004/17/EB komi eftirfarandi:

„Samningsstofnanir skulu senda tilkynningar, sem um getur í 41., 42., 43. og 63. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem ákveðið er í framkvæmdarráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.“

2. gr.

Í stað fyrsta málsliðar a-liðar 1. liðar VIII. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/18/EB komi eftirfarandi:

„Samningsyfirvöld skulu senda tilkynningar, sem um getur í 35., 58., 64. og 69. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem ákveðið er í framkvæmdarráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 1.10.2005, bls. 127. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004 (Stjtíð. ESB L 326, 29.10.2004, bls. 17).

([2]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1874/2004.

([3]) Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 31. janúar 2006 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/17/EB EES/2008/68/25

frá 31. mars 2004

um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 9. desember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tengslum við nýjar breytingar á tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ([5]), en þessar breytingar eru nauðsynlegar til að mæta kröfum þeim um einföldum og nútímavæðingu sem bæði samningsstofnanir og rekstraraðilar settu fram í andsvörum sínum við grænbókinni sem framkvæmdastjórnin samþykkti 27. nóvember 1996, skal, til glöggvunar, endursemja tilskipunina. Þessi tilskipun er byggð á dómaframkvæmd dómstólsins, einkum að því er varðar forsendur fyrir vali tilboðs, sem skýrir möguleika samningsstofnana á því að uppfylla þarfir almennings sem málið varðar, þ.m.t. á sviði umhverfis- og/eða félagsmála, að því tilskildu að slíkar forsendur tengist efni samningsins, veiti samningsstofnun ekki ótakmarkað valfrelsi, séu skýrt orðaðar og í samræmi við grundvallarreglurnar sem nefndar eru í 9. forsendu.

2) Ein meginástæða þess að setja þarf reglur sem samræma útboðsferli samninga á þessum sviðum er sú að innlend yfirvöld geta haft áhrif á hegðun samningsstofnana með margvíslegum hætti, t.d. með því að eiga hlut í þeim og fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þeirra.

3) Önnur helsta ástæða þess að nauðsynlegt er að samræma reglur um innkaup hjá þeim stofnunum sem starfa á þessum sviðum er á hve lokuðum mörkuðum þær starfa en það stafar af því að viðkomandi aðildarríki veita sérleyfi eða einkaleyfi til að birgja upp, koma á fót eða starfrækja kerfi til að veita viðkomandi þjónustu.

4) Löggjöf Bandalagsins, einkum reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti ([6]) og reglugerð (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti ([7]), miðar að því að auka samkeppni á milli farmflytjenda sem bjóða almenningi flutningaþjónustu í lofti. Því er ekki rétt að þessir aðilar falli undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í ljósi þeirra samkeppni sem ríkir í sjóflutningum í Bandalaginu er ekki heldur rétt að samningar á því sviði heyri undir reglur þessarar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB C 29 E, 30.1.2001, bls. 112 og Stjtíð. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 183.

([2]) Stjtíð. EB C 193, 10.7.2001, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB C 144, 16.5.2001, bls. 23.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 271 E, 7.11.2002, bls. 293), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 147 E, 24.6.2003, bls. 137) og afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 29. janúar 2004 og ákvörðun ráðsins frá 2. febrúar 2004.

([5]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

5) Gildissvið tilskipunar 98/38/EBE nær, nú sem stendur, yfir tiltekna samninga sem eru gerðir af samningsstofnunum sem starfa á sviði fjarskipta. Samþykktur hefur verið lagarammi vegna opnunar fjarskiptasviðsins, eins og nefnt er í fjórðu skýrslunni um framkvæmd lagasetningar Evrópusambandsins um fjarskipti frá 25. nóvember 1998. Ein afleiðing þess er að á þessu sviði hefur orðið til virk samkeppni, bæði að lögum og í reynd. Framkvæmdastjórnin hefur, til upplýsingar og með tilliti til þessara aðstæðna, birt skrá yfir fjarskiptaþjónustu ([1]) sem kann nú þegar að vera undanþegin gildissviði þeirrar tilskipunar skv. 8. gr. hennar. Frekari framvinda hefur verið staðfest í sjöundu skýrslunni um framkvæmd lagasetningar Evrópusambandsins um fjarskipti frá 26. nóvember 2001. Því er ekki lengur þörf á að setja reglur um innkaup stofnana sem starfa á þessu sviði.

6) Því er ekki lengur ástæða fyrir áframhaldandi starfi ráðgjafarnefndarinnar um innkaup á sviði fjarskipta, sem var komið á fót með tilskipun ráðsins 90/531/EBE frá 17. september 1990 um reglur um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum ([2]).

7) Þó er rétt að fylgjast áfram með þróun á fjarskiptasviðinu og endurmeta stöðuna ef í ljós kemur að samkeppni er ekki lengur virk á þessu sviði.

8) Innkaup talsíma-, fjarrita-, farsíma-, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu eru undanþegin gildissviði tilskipunar 93/38/EBE. Þessi þjónusta var undanskilin vegna þess að oft gat aðeins einn þjónustuaðili veitt þessa þjónustu á tilteknu landsvæði vegna skorts á virkri samkeppni og vegna veitingar sérstakra réttinda og einkaréttar. Með virkri samkeppni á fjarskiptasviðinu eru rökin fyrir þessum undanþágum ekki lengur fyrir hendi. Því er nauðsynlegt að kaup á slíkri fjarskiptaþjónustu falli undir gildissvið þessarar tilskipunar.

9) Til að tryggja að opnað sé fyrir samkeppni í samningum um opinber innkaup, sem gerðir eru af stofnunum sem starfa á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu, er rétt að setja ákvæði á vettvangi Bandalagsins um samræmingu samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti. Þessi samræming skal byggjast á kröfunum í 14., 28. og 49. gr. EB-sáttmálans og 97. gr. sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, þ.e. meginreglunni um jafna meðferð, en meginreglan um bann við mismunun er einungis eitt form hennar, meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu, meðalhófsreglunni svo og meginreglunni um gagnsæi. Í ljósi þess hvers eðlis sú starfsemi er, sem slík samræming hefur áhrif á, ber að setja ramma um heilbrigða viðskiptahætti með slíkri samræmingu, sem leyfir mesta mögulegan sveigjanleika, og standa um leið vörð um beitingu þessara meginreglna.

Þegar um er að ræða opinbera samninga, sem eru að verðmæti undir þeirri fjárhæð sem beiting ákvæðanna um samræmingu Bandalagsins miðast við, er rétt að hafa í huga þá dómaframkvæmd sem hefur þróast hjá dómstóli Evrópubandalaganna en samkvæmt henni skal beita reglum og meginreglum framangreindra sáttmála.

10) Til að tryggja raunverulega opnun markaðarins og sanngjarnan jöfnuð í beitingu reglna um innkaup á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu er nauðsynlegt að þær stofnanir, sem reglurnar gilda um, séu skilgreindar á annan hátt en með tilvísun til réttarstöðu sinnar. Þess vegna skal tryggja jafna meðferð þeirra samningsstofnana sem starfa í opinbera geiranum og hinna sem starfa í einkageiranum. Einnig er nauðsynlegt að tryggja, í samræmi við 295. gr. sáttmálans, að ekki sé gengið gegn reglum aðildarríkjanna um tilhögun eignarréttar.

11) Ef aðili, sem heyrir undir opinberan rétt, er þátttakandi í útboðsferli samnings skulu aðildarríkin tryggja að það valdi engri röskun á samkeppni gagnvart einkaaðilum sem eru jafnframt bjóðendur.

12) Samkvæmt 6. gr. sáttmálans ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu Bandalagsins og starfsemi, sem um getur í 3. gr. sáttmálans, einkum með það fyrir augum að efla sjálfbæra þróun. Í þessari tilskipun er því skýrt hvernig samningsstofnanir geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

13) Ekkert í þessari tilskipun á að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra eða varðveita plöntur, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum.

([1]) Stjtíð. EB C 156, 3.6.1999, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 297, 29.10.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3).

14) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) ([1]) var einkum samþykktur samningurinn um opinber innkaup, sem gerður var innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hér á eftir nefndur „samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“, en hann er gerður í þeim tilgangi að setja marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur í tengslum við opinbera samninga með það fyrir augum að auka frelsi í alþjóðaviðskiptum og efla þau. Í ljósi alþjóðlegra réttinda og skuldbindinga Bandalagsins, sem leiðir af samþykkt VTO-samningsins um opinber innkaup, gildir það fyrirkomulag sem þar er skilgreint um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað þann samning. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ekki bein áhrif. Samningsstofnanir, sem eru bundnar af samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem fara að þessari tilskipun og beita ákvæðum hennar gagnvart rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn, skulu því uppfylla ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Einnig er rétt að þessi tilskipun tryggi rekstraraðilum í Bandalaginu þátttökuskilyrði í opinberum innkaupum sem eru allt eins hagstæð og þau skilyrði sem bjóðast rekstraraðilum í þriðju löndum sem hafa undirritað samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

15) Áður en útboðsferli hefst geta samningsstofnanir, með tæknilegum skoðanaskiptum, leitað ráða eða þegið ráð sem geta komið að gagni við gerð útboðsskilmála en þó því aðeins að slík ráðgjöf verði ekki til þess að hindra samkeppni.

16) Í ljósi þess hve verksamningar eru fjölbreytilegir skulu samningsstofnanir geta valið um hvort þær gera samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samning sameiginlega eða aðgreint. Ákvörðun um hvort samningur skuli gerður aðgreint eða sameiginlega skal tekin með tilliti til gæðaviðmiðana og hagrænna viðmiðana sem kunna að vera ákveðnar í landslögum.

Samningur skal því aðeins teljast verksamningur að efni hans varði sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í XII. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka samninginn sem verksamning að hann taki til slíkra verka.

Við útreikning á áætluðu verðmæti verksamnings er rétt að leggja til grundvallar verðmæti verksins sjálfs og einnig áætlað verðmæti vöru og þjónustu, ef um slíkt er að ræða, sem samningsstofnanir láta verktökum í té, að svo miklu leyti sem þessi þjónusta eða vara er nauðsynleg fyrir framkvæmd verksins sem um er að ræða. Þjónustan, sem gert er ráð fyrir í þessari málsgrein, er sú þjónusta sem starfsmenn samningsstofnananna veita. Á hinn bóginn skal fara eftir gildandi reglum um þjónustusamninga við útreikning á verðmæti slíkra samninga, hvort sem verktaki fær það til ráðstöfunar vegna verks sem verður framkvæmt síðar eða ekki.

17) Með tilliti til beitingar útboðsreglna þessarar tilskipunar og vegna eftirlits er best að skipta þjónustusviðinu í flokka sem svara til tiltekinnar flokkunar í sameiginlegu flokkunarkerfi og raða þeim í tvo viðauka, XVII. viðauka A og XVII. viðauka B, eftir því hvaða kerfi þeir falla undir. Að því er varðar þjónustu í XVII. viðauka B skulu ákvæði þessarar tilskipunar ekki hafa áhrif á beitingu Bandalagsreglna sem gilda sérstaklega um viðkomandi þjónustu.

18) Að því er varðar þjónustusamninga skal full beiting þessarar tilskipunar takmarkast, á aðlögunartímabili, við samninga þar sem ákvæði tilskipunarinnar gera kleift að nýta alla möguleika á auknum viðskiptum yfir landamæri. Fylgjast skal með samningum um aðra þjónustu á þessu aðlögunartímabili áður en ákvörðun er tekin um að beita þessari tilskipun til fulls. Því er nauðsynlegt að skilgreina fyrirkomulag á slíku eftirliti. Það fyrirkomulag skal jafnframt gera hlutaðeigandi aðilum kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum.

19) Forðast ber allar hindranir í vegi fyrir frjálsri þjónustuveitingu. Því er heimilt að þjónustuveitendur séu, hvort heldur sem er, einstaklingar eða lögaðilar. Þessi tilskipun skal þó ekki koma í veg fyrir að reglum um skilyrði fyrir því að stunda tiltekna starfsemi eða sérfræðistörf sé beitt á innlendum vettvangi, að því tilskildu að þær samrýmist reglum Bandalagsins.

20) Stöðugt er unnið að því að þróa nýja, rafræna innkaupatækni. Slík tækni stuðlar að aukinni samkeppni og hagræðingu í opinberum innkaupum, einkum vegna þess að notkun hennar sparar bæði tíma og fjármuni. Samningsstofnanir geta nýtt sér rafræna innkaupatækni, að því tilskildu að slík not samrýmist reglunum sem settar eru með þessari tilskipun og

([1]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

meginreglunum um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Í því samhengi getur tilboð, sem bjóðandi leggur fram, einkum samkvæmt rammasamningi eða þegar virkt innkaupakerfi er notað, verið í formi rafræns vörulista bjóðanda ef bjóðandinn nýtir sér samskiptaaðferðir sem samningsstofnunin hefur valið í samræmi við 48. gr.

21) Í ljósi hinnar öru útbreiðslu rafrænna innkaupakerfa ber að setja viðeigandi reglur nú þegar til að gera samningsstofnunum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem slík kerfi bjóða upp á. Með þetta í huga er nauðsynlegt að skilgreina fyllilega rafrænt, virkt innkaupakerfi fyrir algeng innkaup og mæla fyrir um sérstakar reglur um uppsetningu og rekstur slíks kerfis til að tryggja réttláta meðferð allra rekstraraðila sem vilja taka þátt. Sérhverjum rekstraraðila, sem leggur fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og uppfyllir forsendur fyrir vali, skal vera heimilt að nýta sér slíkt kerfi. Þessi innkaupatækni gerir samningsstofnun kleift, með því að koma upp skrá yfir bjóðendur sem þegar hafa verið valdir og gefa nýjum bjóðendum kost á því að taka þátt, að velja úr sérlega breiðum hópi bjóðenda með notkun rafræna búnaðarins og tryggja um leið hámarksnýtingu fjármagns með víðtækri samkeppni.

22) Þar sem líkur eru á því að notkun rafrænna uppboða fari vaxandi er rétt að setja fram skilgreiningu Bandalagsins á þeim og að um þau gildi sérstakar reglur til að tryggja að þau fari fram í fullu samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Því er æskilegt að sett verði ákvæði um að slík rafræn uppboð verði aðeins notuð þegar um er að ræða verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga sem hægt er að ákvarða nákvæmar forskriftir fyrir. Þetta á einkum við um endurnýjaða vöru- verk- og þjónustusamninga. Af sömu ástæðu skal einnig vera hægt að ákveða viðeigandi flokkun bjóðenda á öllum stigum rafræns uppboðs. Þegar kostur gefst á því að nota rafræn uppboð gerir það samningsstofnunum kleift að hvetja bjóðendur til að bjóða nýtt og lægra verð og, þegar tilboð er valið á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs, að fara fram á úrbætur í öðrum þáttum tilboðsins en verðinu. Til að tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi má einungis taka með í rafrænt uppboð þá þætti sem hægt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án allra afskipta og/eða samþykkis samningsstofnunar, þ.e. aðeins þá þætti sem setja má fram sem magn svo að unnt sé að tilgreina þá í tölum eða sem hlutfall. Hins vegar skal ekki taka með í rafrænum uppboðum þau svið tilboða sem varða þætti sem ekki er hægt að setja fram í tölum. Þar af leiðandi skal ekki bjóða upp, með rafrænum aðferðum, tiltekna verksamninga og þjónustusamninga sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka.

23) Í aðildarríkjunum hafa þróast tilteknar, miðstýrðar innkaupaaðferðir. Ýmis samningsyfirvöld hafa það hlutverk að annast innkaup og gerð samninga eða rammasamninga fyrir aðrar samningsstofnanir. Vegna hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og hagræðingar í opinberum innkaupum. Þess vegna ber að ákveða skilgreiningu Bandalagsins á miðlægum innkaupastofnunum sem samningsstofnanir nýta sér. Einnig ber að skilgreina hvaða skilyrði samningsstofnanir, sem kaupa verk vörur og/eða þjónustu með milligöngu miðlægrar innkaupastofnunar, skulu uppfylla svo að þær teljist hafa farið að ákvæðum þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til meginreglnanna um bann við mismunun og jafna meðferð.

24) Svo að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum er aðildarríkjunum það í sjálfsvald sett hvort þau veita samningsstofnunum heimild til að nýta sér miðlægar innkaupastofnanir, virk innkaupakerfi eða rafræn uppboð eins og skilgreint er og kveðið á um í þessari tilskipun.

25) Þörf er á viðeigandi skilgreiningu á hugtakinu sérstök réttindi eða einkaréttur. Skilgreining felur það í sér að þótt aðili geti nýtt sér ferli til eignarnáms eða notkunar fasteignar í tengslum við uppsetningu veitukerfa eða vinnu við hafnir eða flugvelli eða komið veitubúnaði fyrir á, undir eða yfir aðalvegi telst það ekki í sjálfu sér vera sérstök réttindi eða einkaréttur í skilningi þessarar tilskipunar. Þótt aðili veiti neysluvatni, raforku, gasi eða hita til veitukerfis sem er starfrækt af aðila, sem nýtur sérstakra réttinda eða einkaréttar frá hendi þar til bærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki, telst það ekki heldur vera einkaréttur eða sérstök réttindi í skilningi þessarar tilskipunar. Réttur, sem aðildarríki veitir takmörkuðum fjölda fyrirtækja í einhverri mynd, þ.m.t. með lögum um sérleyfi, á grundvelli hlutlægra og hlutfallslegra viðmiðana án mismununar, sem heimilar öllum hlutaðeigandi aðilum sem standast þessar viðmiðanir, að nýta þann rétt, skal ekki heldur teljast sérstök réttindi eða einkaréttur.

26) Rétt er að samningsstofnanir beiti sömu innkaupareglum þegar um er að ræða starfsemi sem tengist vatni og einnig þegar samningsyfirvöld, í skilningi þessarar tilskipunar, gera samninga í tengslum við verkefni sín á sviði vatnvirkjunar, áveitu, framræslu lands eða losunar og meðferðar fráveituvatns. Reglur um innkaup, sem lagt er til að séu notaðar í vörusamningum, henta þó ekki við kaup á vatni, þar eð nauðsynlegt er að nýta uppsprettur í grennd við notkunarstað.

27) Tilteknir aðilar, sem veita almenningi flutningaþjónustu með hópbifreiðum, hafa áður verið undanþegnir gildissviði tilskipunar 93/38/EBE. Slíkir aðilar skulu einnig undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar. Til að fyrirbyggja að gerðar verði margs konar sérráðstafanir, sem verður aðeins beitt á tilteknum sviðum, skal einnig beita almennu reglunum sem gera kleift að taka tillit til áhrifanna af því að opna fyrir samkeppni gagnvart öllum aðilum sem veita flutningaþjónustu með hópbifreiðum og eru ekki undanþegnir gildissviði tilskipunar 93/38/EBE samkvæmt 4. mgr. 2. gr. hennar.

28) Svo að tekið sé tillit til frekari opnunar póstþjónustu Bandalagsins fyrir samkeppni og þar eð samningsyfirvöld, opinber fyrirtæki og önnur fyrirtæki hafa net slíkrar þjónustu, skulu samningar, sem gerðir eru af samningsstofnunum sem veita póstþjónustu, falla undir reglur þessarar tilskipunar, þ.m.t. ákvæði 30. gr. sem tryggja beitingu meginreglnanna, sem um getur í 9. forsendu, og mynda um leið ramma um heiðarlegar viðskiptavenjur og veita ráðrúm fyrir meiri sveigjanleika en í boði er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([1]). Við skilgreiningu á viðkomandi starfsemi er nauðsynlegt að taka tillit til skilgreininganna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu ([2]).

Aðilar, sem veita póstþjónustu, þurfa ekki sem stendur að hlíta reglum tilskipunar 93/38/EBE, óháð því hver réttarstaða þeirra er. Það getur því tekið slíka aðila lengri tíma að laga útboðsferlið að þessari tilskipun en aðila sem fara nú þegar að þessum reglum og þurfa einungis að laga reglur sínar að breytingum sem eru gerðar með þessari tilskipun. Því ætti að vera leyfilegt að fresta beitingu þessarar tilskipunar til að fá þann viðbótartíma sem þarf fyrir þessa aðlögum. Vegna breytilegra aðstæðna slíkra aðila skulu aðildarríkin eiga þess kost að mæla fyrir um að samningsstofnanir, sem starfa á sviði póstþjónustu, fái aðlögunartíma að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar.

29) Gera má samninga í þeim tilgangi að koma til móts við kröfur margs konar starfsemi sem kann að falla undir mismunandi lagareglur. Ljóst skal vera að þær lagareglur, sem gilda um einn samning, sem ætlað er að ná yfir margs konar starfsemi, eiga að falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem samningurinn á einkum við um. Hægt er að ákvarða hvaða starfsemi það er sem samningurinn er aðallega gerður um út frá greiningu á þeim kröfum sem þessi tiltekni samningur þarf að uppfylla og skal þá samningsstofnunin annast greininguna með það fyrir augum að meta verðmæti samningsins og semja útboðsgögn. Í ákveðnum tilvikum, s.s. við kaup á einu tæki til að inna af hendi margs konar starfsemi, þar sem ekki eru tiltækar upplýsingar sem gera kleift að meta notkunarhlutfall hverrar starfsemi um sig, getur verið ómögulegt að ákvarða, á hlutlægan hátt, hvaða starfsemi samningurinn á einkum við um. Tilgreina skal þær reglur sem gilda í slíkum tilvikum.

30) Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins er nauðsynlegt að einfalda framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með því að einfalda viðmiðunarfjárhæðir og láta ákvæði um það hvaða upplýsingar skuli veita þátttakendum um ákvarðanir, sem eru teknar í tengslum við útboðsferlið og niðurstöður þess, gilda um allar samningsstofnanir án tillits til athafnasviðs. Með tilliti til myntbandalagsins skal enn fremur setja þessar viðmiðunarfjárhæðir fram í evrum á þann hátt að það einfaldi beitingu slíkra ákvæða og tryggi um leið að farið sé að ákvæðum um viðmiðunarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi (SDR). Í þessu sambandi er einnig rétt að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem eru settar fram í evrum til að laga þær, eftir atvikum, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum. Auk þess skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem gilda um hönnunarsamkeppni, vera þær sömu og viðmiðunarfjárhæðir sem gilda um þjónustusamninga.

31) Gera þarf ráð fyrir tilvikum þar sem hægt er að láta hjá líða að beita samræmingaraðgerðum af ástæðum sem tengjast ríkisöryggi eða ríkisleynd eða vegna sérstakra reglna um gerð samninga, sem byggja á millilandasamningum varðandi herstöðvar, eða reglna sem gilda sérstaklega um alþjóðastofnanir.

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.
([2]) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

32) Rétt er að undanskilja tiltekna þjónustu-, vöru- og verksamninga, sem gerðir eru við fyrirtæki í eignartengslum, ef fyrirtækið hefur aðallega þá starfsemi með höndum að sjá fyrirtækjahópnum, sem það er hluti af, fyrir slíkri þjónustu, vöru eða verkum, fremur en að bjóða þjónustuna, vöruna eða verkið á markaðnum. Einnig er rétt að undanskilja tiltekna þjónustu-, vöru- og verksamninga sem samningsstofnun gerir við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir mynda og samningsstofnunin er hluti af, með það fyrir augum að stunda starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun. Þó ber að tryggja að þessi undantekning verði ekki til þess að raska samkeppni til hagsbóta fyrir þau fyrirtæki eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem eru í eignartengslum við samningsstofnanirnar. Setja þarf viðeigandi reglur, einkum varðandi hámarksmörk þar sem fyrirtækin mega halda eftir hluta af veltu sinni á markaðnum ef þau eru undir þeim mörkum en yfir þeim myndu þau missa möguleikann á því að fá samninga án útboðs, og um samsetningu fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og stöðugleika tengsla á milli þessara fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og samningsstofnananna sem þau eru hluti af.

33) Á sviði þjónustu hafa samningar um kaup eða leigu á fasteignum, eða rétt til slíkrar eignar, séreinkenni sem valda því að óheppilegt er að beita reglum um innkaup.

34) Gerðardóms- og sáttameðferð er vanalega veitt af aðilum eða einstaklingum sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki getur fallið undir reglur um innkaup.

35) Í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar nær fjármálaþjónusta, sem fellur undir þessa tilskipun, ekki til samninga sem tengjast útgáfu, kaupum, sölu eða framsali verðbréfa eða annarra fjármálagerninga; einkum á það við um viðskipti samningsstofnana í því skyni að afla fjár eða eiginfjár.

36) Þessi tilskipun gildir því aðeins um veitingu þjónustu að þjónustan byggist á samningum.

37) Samkvæmt 163. gr. sáttmálans ber að hvetja til rannsókna og tækniþróunar til að renna stoðum undir vísinda- og tæknigrundvöll iðnaðar í Bandalaginu og með því að opna aðgang að þjónustusamningum er stuðlað að því að þetta markmið náist. Þessi tilskipun gildir ekki um sameiginlega fjármögnun rannsóknar- og þróunarverkefna: rannsóknar- og þróunarsamningar falla því ekki undir þessa tilskipun nema þ eir komi einungis samningsstofnun til góða í eigin starfsemi og að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsstofnuninni.

38) Til að koma í veg fyrir fjölgun sérstakra ráðstafana, sem eiga einungis að gilda um tiltekin svið, skulu almennu reglurnar, sem leyfa undanþágu á þeim sviðum, sem eiga í beinni samkeppni, koma í stað núverandi sérráðstafana sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE og 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30 maí 1994 um skilyrði fyrir notkun og veitingu leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ([1]) sem gilda um aðila sem nýta landsvæði í því skyni að leita að eða vinna olíu, gas, kol eða annað fast eldsneyti. Þó verður að tryggja að þetta hafi ekki áhrif á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/676/EBE frá 10. desember 1993, þar sem ákveðið er að í Hollandi teljist nýting landsvæða, með það fyrir augum að leita að eða vinna olíu eða gas, ekki vera starfsemi sem er skilgreind í i. lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/531/EBE og að aðilar, sem reka slíka starfsemi í Hollandi, teljist ekki starfa samkvæmt sérstökum réttindum eða einkarétti í skilningi b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar ([2]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/367/EB frá 30. maí 1997 þar sem ákveðið er að í Breska konungsríkinu teljist nýting landsvæða, með það fyrir augum að leita að eða vinna olíu eða gas, ekki vera starfsemi, sem er skilgreind í i. lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE, og að aðilar, sem reka slíka starfsemi í Breska konungsríkinu, teljist ekki starfa samkvæmt sérstökum réttindum eða einkarétti í skilningi b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar ([3]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/205/EB frá 4. mars 2002 að fenginni beiðni frá Austurríki um að beita þeim sérstöku reglum sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE ([4]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB að fenginni beiðni frá Þýskalandi um að beita þeim sérstöku reglum sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE ([5]).

39) Atvinna og störf eru grundvallaratriði þegar tryggja á jöfn tækifæri fyrir alla og stuðla að félagslegum samruna. Í því sambandi eru verndaðir vinnustaðir og áætlanir um verndaða vinnu mikill stuðningur við aðlögun eða enduraðlögun fatlaðs fólks á vinnumarkaðnum. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna samninga slíkum vinnustöðum eða bundið framkvæmd samninga áætlunum um verndaða vinnu.

([1]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 316, 17.12.1993, bls. 41.
([3]) Stjtíð. EB L 156, 13.6.1997, bls. 55.
([4]) Stjtíð. EB L 68, 12.3.2002, bls. 31.
([5]) Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 57.

40) Þessi tilskipun gildir hvorki um samninga, sem varða framkvæmd starfsemi sem um getur í 3.—7. gr., né um hönnunarsamkeppni, sem efnt er til vegna slíkrar starfsemi, ef starfsemin er í beinni samkeppni, í aðildarríkinu þar sem hún fer fram, á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður. Þess vegna er rétt að innleiða málsmeðferð, sem hægt er að beita á öllum sviðum sem þessi tilskipun gildir um, sem gerir kleift að taka tillit til bæði núverandi áhrifa og framtíðaráhrifa þess að opna fyrir samkeppni. Slík málsmeðferð á að hafa í för með sér réttaröryggi fyrir viðkomandi aðila og einnig viðeigandi ferli ákvarðanatöku sem tryggir, á skömmum tíma, samræmda beitingu laga Bandalagsins á þessu sviði.

41) Bein samkeppni skal metin á grundvelli hlutlægra viðmiðana, að teknu tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi starfssviðs. Ef viðeigandi lög Bandalagsins um opnun á tilteknu sviði eða hluta þess hafa verið sett og þeim beitt telst það vera nægileg ástæða til að gera ráð fyrir að frjáls aðgangur sé að viðkomandi markaði. Slík viðeigandi löggjöf skal tilgreind í viðauka sem framkvæmdastjórnin getur uppfært. Við slíka uppfærslu tekur framkvæmdastjórnin einkum tillit til þess möguleika að gera ráðstafanir sem fela það í sér að opnað verði að fullu fyrir samkeppni á öðrum sviðum en þeim sem þegar falla undir lög sem eru tilgreind í XI. viðauka, t.d. ráðstafanir varðandi flutninga með járnbrautum. Ef frjáls aðgangur að tilteknum markaði fylgir ekki framkvæmd viðeigandi laga Bandalagsins skal sýna fram á að slíkur aðgangur sé frjáls að lögum og í reynd. Þess vegna þarf, þegar aðildarríki beitir tilskipun, t.d. tilskipun 94/22/EB þar sem samkeppni á tilteknu sviði er opnuð á öðru sviði, t.d. á sviði kolavinnslu, að taka tillit til þeirra aðstæðna skv. 30. gr.

42) Tækniforskriftirnar, sem innkaupsaðilar setja fram, skulu veita ráðrúm fyrir opnun samkeppni í opinberum innkaupum. Þess vegna á að vera hægt að leggja fram tilboð þar sem gefinn er kostur á fjölbreyttum, tæknilegum lausnum. Því ætti að vera unnt að setja fram tækniforskriftir sem kröfur um nothæfi og hagnýtingu, og samningsstofnanir skulu, þegar vísað er til Evrópustaðla eða, þegar þeir eru ekki til, landsstaðla, taka gild tilboð sem eru byggð á öðru, jafngildu fyrirkomulagi sem uppfyllir kröfur samningsstofnana og er jafngilt með tilliti til öryggis. Leyfa skal bjóðendum að leggja fram hvers konar sönnunargögn til að sýna að tilboð séu jafngild. Samningsstofnanir skulu geta rökstutt allar ályktanir þess efnis að ekki hafi verið um jafngild tilboð að ræða í tilteknu tilviki. Samningsstofnanir, sem vilja hafa ákveðnar umhverfiskröfur í tækniforskriftum tiltekins samnings, geta mælt fyrir um eiginleika er varða umhverfið, s.s. tiltekna framleiðsluaðferð, og/eða tiltekin umhverfisáhrif vöru- eða þjónustuhópa. Þau geta notað, en eru ekki skyldug til þess að nota, viðeigandi forskriftir sem eru skilgreindar í umhverfismerkjum á borð við evrópska umhverfismerkið, (fjöl-)þjóðleg umhverfismerki eða hvaða önnur umhverfismerki sem er, að því tilskildu að kröfur varðandi merkið séu settar fram og samþykktar á grundvelli vísindalegra gagna og notuð málsmeðferð sem hagsmunaaðilar, s.s. stofnanir ríkisins, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfisstofnanir, geta nýtt sér og að því tilskildu að merkið sé aðgengilegt og tiltækt öllum hlutaðeigandi aðilum. Samningsstofnanir skulu, þegar unnt er, mæla fyrir um tækniforskriftir á þann hátt að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgang fatlaðra eða hönnun sem hæfir öllum notendum. Tækniforskriftirnar skulu settar fram á skýran hátt svo að öllum bjóðendum sé það ljóst hvað felst í þeim kröfum sem samningsstofnanir gera.

43) Rétt er að setja ákvæði um undirverktöku til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að taka þátt í opinberum innkaupum.

44) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru samrýmanleg þessari tilskipun, að því tilskildu að þau hafi ekki, beint eða óbeint, mismunun í för með sér og séu tilgreind í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum. Þau geta m.a. verið sett í þeim tilgangi að stuðla að starfsþjálfun á vinnustað, ráðningu starfsfólks sem á í sérstökum erfiðleikum með að komast á vinnumarkaðinn, baráttu gegn atvinnuleysi eða umhverfisvernd. Til dæmis má nefna kröfur, sem gilda á meðan á framkvæmd samningsins stendur, um að ráða umsækjendur sem hafa verið lengi atvinnulausir eða gera ráðstafanir til að þjálfa atvinnulaust eða ungt fólk, um að fylgja í meginatriðum ákvæðum grundvallarsamninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), að því gefnu að slík ákvæði hafi ekki verið leidd í landslög, og að ráða fleiri fatlaða einstaklinga en kveðið er á um í landslögum.

45) Gildandi lög, reglur og kjarasamningar, bæði innanlands og á vettvangi Bandalagsins, á sviði ráðningarskilmála og öryggis í starfi, gilda meðan á framkvæmd samnings stendur, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra sé í samræmi við lög Bandalagsins. Varðandi starfsemi, sem teygir sig yfir landamæri, þar sem starfsmenn frá einu aðildarríki veita þjónustu í öðru aðildarríki í tengslum við framkvæmd samnings, er mælt fyrir um lágmarksskilyrði sem gistilandið þarf að virða í tengslum við

slíka útsenda starfsmenn, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu ([1]). Ef ákvæði eru um þetta í innlendum lögum má líta á það sem alvarlegt misferli eða brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila ef ákvæðin eru ekki virt og getur það valdið því að hann verði útilokaður frá samningi.

46) Í ljósi nýrrar þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatækni og þess að hún getur einfaldað birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferlisins skulu rafrænar aðferðir settar jafnfætis hefðbundnum aðferðum í fjarskiptum og upplýsingaskiptum. Þær aðferðir og sú tækni, sem valið er að nota, skal, eftir því sem unnt er, vera samrýmanleg þeirri tækni sem notuð er í öðrum aðildarríkjum.

47) Notkun rafrænna aðferða sparar tíma. Þess vegna ber að setja ákvæði um styttingu lágmarksfrests ef rafrænum aðferðum er beitt, þó með því skilyrði að þau samrýmist sérstökum ákvæðum um flutningsaðferðir sem notaðar verða í Bandalaginu. Þó er nauðsynlegt að tryggja að samanlögð áhrif þess að stytta frest leiði ekki til þess að fresturinn verði of stuttur.

48) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafræna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([3]) skulu, í samhengi þessarar tilskipunar, gilda um flutning upplýsinga með rafrænum aðferðum. Í reglum um opinber innkaup og gildandi reglum um þjónustusamkeppni eru gerðar strangari kröfur um öryggi og þagnarskyldu en í þessum tilskipunum. Samkvæmt því skal búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, áætlana og verkefna uppfylla tilteknar viðbótarkröfur. Af þeim sökum ber að hvetja til notkunar rafrænna undirskrifta, einkum háþróaðra, rafrænna undirskrifta, eftir því sem unnt er. Auk þess geta valfrjáls faggildingarkerfi myndað heppilegan ramma um bætta vottunarþjónustu fyrir þennan búnað.

49) Upplýsa þarf þátttakendur í útboði um það þegar tekin er ákvörðun um gerð rammasamnings, val tilboðs eða að hætta við útboðið innan frests sem er nægilega langur til að hægt sé að leggja fram beiðni um endurskoðun. Því er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar eins fljótt og unnt er og að öðru jöfnu innan 15 daga frá því að ákvörðunin er tekin.

50) Gera verður ljóst að samningsstofnunum, sem ákveða valforsendur í almennu útboði, ber að gera það samkvæmt hlutlægum reglum og viðmiðunum og valforsendur í lokuðu útboði og samningskaupum skulu á sama hátt vera hlutlægar. Þessar hlutlægu reglur og forsendur gefa ekki endilega til kynna vægi.

51) Mikilvægt er að taka tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins í tilvikum þar sem rekstraraðili vitnar til efnahagslegrar, fjárhagslegrar eða tæknilegrar getu annarra aðila, hver svo sem lagaleg tengsl hans eru við þá aðila, í því skyni að uppfylla valforsendur eða, þegar um er að ræða hæfimatskerfi, til stuðnings umsókn sinni um hæfismat. Í síðarnefnda tilvikinu þarf rekstraraðilinn að sanna að hann hafi í raun aðgang að þessum tilföngum allan gildistíma hæfismatsins. Að því er þetta hæfismat varðar getur samningsstofnun því ákveðið hvaða kröfur þarf að uppfylla og einkum, ef verktakinn vitnar t.d. til fjárhagsstöðu annars aðila, getur aðildarríkið krafist þess að sá aðili taki á sig ábyrgð, ef nauðsyn krefur einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Hæfimatskerfi skulu starfrækt í samræmi við hlutlægar reglur og viðmiðanir sem, að vali samningsstofnunarinnar, geta varðað getu rekstaraðilans og/eða eiginleika verksins, vörunnar eða þjónustunnar sem kerfið tekur til. Að því er hæfismat varðar geta samningsstofnanir gert sínar eigin prófanir til að meta eiginleika viðkomandi verka, vöru eða þjónustu, einkum með tilliti til samrýmanleika og öryggis.

52) Viðeigandi Bandalagsreglur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina, vottorða eða annarra sönnunargagna um formlega menntun og hæfi gilda þegar krafist er sönnunar á sérstakri menntun og hæfi vegna þátttöku í innkaupaferli eða hönnunarsamkeppni.

53) Í tilvikum þar sem verkið og/eða þjónustan er þess eðlis að það gefur ástæðu til að beita ráðstöfunum eða kerfum umhverfisstjórnar á meðan á framkvæmd samnings stendur er hægt að krefjast þess að slíkum

([1]) Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.
([3]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

ráðstöfunum eða kerfum sé beitt. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Bandalagsgerningum, eins og t.d. reglugerð (EB) nr. 761/2001 (EMAS) ([1]), eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Auk þess skal samþykkja lýsingu á þeim ráðstöfunum, sem rekstraraðili framkvæmir til að tryggja sama stig umhverfisverndar, sem sönnun sem kemur í stað skráðra umhverfisstjórnunarkerfa.

54) Forðast skal að gera opinbera samninga við rekstraraðila sem hafa tekið þátt í glæpasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu eða sviksemi, sem hefur beinst gegn fjárhagslegum hagsmunum Evrópubandalaganna, eða fundnir sekir um peningaþvætti. Þar eð verið getur að samningsstofnanir, sem eru ekki samningsyfirvöld, hafi ekki aðgang að óhrekjanlegum sönnunargögnum í málinu er rétt að þessar samningsstofnanir geti valið um hvort beita skuli útilokunarákvæðunum, sem sett eru fram í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2004/18/EB, eða ekki. Sú skylda að beita 1. mgr. 45. gr. skal því takmarkast við samningsstofnanir sem eru samningsyfirvöld. Ef við á skulu samningsstofnanir krefjast þess að umsækjendur um hæfismat, þátttakendur eða bjóðendur leggi fram viðeigandi skjöl og ef þau hafa efasemdir varðandi persónulega stöðu þessara rekstraraðila geta þau leitað eftir samstarfi við þar til bær yfirvöld í viðeigandi aðildarríki. Slíkir rekstraraðilar skulu útilokaðir um leið og samningsyfirvöld fá vitneskju um úrskurð sem hefur fallið vegna slíkra brota í samræmi við innlend lög og hefur því dómsígildi.

Ef ákvæði eru um það í landslögum má líta á það sem brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli ef hann fer ekki að umhverfislögum eða lögum um ólögmætt samkomulag í samningum og það hefur verið staðfest með endanlegum úrskurði eða jafngildri ákvörðun.

Sé ekki farið að innlendum ákvæðum til framkvæmdar tilskipunum ráðsins 2000/78/EB ([2]) og 76/207/EBE ([3]) um jafna meðferð starfsmanna, sem hefur verið staðfest með endanlegum dómi eða jafngildri ákvörðun, getur það talist brot á siðareglum af hálfu viðkomandi rekstraraðila eða alvarlegt misferli.

55) Val tilboða skal fara fram á grundvelli hlutlægra forsendna sem tryggja að farið sé að meginreglunum um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð og sem tryggja að tilboð séu metin á grundvelli virkrar samkeppni. Þess vegna er rétt að leyfa aðeins notkun tveggja valforsendna: „lægsta verð“ og „fjárhagslega hagkvæmasta tilboð“.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við val tilboða ber að mæla fyrir um þá skyldu – í samræmi við dómaframkvæmd – að tryggja nauðsynlegt gagnsæi svo að unnt sé að veita öllum bjóðendum eðlilegar upplýsingar um forsendur og fyrirkomulag við mat á því hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast. Það er því skylda samningsstofnana að gefa upp forsendur fyrir vali á tilboði og hlutfallslegt vægi hverrar forsendu með nægilegum fyrirvara svo að bjóðendur viti af því þegar þeir semja tilboð sín. Samningsstofnanir geta gert undantekningu frá því að tilgreina vægi forsendna fyrir vali á tilboði þegar gildar ástæður eru fyrir því, sem þær verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum verða þær að tilgreina forgangsröð forsendna eftir mikilvægi þeirra.

Ef samningsstofnanir ákveða að gera samning við þann sem leggur fram fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið skulu þ ær meta tilboðin með tilliti til þess hvaða tilboð felur í sér besta hlutfallið á milli gæða og verðs. Með þetta í huga skulu þau ákvarða fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur sem eiga að gera kleift að ákvarða hvaða tilboð sé fjárhagslega hagkvæmast fyrir samningsstofnun, á heildina litið. Ákvörðun þessara forsendna er háð efni samningsins því að á grundvelli þeirra á að vera hægt að meta þá framkvæmd sem felst í hverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er, eins og skilgreint er í tækniforskriftunum, og einnig að ákvarða hlutfallið milli gæða og verðs hjá hverjum bjóðanda. Til að tryggja jafna meðferð skulu forsendur fyrir vali tilboðs vera þannig að hægt sé að bera saman tilboð og meta þau hlutlægt. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt geta fjárhagslegar forsendur og gæðaforsendur fyrir vali tilboðs, t.d. það að uppfylla umhverfiskröfur, gert samningsstofnun kleift að uppfylla þarfir almennra borgara, sem málið varðar, eins og tekið er fram í samningsskilmálum. Samkvæmt sömu skilyrðum getur samningsstofnun notað forsendur, einkum til að koma til móts við þarfir sem eru skilgreindar í samningsskilmálum, sem eiga að uppfylla félagslegar kröfur sérlega illa settra hópa fólks sem viðtakendur eða notendur verksins, vörunnar eða þjónustunnar, sem samningurinn er gerður um, tilheyra.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennan ramma um jafna meðferð með tilliti til atvinnu og starfa (Stjtíð. EB L 303, 2.12.2000, bls. 16).

([3]) Tilskipun ráðsins 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör (Stjtíð. EB L 39 of 14.2.1976, bls. 40). Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB (Stjtíð. EB L 269, 5.10.2002, bls. 15).

56) Valforsendurnar mega ekki hafa áhrif á beitingu innlendra ákvæða um þóknun fyrir tiltekna þjónustu, t.d. þjónustu sem arkitektar, verkfræðingar eða lögfræðingar veita.

57) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([1]) gildir við útreikning á frestum sem fjallað er um í þessari tilskipun.

58) Þessi tilskipun er með fyrirvara um gildandi, alþjóðlegar skyldur Bandalagsins eða aðildarríkjanna og hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða sáttmálans, einkum að því er varðar 81. og 86. gr. hans.

59) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti, sem settir eru í XXV. viðauka, til lögleiðingar og beitingar tilskipun 93/38/EBE.

60) Nauðsynlegar ráðstafanirnar til framkvæmdar þessari tilskipun skulu gerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR	Almenn ákvæði sem gilda um samninga og hönnunarsamkeppni
I. kafli	Grundvallarhugtök
1. gr.	Skilgreiningar
II. kafli	Skilgreining á þeirri starfsemi og aðilum sem falla undir tilskipunina
1. þáttur	Stofnanir
2. gr.	Samningsstofnanir
2. þáttur	Starfsemi
3. gr.	Gas, hiti og raforka
4. gr.	Vatn
5. gr.	Flutningaþjónusta
6. gr.	Póstþjónusta
7. gr.	Leit eða vinnsla á olíu, gasi, kolum eða öðru föstu eldsneyti, svo og um hafnir og flugvelli
8. gr.	Skrá yfir samningsstofnanir
9. gr.	Samningar sem taka til margs konar starfsemi
III. kafli	Meginreglur
10. gr.	Meginreglur um val tilboða
II. BÁLKUR	Reglur um útboð
I. kafli	Almenn ákvæði.
11. gr.	Rekstraraðilar
12. gr.	Skilyrði í tengslum við samninga sem eru gerðir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar
13. gr.	Trúnaðarkvaðir

([1]) Stjtíð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB 184, 17.7.1999, bls. 23.

14. gr.	Rammasamningar
15. gr.	Virk innkaupakerfi
II. kafli	Viðmiðunarfjárhæðir og undantekningarákvæði
1. þáttur	Viðmiðunarfjárhæðir
16. gr.	Viðmiðunarfjárhæðir í samningum
17. gr.	Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti samninga, rammasamninga og virkra innkaupakerfa
2. þáttur	Samningar og sérleyfissamningar og samningar með sérstöku fyrirkomulagi
1. undirþáttur	
18. gr.	Sérleyfissamningar um verk og þjónustu
2. undirþáttur	Undanþágur sem gilda um allar samningsstofnanir og allar tegundir samninga
19. gr.	Samningar sem eru gerðir til að endurselja eða leigja þriðju aðilum
20. gr.	Samningar sem eru gerðir til annars en að inna af hendi starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun eða til að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi
21. gr.	Leynilegir samningar eða samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana
22. gr.	Samningar sem eru gerðir samkvæmt alþjóðareglum
23. gr.	Samningar sem eru gerðir við eignartengt félag, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
3. undirþáttur	Undanþágur sem gilda fyrir allar samningsstofnanir en aðeins um þjónustusamninga
24. gr.	Samningar í tengslum við tiltekna þjónustu sem eru undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar.
25. gr.	Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar
4. undirþáttur	Undanþágur sem gilda aðeins fyrir tilteknar samningsstofnanir
26. gr.	Samningar sem tilteknar samningsstofnanir gera vegna kaupa á vatni og vegna afhendingar á orku eða eldsneyti til að framleiða orku
5. undirþáttur	Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum, ákvæðum um miðlægar innkaupastofnanir og almennum reglum um fyrirtæki í beinni samkeppni
27. gr.	Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum
28. gr.	Samningar sem eru bundnir við ákveðna hópa
29. gr.	Samningar og rammasamningar, gerðir af miðlægum innkaupastofnunum
30. gr.	Málsmeðferð til að ákvarða hvort tiltekin starfsemi sé í beinni samkeppni
III. kafli	Reglur um þjónustusamninga
31. gr.	Þjónustusamningar sem eru skráðir í XVII. viðauka A
32. gr.	Þjónustusamningar sem eru skráðir í XVII. viðauka B
33. gr.	Blandaðir þjónustusamningar sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í XVII. viðauka A og XVII. viðauka B

IV. kafli	Sérstakar reglur sem gilda um útboðsskilmála og útboðsgögn
34. gr.	Tækniforskriftir
35. gr.	Afhending tækniforskrifta
36. gr.	Frávikstilboð
37. gr.	Undirverktaka
38. gr.	Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings
39. gr.	Skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuskilyrði
V. kafli	Útboðsaðferðir
40. gr.	Almennt útboð, lokað útboð og samningskaup
VI. KAFLI	Reglur um birtingu og gagnsæi
1. þáttur	Birting tilkynninga
41. gr.	Reglubundnar kynningartilkynningar og tilkynningar um hæfimatskerfi
42. gr.	Útboðstilkynningar
43. gr.	Tilkynningar um gerð samnings
44. gr.	Form og aðferð við birtingu tilkynninga
2. þáttur	Frestur
45. gr.	Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu
46. gr.	Almenn útboð: útboðsskilmálar, viðbótargögn og upplýsingar
47. gr.	Boð um að leggja fram tilboð eða gera samning
3. þáttur	Samskipti og upplýsingar
48. gr.	Reglur um samskipti
49. gr.	Upplýsingar til umsækjenda um hæfismat og til þátttakenda og bjóðenda
50. gr.	Upplýsingar sem á að geyma um val tilboða
VII. KAFLI	Framkvæmd útboðs
51. gr.	Almenn ákvæði
1. þáttur	Hæfi og hæfismiðað val
52. gr.	Gagnkvæm viðurkenning á stjórnunarlegum, tæknilegum og fjárhagslegum skilyrðum, svo og á vottorðum, prófunum og sönnunargögnum
53. gr.	Hæfimatskerfi
54. gr.	Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali
2. þáttur	Val tilboðs
55. gr.	Forsendur fyrir vali tilboðs
56. gr.	Rafræn uppboð
57. gr.	Óeðlilega lág tilboð

3. þáttur	Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum og tengsl við þessi lönd
58. gr.	Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum
59. gr.	Tengsl við þriðju lönd að því er varðar þjónustusamninga
III. BÁLKUR	Reglur um hönnunarsamkeppni
60. gr.	Almenn ákvæði
61. gr.	Viðmiðunarfjárhæðir
62. gr.	Undanskilin hönnunarsamkeppni
63. gr.	Reglur um birtingu og gagnsæi
64. gr.	Samskiptaaðferðir
65. gr.	Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppni, val þátttakenda og dómnefnd
66. gr.	Ákvarðanir dómnefndar
IV. BÁLKUR	Skyldan að veita tölulegar upplýsingar, framkvæmdavald og lokaákvæði
67. gr.	Skyldan að veita tölulegar upplýsingar
68. gr.	Ráðgjafarnefnd
69. gr.	Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða
70. gr.	Breytingar
71. gr.	Framkvæmd tilskipunarinnar
72. gr.	Eftirlitskerfi
73. gr.	Niðurfelling
74. gr.	Gildistaka.
75. gr.	Viðtakendur
I. viðauki	Samningsstofnanir á sviði gas- eða hitaflutninga og gas- eða hitaveitu
II. viðauki	Samningsstofnanir á sviði raforkuframleiðslu, raforkuflutninga eða rafveitu
III. viðauki	Samningsstofnanir á sviði framleiðslu, flutninga eða veitu neysluvatns
IV. viðauki	Samningsstofnanir á sviði járnbrautarflutninga
V. viðauki	Samningsstofnanir á sviði flutninga í þéttbýli með járnbrautarlestum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum eða hópbifreiðum
VI. viðauki	Samningsstofnanir á sviði póstþjónustu
VII. viðauki:	Samningsstofnanir á sviði leitar og vinnslu á olíu og gasi
VIII. viðauki	Samningsstofnanir á sviði leitar og vinnslu á kolum og öðru föstu eldsneyti
IX. viðauki	Samningsstofnanir á sviði hafna við sjó eða vatnaleiðir eða á sviði annarrar stöðvaraðstöðu
X. viðauki	Samningsstofnanir á sviði flugvallaraðstöðu
XI. viðauki	Skrá yfir lög Bandalagsins sem um getur í 3. mgr. 30. gr.
XII. viðauki	Skrá yfir starfsemi sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr.

XIII. viðauki	Upplýsingar sem eiga að koma fram í útboðstilkynningum: A. Almenn útboð B. Lokuð útboð C. Samningskaup D. Einfölduð útboðstilkynning, notuð í virku innkaupakerfi
XIV. viðauki	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um að hæfimatskerfi sé fyrir hendi
XV. viðauki A	Upplýsingar sem eiga að koma fram í reglubundinni kynningartilkynningu
XV. viðauki B	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um birtingu reglubundinnar kynningar-tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda, sem er ekki útboðstilkynning
XVI. viðauki	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um gerð samnings
XVII. viðauki:	A. Þjónusta í skilningi 31. gr.
XVII. viðauki:	B. Þjónusta í skilningi 32. gr.
XVIII. viðauki	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um hönnunarsamkeppni
XIX. viðauki	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um úrslit hönnunarsamkeppni
XX. viðauki	Atriði varðandi birtingu
XXI. viðauki	Skilgreining tiltekinna tækniforskrifta
XXII. viðauki	Yfirlitstafla yfir fresti sem mælt er fyrir um í 45. gr.
XXIII. viðauki	Ákvæði alþjóðlegrar vinnulöggjafar í skilningi 4. mgr. 59. gr.
XXIV. viðauki	Kröfur varðandi búnað fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat svo og samkeppnisáætlana og samkeppnisverkefna
XXV. viðauki	Frestur til lögleiðingar og framkvæmdar
XXVI. viðauki	Samsvörunartafla

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI SEM GILDA UM SAMNINGA OG HÖNNUNARSAMKEPPNI

I. KAFLI

Grundvallarhugtök

1. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í þessari grein.

2. a) „Vörusamningar, verksamningar og þjónustusamningar“: skriflegir samningar, fjárhagslegs eðlis, sem ein eða fleiri samningsstofnanir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og einn eða fleiri verktakar, birgjar eða þjónustuveitendur gera sín á milli,

b) „verksamningar“: samningar sem fjalla annaðhvort um framkvæmd eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í XII. viðauka eða verk eða hvers konar framkvæmd verks sem svarar til þeirra krafna sem samningsstofnunin setur fram. „Verk“ er heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,

c) „vörusamningar“: samningar, aðrir en þeir sem um getur í b-lið, um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum, með eða án kaupréttar.

Samningur um vöruafhendingu, sem einnig felur í sér tilfallandi ísetningu og uppsetningu, skal teljast „vörusamningur“,

d) „þjónustusamningar“: samningar, aðrir en verk- og vörusamningar, sem varða veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í XVII. viðauka.

Samningur, sem varðar bæði vörur og þjónustu í skilningi XVII. viðauka, skal teljast „þjónustusamningur“ ef verðmæti viðkomandi þjónustu er meira en verðmæti vörunnar sem samningurinn nær til.

Samningur, sem varðar þjónustu skv. XVII. viðauka og felur í sér starfsemi skv. XII. viðauka, sem er einungis tilfallandi viðbót við meginefni samningsins, skal teljast þjónustusamningur.

3. a) „Sérleyfissamningur um verk“: samningur sömu tegundar og verksamningur, að því undanskildu að endurgjald fyrir verk, sem á að vinna, felst annaðhvort eingöngu í rétti til að hagnýta verkið eða í þeim rétti ásamt greiðslu fjár,

b) „sérleyfissamningur um þjónustu“: samningur sömu tegundar og þjónustusamningur, að því undanskildu að endurgjald fyrir þjónustu, sem á að veita, felst annaðhvort eingöngu í rétti til að hagnýta þjónustuna eða í þeim rétti ásamt greiðslu fjár.

4. „Rammasamningur“: samningur einnar eða fleiri samningsstofnana, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., við einn eða fleiri rekstraraðila, sem er gerður í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og, ef við á, fyrirhugað magn.

5. „Virkt innkaupakerfi“: fyllilega rafrænt ferli við algeng innkaup, búið eiginleikum sem almennt eru fyrir hendi á markaðnum og uppfylla kröfur samningsstofnunarinnar, sem er tímabundið og allan gildistímann opið öllum rekstraraðilum sem uppfylla valforsendur og hafa lagt fram kynningarboð í samræmi við skilmála.

6. „Rafrænt uppboð“: endurtekið ferli þar sem nýtt og lægra verð og/eða nýtt verðmæti tiltekinna þátta í tilboðum er sett fram með rafrænum hætti, sem hefst eftir að full afstaða hefur verið tekin til tilboðanna í upphafi og gerir uppröðun þeirra mögulega með sjálfvirkum matsaðferðum. Þar af leiðandi er óheimilt að bjóða upp, með rafrænum aðferðum, tiltekna þjónustusamninga og verksamninga sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka.

7. Hugtökin „verktaki“, „birgir“ og „þjónustuveitandi“ merkja annaðhvort einstakling, lögaðila eða samningsstofnun í skilningi a- eða b-liðar 2. mgr. 2. gr. eða hóp slíkra einstaklinga og/eða aðila sem bjóða framkvæmd verka og/eða verk, vörur og þjónustu á markaðnum.

Hugtakið „rekstraraðili“ er notað jafnt um verktaka, birgja og þjónustuveitendur. Það er einungis notað til einföldunar.

„Bjóðandi“ er rekstraraðili sem leggur fram tilboð og „þátttakandi“ er sá sem hefur leitað eftir boði um að taka þátt í lokuðu útboði eða samningskaupum.

8. „Miðlæg innkaupastofnun“: samningsyfirvald í skilningi a-liðar 1. mgr. 2. gr. eða samningsyfirvald í skilningi 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 2004/18/EB sem:

— aflar vöru og/eða þjónustu fyrir samningsstofnanir eða

— gerir opinbera samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsstofnanir.

9. „Almennt útboð, lokað útboð og samningskaup“: innkaupaferli samningsstofnana þar sem:

a) þegar um er að ræða almennt útboð: öllum rekstraraðilum, sem hafa áhuga, er heimilt að gera tilboð,

b) þegar um er að ræða lokað útboð: allir rekstraraðilar geta óskað eftir þátttöku en aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsstofnun býður þátttöku, geta lagt fram tilboð,

c) þegar um er að ræða samningskaup: samningsstofnun hefur samráð við rekstraraðila sem hann velur og semur um samningsskilmála við einn eða fleiri þeirra.

10. „Hönnunarsamkeppni“: ferli sem gerir samningsstofnun kleift að fá til afnota áætlun eða hönnun, einkum á sviði borgar- og landsbyggðarskipulags, byggingarlistar og mannvirkjagerðar eða gagnavinnslu, sem valin er af dómnefnd eftir að efnt hefur verið til samkeppni með eða án verðlauna.

11. „Skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla. Þar með má telja upplýsingar sem hægt er að senda og geyma með rafrænum aðferðum.

12. „Rafrænar aðferðir“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

13. „Sameiginlegt innkaupaorðasafn“ (CPV): tilvísunarflokkunarkerfi sem gildir fyrir opinbera samninga eins og það var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CVP) ([1]) en jafnframt gætt samsvörunar við önnur flokkunarkerfi sem fyrir eru.

Ef upp kemur mismunandi túlkun á gildissviði þessarar tilskipunar vegna ósamræmis á milli flokkunarkerfanna CPV og NACE (atvinnugreinaflokkun EB), sem fjallað er um í XII. viðauka, eða á milli flokkunarkerfanna CPV og CPC (aðalvöruflokkun Sameinuðu þjóðanna) (bráðabirgðaútgáfa), sem fjallað er um í XVII. viðauka, skulu NACE-kerfið og CPC-kerfið hafa forgang.

([1]) Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1.

II. KAFLI

Skilgreining á þeirri starfsemi og aðilum sem falla undir tilskipunina

1. þáttur

Stofnanir

2. gr.

Samningsstofnanir

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Samningsyfirvöld“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, stofnanir, sem heyra undir opinberan rétt og samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einni eða fleiri stofnunum sem heyra undir opinberan rétt.

„Stofnun, sem heyrir undir opinberan rétt,“ er stofnun:

— sem komið er á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfar hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

— sem hefur réttarstöðu lögaðila og

— er fjármögnuð að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt, eða stofnunum þar sem starfsemin er undir eftirliti slíkra stofnana, eða stofnunin hefur stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt,

b) „opinbert fyrirtæki“: fyrirtæki sem samningsyfirvöld geta haft bein eða óbein yfirráð yfir í krafti eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða gildandi reglna.

Samningsyfirvöld teljast hafa yfirráð yfir fyrirtækjum þegar þau, beint eða óbeint:

— eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki eða

— ráða yfir meirihluta atkvæða sem fylgja hlutabréfum sem fyrirtækið gefur út eða

— hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.

2. Þessi tilskipun gildir um samningsstofnanir:

a) sem eru samningsyfirvöld eða opinber fyrirtæki og reka einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. – 7. gr.,

b) sem reka m.a., ef þær eru hvorki samningsyfirvöld né opinber fyrirtæki, einhverja þá starfsemi sem um getur í 3.—7. gr., eða eitthvert sambland slíkrar starfsemi og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem þar til bær yfirvöld í aðildarríkinu veita.

3. Í þessari tilskipun merkir „sérstök réttindi eða einkaréttur“ réttindi sem þar til bær yfirvöld í aðildarríkinu veita með því að setja einhvers konar laga- eða stjórnsýslufyrirmæli sem hafa þau áhrif að takmarka starfsemina, sem skilgreind er í 3.—7. gr., við einn eða fleiri aðila og sem hafa veruleg áhrif á möguleika annarra aðila á því að stunda slíka starfsemi.

2. þáttur

Starfsemi

3. gr.

Gas, hiti og raforka

1. Að því er gas og hita varðar gildir þessi tilskipun um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita,

b) að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa.

2. Þegar samningsstofnun, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til veitukerfa sem þjóna almenningi telst sú starfsemi ekki eiga við í skilningi 1. mgr. ef:

a) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi aðila er óhjákvæmileg afleiðing starfsemi sem ekki er getið um í 1. eða 3. mgr. þessarar greinar eða í 4–7. gr. og

b) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

3. Að því er raforku varðar skal þessi tilskipun gilda um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við raforkuframleiðslu, raforkuflutning eða rafveitu,

b) að afhenda raforku til slíkra veitukerfa.

4. Þegar samningsstofnun, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir raforku til veitukerfa, sem þjóna almenningi, telst sú starfsemi ekki eiga við í skilningi 3. mgr. ef:

a) framleiðsla viðkomandi aðila á raforku á sér stað vegna þess að notkun hennar er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 1. eða 3. mgr. þessarar greinar eða í 4–7. gr. og

b) afhending til almenningsveitukerfa er einungis háð eigin notkun aðilans og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu aðilans á orku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

4. gr.

Vatn

1. Tilskipun þessi gildir um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða veitu neysluvatns,

b) að afhenda neysluvatn til slíkra veitukerfa.

2. Þessi tilskipun gildir einnig um samninga sem eru gerðir eða hönnunarsamkeppnir sem eru skipulagðar af aðilum sem reka starfsemi sem um getur í 1. mgr. og:

a) vinna verkefni í tengslum við vatnsvirkjun, áveitur eða framræslu, að því tilskildu að magn vatnsins, sem afhenda á sem neysluvatn, sé meira en 20% af heildarmagni þess vatns sem er gert aðgengilegt með slíkum mannvirkjum eða áveitu- og framræslubúnaði eða

b) vinna verkefni í tengslum við losun eða meðferð fráveituvatns.

3. Þegar samningsstofnun, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir neysluvatn til veitukerfa sem þjóna almenningi telst sú starfsemi ekki eiga við í skilningi 1. mgr.:

a) ef framleiðsla viðkomandi aðila á neysluvatni á sér stað vegna þess að notkun þess er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 3–7. gr., og

b) ef afhending til almenningsveitukerfa er einungis bundin eigin notkun aðilans og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu aðilans á neysluvatni miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

5. gr.

Flutningaþjónusta

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi í tengslum við framboð eða starfrækslu á kerfum sem þjóna almenningi á sviði flutninga með járnbrautum, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum, hópbifreiðum eða togbrautum.

Í flutningaþjónustu telst vera um samgöngukerfi að ræða þegar þjónusta er veitt samkvæmt rekstrarskilyrðum sem lögbær yfirvöld aðildarríkis setja varðandi þær leiðir sem þjónustan er veitt á, t.d. um sætaframboð og ferðatíðni.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um aðila sem veita almenningi flutningaþjónustu með hópbifreiðum og eru undanþegnir gildissviði tilskipunar 93/38/EBE skv. 4. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

6. gr.

Póstþjónusta

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi sem varðar veitingu póstþjónustu eða, með skilyrðum sem eru sett í c-lið 2. mgr., aðra þjónustu en póstþjónustu.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, sbr. þó tilskipun 97/67/EB:

a) „póstsending“: sending með áletruðu póstfangi, í því endanlega formi sem á að flytja hana, án tillits til þyngdar. Auk bréfa geta slíkar sendingar verið bækur, verðlistar, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning með eða án söluverðmætis, óháð þyngd,

b) „póstþjónusta“: þjónusta sem felst í söfnun, flokkun, flutningi og afhendingu póstsendinga. Í þessari þjónustu felst:

— „póstþjónusta, bundin einkarétti“: póstþjónusta sem er eða getur verið háð einkarétti skv. 7. gr. tilskipunar 97/67/EB,

— „önnur póstþjónusta“: póstþjónusta sem ekki er heimilt að binda einkarétti skv. 7. gr. tilskipunar 97/67/EB og

c) „önnur þjónusta en póstþjónusta“: þjónusta sem er veitt á eftirfarandi sviðum:

— rekstur póstþjónustu (þjónusta bæði fyrir og eftir sendingu, s.s. póstafgreiðsla),

— virðisaukaþjónusta sem tengist rafrænum aðferðum og er veitt eingöngu á þann hátt (þ.m.t. örugg sending kóðaðra skjala með rafrænum aðferðum, meðferð póstfanga og sendingar á skráðum tölvupósti),

— þjónusta sem varðar póstsendingar sem falla ekki undir a-lið, t.d. markpóstur án póstfangs,

— fjármálaþjónusta, eins og hún er skilgreind í 6. flokki XVII. viðauka A og í c-lið 24. gr., þ.m.t. póstávísanir og póstgírógreiðslur,

— þjónusta við frímerkjasafnara og

— vöruferlisstjórnun (þjónusta þar sem bein afhending og/eða vörugeymsluþjónusta er sameinuð annarri starfsemi sem er ekki póstþjónusta),

að því tilskildu að slík þjónusta sé veitt af aðila, sem veitir einnig póstþjónustu í skilningi fyrsta eða annars undirliðar b-liðar, og að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru í 1. mgr. 30. gr., séu ekki uppfyllt þegar um er að ræða þjónustu sem fellur undir þá undirliði.

7. gr.

Leit eða vinnsla á olíu, gasi, kolum eða öðru föstu eldsneyti, svo og um hafnir og flugvelli

Þessi tilskipun gildir um starfsemi í tengslum við nýtingu landsvæða með það fyrir augum:

a) að leita að eða vinna olíu, gas, kol eða annað fast eldsneyti eða

b) að sjá aðilum, sem flytja farm í lofti, á sjó eða eftir skipgengum vatnaleiðum, fyrir flugvöllum eða höfnum við sjó eða vatnaleiðir eða veita aðra stöðvaraðstöðu.

8. gr.

Skrá yfir samningsstofnanir

Í I.—X. viðauka er að finna skrár, þó ekki tæmandi, yfir samningsstofnanir í skilningi þessarar tilskipunar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega um allar breytingar á skrám sínum.

9. gr.

Samningar sem taka til margs konar starfsemi

1. Samningur, sem tekur til margs konar starfsemi, skal falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem er meginviðfangsefni samningsins.

Standi valið á milli þess að gera einn samning eða nokkra aðskilda samninga má slíkt val þó ekki hafa þann tilgang að samningurinn verði undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar eða, eftir atvikum, gildissviði tilskipunar 2004/18/EB.

2. Ef einhver sú starfsemi, sem samningurinn á að ná yfir, fellur undir þessa tilskipun og önnur slík starfsemi fellur undir fyrrnefnda tilskipun 2004/18/EB, og ef ógerlegt er að ákvarða á hlutlægan hátt hvaða starfsemi er meginviðfangsefni samningsins, skal samningurinn gerður samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar tilskipunar, 2004/18/EB.

3. Ef einhver sú starfsemi, sem samningurinn á að ná yfir, fellur undir þessa tilskipun og önnur slík starfsemi fellur hvorki undir þessa tilskipun né fyrrgreinda tilskipun, 2004/18/EB, og ef ógerlegt er að ákvarða á hlutlægan hátt hvaða starfsemi er meginviðfangsefni samningsins, skal samningurinn gerður samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

III. KAFLI

Meginreglur

10. gr.

Meginreglur um val tilboða

Rekstraraðilar skulu fá jafna meðferð, án mismununar og á gagnsæjan hátt, hjá samningsstofnunum.

II. BÁLKUR

REGLUR UM ÚTBOÐ

I. KAFLI

Almenn ákvæði

11. gr.

Rekstraraðilar

1. Ekki skal hafna þátttakendum eða bjóðendum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þátttakendur eða bjóðendur einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila.

Ef um er að ræða þjónustu- og verksamninga, svo og vörusamninga sem taka að auki til þjónustu og/eða ísetningar- eða uppsetningarstarfs, er hægt að krefjast þess að lögaðilar tilgreini, í tilboði eða þátttökutilkynningu, nöfn og faglegt hæfi starfsmanna sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi samnings.

2. Hópar rekstraraðila geta lagt fram tilboð eða leitað eftir þátttöku. Samningsstofnanir geta ekki krafist þess að þessir hópar taki upp ákveðið rekstrarform að lögum til að geta lagt fram tilboð eða þátttökutilkynningu en þó er hægt að krefjast þess að hópur, sem hefur verið valinn og gerður við hann samningur, taki upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

12. gr.

Skilyrði í tengslum við samninga sem eru gerðir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar

Þegar samningsstofnanir velja úr tilboðum skulu aðildarríkin beita skilyrðum sín á milli sem eru jafn hagstæð þeim skilyrðum sem þau setja rekstraraðilum í þriðju löndum við framkvæmd samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í því skyni skulu aðildarríkin hafa samráð sín á milli, innan ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga, um það hvaða ráðstafanir beri að gera samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

13. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Samningsstofnunum er heimilt að setja fram kröfur til að vernda trúnaðarupplýsingar þegar þær sjá hlutaðeigandi rekstraraðilum fyrir tækniforskriftum eða upplýsingum sem varða faglegt hæfi og val rekstraraðila og val tilboða.

2. Með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar, einkum ákvæði um tilkynningaskyldu í tengslum við niðurstöður útboðs og upplýsingar til þátttakenda og bjóðenda, sem getið er í 43. og 49. gr., og í samræmi við landslög sem samningsstofnunin heyrir undir, skal samningsyfirvaldið ekki afhenda upplýsingar sem það hefur fengið frá rekstraraðilum ef þeir hafa merkt þær sem trúnaðarmál; slíkar upplýsingar fela einkum í sér tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.

14. gr.

Rammasamningar

1. Samningsstofnunum er heimilt að líta á rammasamning sem samning í skilningi 2. mgr. 1. gr. og gera hann í samræmi við þessa tilskipun.

2. Ef samningsstofnun hefur gert rammasamning í samræmi við þessa tilskipun er henni heimilt að nýta sér ákvæði i-liðar 3. mgr. 40. gr. þegar hún gerir samning á grundvelli rammasamningsins.

3. Ef rammasamningur hefur ekki verið gerður í samræmi við þessa tilskipun er samningsstofnunum óheimilt að nýta sér ákvæði i-liðar 3. mgr. 40. gr.

4. Samningsstofnanir mega ekki misnota rammasamninga til að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni.

15. gr.

Virk innkaupakerfi

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnunum sé heimilt að nýta sér virk innkaupakerfi.

2. Þegar samningsstofnanir koma á fót virku innkaupakerfi skulu þær fara að reglum um almenn útboð á öllum stigum fram til þess að gerður er samningur samkvæmt því kerfi. Allir bjóðendur, sem uppfylla valforsendur og hafa lagt fram kynningarboð í samræmi við útboðsskilmála og önnur möguleg viðbótargögn, skulu hafa aðgang að kerfinu; endurbæta má kynningarboð hvenær sem er, að því tilskildu að þau samrýmist áfram skilmálum. Þegar kerfinu er komið á fót og gerðir samningar samkvæmt því skulu samningsstofnanir eingöngu nýta sér rafrænar aðferðir í samræmi við 2.-5. mgr. 48. gr.

3. Þegar virku innkaupakerfi er komið á fót skulu samningsstofnanir:

a) birta útboðstilkynningu þar sem skýrt er tekið fram að um virkt innkaupakerfi sé að ræða,

b) tilgreina m.a. í útboðsskilmálum hvers konar innkaup séu fyrirhuguð samkvæmt þessu innkaupakerfi og einnig nauðsynlegar upplýsingar um kerfið, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við kerfið,

c) veita, með rafrænum hætti, ótakmarkaðan, beinan og fullan aðgang að útboðsskilmálum og öllum viðbótargögnum frá og með birtingu útboðstilkynningar og fram að þeim tíma þegar kerfinu er lokað og skulu tilgreina, í tilkynningunni, veffang þar sem hægt er að nálgast umrædd gögn.

4. Samningsstofnanir skulu, allan þann tíma sem aðgangur að virka innkaupakerfinu er opinn, gefa öllum rekstraraðilum kost á því að leggja fram kynningarboð og fá aðgang að kerfinu með þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. Þau skulu ljúka mati sínu innan 15 daga frá því að kynningarboðið er lagt fram. Þau geta þó framlengt þann frest, að því tilskildu að ekkert útboð fari fram á meðan.

Samningsstofnanir skulu upplýsa bjóðandann, sem um getur í fyrstu undirgrein, eins fljótt og unnt er, um það hvort hann hafi fengið aðgang að virka innkaupakerfinu eða hvort kynningarboði hans hafi verið hafnað.

5. Hver einstakur samningur skal gerður á grundvelli útboðs. Áður en útboð fer fram skulu samningsstofnanir birta einfaldaða útboðstilkynningu þar sem öllum hlutaðeigandi rekstraraðilum er boðið að leggja fram kynningarboð í samræmi við 4. mgr. innan frests sem má ekki vera skemmri en 15 dagar, reiknað frá þeim degi er einfaldaða tilkynningin var send út. Samningsstofnanir geta ekki haldið áfram með tilboðið fyrr en þær hafa lokið mati á öllum kynningarboðum sem hafa borist fyrir þann tíma.

6. Samningsstofnanir skulu bjóða öllum bjóðendum, sem hafa fengið aðgang að kerfinu, að leggja fram tilboð fyrir hvern einstakan samning sem gera á innan kerfisins. Í þessu skyni skulu þau setja frest til að leggja fram tilboð.

Þau skulu gera samning við þann bjóðanda, sem leggur fram besta tilboðið, á grundvelli valforsendnanna, sem koma fram í útboðstilkynningunni, þar sem tilkynnt er að virku innkaupakerfi hafi verið komið á fót. Þessar forsendur má skilgreina nánar, ef við á, í boðinu sem um getur í fyrstu undirgrein.

7. Virkt innkaupakerfi má ekki hafa lengri gildistíma en fjögur ár nema í vel rökstuddum undantekningartilvikum.

Samningsstofnanir mega ekki nota þetta kerfi til að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni.

Ekki má leggja nein gjöld á hlutaðeigandi rekstraraðila eða þá sem eiga aðild að kerfinu.

II. KAFLI

Viðmiðunarfjárhæðir og undantekningarákvæði

1. þáttur

Viðmiðunarfjárhæðir

16. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir í samningum

Þessi tilskipun gildir um samninga sem eru ekki undanþegnir skv. 19.—26. gr. eða skv. 30. gr., þegar um er að ræða rekstur viðkomandi starfsemi, og verðmæti samninganna, án virðisaukaskatts, er metið svo að það sé ekki undir eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

a) 499 000 evrur þegar um er að ræða vöru- og þjónustusamninga,

b) 6 242 000 evrur þegar um er að ræða verksamninga.

17. gr.

Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti samninga, rammasamninga og virkra innkaupakerfa

1. Útreikningur á áætluðu verðmæti samnings skal byggjast á heildarfjárhæð, sem samningsstofnun áætlar að beri að greiða, án virðisaukaskatts. Við þennan útreikning skal taka tillit til áætlaðrar heildarfjárhæðar, þ.m.t. til hvers konar valréttar og hugsanlegra ákvæða um endurnýjun samningsins.

Þegar samningsstofnun ákveður verðlaun eða greiðslur til þátttakenda eða bjóðenda skal hún taka tillit til þeirra við útreikning á áætluðu verðmæti samningsins.

2. Samningsstofnunum er óheimilt að sniðganga ákvæði þessarar tilskipunar með því að skipta verkum eða fyrirhuguðum innkaupum á tilteknu magni vöru og/eða þjónustu eða með því að nota sérstakar aðferðir við útreikning á áætluðu verðmæti samninga.

3. Varðandi rammasamninga og virk innkaupakerfi skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti allra fyrirhugaðra samninga, án virðisaukaskatts, sem áætlað er að gera á gildistíma rammasamningsins eða virka innkaupakerfisins.

4. Að því er 16. gr. varðar skulu samningsstofnanir taka með í áætluðu verðmæti verksamninga bæði kostnaðinn við verkið og verðmæti þeirrar vöru eða þjónustu, sem þær veita verktakanum aðgang að, sem er nauðsynleg til að hægt sé að framkvæma verkið.

5. Óheimilt er að bæta verðmæti vöru eða þjónustu, sem er ekki nauðsynleg fyrir framkvæmd tiltekins verksamnings, við verðmæti hans ef það hefði þau áhrif að innkaup þessarar vöru eða þjónustu samrýmdust ekki lengur ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. a) Þegar hægt er að skipta fyrirhugaðri framkvæmd eða fyrirhuguðum kaupum á þjónustu í aðgreinda hlutasamninga, sem eru gerðir samtímis, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra hlutasamninga.

Ef samanlagt verðmæti hlutasamninganna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 16. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

Samningsstofnanir geta þó gert undantekningu frá slíkri beitingu ef áætlað verðmæti hlutanna, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir framkvæmdir, að því tilskildu að samanlagt verðmæti þessara hlutasamninga fari ekki yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra hlutasamninganna.

b) Þegar hægt er að skipta tilboði um kaup á líkum vörum í aðgreinda hlutasamninga, sem eru gerðir samtímis, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra hlutasamninga við beitingu 16. gr.

Ef samanlagt verðmæti hlutasamninganna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 16. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

Samningsstofnanir geta þó gert undantekningu frá slíkri beitingu ef áætlað verðmæti hlutasamninganna, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur, að því tilskildu að samanlagt verðmæti þessara hlutasamninga fari ekki yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra hlutasamninganna.

7. Sé um að ræða vöru- eða þjónustusamninga, sem eru gerðir með reglulegu millibili eða sem á að endurnýja innan tiltekins tíma, skal leggja eftirfarandi til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) annaðhvort samanlagt raunvirði sams konar samninga, sem hafa verið gerðir í áföngum á síðustu 12 mánuðum eða á síðasta fjárhagsári, leiðrétt, ef unnt er, með tilliti til magn- eða verðbreytinga sem gætu orðið á 12 mánuðum eftir að fyrsti samningurinn er gerður,

b) eða áætlað heildarverðmæti síðari samninga sem eru gerðir á 12 mánuðum eftir fyrstu afhendingu eða á fjárhagsárinu ef það er lengra en 12 mánuðir.

8. Reikna skal áætlað verðmæti samnings, sem tekur til bæði vöru og þjónustu, á grundvelli heildarverðmætis vörunnar og þjónustunnar, án tillits til þess hvernig skiptingin er. Taka skal ísetningu og uppsetningu með í útreikningum.

9. Varðandi vörusamninga í tengslum við langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) þegar um er að ræða tímabundna samninga, áætlað heildarverðmæti samninga, sem gilda í 12 mánuði eða skemur, eða, ef samningur gildir lengur en í 12 mánuði, heildarverðmætið auk áætlaðs verðmætis eftirstöðva,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega.

10. Við útreikning á áætluðu verðmæti þjónustusamnings skulu eftirfarandi fjárhæðir teknar með eftir því sem við á:

a) greidd iðgjöld og aðrar greiðslur, þegar um er að ræða vátryggingaþjónustu,

b) þóknun, umboðslaun, vextir og aðrar greiðslur, þegar um er að ræða bankastarfsemi og aðra fjármálaþjónustu,

c) þóknun, umboðslaun og aðrar greiðslur, þegar um er að ræða samninga sem fela í sér hönnunarverkefni,

11. Þegar um er að ræða þjónustusamninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal verðmætið, sem nota skal til að reikna út áætlað verðmæti samningsins, vera:

a) þegar um er að ræða tímabundinn samning sem er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma: heildarverðmæti samningsins allan gildistímann,

b) þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem gilda lengur en í 48 mánuði: verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48.

2. þáttur

Samningar og sérleyfissamningar og samningar með sérstöku fyrirkomulagi

1. UNDIRÞÁTTUR

18. gr.

Sérleyfissamningar um verk og þjónustu

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfissamninga um verk og þjónustu sem eru gerðir af samningsstofnunum, sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 3.-7. gr., þegar þessi sérleyfi eru veitt til að stunda þá starfsemi.

2. UNDIRÞÁTTUR

Undanþágur sem gilda um allar samningsstofnanir og allar tegundir samninga

19. gr.

Samningar sem eru gerðir til að endurselja eða leigja þriðju aðilum

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem gerðir eru vegna endursölu eða leigu til þriðju aðila, að því tilskildu að samningsstofnunin njóti hvorki sérstakra réttinda né einkaréttar til að selja eða leigja það sem er viðfang samningsins og að öðrum aðilum sé frjálst að selja eða leigja viðfang samningsins með sömu skilmálum og samningsstofnunin.

2. Samningsstofnanir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, ef hún óskar eftir því, um alla flokka vöru eða starfsemi sem þær telja að sé undanskilin skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin getur, til upplýsingar, birt reglulega í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir flokka vöru og starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar.

20. gr.

Samningar sem eru gerðir til annars en að inna af hendi starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun eða til að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem samningsstofnanir gera í öðrum tilgangi en þeim að inna af hendi starfsemi sem lýst er í 3.—7. gr. eða í þeim tilgangi að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi við skilyrði sem fela ekki í sér efnislega notkun kerfis eða landsvæðis innan Bandalagsins.

2. Samningsstofnanir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, ef hún óskar eftir því, um hvers konar starfsemi sem þær telja að sé undanskilin skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin getur, til upplýsingar, birt reglulega í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir þá flokka starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar.

21. gr.

Leynilegir samningar eða samningar sem krefjast sérstakra öryggisráðstafana

Þessi tilskipun gildir ekki um samninga, sem aðildarríki lýsir yfir að séu leynilegir, þegar beita verður sérstökum öryggisráðstöfunum við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi aðildarríki eða þegar þess er krafist til að vernda grundvallaröryggishagsmuni í því aðildarríki.

22. gr.

Samningar sem eru gerðir samkvæmt alþjóðareglum

Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem falla undir aðrar útboðsreglur og eru gerðir:

a) á grundvelli milliríkjasamnings á milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa, sem gerður er í samræmi við sáttmálann og tekur til vöru, verks, þjónustu eða hönnunarsamkeppni sem áformað er að undirritunarríkin noti við sameiginlega framkvæmd eða hagnýtingu verkefnis; tilkynna skal um alla samninga til framkvæmdastjórnarinnar sem getur ráðfært sig við ráðgjafarnefndina um opinbera samninga sem um getur í 68. gr.,

b) á grundvelli milliríkjasamnings í tengslum við setu herliðs þegar í hlut eiga fyrirtæki í aðildarríki eða þriðja landi,

c) á grundvelli sérstakra reglna alþjóðastofnunar.

23. gr.

Samningar sem eru gerðir við eignartengt félag, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

1. Í þessari tilskipun merkir „eignartengt fyrirtæki“ fyrirtæki þar sem ársreikningar eru gerðir samstæðir ársreikningum samningsstofnunar í samræmi við kröfur í sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, sem er byggð á g-lið 2. mgr. 44. gr. sáttmálans ([1]) ([2]), eða, þegar um er að ræða aðila sem heyra ekki undir ákvæði þeirrar tilskipunar, fyrirtæki sem samningsstofnunin getur haft bein eða óbein yfirráð yfir í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, eða sem geta haft yfirráð yfir samningsstofnuninni eða sem er, ásamt samningsstofnuninni, undir yfirráðum annars fyrirtækis í krafti eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða gildandi reglna.

2. Með fyrirvara um að skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt gildir þessi tilskipun ekki um samninga sem:

a) samningsstofnun gerir við eignartengt fyrirtæki eða

b) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi í skilningi 3.—7. gr., gerir við fyrirtæki sem er í eignartengslum við eina af þessum samningsstofnunum.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda:

a) um þjónustusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalveltu eignartengds fyrirtækis, að því er varðar þjónustu þriggja síðustu ára, séu fengin með því að veita fyrirtækjum, sem það er í eignartengslum við, slíka þjónustu.

b) um vörusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalveltu eignartengds fyrirtækis, að því er varðar vöruafhendingu þriggja síðustu ára, séu fengin með því að afhenda fyrirtækjum, sem það er í eignartengslum við, slíka vöru.

c) um verksamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalveltu eignartengds fyrirtækis, að því er varðar framkvæmdir þriggja síðustu ára, séu fengin með því að annast framkvæmdir fyrir fyrirtæki sem það er í eignartengslum við.

Þegar velta eignartengds fyrirtækis undanfarin þrjú ár liggur ekki fyrir vegna þess á hvaða tíma það er stofnað eða hvenær starfsemi þess hefst nægir að það fyrirtæki geti sýnt fram á að tölur um veltu, sem um getur í a-, b- eða c-lið, séu trúverðugar, einkum í ljósi viðskiptaáætlana.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki, sem eru í eignartengslum við samningsstofnunina, láta í té sömu eða svipaða þjónustu, vöru eða verk skal fyrrgreint hlutfall reiknað með tilliti til heildarveltunnar sem fæst með þeirri þjónustu, vöru eða verkum sem þessi eignartengdu fyrirtæki láta í té.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem:

a) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi í skilningi 3.—7. gr., gerir við eina af þessum samningsstofnunum eða

b) samningsstofnun gerir við slíkt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem hún er hluti af, að því tilskildu að fyrirtækið um sameiginlegt verkefni hafi verið stofnað með það fyrir augum að inna af hendi viðkomandi starfsemi á a.m.k. þriggja ára tímabili og að kveðið sé á um það í stofngerningi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni að samningsstofnanirnar, sem mynda það, verði aðilar að því í a.m.k. jafnlangan tíma.

5. Samningsstofnanir skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi beitingu 2., 3. og 4. mgr. ef hún óskar eftir því:

a) nöfn viðkomandi fyrirtækja eða fyrirtækja um sameiginlegt verkefni,

b) upplýsingar um það hvers eðlis viðkomandi samningar eru og verðmæti þeirra,

c) þau sönnunargögn, sem framkvæmdastjórnin kann að telja nauðsynleg, um að tengslin milli fyrirtækis eða fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem samningar eru gerðir við, og að samningsstofnunarinnar standist kröfurnar í þessari grein.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

([2]) Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunarinnar hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar á greinum sáttmálans í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans. Upprunalega tilvísunin var í g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

3. UNDIRÞÁTTUR

Undanþágur sem gilda fyrir allar samningsstofnanir en aðeins um þjónustusamninga

24. gr.

Samningar í tengslum við tiltekna þjónustu sem eru undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar.

Tilskipun þessi gildir ekki um þjónustusamninga sem varða:

a) kaup eða leigu lands, bygginga eða annarra fasteigna, óháð fjármögnunarleiðum, eða rétt til þeirra; tilskipun þessi gildir þó um samninga um fjármálaþjónustu, í hvaða formi sem er, sem eru gerðir fyrir, eftir eða samtímis samningi um kaup eða leigu,

b) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

c) fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða framsal verðbréfa eða annarra fjármálagerninga, einkum þegar um er að ræða viðskipti samningsstofnana í því skyni að afla fjár eða eigin fjár,

d) ráðningarsamninga,

e) aðra rannsóknar- og þróunarþjónustu en þá sem er eingöngu til hagsbóta fyrir samningsstofnun í hennar eigin starfsemi, að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsstofnuninni.

25. gr.

Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

Þessi tilskipun gildir ekki um þjónustusamninga sem eru gerðir við stofnun sem er sjálf samningsyfirvald í skilningi a-liðar 1. mgr. 2. gr. eða við samtök samningsyfirvalda á grundvelli einkaréttar sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem hafa verið birt og samrýmast sáttmálanum.

4. UNDIRÞÁTTUR

Undanþágur sem gilda aðeins fyrir tilteknar samningsstofnanir

26. gr.

Samningar sem tilteknar samningsstofnanir gera vegna kaupa á vatni og vegna afhendingar á orku eða eldsneyti til að framleiða orku

Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) samninga um kaup á vatni ef þeir eru gerðir af samningsstofnunum sem stunda aðra eða báðar tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

b) samninga um afhendingu orku eða eldsneytis til framleiðslu á orku ef þeir eru gerðir af samningsstofnunum sem stunda starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr., 3. mgr. 3. gr. eða a-lið 7. gr.

5. UNDIRÞÁTTUR

Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum, ákvæðum um miðlægar innkaupastofnanir og almennum reglum um fyrirtæki í beinni samkeppni

27. gr.

Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum

Með fyrirvara um 30. gr. skulu Konungsríkið Holland, Breska konungsríkið, Lýðveldið Austurríki og Sambandslýðveldið Þýskaland tryggja, með leyfisskilmálum eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum, að allir aðilar sem starfa á þeim sviðum sem nefnd eru í ákvörðunum 93/676/EBE, 97/367/EBE, 2002/205/EB og 2004/73/EB:

a) hlíti meginreglunum um bann við mismunun og um innkaup á samkeppnisgrundvelli þegar þeir gera vöru-, verk- og þjónustusamninga, einkum að því er varðar upplýsingar sem aðilinn veitir rekstraraðila aðgang að og varða áform hans um innkaupin,

b) veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar með þeim skilyrðum sem eru skilgreind í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/327/EBE um það við hvaða skilyrði samningsstofnanir, er nýta tiltekin landsvæði til leitar eða vinnslu á jarðolíu, jarðgasi, kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi, þurfa að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um samninga sem þær gera ([1]).

28. gr.

Samningar sem eru bundnir við ákveðna hópa

Aðildarríki geta bundið réttinn til að taka þátt í útboðsferli við verndaða vinnustaði eða kveðið á um að slíkir samningar séu framkvæmdir innan ramma áætlana um verndaða vinnu ef flestir starfsmennirnir eru fatlaðir einstaklingar sem geta ekki, vegna þess hvers eðlis eða hve alvarleg fötlunin er, stundað störf við venjulegar aðstæður.

Vísa skal í þessa grein í útboðstilkynningu.

([1]) Stjtíð. EB L 129, 27.5.1993, bls. 25.

29. gr.

Samningar og rammasamningar, gerðir af miðlægum innkaupastofnunum

1. Aðildarríkin geta mælt fyrir um að samningsstofnunum sé heimilt að kaupa verk, vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun eða með milligöngu hennar.

2. Samningsstofnanir, sem kaupa verk, vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun eða með milligöngu hennar, í tilvikum sem um getur í 8. mgr. 1. gr., teljast hafa farið að ákvæðum þessarar tilskipunar svo fremi að miðlæga innkaupastofnunin hafi farið að ákvæðum hennar eða, ef við á, ákvæðum tilskipunar 2004/18/EB.

30. gr.

Málsmeðferð til að ákvarða hvort tiltekin starfsemi sé í beinni samkeppni

1. Samningar, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera það mögulegt að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 3.—7. gr., falla ekki undir þessa tilskipun ef sú starfsemi fer fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ótakmarkaður í aðildarríkinu þar sem starfsemin er stunduð.

2. Varðandi 1. mgr. skal skera úr um það hvort starfsemi er í beinni samkeppni á grundvelli viðmiðana sem eru í samræmi við samkeppnisákvæði sáttmálans, s.s. eiginleika viðkomandi vöru eða þjónustu, þess hvort sambærileg vara eða þjónusta er fyrir hendi, á grundvelli verðs og þess hvort einn eða fleiri afhendingaraðilar vörunnar eða þjónustunnar, sem um er að ræða, eru í reynd eða hugsanlega á markaðnum.

3. Varðandi 1. mgr. skal aðgangur að markaði ekki teljast takmarkaður ef aðildarríkið hefur hrundið í framkvæmd og beitt þeim ákvæðum Bandalagslaga sem getið er í XI. viðauka.

Ef ekki er hægt að reikna með frjálsum aðgangi að tilteknum markaði samkvæmt fyrstu undirgrein þarf að sýna fram á að aðgangur að viðkomandi markaði sé frjáls, að lögum og í reynd.

4. Ef aðildarríki lítur svo á að beita skuli 1. mgr. gagnvart tiltekinni starfsemi, í samræmi við 2. og 3. mgr., skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það og veita henni upplýsingar um öll viðeigandi málsatvik, einkum um öll lög og stjórnsýslufyrirmæli eða samþykktir er varða það að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr., séu uppfyllt, ásamt áliti þar til bærs, óháðs innlends yfirvalds á sviði viðkomandi starfsemi, ef við á.

Samningar, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera kleift að inna af hendi viðkomandi starfsemi, skulu ekki lengur falla undir þessa tilskipun ef framkvæmdastjórnin:

— hefur samþykkt ákvörðun þar sem ákveðið er að beita megi 1. mgr. í samræmi við 6. mgr. og innan þess frests sem kveðið er á um eða

— hefur ekki samþykkt ákvörðun varðandi slíka beitingu innan þess frests.

Ef gert er ráð fyrir frjálsum aðgangi að tilteknum markaði á grundvelli fyrstu undirgreinar 3. mgr., og ef þar til bært, óháð, innlent yfirvald á sviði viðkomandi starfsemi hefur ákveðið að beita megi 1. mgr., skulu samningar, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera kleift að inna af hendi viðkomandi starfsemi, þó ekki lengur falla undir þessa tilskipun ef framkvæmdastjórnin hefur ekki fastsett með ákvörðun, sem samþykkt er í samræmi við 6. gr. og innan þess frests sem kveðið er á um, að ekki skuli beita 1. mgr..

5. Ef kveðið er á um það í lögum viðkomandi aðildarríkis getur samningsstofnun óskað eftir því að framkvæmdastjórnin staðfesti, með ákvörðun í samræmi við 6. mgr., að beita megi 1. mgr. gagnvart tiltekinni starfsemi. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin þegar í stað tilkynna viðkomandi aðildarríki um það.

Það aðildarríki skal, að teknu tilliti til 2. og 3. mgr., tilkynna framkvæmdastjórninni um öll viðeigandi málsatvik, einkum um öll lög og stjórnsýslufyrirmæli eða samþykktir er varða það að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr., séu uppfyllt, ásamt áliti þar til bærs, óháðs, innlends yfirvalds á sviði viðkomandi starfsemi, ef við á.

Framkvæmdastjórnin getur einnig hafið málsmeðferð, að eigin frumkvæði, til að samþykkja ákvörðun þar sem staðfest er beiting 1. mgr. gagnvart tiltekinni starfsemi. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin þegar í stað tilkynna viðkomandi aðildarríki um það.

Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki samþykkt ákvörðun varðandi beitingu 1. mgr. gagnvart tiltekinni starfsemi í lok tímabilsins, sem kveðið er á um í 6. gr., skal gengið út frá því að 1. mgr. verði beitt.

6. Framkvæmdastjórnin skal hafa þriggja mánaða frest, sem byrjar á fyrsta virkum degi eftir að hún tekur við tilkynningu eða beiðni, til að samþykkja ákvörðun samkvæmt þessari grein í samræmi við málsmeðferð skv. 2. mgr. 68. gr.. Þó má framlengja þennan frest einu sinni um þrjá mánuði hið mesta þegar gild rök eru fyrir því, einkum ef upplýsingarnar í tilkynningunni eða beiðninni eða í fylgiskjölum með þeim er ófullnægjandi eða ónákvæm eða ef málsatvik, sem greint er frá, taka verulegum breytingum. Þessi framlenging skal takmarkast við einn mánuð ef þar til bært, óháð, innlent yfirvald á sviði viðkomandi starfsemi hefur fastsett beitingu 1. mgr, í tilvikum sem kveðið er á um samkvæmt þriðju undirgrein 4. mgr.

Ef starfsemi í tilteknu aðildarríki er þegar til meðferðar samkvæmt þessari grein skulu frekari beiðnir, er varða sömu starfsemi í sama aðildarríki, sem berast áður en fresturinn fyrir fyrstu beiðnina rennur út, ekki teljast ný málsmeðferð og skulu fá meðferð með tilliti til fyrstu beiðninnar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu 4., 5. og 6. mgr. í samræmi við málsmeðferð skv. 2. mgr. 68. gr.

Þessar reglur skulu a.m.k. taka til:

a) birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, til upplýsingar, á því hvaða dag þriggja mánaða fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, hefst og, ef þessi frestur er framlengdur, hvaða dag fresturinn er framlengdur og í hve langan tíma,

b) birtingar á hugsanlegri beitingu 1. mgr. í samræmi við aðra eða þriðju undirgrein 4. mgr. eða í samræmi við fjórðu undirgrein 5. mgr., og

c) fyrirkomulags á því að skila áliti, sem samþykkt er af lögbæru, óháðu yfirvaldi á sviði viðkomandi starfsemi, varðandi málefni sem snerta 1. og 2. mgr.

III. KAFLI

Reglur um þjónustusamninga

31. gr.

Þjónustusamningar sem eru skráðir í XVII. viðauka A

Samningar, þar sem markmiðið er að veita þjónustu sem tilgreind er í XVII. viðauka A, skulu gerðir í samræmi við 34.—59. gr.

32. gr.

Þjónustusamningar sem eru skráðir í XVII. viðauka B

Samningar, þar sem markmiðið er að veita þjónustu, sem tilgreind er í XVII. viðauka B, skulu einungis heyra undir 34. gr. og 43. gr.

33. gr.

Blandaðir þjónustusamningar sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í XVII. viðauka A og XVII. viðauka B

Samningar, sem varða bæði þjónustu sem er tilgreind í XVII. viðauka A og XVII. viðauka B, skulu gerðir skv. 34.—59. gr. þegar verðmæti þjónustunnar, sem tilgreind er í XVII. viðauka A, er meira en verðmæti þjónustunnar sem tilgreind er í XVII. viðauka B. Í öðrum tilvikum skulu samningar gerðir skv. 34. gr. og 43. gr.

IV. KAFLI

Sérstakar reglur sem gilda um útboðsskilmála og útboðsgögn

34. gr.

Tækniforskriftir

1. Tækniforskriftirnar, sem eru skilgreindar í 1. lið XXI. viðauka, skulu koma fram í útboðsskjölum, s.s. útboðstilkynningum, útboðsgögnum eða viðbótargögnum. Þegar unnt er skal skilgreina þessar tækniforskriftir á þann hátt að tekið sé tillit til forsendna um aðgang fatlaðra eða hönnun sem hæfir öllum notendum.

2. Tækniforskriftir skulu veita bjóðendum jafna aðgangsmöguleika og skulu ekki fela í sér órökstuddar hindranir í vegi fyrir því að opinber innkaup séu opnuð fyrir samkeppni.

3. Með fyrirvara um lögboðnar, innlendar tæknireglur, svo fremi að þær samrýmist lögum Bandalagsins, skulu tækniforskriftirnar settar fram á eftirfarandi hátt:

a) með tilvísun til tækniforskrifta, sem eru skilgreindar í XXI. viðauka, og, í eftirfarandi forgangsröð, til landsstaðla sem hafa verið settir til lögleiðingar Evrópustöðlum, evrópsks tæknisamþykkis, sameiginlegra tækniforskrifta, alþjóðlegra staðla, annarra tæknilegra tilvísunarkerfa, sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, eða, þegar ekkert af þessu er fyrir hendi, til landsstaðla, innlends tæknisamþykkis eða innlendra tækniforskrifta um hönnun, útreikning og framkvæmd verks og notkun vöru. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja hverri tilvísun,

b) eða sem kröfur um nothæfi eða hagnýtingu; hið síðarnefnda getur náð til umhverfiseiginleika. Slíkar breytur verða þó að vera nægilega nákvæmar til að bjóðendur geti gert sér grein fyrir inntaki samningsins og samningsstofnanir geti gert samning,

c) eða sem kröfur um nothæfi eða hagnýtingu, eins og getið er um í b-lið, og vísað til forskriftanna, sem getið er um í a-lið, til að sýna að reiknað sé með að þessar kröfur um nothæfi eða hagnýtingu hafi verið uppfylltar,

d) eða með því að vísa til forskriftanna, sem getið er um í a-lið, fyrir tiltekna eiginleika og til krafna um nothæfi eða hagnýtingu, sem getið er um í b-lið, fyrir aðra eiginleika.

4. Ef samningsstofnun nýtir þann kost að vísa til forskriftanna, sem um getur í a-lið 3. mgr., getur hún ekki vísað frá tilboði af þeirri ástæðu að varan og þjónustan, sem er boðin, sé í ósamræmi við forskriftirnar sem hún vísaði til ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti sem er fullnægjandi að mati samningsstofnunarinnar, að lausnir þær sem hann leggur til uppfylli á jafngildan hátt kröfurnar sem eru ákvarðaðar í tækniforskriftunum.

Sönnun með viðeigandi hætti getur falist í tækniskjölum frá framleiðanda eða prófunarskýrslu frá viðurkenndri stofnun.

5. Ef samningsstofnun nýtir þann kost, sem kveðið er á um í 3. mgr., að mæla fyrir um kröfur er varða nothæfi eða hagnýtingu getur hún ekki vísað frá tilboði um verk, vörur eða þjónustu sem er í samræmi við landsstaðal til lögleiðingar Evrópustaðli, evrópskt tæknisamþykki, sameiginlega tækniforskrift, alþjóðlegan staðal eða tæknilegt tilvísunarkerfi sem evrópsk staðlastofnun hefur komið á fót ef þessar forskriftir varða kröfurnar um nothæfi eða hagnýtingu sem stofnunin hefur mælt fyrir um.

Í tilboði sínu verður bjóðandi að sanna, með einhverjum viðeigandi hætti sem er fullnægjandi að mati samningsstofnunarinnar, að varan, verkið eða þjónustan, sem er í samræmi við staðalinn, uppfylli kröfur samningsstofnunarinnar um nothæfi eða hagnýtingu.

Sönnun með viðeigandi hætti getur talist vera tækniskjöl frá framleiðanda eða prófunarskýrsla frá viðurkenndri stofnun.

6. Ef samningsstofnanir mæla fyrir um umhverfiseiginleika í formi krafna um nothæfi eða hagnýtingu, eins og um getur í b-lið 3. mgr., geta þær notað nákvæmar forskriftir eða, ef nauðsyn krefur, hluta þeirra eins og skilgreint er fyrir evrópsk eða (fjöl-)þjóðleg umhverfismerki eða einhver önnur umhverfismerki, að því tilskildu:

— að þessar forskriftir séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um,

— að kröfur, sem liggja að baki merkinu, byggist á vísindalegum upplýsingum,

— að umhverfismerkin séu samþykkt á grundvelli málsmeðferðar sem allir hagsmunaaðilar, s.s. ríkisstofnanir, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfisstofnanir, geta tekið þátt í og

— að umhverfismerkin séu aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.

Samningsstofnanir geta mælt fyrir um að vörur og þjónusta, sem hafa fengið umhverfismerki, teljist uppfylla tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í útboðsgögnum; þær skulu samþykkja hvers konar önnur viðeigandi sönnunargögn, s.s. tæknileg skjöl frá framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndri stofnun.

7. „Viðurkenndar stofnanir“ í skilningi þessarar greinar eru prófunar- og kvörðunarstofur og vottunar- og skoðunaraðilar sem fullnægja gildandi Evrópustöðlum.

Samningsstofnanir skulu samþykkja vottorð frá viðurkenndum stofnunum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

8. Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða grunns eða tiltekins vinnsluferlis né heldur til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu með það fyrir augum að halda fram eða útiloka tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé ekki rökstuðningur fyrir því í efni samningsins. Í undantekningartilvikum er slík tilvísun leyfð ef nægilega nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins skv. 3. og 4. mgr. er ekki möguleg; orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

35. gr.

Afhending tækniforskrifta

1. Samningsstofnanir skulu, að fenginni beiðni, veita rekstraraðilum, sem hafa áhuga á samningi, aðgang að tækniforskriftum sem er að jafnaði vísað til í vöru-, verk- og þjónustusamningum þeirra eða að þeim tækniforskriftum sem þær hafa í hyggju að beita í samningum sem falla undir reglubundnar kynningartilkynningar í skilningi 1. mgr. 41. gr.

2. Ef þessar tækniforskriftir byggjast á skjölum, sem áhugasamir rekstraraðilar hafa aðgang að, nægir að vísa til þessara skjala.

36. gr.

Frávikstilboð

1. Ef forsendan fyrir samningsgerð er fjárhagslega hagstæðasta tilboðið geta samningsstofnanir tekið tillit til frávikstilboða sem bjóðandi leggur fram ef þau uppfylla lágmarkskröfur samningsstofnunar.

Samningsstofnanir skulu geta þess í útboðsskilmálum hvort þær heimila frávikstilboð eða ekki og ef þær heimila þau skulu þær gera grein fyrir lágmarkskröfum, sem þarf að uppfylla í frávikstilboðum, og öllum sérkröfum varðandi framlagningu þeirra.

2. Í útboðum vegna vöru- eða þjónustusamninga geta samningsstofnanir, sem hafa heimilað frávikstilboð skv. 1. mgr., ekki vísað frávikstilboði frá af þeirri ástæðu einni að ef það tilboð yrði fyrir valinu yrði annaðhvort gerður þjónustusamningur fremur en vörusamningur eða vörusamningur fremur en þjónustusamningur.

37. gr.

Undirverktaka

Í útboðsgögnum getur samningsstofnun óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að bjóðandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta samningsins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaka og hverjir það eru. Þessar upplýsingar skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð rekstraraðilans sem er aðalverktaki.

38. gr.

Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings

Samningsstofnanir geta mælt fyrir um sérstök skilyrði varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þau samrýmist lögum Bandalagsins og séu tilgreind í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum. Skilyrði um framkvæmd samnings geta einkum varðað félagsleg málefni og umhverfismál.

39. gr.

Skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, vinnuvernd og vinnuskilyrði

1. Samningsstofnun getur tilgreint í útboðsgögnum, eða tilgreint að kröfu aðildarríkis, þá stofnun eða stofnanir sem þátttakandi eða bjóðandi getur fengið viðeigandi upplýsingar hjá um skyldur varðandi skatta, umhverfisvernd, ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði sem gilda í aðildarríkinu, á svæðinu eða á staðnum þar sem veita á þjónustuna, og sem eiga að gilda um verk sem eru framkvæmd á byggingarstað, eða um þjónustu sem er veitt meðan á framkvæmd samningsins stendur.

2. Samningsstofnun, sem veitir upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., skal óska eftir því við bjóðendur, eða þátttakendur í útboðsferli, að þeir staðfesti að þeir hafi, í tilboði sínu, tekið tillit til skyldna varðandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði, sem gilda á staðnum þar sem verkið verður framkvæmt eða þjónustan veitt.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um beitingu 57. gr.

V. KAFLI

Útboðsaðferðir

40. gr.

Almennt útboð, lokað útboð og samningskaup

1. Þegar gera á vöru-, verk- eða þjónustusamninga skulu samningsstofnanir beita útboðsaðferðum sem eru lagaðar að efni þessarar tilskipunar.

2. Samningsstofnanir geta valið hvaða aðferð sem er af þeim aðferðum sem lýst er í a-, b- eða c-lið 9. mgr. 1. gr., að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um útboð í samræmi við 42. gr., sbr. þó 3. mgr.

3. Samningsstofnanir geta efnt til útboðs án undangenginnar útboðstilkynningar í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar engin tilboð, eða engin gild tilboð, eða engar umsóknir hafa borist í kjölfar útboðs að undangenginni útboðstilkynningu, að því tilskildu að upphaflegum samningsskilmálum sé ekki breytt í veigamiklum atriðum,

b) þegar samningur er eingöngu gerður vegna rannsókna, tilrauna, náms eða þróunar en ekki til að hafa af honum hagnað eða til að endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað og að svo miklu leyti sem gerð slíks samnings hefur ekki áhrif á samninga sem gerðir eru síðar í samkeppnisumhverfi og sérstaklega í þessum tilgangi,

c) þegar aðeins einn tiltekinn rekstraraðili getur framkvæmt samning af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða þegar vernda þarf einkarétt,

d) þegar það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsstofnanir gátu ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn eða lokuð útboð eða samningskaup að undangenginni útboðstilkynningu,

e) þegar um er að ræða vörusamninga um viðbótarvörur frá upphaflegum birgi sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru viðbót við venjulegar birgðir eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsyfirvald til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald,

f) þegar um er að ræða viðbótarverk eða -þjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í verkefninu sem var upphaflega boðið út eða í samningnum, sem fyrst var gerður, en sem hafa, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, orðið nauðsynleg fyrir framkvæmd samningsins, að því tilskildu að samningurinn sé gerður við verktaka eða þjónustuaðila sem annast framkvæmd upphaflega samningsins:

— þegar ekki er unnt að aðskilja slík viðbótarverk eða -þjónustu frá aðalsamningnum af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án þess að valda samningsstofnunum miklum óþægindum,

— þegar slík viðbótarverk eða -þjónusta eru alveg nauðsynleg á síðari stigum upphaflega samningsins þótt unnt sé að aðskilja verkið eða þjónustuna frá honum,

g) þegar um er að ræða verksamninga sem gerðir eru um nýtt verk sem felur í sér endurtekningu á svipuðu verki og því sem sömu samningsstofnanir sömdu áður um við sama rekstraraðila, að því tilskildu að slíkt verk sé í samræmi við grunnverkefni sem fyrsti samningurinn var gerður um að undangengnu útboði. Þegar fyrra verkefnið er boðið út skal taka fram að þessari aðferð kunni að verða beitt og samningsstofnanir skulu taka tillit til áætlaðs heildarkostnaðar síðari verka þegar þær beita ákvæðum 16. og 17. gr.,

h) þegar um er að ræða vörur sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði,

i) þegar samningar eru gerðir á grundvelli rammasamnings, að því tilskildu að skilyrðið, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., sé uppfyllt,

j) við hagstæð vörukaup þar sem hægt er að kaupa vörur með því að nýta sérlega hagstæð tækifæri sem bjóðast í mjög stuttan tíma og þar sem verðið er langt undir venjulegu markaðsverði,

k) þegar um er að ræða kaup á vörum á sérlega góðum kjörum, annaðhvort hjá birgi sem er að hætta starfsemi sinni eða bústjóra eða skiptastjóra við þrotabúsmeðferð, nauðasamninga eða svipaða málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum,

l) þegar viðkomandi þjónustusamningur er gerður í kjölfar hönnunarsamkeppni sem haldin er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og skylt er, samkvæmt viðeigandi reglum, að gera samning við sigurvegara eða einn af sigurvegurum í keppninni; í síðarnefnda tilvikinu skal bjóða öllum sigurvegurum að taka þátt í samningaviðræðum.

VI. KAFLI

Reglur um birtingu og gagnsæi

1. þáttur

Birting tilkynninga

41. gr.

Reglubundnar kynningartilkynningar og tilkynningar um hæfimatskerfi

1. Samningsstofnanir skulu veita upplýsingar um eftirfarandi a.m.k. einu sinni á ári í reglubundnum kynningartilkynningum, sem um getur í XV. viðauka A, sem framkvæmdastjórnin birtir eða samningsstofnanir birta sjálfar í „upplýsingaskrá kaupanda“, eins og lýst er í b-lið 2. liðar XX. viðauka:

a) varðandi vörur, áætlað heildarverðmæti samninganna eða rammasamninganna fyrir hvert vörusvið sem þau hyggjast gera samning um næstu 12 mánuði, þar sem áætlað heildarverðmæti, að teknu tilliti til ákvæða 16. og 17. gr., er 750 000 evrur eða meira.

   Samningsstofnanir ákvarða vörusvið með tilvísun til CPV-flokkunarkerfisins,

b) varðandi þjónustu, áætlað heildarverðmæti samninganna eða rammasamninganna fyrir hvern þjónustuflokk, sem er skráður í XVII. viðauka A, sem þau hyggjast gera samning um næstu 12 mánuði, þar sem áætlað heildarverðmæti, að teknu tilliti til ákvæða 16. og 17. gr. er 750 000 evrur eða meira,

c) varðandi verk, helstu einkenni verksamninga eða rammasamninga, sem þau hyggjast gera næstu 12 mánuðina, þar sem áætlað verðmæti er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni sem er tilgreind í 16. gr. eða meira, að teknu tilliti til ákvæða 17. gr.

Senda skal tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, til framkvæmdastjórnarinnar eða birta þær í upplýsingaskrá kaupanda eins fljótt og unnt er eftir að nýtt fjárhagsár er hafið.

Senda skal tilkynninguna, sem um getur í c-lið, til framkvæmdastjórnarinnar eða birta hana í upplýsingaskrá kaupanda eins fljótt og unnt er eftir að samþykkt hefur verið áætlun um fyrirhugaða verksamninga eða rammasamninga samningsstofnana.

Samningsstofnanir, sem birta reglubundna kynningartilkynningu í upplýsingaskrá kaupanda, skulu senda framkvæmdastjórninni rafræna tilkynningu um birtingu reglubundinnar kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við það snið og þær aðferðir við rafræna sendingu tilkynninga sem settar eru fram í 3. lið XX. viðauka.

Birting tilkynninga, sem um getur í a-, b- og c-lið, er einungis skyldubundin þegar samningsstofnanir nýta heimild sína til að stytta tilboðsfrest eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 45. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um útboð án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar.

2. Samningsstofnanir geta einkum birt eða séð til þess að framkvæmdastjórnin birti reglubundnar kynningartilkynningar sem varða helstu verkefni án þess að endurtaka upplýsingar, sem hafa áður birst í kynningartilkynningu, en þó þannig að greinilega komi fram að um viðbótartilkynningu sé að ræða.

3. Ef samningsstofnanir hyggjast koma upp hæfimatskerfi í samræmi við 53. gr. skal tilkynna það eins og um getur í XIV. viðauka og taka fram hvaða tilgangi hæfimatskerfið eigi að þjóna og hvernig hægt sé að nálgast reglur um notkun þess. Ef gildistími kerfisins er lengri en þrjú ár skal birta tilkynningu árlega. Ef kerfið gildir skemur nægir upphaflega tilkynningin.

42. gr.

Útboðstilkynningar

1. Þegar um vörusamninga, verksamninga eða þjónustusamninga er að ræða er hægt að kynna útboð með:

a) reglubundinni kynningartilkynningu eins og um getur í XV. viðauka A eða

b) tilkynningu um að hæfimatskerfi sé fyrir hendi eins og um getur í XIV. viðauka eða

c) útboðstilkynningu eins og um getur í A, B eða C-hluta XIII. viðauka.

2. Þegar um virk innkaupakerfi er að ræða skal tilkynna útboð með útboðstilkynningu, sem um getur í c-lið 1. mgr., en þegar um er að ræða útboðstilkynningu vegna samninga, sem eru byggðir á slíkum kerfum, skal nota einfaldaða útboðstilkynningu eins og um getur í D-hluta XIII. viðauka.

3. Þegar tilkynnt er um útboð með reglubundinni kynningartilkynningu skal tilkynningin:

a) vísa sérstaklega til þeirrar vöru, verks eða þjónustu sem samningurinn nær til,

b) gefa til kynna að samningurinn verði gerður á grundvelli lokaðs útboðs eða samningskaupa án frekari birtingar útboðstilkynningar og áhugasömum rekstraraðilum skal boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega og

c) hafa verið birt í samræmi við XX. gr. að hámarki 12 mánuðum fyrir þann dag sem boðið, sem um getur í 5. mgr. 47. gr., er sent. Auk þess skal samningsstofnunin virða frestinn sem mælt er fyrir um í 45. gr.

43. gr.

Tilkynningar um gerð samnings

1. Samningsstofnanir, sem hafa gert samning eða rammasamning, skulu, innan tveggja mánaða frá gerð samningsins eða rammasamningsins, senda frá sér tilkynningu um gerð samnings, eins og um getur í XVI. viðauka, og skal hún send samkvæmt skilyrðum sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

Þegar um er að ræða samning sem er gerður á grundvelli rammasamnings í skilningi 2. mgr. 14. gr. ber samningsstofnunum ekki skylda til að senda frá sér tilkynningu um niðurstöður vals fyrir hvern samning sem er byggður á þeim rammasamningi.

Samningsstofnanir skulu, innan tveggja mánaða frá gerð hvers samnings sem byggir á virku innkaupakerfi, senda frá sér tilkynningu um gerð samningsins. Þeir hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan tveggja mánaða frá lokum hvers ársfjórðungs.

2. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í samræmi við XVI. viðauka og ætlaðar eru til birtingar, skulu birtar í samræmi við XX. viðauka. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar, t.d. um fjölda tilboða, hverjir rekstraraðilarnir eru eða um verð.

3. Ef samningsstofnanir gera þjónustusamning um rannsóknir og þróun („rannsóknar- og þróunarsamningur“) án undangenginnar útboðstilkynningar, í samræmi við b-lið 3. mgr. 40. gr., geta þær takmarkað upplýsingarnar, sem veita á í samræmi við XVI. viðauka um eðli og umfang veittrar þjónustu, við „rannsóknir og þróun“.

Ef samningsstofnanir gera rannsóknar- og þróunarsamning sem ekki er hægt að gera án undangenginnar útboðstilkynningar, í samræmi við b-lið 3. mgr. 40. gr., geta þær, á grundvelli viðskiptaleyndar, takmarkað upplýsingarnar, sem veita á í samræmi við XVI. viðauka um eðli og umfang veittrar þjónustu.

Í slíkum tilvikum skulu samningsstofnanir tryggja að upplýsingar, sem eru birtar samkvæmt þessari málsgrein, séu ekki ónákvæmari en þær sem eru í útboðstilkynningunni sem er birt í samræmi við 1. mgr. 42. gr.

Ef samningsstofnanir nota hæfimatskerfi skulu þær tryggja að í slíkum tilvikum séu upplýsingar ekki ónákvæmari en í flokknum sem um getur í skrá yfir hæfa þjónustuaðila sem er samin í samræmi við 7. mgr. 53. gr.

4. Þegar um er að ræða samninga um þjónustu, sem er tilgreind í XVII. viðauka B, skulu samningsstofnanir tilgreina, í tilkynningunni, hvort þær samþykkja birtingu.

5. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í samræmi við XVI. viðauka, og merktar þannig að þær séu ekki ætlaðar til birtingar, skulu einungis birtar í einfölduðu formi og í samræmi við XX. viðauka sem tölfræðiupplýsingar.

44. gr.

Form og aðferð við birtingu tilkynninga

1. Í tilkynningum skulu koma fram upplýsingarnar sem getið er um í XIII., XIV. og XV. viðauka A, XV. viðauka B og XVI. viðauka og, eftir því sem við á, hvers konar upplýsingar aðrar, sem samningsstofnun telur gagnlegar, á stöðluðu eyðublaði sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

2. Tilkynningar, sem samningsstofnanir senda framkvæmdastjórninni, skulu sendar annaðhvort með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið XX. viðauka, eða á annan hátt.

Tilkynningarnar, sem um getur í 41. 42. og 43. gr., skulu birtar í samræmi við tæknilegar kröfur um birtingu sem settar eru fram í a- og b-lið 1. liðar XX. viðauka.

3. Tilkynningar, sem eru samdar og sendar með rafrænum aðferðum í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið XX. viðauka, skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær eru sendar.

Tilkynningar, sem eru ekki sendar með rafrænum aðferðum, í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið XX. viðauka, skulu birtar eigi síðar en 12 dögum eftir að þær eru sendar. Í undantekningartilvikum skulu þó útboðstilkynningar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 42. gr., birtar innan fimm daga frá beiðni samningsstofnunar þar að lútandi, að því tilskildu að tilkynningin hafi verið send sem símbréf.

4. Útboðstilkynningar skulu birtar í fullri lengd á opinberu tungumáli Bandalagsins sem samningsstofnun velur og skal einungis sá texti, sem er birtur á þessu upprunalega tungumáli, vera gildur texti. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum, opinberum tungumálum Bandalagsins.

Bandalagið ber kostnað af birtingu framkvæmdastjórnarinnar á tilkynningum.

5. Óheimilt er að birta tilkynningar og efni þeirra á innlendum vettvangi fyrir þann dag sem þær eru sendar til framkvæmdastjórnarinnar.

Tilkynningar, sem eru birtar á innlendum vettvangi, skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til framkvæmdastjórnarinnar, eða í upplýsingaskrá kaupanda samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 41. gr. en í þeim skal getið um það hvaða dag tilkynningin er send til framkvæmdastjórnarinnar eða hvenær hún birtist í upplýsingaskrá kaupanda.

Ekki má birta reglubundna kynningartilkynningu í upplýsingaskrá kaupanda fyrr en tilkynning hefur verið send til framkvæmdastjórnarinnar um að birting verði á því formi; í henni skal getið um sendingardag.

6. Samningsstofnanir verða að geta sannað hvaða dag tilkynningar eru sendar.

7. Framkvæmdastjórnin skal gefa samningsstofnun staðfestingu á því að upplýsingarnar, sem sendar voru, hafi verið birtar og tiltaka daginn sem þær birtust. Slík staðfesting skal vera sönnunargagn um birtingu.

8. Samningsstofnanir geta, í samræmi við 1.—7. mgr., birt tilkynningar um samninga þótt tilkynningarnar falli ekki undir kröfur um birtingu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. þáttur

Frestur

45. gr.

Tilboðsfrestur og frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu

1. Þegar samningsstofnanir setja tilboðsfrest og frest til að leggja fram þátttökutilkynningar skulu þær einkum taka tillit til þess hve flókið efni samningsins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð, sbr. þó lágmarksfrest sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Þegar um er að ræða almenn útboð skal tilboðsfrestur vera að lágmarki 52 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar.

3. Þegar um er að ræða lokuð útboð, eða samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar gilda eftirfarandi ákvæði:

a) frestur til að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar tilkynningar, sem er birt skv. c-lið 1. mgr. 42. gr., eða í kjölfar boðs samningsstofnunar um að leggja fram tilboð skv. 5. gr. 47. gr. skal, að meginreglu til, vera minnst 37 dagar, reiknað frá deginum þegar tilkynningin eða boðið er sent, og má aldrei vera styttri en 22 dagar ef tilkynningin er send til birtingar á annan hátt en með rafrænum aðferðum eða símbréfi og ekki styttri en 15 dagar ef tilkynningin er send með þeim aðferðum,

b) setja má tilboðsfrest með gagnkvæmu samkomulagi á milli samningsstofnunar og valinna þátttakenda, að því tilskildu að allir þátttakendur hafi sama tíma til að semja og leggja fram tilboð sín,

c) ef ekki tekst að ná samkomulagi um tilboðsfrest skal samningsstofnun ákveða frest sem skal, að meginreglu til, vera a.m.k. 24 dagar og má aldrei vera styttri en 10 dagar, talið frá deginum þegar boð um að leggja fram tilboð er sent.

4. Ef samningsstofnun hefur birt reglubundna kynningartilkynningu, eins og um getur í 1. mgr. 41. gr., í samræmi við XX. gr., er almenna reglan sú að lágmarksfrestur til að leggja fram tilboð í almennu útboði, skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei styttri en 22 dagar, talið frá deginum þegar tilkynningin er send.

Leyfa skal styttan frest, að því tilskildu að reglubundin kynningartilkynning hafi að geyma, auk upplýsinganna sem krafist er í I. hluta XV. viðauka A, allar upplýsingar, sem krafist er í II. hluta XV. viðauka A, svo fremi að síðarnefndu upplýsingarnar séu tiltækar á þeim tíma, sem tilkynningin er birt, og að tilkynningin hafi verið send til birtingar á tímabilinu minnst 52 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 42. gr.

5. Ef tilkynningar eru samdar og sendar rafrænt í samræmi við það snið og þær sendingaraðferðir sem eru tilgreindar í 3. lið XX. viðauka er heimilt að stytta frest til að leggja fram þátttökutilkynningu í lokuðum útboðum og samningskaupum, og frest til að leggja fram tilboð í almennum útboðum, um sjö daga.

6. Sé frestur ekki settur með gagnkvæmu samkomulagi, í samræmi við b-lið 3. mgr., er heimilt að stytta tilboðsfrest í almennum og lokuðum útboðum og samningskaupum um fimm daga í viðbót ef samningsstofnunin veitir ótakmarkaðan, beinan of fullan aðgang að útboðsgögnum og öllum viðbótargögnum, frá og með birtingardegi tilkynningarinnar, sem er notuð sem útboðstilkynning, í samræmi við XX. viðauka. Netfangið, þar sem hægt er að nálgast þessi gögn, skal koma fram í tilkynningunni.

7. Þegar um er að ræða almenn útboð mega samanlögð áhrif þess að stytta frest, sem kveðið er á um í 4., 5. og 6. mgr., aldrei verða til þess að tilboðsfrestur verði styttri en 15 dagar, reiknað frá sendingardegi útboðstilkynningar.

Ef útboðstilkynningin er ekki send með símbréfi eða með rafrænum hætti mega samanlögð áhrif þess að stytta frest, sem kveðið er á um í 4., 5. og 6. mgr., þó aldrei verða til þess að tilboðsfrestur í almennu útboði verði styttri en 22 dagar, reiknað frá sendingardegi útboðstilkynningar.

8. Samanlögð áhrif þess að stytta frest, eins og kveðið er á um í 4., 5. og 6. mgr., mega aldrei verða til þess að skilafrestur þátttökutilkynninga, í kjölfar tilkynningar sem er birt skv. c-lið 1. mgr. 42. gr. eða í kjölfar boðs samningsstofnunar um að leggja fram tilboð skv. 5. mgr. 47. gr., verði styttri en 15 dagar, reiknað frá sendingardegi útboðstilkynningar eða boðs.

Þegar um er að ræða lokuð útboð og samningskaup mega samanlögð áhrif þess að stytta frest, sem kveðið er á um í 4., 5. og 6. mgr., aldrei verða til þess að tilboðsfrestur verði styttri en 10 dagar, frá sendingardegi útboðs að telja, nema um sé að ræða frest sem er settur með gagnkvæmu samkomulagi í samræmi við b-lið 3. mgr.

9. Ef útboðsgögn og fylgiskjöl eða viðbótarupplýsingar hafa af einhverjum ástæðum ekki verið afhent innan þeirra tímamarka, sem eru sett í 46. og 47. gr., þótt beðið hafi verið um þessi gögn með góðum fyrirvara, eða, ef ekki er unnt að gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á fylgiskjölum útboðsgagna á vettvangi, skal lengja tilboðsfrest til samræmis við það, nema frestur sé settur með gagnkvæmu samkomulagi í samræmi við b-lið 3. gr., svo að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við gerð tilboðs.

10. Í XXII. viðauka er yfirlitstafla yfir fresti sem mælt er fyrir um í þessari grein.

46. gr.

Almenn útboð: útboðsskilmálar, viðbótargögn og upplýsingar

1. Í almennum útboðum, þar sem samningsstofnanir veita ekki ótakmarkaðan, beinan og fullan, rafrænan aðgang, í samræmi við 6. mgr. 45. gr., að útboðsskilmálum og fylgiskjölum, skal senda útboðsskilmála og fylgiskjöl til rekstraraðila innan sex daga frá því að þátttökutilkynning berst, að því tilskildu að tilkynningin hafi verið lögð fram hæfilega löngu fyrir síðasta skiladag tilboða.

2. Samningsstofnanir eða þar til bærar stofnanir skulu láta í té viðbótarupplýsingar sem tengjast útboðsskilmálum eigi síðar en sex dögum fyrir síðasta skiladag tilboða, að því tilskildu að beðið hafi verið um þessar upplýsingar með góðum fyrirvara.

47. gr.

Boð um að leggja fram tilboð eða gera samning

1. Í lokuðum útboðum og samningskaupum skulu samningsstofnanir bjóða völdum þátttakendum, samtímis og skriflega, að leggja fram tilboð sín eða ganga til samninga.

Boð til þátttakenda skal hafa að geyma annaðhvort:

— afrit af útboðsskilmálum ásamt öllum fylgiskjölum eða

— vísun í aðgang að útboðsskilmálum og fylgiskjölum, sem eru tilgreind í fyrsta undirlið, ef beinn aðgangur er veittur að þeim með rafrænum aðferðum í samræmi við 6. mgr. 45. gr.

2. Ef annar aðili en samningsstofnunin, sem ber ábyrgð á útboðinu, hefur útboðsskilmála og/eða fylgiskjöl af einhverju tagi undir höndum skal koma fram, í boðinu, hvar hægt er að fá þessa skilmála og skjöl og, ef við á, frestur til að leggja fram beiðni um þessi gögn og hvaða fjárhæð beri að greiða fyrir þau, svo og greiðsluskilmálar. Þar til bær stofnun skal þegar í stað senda þessi gögn til rekstraraðilans sem óskar eftir þeim.

3. Samningsstofnun eða þar til bær stofnun skal senda viðbótarupplýsingar um útboðsskilmála eða fylgiskjöl eigi síðar en sex dögum fyrir síðasta skiladag tilboða, að því tilskildu að beðið hafi verið um þessar upplýsingar með góðum fyrirvara.

4. Í boðinu skulu auk þess koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) ef við á, hvaða frestur er gefinn til að biðja um viðbótargögn og hvaða fjárhæð ber að greiða fyrir slík gögn, svo og greiðsluskilmálar,

b) síðasti skiladagur tilboða, heimilisfangið sem senda á tilboðin til og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

c) tilvísun til útboðstilkynningar sem hefur verið birt,

d) upplýsingar um þau skjöl sem eiga að fylgja með,

e) forsendur fyrir vali tilboðs ef þær eru ekki tilteknar í tilkynningu um hæfimatskerfi sem er notuð í stað útboðstilkynningar,

f) hlutfallslegt vægi forsendna fyrir gerð samnings eða, ef við á, forgangsröð slíkra forsendna ef það er ekki tilgreint í útboðstilkynningu, tilkynningu um hæfimatskerfi eða útboðsskilmálum.

5. Ef tilkynnt er um útboð með reglubundinni kynningartilkynningu skulu samningsstofnanir, í framhaldi af því, og áður en val á bjóðendum eða þátttakendum í samningaviðræðum hefst, bjóða öllum þátttakendum að staðfesta áhuga sinn á grundvelli ítarlegra upplýsinga um viðkomandi samning.

Í boðinu skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) hvers eðlis samningurinn er og í hvaða magni, þ.m.t. allir möguleikar á viðbótarsamningum og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa kosti fyrir endurnýjanlega samninga en þá skal tilgreina eðli og magn og, ef unnt er, áætlaðar dagsetningar fyrir birtingu seinni tilkynninga um útboð verka, vöru eða þjónustu,

b) tegund útboðs: lokað útboð eða samningskaup,

c) ef við á, hvaða dag afhending vöru eða framkvæmd verks eða veiting þjónustu skal hefjast eða ljúka,

d) heimilisfang og síðasti dagur til að leggja fram beiðni um útboðsgögn og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

e) heimilisfang aðilans sem velur úr tilboðum og nauðsynlegar upplýsingar um það hvernig hægt er að nálgast útboðsskilmála og önnur skjöl,

f) fjárhagsleg og tæknileg skilyrði, fjárhagslegar ábyrgðir og upplýsingar sem krafist er af rekstraraðilum,

g) fjárhæð og greiðsluskilmálar þess fjár sem greiða ber fyrir útboðsgögn,

h) tegund samnings sem boðið miðast við: samningur um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu og

i) samningsforsendur og vægi þeirra eða, eftir því sem við á, forgangsröð slíkra forsendna eftir mikilvægi ef þessar upplýsingar eru ekki gefnar í kynningartilkynningu eða útboðsskilmálum eða í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

3. þáttur

Samskipti og upplýsingar

48. gr.

Reglur um samskipti

1. Öll samskipti og upplýsingaskipti, sem um getur í þessum bálki, mega fara fram með pósti, símbréfum, rafrænum aðferðum skv. 4. og 5. mgr., símleiðis, í þeim tilvikum og við þær aðstæður sem um getur í 6. mgr., eða með samsetningu þessara miðla, að vali samningsstofnunar.

2. Samskiptamiðlarnir, sem valdir eru, skulu vera almennt aðgengilegir og skulu ekki hindra aðgang rekstraraðila að útboðsferlinu.

3. Samskipti og miðlun og geymsla upplýsinga skal vera með þeim hætti að heilleiki gagna og leynd tilboða og þátttökutilkynninga sé varðveitt og að samningsstofnanir kanni ekki efni tilboða og þátttökutilkynninga fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

4. Búnaður, sem er notaður í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar hans, skal vera þannig að engum sé mismunað og vera almennt aðgengilegur og innbyrðis samhæfður þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun.

5. Eftirfarandi reglur gilda um tæki sem notuð eru fyrir rafræna sendingu og móttöku tilboða og um tæki fyrir rafræna móttöku þátttökutilkynninga:

a) Upplýsingar um forskriftir, sem eru nauðsynlegar fyrir rafræna framlagningu tilboða og þátttökutilkynninga, þ.m.t. dulkóðun, skulu vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum. Tæki fyrir rafræna móttöku tilboða og þátttökutilkynninga skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur sem koma fram í XXIV. viðauka.

b) Aðildarríkjum er heimilt, skv. 5. gr. tilskipunar 1999/93/EB, að krefjast þess að rafrænum tilboðum fylgi fullgild rafræn undirskrift í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar.

c) Aðildarríkin geta innleitt valfrjáls faggildingarkerfi eða viðhaldið þeim með það fyrir augum að bæta vottunarþjónustu fyrir þessi tæki.

d) Áður en tilboðsfrestur eða frestur til að skila þátttökutilkynningu rennur út skulu bjóðendur eða þátttakendur leggja fram skjöl, vottorð og yfirlýsingar, sem um getur í 2. og 3. mgr. 52. gr., 53. gr. og 54. gr,. ef þau eru ekki til í rafrænu formi.

6. Eftirfarandi reglur gilda um sendingu þátttökutilkynninga:

a) tilkynna má skriflega eða símleiðis um þátttöku í útboði,

b) ef tilkynnt er um þátttöku í síma skal senda skriflega staðfestingu áður en skilafrestur tilkynninga er útrunninn,

c) samningsstofnanir geta krafist þess að þátttökutilkynning, sem berst með símbréfi, sé staðfest með pósti eða með rafrænum hætti ef það er nauðsynlegt vegna lögfullrar sönnunar. Samningsstofnun skal láta vita um allar slíkar kröfur, og um frest til að senda staðfestingu með pósti eða með rafrænum hætti, í útboðstilkynningu eða í boðinu sem um getur í 5. mgr. 47. gr.

49. gr.

Upplýsingar til umsækjenda um hæfismat og til þátttakenda og bjóðenda

1. Samningsstofnanir skulu, eins fljótt og unnt er, upplýsa viðkomandi rekstraraðila um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi gerð rammasamnings, val tilboðs eða aðgang að virku innkaupakerfi, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning eða samning þótt útboð hafi farið fram eða hefja útboðsferli á nýjan leik eða að koma ekki á fót virku innkaupakerfi; samningsstofnanir skulu veita þessar upplýsingar skriflega að fenginni beiðni.

2. Að fenginni beiðni viðkomandi aðila skulu samningsstofnanir, eins fljótt og unnt er, upplýsa:

— hvern og einn þátttakanda um ástæður fyrir því ef umsókn hans er hafnað,

— hvern og einn bjóðanda um ástæður fyrir því ef tilboði hans er hafnað, þ.m.t., í tilvikum sem um getur í 4. og 5. mgr. 34. gr., ástæður fyrir því ef þær ákvarða að jafngildisákvæðið sé ekki uppfyllt eða að verk, vörur eða þjónusta uppfylli ekki kröfur er varða nothæfi eða hagnýtingu,

— hvern og einn bjóðanda sem hefur gert fullnægjandi tilboð, um eiginleika og hlutfallslega kosti tilboðsins sem er valið og einnig nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu eða nöfn aðila að rammasamningnum.

Þetta má undir engum kringumstæðum taka lengri tíma en 15 daga frá móttöku skriflegrar fyrirspurnar.

Samningsstofnanir geta þó ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. gr., um gerð samnings eða rammasamnings eða aðgang að virku innkaupakerfi ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekins opinbers eða einkarekins rekstraraðila, þ.m.t. rekstaraðilans sem samningur var gerður við, eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

3. Samningsstofnanir, sem koma á fót og starfrækja hæfimatskerfi, skulu upplýsa umsækjendur um ákvörðun sína varðandi hæfismatið innan sex mánaða.

Ef ákvörðun tekur lengri tíma en fjóra mánuði frá framlagningu umsóknar skal samningsstofnunin greina umsækjanda, innan tveggja mánaða frá því að umsókn er lögð fram, frá ástæðunum fyrir því að fresturinn er framlengdur og hvaða dag umsókn hans verður samþykkt eða henni hafnað.

4. Umsækjendur, sem hafa fengið synjun á grundvelli hæfis, skulu upplýstir um þá ákvörðun og ástæður fyrir synjuninni svo fljótt sem auðið er og undir engum kringumstæðum síðar en 15 dögum eftir að sú ákvörðun er tekin. Ástæðurnar skulu byggjast á hæfisviðmiðunum sem um getur í 2. mgr. 53. gr.

5. Samningsstofnanir, sem koma á fót og starfrækja hæfimatskerfi, geta einungis stöðvað hæfismat rekstraraðila á grundvelli viðmiðana um hæfismat sem um getur í 2. mgr. 53. gr. Tilkynna skal rekstraraðilanum skriflega um öll áform um að stöðva hæfismat a.m.k. 15 dögum fyrir þann dag sem hæfismatinu á að ljúka, ásamt ástæðunni eða ástæðunum fyrir þeirri aðgerð.

50. gr.

Upplýsingar, sem á að geyma, um val tilboða

1. Samningsstofnanir skulu geyma viðeigandi upplýsingar um hvern samning sem nægja til að þær geti síðar fært rök fyrir ákvörðunum sem eru teknar í tengslum við:

a) hæfismatið og val rekstraraðila og gerð samninga,

b) útboð án undangenginnar útboðstilkynningar í skilningi 3. mgr. 40. gr.,

c) að beita ekki ákvæðum III.—VI. kafla þessa bálks með skírskotun í undanþágur sem kveðið er á um í II. kafla I. bálks og í II. kafla þessa bálks.

Samningsstofnanir skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að skrá ferlið þegar tilboð eru valin með rafrænum aðferðum.

2. Geyma skal upplýsingarnar í a.m.k. fjögur ár frá þeim degi þegar samningur er ákveðinn svo að samningsstofnanir geti, á þeim tíma veitt framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar ef hún óskar eftir því.

VII. KAFLI

Framkvæmd útboða

51. gr.

Almenn ákvæði.

1. Eftirfarandi gildir við val þátttakenda í útboði:

a) samningsstofnanir sem hafa sett reglur og forsendur til að útiloka bjóðendur eða þátttakendur í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 4. mgr. 54. gr. skulu útiloka rekstraraðila sem þær reglur og forsendur eiga við um,

b) samningsstofnanir skulu velja bjóðendur og þátttakendur í samræmi við hlutlægar reglur og forsendur sem mælt er fyrir um skv. 54. gr.,

c) í lokuðum útboðum og samningskaupum, að undangenginni útboðstilkynningu, skulu samningsstofnanir, í samræmi við 54. gr., fækka þátttakendum sem eru valdir samkvæmt a- og b-lið, ef við á.

2. Ef tilkynnt er um útboð með tilkynningu um að hæfimatskerfi sé fyrir hendi og ef velja á úr þátttakendum með það fyrir augum að gera sérstaka samninga, sem útboðstilkynningin á við um, skulu samningsstofnanir:

a) meta hæfi rekstraraðila í samræmi við ákvæði 53. gr.,

b) beita þeim ákvæðum 1. mgr., sem varða lokuð útboð eða samningskaup, gagnvart rekstraraðilum sem standast hæfismat.

3. Samningsstofnanir skulu fullvissa sig um að tilboð, sem valdir bjóðendur leggja fram, séu í samræmi við reglur og kröfur sem gilda um útboð og velja úr tilboðum á grundvelli þeirra forsendna sem mælt er fyrir um í 55. og 57. gr.

1. þáttur

Hæfi og hæfismiðað val

52. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á stjórnunarlegum, tæknilegum og fjárhagslegum skilyrðum, svo og á vottorðum, prófunum og sönnunargögnum

1. Þegar samningsstofnanir ákvarða um hæfi við val á þátttakendum í lokuðu útboði eða samningskaupum eða uppfæra forsendur og reglur skulu þær ekki:

a) setja tilteknum rekstraraðilum stjórnunarleg, tæknileg eða fjárhagsleg skilyrði sem gilda ekki fyrir aðra,

b) krefjast prófana eða sönnunargagna sem þegar eru til í formi hlutlægra gagna.

2. Ef samningsstofnanir krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna gæðastaðla skulu þær vísa til gæðakerfa sem grundvallast á viðeigandi kerfi Evrópustaðla sem hefur fengið vottun stofnunar sem stenst kröfur um vottun samkvæmt Evrópustaðlakerfinu.

Samningsstofnanir skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þær skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn frá rekstraraðilum um sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gæði.

3. Þegar um er að ræða verksamninga og þjónustusamninga, og aðeins í viðeigandi tilvikum, geta samningsstofnanir krafist þess, til að sannreyna tæknilega getu rekstraraðilans, að tilgreindar séu ráðstafanir varðandi umhverfisstjórnun sem rekstraraðilinn getur beitt við framkvæmd samningsins. Ef samningsstofnanir krefjast þess, í slíkum tilvikum, að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna umhverfisstjórnunarstaðla, skulu þær vísa til umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) eða til umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum sem eru vottaðir af stofnunum sem starfa í samræmi við lög Bandalagsins eða viðeigandi evrópska eða alþjóðlega vottunarstaðla.

Samningsstofnanir skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Samningsstofnanir skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn um sambærilegar ráðstafanir varðandi umhverfisstjórnun, sem rekstraraðilar leggja fram.

53. gr.

Hæfimatskerfi

1. Samningsstofnanir, sem þess óska, geta komið á fót og starfrækt kerfi til að meta hæfi rekstraraðila.

Samningsstofnanir, sem koma á fót eða starfrækja hæfimatskerfi, skulu tryggja að rekstraraðilarnir geti ávallt óskað eftir hæfismati.

2. Kerfið skv. 1. mgr. getur falið í sér mismunandi stig hæfismats.

Starfrækja skal kerfið á grundvelli hlutlægra viðmiðana og reglna um hæfi, sem samningsstofnun setur.

Ef þessar viðmiðanir og reglur fela í sér tækniforskriftir gilda ákvæði 34. gr. Uppfæra má viðmiðanir og reglur eftir þörfum.

3. Viðmiðanir og reglur um hæfi, sem um getur í 2. mgr., geta falið í sér forsendur fyrir útilokun, sem tilgreindar eru í 45. gr. tilskipunar 2004/18/EB, samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett þar.

Þegar samningsstofnun er samningsyfirvald í skilningi a-liðar 1. mgr. 2. gr. skulu forsendur fyrir útilokun, sem koma fram í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2004/18/EB, felast í þessum viðmiðunum og reglum.

4. Ef viðmiðanir og reglur um hæfismat, sem um getur í 2. mgr., fela í sér kröfur sem varða efnahagslega og fjárhagslega getu rekstraraðila getur hann, ef þörf krefur, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl eru á milli þessara aðila. Í því tilviki skal rekstraraðilinn sýna samningsstofnuninni fram á að hann muni hafa aðgang að þessum tilföngum allan gildistíma hæfimatskerfisins, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu frá þessum aðilum þar að lútandi.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 11. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

5. Ef viðmiðanir og reglur um hæfismat, sem um getur í 2. mgr., fela í sér kröfur sem varða tæknilega og/eða faglega getu rekstraraðila getur hann, ef þörf krefur, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl eru á milli þessara aðila. Í því tilviki skal rekstraraðilinn sýna samningsstofnuninni fram á að hann muni hafa aðgang að þessum tilföngum allan gildistíma hæfimatskerfisins, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu frá þessum aðilum um að þeir muni sjá rekstraraðilanum fyrir nauðsynlegum tilföngum.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 11. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

6. Rekstraraðilar skulu fá aðgang að viðmiðunum og reglum um hæfismat, sem um getur í 2. mgr., ef þeir óska eftir því. Ef þessar viðmiðanir og reglur eru uppfærðar skal tilkynna rekstraraðilum, sem málið varðar, um það.

Ef samningsstofnun telur að hæfimatskerfi tiltekinna annarra aðila eða stofnana uppfylli kröfur hennar skal hún veita rekstraraðilum, sem málið varðar, upplýsingar um nöfn þeirra.

7. Halda skal skriflega skrá yfir hæfa rekstraraðila; skipta má henni í flokka eftir því hvers konar hæfi hver tegund samnings útheimtir.

8. Þegar samningsstofnanir koma á fót eða starfrækja hæfimatskerfi, skulu þær einkum taka tillit til ákvæða 3. mgr. 41. gr. varðandi tilkynningar um að fyrir hendi sé hæfismatskerfi, til ákvæða 3., 4. og 5. mgr. 49. gr. varðandi upplýsingarnar sem á að afhenda rekstraraðilum sem hafa sótt um hæfismat, til ákvæða 2. mgr. 51. gr. varðandi val þátttakenda þegar tilkynnt er um útboð með tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi, og til ákvæða 52. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á stjórnunarlegum, tæknilegum og fjárhagslegum skilyrðum svo og á vottorðum, prófunum og sönnunargögnum.

9. Ef tilkynnt er um útboð með tilkynningu um að hæfimatskerfi sé fyrir hendi skulu bjóðendur í lokuðu útboði og þátttakendur í samningskaupum valdir úr hæfum þátttakendum í samræmi við það kerfi.

54. gr.

Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

1. Samningsstofnanir sem setja fram valforsendur í almennu útboði skulu gera það í samræmi við hlutlægar reglur og forsendur sem skulu vera aðgengilegar viðkomandi rekstraraðilum.

2. Samningsstofnanir, sem velja þátttakendur í lokuðum útboðum og samningskaupum, skulu gera það í samræmi við hlutlægar reglur og forsendur sem skulu vera aðgengilegar viðkomandi rekstraraðilum.

3. Í lokuðum útboðum og samningskaupum getur samningsstofnunin byggt forsendur sínar á því hve mikil þörf er á því í reynd að fækka þátttakendum í þann fjölda sem telst hæfilegur með tilliti til þess að ná jafnvægi á milli tiltekinna eiginleika innkaupaferlisins og þeirra tilfanga sem þarf til að framkvæma það. Valdir þátttakendur skulu þó vera nógu margir til að tekið sé tillit til krafna um næga samkeppni.

4. Forsendurnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., geta falið í sér forsendur fyrir útilokun, sem tilgreindar eru í 45. gr. tilskipunar 2004/18/EB, samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett þar.

Þegar samningsstofnun er samningsyfirvald í skilningi a-liðar 1. mgr. 2. gr. skulu forsendur og reglur, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, fela í sér forsendurnar fyrir útilokun sem koma fram í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

5. Ef forsendur, sem um getur í 1. og 2. mgr., fela í sér kröfur sem varða efnahagslega og fjárhagslega getu rekstraraðila getur hann, ef þörf krefur og að því er varðar tiltekinn samning, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl eru á milli hans og þessara aðila. Í því tilviki skal rekstraraðilinn sýna samningsstofnuninni fram á að hann muni hafa aðgang að nauðsynlegum tilföngum, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu frá þessum aðilum þar að lútandi.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 11. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

6. Ef forsendur, sem um getur í 1. og 2. mgr., fela í sér kröfur sem varða tæknilega og faglega getu rekstraraðila getur hann, ef þörf krefur og að því er varðar tiltekinn samning, byggt á getu annarra aðila án tillits til þess hver lagaleg tengsl eru á milli hans og þessara aðila. Í því tilviki skal rekstraraðilinn sýna samningsstofnuninni fram á að hann muni, að því er framkvæmd þessa samnings varðar, hafa aðgang að þessum tilföngum, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu frá þessum aðilum um að þeir muni sjá rekstraraðilanum fyrir nauðsynlegum tilföngum.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 11. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

2. þáttur

Val tilboðs

55. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs.

1. Með fyrirvara um innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða þóknun fyrir tiltekna þjónustu skulu forsendur, sem samningsstofnanir byggja á við val þess aðila sem samningur er gerður við, vera annaðhvort:

a) ef fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er valið að mati samningsstofnunarinnar, ýmsar forsendur sem tengjast efni viðkomandi samnings, t.d. afhendingar- eða verklokadagur, rekstrarkostnaður, kostnaðarhagkvæmni, gæði, útlit og notagildi, umhverfiseiginleikar, tæknilegir kostir, þjónusta eftir verklok og tæknileg aðstoð, skuldbindingar varðandi varahluti, afhendingu og verð eða að öðrum kosti

b) lægsta verð eingöngu.

2. Samningsstofnun skal tilgreina, í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr., hvert mat hennar er á hlutfallslegu vægi hverrar forsendu sem valin er til að ákvarða fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, sbr. þó ákvæði þriðju undirgreinar.

Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum.

Ef samningsstofnun telur að ekki sé hægt að beita vægi vegna skorts á sönnunum skal hún tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi þeirra.

Tilgreina skal hlutfallslegt vægi eða röðun eftir mikilvægi, eftir því sem við á, í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga, sem um getur í 5. mgr. 47. gr., í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samningaviðræðna eða í útboðsskilmálum.

56. gr.

Rafræn uppboð

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnunum sé heimilt að nota rafræn uppboð.

2. Þegar um er að ræða almenn eða lokuð útboð eða samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar geta samningsstofnanir ákveðið að samningur skuli gerður að undangengnu rafrænu uppboði þegar unnt er að ákvarða útboðsskilmála af nákvæmni.

Við sömu aðstæður er heimilt að halda rafrænt uppboð þegar bjóða á út samning samkvæmt virka innkaupakerfinu eins og um getur í 15. gr.

Rafrænt uppboð skal grundvallast:

a) annaðhvort eingöngu á verði, ef samningur er gerður á grundvelli lægsta verðs,

b) eða á verði og/eða nýju verðmæti tilboðsþátta sem tilgreint er í útboðsskilmálum, ef samningur er gerður á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

3. Samningsstofnanir, sem ákveða að halda rafrænt uppboð, skulu geta þess í útboðstilkynningu.

Í útboðsskilmálum skulu m.a. koma fram upplýsingar um eftirtalin atriði:

a) þá þætti þar sem verðmætið liggur til grundvallar í rafrænu uppboði, að því tilskildu að slíkir þættir séu mælanlegir og hægt sé að setja þá fram í tölum eða hundraðshlutum,

b) hvers konar takmarkanir sem hægt er að setja á verðmæti á grundvelli mats á skilmálum er varða efni samningsins,

c) upplýsingarnar sem bjóðendur eiga að hafa aðgang að á meðan rafræna uppboðið stendur yfir og, eftir því sem við á, hvenær þeir fá aðgang að þeim,

d) viðeigandi upplýsingar um rafræna uppboðsferlið,

e) skilyrði sem bjóðendur verða að uppfylla til að geta lagt fram tilboð og einkum hvaða lágmarksmunar sé krafist á milli tilboða, eftir því sem við á,

f) viðeigandi upplýsingar um rafræna búnaðinn sem notaður er og um fyrirkomulag og tækniforskriftir fyrir tengingu við hann.

4. Áður en rafrænt uppboð hefst skulu samningsstofnanir leggja fullt, fyrsta mat á tilboðin í samræmi við forsendu eða forsendur fyrir vali tilboðs og það vægi sem er ákveðið fyrir þær.

Öllum bjóðendum, sem hafa lagt fram gild tilboð, skal samtímis boðið, með rafrænum hætti, að bjóða nýtt verð og/eða verðmæti; í boðinu skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar varðandi tengingu hvers og eins við rafeindabúnaðinn, sem er notaður, ásamt upplýsingum um upphafsdag og upphafstíma rafræna uppboðsins. Rafræna uppboðinu má skipta í nokkra áfanga sem eru teknir fyrir hver á fætur öðrum. Rafræna uppboðið getur ekki hafist fyrr en tveimur virkum dögum eftir að boðin eru send út.

5. Ef gera á samning á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs skulu boðinu fylgja niðurstöður úr fullu mati á viðkomandi tilboði, sem fer fram í samræmi við það vægi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 55. gr.

Í boðinu skal einnig koma fram hvaða reiknilíkan á að nota í rafrænu uppboði til að ákvarða sjálfkrafa endurflokkun tilboða á grundvelli nýs verðs og/eða verðmætis. Þetta líkan skal taka tillit til vægis allra forsendna sem eru settar til að ákvarða fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið eins og tilgreint er í útboðstilkynningu eða útboðsskilmálum; í því augnamiði skulu þó hugsanleg vikmörk skilgreind fyrir fram sem föst gildi.

Ef frávikstilboð eru heimiluð skal hafa sérstakt líkan fyrir hvert frávik.

6. Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skulu samningsstofnanir þegar í stað láta öllum bjóðendum í té nægilegar upplýsingar til að þeir hafi vitneskju um stöðu sína í flokkuninni hverju sinni. Samningsstofnanir geta einnig veitt aðrar upplýsingar um önnur atriði varðandi verð og verðmæti sem hefur verið sett fram, að því tilskildu að þær upplýsingar komi fram í útboðsskilmálum. Þær geta einnig, hvenær sem er, tilkynnt um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Þeim er þó aldrei heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á neinu stigi rafræns uppboðs.

7. Samningsstofnanir skulu loka rafrænu uppboði með einhverju af eftirfarandi:

a) í boði um að taka þátt í uppboði er tilgreindur fyrir fram ákveðinn dagur og tími fyrir lok uppboðs,

b) þegar ekki berst lengur nýtt verð eða verðmæti sem uppfyllir kröfur um lágmarksmun. Í því tilviki skulu samningsstofnanir tiltaka, í boði um að taka þátt í uppboði, þann tíma sem látinn verður líða frá því að tekið er á móti síðasta tilboði og þar til rafræna uppboðinu er lokað,

c) þegar þeim áföngum uppboðs, sem hafa verið tilteknir í boði um að taka þátt í uppboði, er lokið.

Ef samningsstofnanir hafa ákveðið að loka rafrænu uppboði í samræmi við c-lið, og hugsanlega einnig samkvæmt þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðsins koma fram í boði um að taka þátt í uppboðinu.

8. Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokað skulu samningsstofnanir gera samning í samræmi við 55. gr. á grundvelli niðurstaðna úr rafræna uppboðinu.

9. Samningsstofnanir mega ekki nota rafrænt uppboð á ótilhlýðilegan hátt og ekki heldur á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni eða breyti efni samningsins, eins og skilgreint er í tilkynningu sem er notuð sem útboðstilkynning og í útboðsskilmálum.

57. gr.

Óeðlilega lág tilboð

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsstofnun, áður en hún getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem hún telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

a) hagkvæmni framleiðsluferlis, þjónustu og byggingaraðferðar,

b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,

c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,

d) samræmi við ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði, sem gilda á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram,

e) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsstofnun skal sannreyna þessa efnisþætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsstofnun kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsstofnunin hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsstofnunin setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsstofnun vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal hún tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. þáttur

Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum og tengsl við þessi lönd

58. gr.

Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum

1. Þessi grein gildir um tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum sem Bandalagið hefur ekki gert samninga við, hvorki marghliða né tvíhliða, sem tryggja fyrirtækjum í Bandalaginu sambærilegan og virkan aðgang að mörkuðum í þessum þriðju löndum. Hún hefur ekki áhrif á skuldbindingar Bandalagsins eða aðildarríkja þess gagnvart þriðju löndum.

2. Hafna má tilboði sem er lagt fram vegna vörusamnings ef hlutfall þeirra vara sem eru upprunnar í löndum utan Bandalagsins, eins og ákvarðað er í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ([1]), fer yfir 50% af heildarverðmæti þeirra vara sem liggja að baki tilboðinu. Í þessari grein telst hugbúnaður, sem notaður er í búnað fjarskiptakerfa, vera vara.

3. Ef tvö eða fleiri tilboð eru jafngild miðað við forsendur fyrir vali, sem eru skilgreindar í 55. gr., skulu þau tilboð hafa forgang sem ekki er heimilt að hafna skv. 2. gr., sbr. þó aðra undirgrein. Að því er þessa grein varðar skulu tilboð teljast jafngild ef verðmunur fer ekki yfir 3%.

Ekki skal þó taka eitt tilboð fram yfir annað samkvæmt fyrstu undirgrein ef það hefði í för með sér að samningsstofnunin yrði tilneydd að kaupa búnað sem er búinn annars konar tæknilegum eiginleikum en fyrirliggjandi búnaður og það leiddi til ósamhæfis, tæknilegra erfiðleika í rekstri og viðhaldi eða óeðlilegs kostnaðar.

4. Þegar ákvarða skal hlutfall þeirra vara, sem eru upprunnar í þriðju löndum og um getur í 2. mgr., skulu þriðju lönd, sem falla undir ákvæði þessarar tilskipunar samkvæmt ákvörðun ráðsins í samræmi við 1. mgr., undanþegin ákvæðum þessarar greinar.

5. Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja skýrslu fyrir ráðið, í fyrsta skipti á síðara helmingi næsta árs eftir gildistöku þessarar tilskipunar, um framvindu marghliða eða tvíhliða samningaviðræðna um aðgang fyrirtækja innan Bandalagsins að mörkuðum þriðju landa á þeim sviðum sem falla undir þessa tilskipun, um árangur af slíkum samningaviðræðum og um reynslu af framkvæmd allra samninga sem hafa verið gerðir.

Í ljósi þessarar þróunar getur ráðið, með auknum meirihluta atkvæða og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, breytt ákvæðum þessarar tilskipunar.

59. gr.

Tengsl við þriðju lönd að því er varðar þjónustusamninga

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis, að lögum eða í reynd, sem fyrirtæki þeirra verða fyrir og gefa skýrslu um í tengslum við þjónustusamninga í þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu, fyrir 31. desember 2005 og reglulega eftir það, um opnun markaða fyrir þjónustusamninga í þriðju löndum og um framvindu samningaviðræðna þar að lútandi við þau lönd, einkum innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

3. Framkvæmdastjórnin skal leitast við að bæta þá stöðu sem upp er komin með því að hafa samband við viðkomandi þriðja land ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að við val þjónustutilboða hafi þriðja land:

a) ekki veitt fyrirtækjum Bandalagsins virkan aðgang, sambærilegan við þann sem fyrirtæki frá því ríki fá í Bandalaginu eða

b) ekki veitt fyrirtækjum Bandalagsins innlenda meðferð eða sömu samkeppnistækifæri og innlend fyrirtæki fá eða

c) veitt fyrirtækjum frá öðrum þriðju löndum hagstæðari meðferð en fyrirtækjum Bandalagsins.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika, að lögum eða í reynd, sem fyrirtæki þeirra verða fyrir og gefa skýrslu um vegna þess að ákvæðum alþjóðlegrar vinnulöggjafar, sem eru tilgreind í XXIII. viðauka, hefur ekki verið fylgt þegar þessi fyrirtæki hafa reynt að ná samningum í þriðju löndum.

5. Við aðstæður sem um getur í 3. og 4. mgr. getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, lagt til að ráðið ákveði að fresta gerð þjónustusamninga, í tiltekinn tíma sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni, eða takmarka þá við:

a) fyrirtæki sem heyra undir lög viðkomandi þriðja lands,

([1]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2700/2000 (Stjtíð. EB L 311, 12.12.2000, bls. 17).

b) fyrirtæki sem eru í eignartengslum við fyrirtækin sem um getur í a-lið og hafa skráða skrifstofu í Bandalaginu en tengjast ekki efnahag aðildarríkisins með beinum eða afgerandi hætti,

c) fyrirtæki sem leggja fram þjónustutilboð þar sem ætlunin er að veita þjónustu sem er upprunnin í viðkomandi þriðja landi.

Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta eins fljótt og unnt er.

Framkvæmdastjórnin getur sett fram tillögu um þessar ráðstafanir að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

6. Þessi grein er með fyrirvara um skyldur Bandalagsins gagnvart þriðju löndum í kjölfar alþjóðasamninga um opinber innkaup, einkum innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

III. BÁLKUR

REGLUR UM HÖNNUNARSAMKEPPNI Á SVIÐI ÞJÓNUSTU

60. gr.

Almenn ákvæði

1. Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppni skulu vera í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og 61. gr og 63.-66 gr. og skulu gerðar aðgengilegar þeim sem hafa áhuga á því að taka þátt í keppninni.

2. Aðgangur að hönnunarsamkeppni má ekki takmarkast við:

a) yfirráðasvæði eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkis,

b) það að þátttakendur séu annaðhvort einstaklingar eða lögaðilar þótt þess kunni að vera krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samkeppnin er haldin.

61. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir

1. Þessi bálkur gildir um hönnunarsamkeppni sem er skipulögð sem hluti af innkaupaferli á sviði þjónustu þar sem áætlað verðmæti, án virðisaukaskatts, er 499 000 evrur eða meira. Í þessari málsgrein merkir „viðmiðunarfjárhæð“ áætlað verðmæti þjónustusamningsins án virðisaukaskatts, þ.m.t. öll verðlaun og/eða greiðslur til þátttakenda.

2. Þessi bálkur gildir um sérhverja hönnunarsamkeppni þar sem heildarfjárhæð verðlauna og greiðslna til þátttakenda er 499 000 evrur eða meira.

Í þessari málsgrein merkir „viðmiðunarfjárhæð“ heildarfjárhæð verðlauna og greiðslna, þ.m.t. áætlað verðmæti þjónustusamnings, án virðisaukaskatts, sem kynni að verða gerður síðar skv. 3. mgr. 40. gr. ef samningsstofnunin undanskilur ekki slíkan samning í tilkynningu um samkeppni.

62. gr.

Undanskilin hönnunarsamkeppni

Þessi bálkur gildir ekki um:

1) samkeppni sem er haldin í sömu tilvikum og um getur í 20., 21. og 22. gr. varðandi þjónustusamninga,

2) hönnunarsamkeppni sem er haldin í viðkomandi aðildarríki í tengslum við starfsemi sem fellur undir ákvæði 1. mgr. 30. gr. samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eða sem telst falla undir ákvæði annarrar eða þriðju undirgreinar 4. mgr. eða fjórðu undirgreinar 5. mgr. sömu greinar.

63. gr.

Reglur um birtingu og gagnsæi

1. Samningsyfirvöld, sem hyggjast halda hönnunarsamkeppni, skulu bjóða hana út með tilkynningu um samkeppni. Samningsstofnanir, sem hafa haldið hönnunarsamkeppni, skulu láta vita um úrslitin með tilkynningu. Í samkeppnistilkynningu skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í XVIII. viðauka, og í tilkynningu um úrslit hönnunarsamkeppni skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í XIX viðauka, í samræmi við stöðluð eyðublöð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

Senda skal tilkynningu um úrslit hönnunarsamkeppni til framkvæmdastjórnarinnar innan tveggja mánaða frá því að hönnunarsamkeppni lýkur og samkvæmt þeim skilyrðum sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar, t.d. um fjölda verkefna eða áætlana sem hafa borist, hverjir rekstraraðilarnir eru og hvaða verð er boðið.

2. Ákvæði 2.—8. mgr. 44. gr. gilda einnig um tilkynningar sem tengjast hönnunarsamkeppni.

64. gr.

Samskiptaaðferðir

1. Ákvæði 1. 2. og 4. mgr. 48. gr. gilda um öll samskipti sem tengjast hönnunarsamkeppni.

2. Samskipti, upplýsingaskipti og geymsla upplýsinga skulu vera með þeim hætti að tryggður sé heilleiki og leynd allra upplýsinga, sem þátttakendur í samkeppni láta í té, og að dómnefnd athugi ekki efni áætlana og tillagna fyrr en eftir að frestur til að leggja þær fram er útrunninn.

3. Eftirfarandi reglur gilda um búnað til rafrænnar móttöku áætlana og tillagna:

a) upplýsingar um forskriftir, sem eru nauðsynlegar fyrir rafræna framlagningu áætlana og tillagna, þ.m.t. dulkóðun, skulu vera aðgengilegar öllum aðilum sem málið varðar. tæki fyrir rafræna móttöku áætlana og tillagna skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur sem koma fram í XXIV. viðauka,

b) aðildarríkin geta innleitt valfrjáls faggildingarkerfi eða viðhaldið þeim með það fyrir augum að bæta vottunarþjónustu fyrir þessi tæki.

65. gr.

Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppni, val þátttakenda og dómnefnd

1. Þegar hönnunarsamkeppni er haldin skulu samningsstofnanir nota aðferðir sem eru lagaðar að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Ef hönnunarsamkeppni er bundin við takmarkaðan fjölda þátttakenda skulu samningsstofnanir setja skýrar val forsendur án mismununar. Þátttakendur skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

3. Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppninni. Ef tiltekinnar, faglegrar menntunar og hæfis er krafist af þátttakendum í samkeppni skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa sömu eða sambærilega menntun og hæfi.

66. gr.

Ákvarðanir dómnefndar

1. Dómnefndin skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu.

2. Hún skal rannsaka áætlanir og tillögur, sem þátttakendur leggja fram, undir nafnleynd og eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni.

3. Dómnefndin skal skrá flokkun sína á tillögum, eftir kostum þeirra, í skýrslu sem nefndarmenn undirrita ásamt athugasemdum nefndarinnar og þeim atriðum sem kunna að þarfnast skýringar.

4. Halda verður nafnleynd þar til álit eða ákvörðun dómnefndar liggur fyrir.

5. Þátttakendum kann að vera boðið, ef þörf krefur, að svara spurningum sem dómnefndin hefur skráð í fundargerð til að skýra einhverja þætti tillagnanna.

6. Rita skal ítarlega fundargerð af viðræðum dómnefndarmanna og þátttakenda.

IV. BÁLKUR

SKYLDAN AÐ VEITA TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR, FRAMKVÆMDAVALD OG LOKAÁKVÆÐI

67. gr.

Skyldan að veita tölulegar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við tilhögun sem skal ákveðin í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 68. gr., að framkvæmdastjórnin fái á hverju ári tölulega skýrslu, sundurliðaða eftir aðildarríkjum og eftir flokkum starfsemi sem tilgreindir eru í I.-X. viðauka, um heildarverðmæti þeirra samninga sem eru gerðir undir viðmiðunarfjárhæðunum sem eru settar fram í 16. gr. en sem myndu falla undir þessa tilskipun ef þessar viðmiðunarfjárhæðir hefðu ekki verið ákveðnar.

2. Að því er varðar þá flokka starfsemi, sem eru tilgreindir í II., III., V., IX. og X. viðauka, skulu aðildarríkin tryggja að framkvæmdastjórnin fái tölulega skýrslu um gerða samninga eigi síðar en 31. október 2004 fyrir næstliðið ár, og eftir það fyrir 31. október ár hvert, samkvæmt tilhögun sem skal ákveðin í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 68. gr. Í tölulegri skýrslu skulu koma fram allar þær upplýsingar sem krafist er til að ganga úr skugga um að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafi verið beitt réttilega.

Upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein, skulu ekki fela í sér upplýsingar varðandi samninga um rannsóknar- og þróunarþjónustu sem tilgreind er í 8. flokki í XVII. viðauka A, fjarskiptaþjónustu sem er skráð í 5. flokki í XVII. viðauka A, þar sem CPV-númerin samsvara CPC-tilvísunarnúmerunum 7524, 7525 og 7526, eða þjónustuna sem skráð er í XVII. viðauka B.

3. Tilhögunin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ákveðin á þann hátt að tryggt sé að:

a) útiloka megi verðlitla útboðssamninga til að einfalda stjórnun, að því tilskildu að tölfræðin komi áfram að fullum notum,

b) leynd upplýsinga, sem veittar eru, sé virt.

68. gr.

Ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga, sem stofnuð var með 1. gr. ákvörðunar ráðsins 71/306/EBE ([1]) (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

69. gr.

Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða

1. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna viðmiðunarfjárhæðirnar, sem ákveðnar eru í 16. gr., annað hvert ár frá 30 apríl 2004 að telja og skal, ef það er nauðsynlegt með tilliti til annarrar undirgreinar, endurskoða þær í samræmi við ákvæði 2. mgr. 68. gr.

Útreikningur á þessum viðmiðunarfjárhæðum skal byggjast á meðaldaggengi evrunnar, tilgreint sem sérstök dráttarréttindi (SDR), á 24 mánaða tímabili sem lýkur á síðasta degi ágústmánaðarins næst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðir, sem eru endurskoðaðar þannig, skulu, ef þörf krefur, jafnaðar niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæða samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem eru tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2. Samtímis endurskoðuninni skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 68. gr., aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í 61. gr. (hönnunarsamkeppni), að endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum fyrir þjónustusamninga.

Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í samræmi við 1. mgr. í innlendum gjaldmiðli aðildarríkis, sem er ekki aðili að myntbandalaginu, skulu að jafnaði leiðréttar annað hvert ár frá 1. janúar 2004 að telja. Útreikningur á slíkum viðmiðunarfjárhæðum skal byggjast á meðaldaggengi þess sama gjaldmiðils, tilgreint í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur á síðasta degi ágústmánaðarins næst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar, sem um getur í 1. mgr., og verðmæti þeirra í innlendum gjaldmiðli og aðlöguðu viðmiðunarfjárhæðirnar, sem um getur í 2. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í upphafi næsta nóvembermánaðar eftir endurskoðun.

([1]) Stjtíð. EB L 185, 16.8.1971, bls. 15. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 77/63/EBE. (Stjtíð. EB, L 13, 15.1.1977, bls. 15).

70. gr.

Breytingar

Framkvæmdastjórnin getur breytt eftirfarandi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 68. gr.:

a) skránni yfir samningsstofnanir í I.—X. viðauka til að uppfylla forsendurnar sem eru settar fram í 2.—7. gr.,

b) reglum um samningu, sendingu, móttöku, þýðingu, söfnun og dreifingu tilkynninga sem um getur í 41., 42., 43. og 63. gr.,

c) sérstökum reglum um tilvísanir, í tilkynningum, til tiltekinnar stöðu í CPV-flokkunarkerfinu,

d) tilvísunarnúmerum til flokkunarkerfis, sem sett eru fram í XVII. viðauka, svo fremi að það breyti ekki efnislegu gildissviði þessarar tilskipunar, og reglunum um tilvísun, í tilkynningum, til tiltekinnar stöðu í því flokkunarkerfi innan þjónustuflokkanna sem skráðir eru í viðaukanum,

e) tilvísunarnúmerum til flokkunarkerfis sem sett eru fram í XII. viðauka, svo fremi að það breyti ekki efnislegu gildissviði tilskipunarinnar, og reglum um tilvísun, í tilkynningum, til tiltekinnar stöðu í því flokkunarkerfi,

f) XI. viðauka,

g) reglum um sendingu og birtingu gagna sem um getur í XX. viðauka á grundvelli tækniþróunar eða af stjórnunarlegum ástæðum,

h) tæknilegum atriðum og eiginleikum búnaðar fyrir rafræna móttöku sem um getur í a-, f- og g-lið XXIV. viðauka,

i) reglum um notkun, samningu, sendingu, móttöku, þýðingu, söfnun og dreifingu tölulegu skýrslnanna, sem um getur í 1. og 2. mgr. 67. gr., til að einfalda stjórnun eins og kveðið er á um í 3. mgr. 67. gr.,

j) tæknilegri útfærslu á reikniaðferðum sem eru settar fram í annarri undirgrein 1. og 2. mgr. 69. gr.

71. gr.

Framkvæmd tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin geta nýtt sér allt að 35 mánaða viðbótartímabil eftir að fresturinn, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, rennur út til að beita ákvæðum sem eru nauðsynleg til að fara að 6. gr. þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Ákvæði 30. gr. gilda frá og með 30. apríl 2004.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

72. gr.

Eftirlitskerfi

Í samræmi við tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana, sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ([1]), skulu aðildarríkin tryggja framkvæmd þessarar tilskipunar með skilvirkum, aðgengilegum og gagnsæjum aðferðum.

Með það fyrir augum geta þau m.a. tilnefnt eða komið á fót óháðri stofnun.

73. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 93/38/EBE er hér með felld úr gildi, með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna varðandi frest til lögleiðingar í aðildarríkjunum skv. XXV. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XXVI. viðauka.

74. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

75. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

([1]) Stjtíð. EB L 76, 23.03.1992, bls. 14. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1994 (Stjtíð. EB 241, 29.8.1994, bls. 228).

I. VIÐAUKI

SAMNINGSSTOFNANIR Á SVIÐI GAS- EÐA HITAFLUTNINGA OG GAS- EÐA HITAVEITU

Belgía

— Distrigaz//NV Distrigaz.

— Staðaryfirvöld eða félög staðaryfirvalda, á þessu sviði starfsemi sinnar.

Danmörk

— Aðilar sem annast gas- eða hitaveitu á grundvelli heimildar samkvæmt § 4 í lögum „om varmeforsyning“, sjá lagabálk nr. 772 frá 24. júlí 2000.

— Aðilar sem flytja gas á grundvelli leyfis skv. § 10 í lögum nr. 449 „om naturgasforsyning“ frá 31 maí 2000.

— Aðilar sem flytja gas á grundvelli heimildar samkvæmt „bekendtgørelse nr. 141 om rørledningsanlæg på dansk kontinentalsokkelområde til transport af kulbrinter“ frá 13. mars 1974.

Þýskaland

— Staðaryfirvöld, stofnanir, sem eru opinberir lögaðilar, eða samtök þeirra eða fyrirtæki undir yfirráðum ríkisins, sem afhenda gas eða hita til annarra eða reka almennt veitukerfi skv. 3. mgr. 2. gr. „Gesetz über die Elektrizitäts- und Gasversorgung (Energiewirtschaftsgesetz)“ frá 24. apríl 1998, með áorðnum breytingum frá 10. nóvember 2001.

Grikkland

— „Δημόσια Επιχείρηση Αερίου (Δ.ΕΠ.Α) Α.Ε.“, sem annast gasflutning og gasveitu í samræmi við lög nr. 2364/95, eins og þeim var breytt með lögum nr. 2528/97, 2593/98 og 2773/99.

Spánn

— Enagas, S.A.

— Bahía de Bizkaia Gas, S.L.

— Gasoducto Al Andalus, S.A.

— Gasoducto de Extremadura, S.A.

— Infraestructuras Gasistas de Navarra, S.A.

— Regasificadora del Noroeste, S.A.

— Sociedad de Gas de Euskadi, S.A.

— Transportista Regional de Gas, S.A.

— Unión Fenosa de Gas, S.A.

— Bilbogas, S.A.

— Compañía Española de Gas, S.A.

— Distribución y Comercialización de Gas de Extramadura, S.A.

— Distribuidora Regional de Gas, S.A.

— Donostigas, S.A.

— Gas Alicante, S.A.

— Gas Andalucía, S.A.

— Gas Aragón, S.A.

— Gas Asturias, S.A.

— Gas Castilla - La Mancha, S.A.

— Gas Directo, S.A.

— Gas Figueres, S.A.

— Gas Galicia SDG, S.A.

— Gas Hernani, S.A.

— Gas Natural de Cantabria, S.A.

— Gas Natural de Castilla y León, S.A.

— Gas Natural SDG, S.A.

— Gas Natural de Alava, S.A.

— Gas Natural de La Coruña, S.A.

— Gas Natural de Murcia SDG, S.A.

— Gas Navarra, S.A.

— Gas Pasaia, S.A.

— Gas Rioja, S.A.

— Gas y Servicios Mérida, S.L.

— Gesa Gas, S.A.

— Meridional de Gas, S.A.U.

— Sociedad del Gas Euskadi, S.A.

— Tolosa Gas, S.A.

Frakkland

— „Société nationale des gaz du Sud-Ouest“, sem annast gasflutninga.

— „Gaz de France“, sem er stofnað og starfrækt samkvæmt „loi n° 46-628 sur la nationalisation de l'électricité et du gaz“ frá 8. apríl 1946, með áorðnum breytingum.

— Aðilar sem annast rafveitu, sem getið er í 23. gr. „loi n° 46-628 sur la nationalisation de l'électricité et du gaz“ frá 8. apríl 1946, með áorðnum breytingum.

— „Compagnie française du méthane“, sem annast gasflutninga.

— Staðaryfirvöld eða samtök þeirra, sem annast hitaveitu.

Írland

— Bord Gáis Éireann.

— Aðrir aðilar sem „Commission for Energy Regulation“ getur veitt leyfi til að annast veitu eða flutning á jarðgasi samkvæmt ákvæðum í „Gas Acts 1976 to 2002“.

— Aðilar sem hafa leyfi samkvæmt „Electricity Regulation Act 1999“ og starfa við hitaveitu sem rekstraraðilar „Combined Heat and Power Plants“.

Ítalía

— SNAM Rete Gas s.p.a., SGM og EDISON T& S, sem flytja gas.

— Aðilar sem annast gasveitu samkvæmt „testo unico delle leggi sull'assunzione dei pubblici servizi da parte dei communi e delle province approvato con regio decreto 15 ottobre 1925, n. 2578“ og samkvæmt „D.P.R. 4 ottobre 1986, n. 902“.

— Aðilar sem annast hitaveitu til almennings eins og um getur í 10. gr. laga nr. 308 frá 29. maí 1982 – „Norme sul contenimento dei consumi energici, lo sviluppo delle fonti rinnovabili di energia, l'esercizio di centrali elettriche alimentate con combustibili dagli idrocarburi“.

— Staðaryfirvöld eða samtök þeirra, sem annast hitaveitu til almennings.

Lúxemborg

— Société de transport de gaz SOTEG S.A.

— Gaswierk Esch-Uelzecht S.A.

— Service industriel de la Ville de Dudelange.

— Service industriel de la Ville de Luxembourg.

— Staðaryfirvöld eða samtök þeirra, sem annast hitaveitu til almennings.

Holland

— Aðilar sem annast gasframleiðslu, gasflutning eða gasveitu á grundvelli leyfis (vergunning) sem sveitarstjórnaryfirvöld veita samkvæmt „Gemeentewet“.

— Sveitarstjórnar- eða staðaryfirvöld sem annast gasflutning eða gasveitu samkvæmt „Gemeentewet“ eða „Provinciewet“.

— Staðaryfirvöld eða samtök þeirra, sem annast hitaveitu til almennings.

Austurríki

— Aðilar sem hafa heimild til gasflutninga eða gasveitu samkvæmt „Energiewirtschaftsgesetz, dRGBl. I, pp. 1451-1935“ eða „Gaswirtschaftgesetz, BGBl. I Nr. 121/2000“, með áorðnum breytingum.

— Aðilar sem hafa heimild til hitaflutnings eða hitaveitu samkvæmt „Gewerbeordnung, BGBl. Nr. 194/1994“, með áorðnum breytingum.

Portúgal

— Aðilar sem annast gasflutning eða gasveitu skv. 1. gr. „Decreto-Lei no 8/2000“ frá 8. febrúar 2000, að frátöldum ii. og iii. lið b-liðar 3. mgr. þeirrar greinar.

Finnland

— Opinberir aðilar eða aðrir aðilar sem annast flutninga fyrir gasveitukerfi og gasflutninga eða gasveitu á grundvelli leyfis skv. 1. gr. 3. kafla eða 1. gr. 6. kafla „maakaasumarkkinalaki//naturgasmarknadslagen (508/2000)“ og sveitarstjórnarstofnanir eða opinber fyrirtæki sem framleiða, flytja eða veita hita eða afhenda hita inn á veitukerfi.

Svíþjóð

— Aðilar sem annast gas- eða hitaflutninga eða gas- eða hitaveitu á grundvelli sérleyfis samkvæmt „lagen (1978:160) om vissa rörledningar“.

Breska konungsríkið

— Opinber gasflutningsaðili eins og skilgreint er í 1. lið. 7. þáttar. í „the Gas Act 1986“.

— Einstaklingur sem er yfirlýstur afhendingaraðili á gasi skv. 8. gr. í „Gas (Northern Ireland) Order 1996“.

— Staðaryfirvald sem setur upp eða starfrækir fast veitukerfi sem þjónar eða á að þjóna almenningi í tengslum við hitaframleiðslu, hitaflutning eða hitaveitu.

— Einstaklingur sem hefur leyfi skv. a-lið 1. liðar 6. þáttar í „Electricity Act 1989“ og leyfið felur í sér ákvæðin sem um getur í 3. lið 10. þáttar þeirra laga.

— „Northern Ireland Housing Executive“.

II. VIÐAUKI

SAMNINGSSTOFNANIR Á SVIÐI RAFORKUFRAMLEIÐSLU, RAFORKUFLUTNINGA EÐA RAFVEITU

Belgía

— SA Electrabel//NV Electrabel.

— Staðaryfirvöld og félög staðaryfirvalda, á þessu sviði starfsemi sinnar.

— SA Société de Production d'Electricité//NV Elektriciteitsproductie Maatschappij.

Danmörk

— Aðilar sem framleiða raforku á grundvelli leyfis skv. § 10 í lögum „om elforsyning“, sjá lagabálk nr. 767 frá 28. ágúst 2001.

— Aðilar sem flytja raforku á grundvelli leyfis samkvæmt § 19 í lögum „om elforsyning“, sjá lagabálk nr. 767 frá 28. ágúst 2001.

— Aðilar sem bera ábyrgð á kerfinu á grundvelli leyfis samkvæmt § 27 í lögum „om elforsyning“, sjá lagabálk nr. 767 frá 28. ágúst 2001.

Þýskaland

— Staðaryfirvöld, stofnanir, sem eru opinberir lögaðilar, eða samtök þeirra eða ríkisfyrirtæki sem afhenda raforku til annarra fyrirtækja eða reka almennt veitukerfi skv. 3. mgr. 2. gr. „Gesetz über die Elektrizitäts- und Gasversorgung (Energiewirtschaftsgesetz)“ frá 24. apríl 1998, með áorðnum breytingum frá 10. nóvember 2001.

Grikkland

— „Δημόσια Επιχείρηση Ηλεκτρσμού Α.Ε.“, stofnað með lögum nr. 1468/1950 „περί ιδρύσεως της ΔΕΗ“ og starfar í samræmi við lög nr. 2773/1999 og forsetaúrskurð nr. 333/1999.

— Fyrirtækið „ΔΙΑΧΕΙΡΙΣΤΗΣ ΕΛΛΗΝΙΚΟΥ ΣΥΣΤΗΜΑΤΟΣ ΜΕΤΑΦΟΡΑΣ ΗΛΕΚΤΡΙΚΗΣ ΕΝΕΡΓΕΙΑΣ Α.Ε.“, þekkt sem „ΔΙΑΧΕΙΡΙΣΤΗΣ ΤΟΥ ΣΥΣΤΗΜΑΤΟΣ ή ΔΕΣΜΗΕ“, stofnað skv. 14. gr. laga nr. 2773/1999 og forsetaúrskurði nr. 328/2000 (grísku stjórnartíðindin, nr. 268).

Spánn

— Red Eléctrica de España, S.A.

— Endesa, S.A.

— Iberdrola, S.A.

— Unión Fenosa, S.A.

— Hidroeléctrica del Cantábrico, S.A.

— Electra del Viesgo, S.A.

— Otras entidades encargadas de la producción, transporte y distribución de electricidad en virtud de la Ley 54/1997, de 27 de noviembre, del Sector eléctrico y su normativa de desarrollo.

Frakkland

— „Électricité de France“, sem er stofnað og starfrækt samkvæmt „loi n° 46-628 sur la nationalisation de l'électricité et du gaz“ frá 8. apríl 1946, með áorðnum breytingum.

— Rafveituaðilar sem getið er í 23. gr. „loi n° 46-628 sur la nationalisation de l'électricité et du gaz“ frá 8. apríl 1946, með áorðnum breytingum.

— Compagnie nationale du Rhône.

Írland

— The Electricity Supply Board.

— ESB Independent Energy [ESBIE - rafveita].

— Synergen Ltd. [raforkuframleiðsla].

— Viridian Energy Supply Ltd. [rafveita].

— Huntstown Power Ltd. [raforkuframleiðsla].

— Bord Gáis Éireann [rafveita].

— Rafveitur og raforkuframleiðendur sem hafa leyfi samkvæmt „Electricity Regulation Act 1999“.

Ítalía

— Fyrirtæki í „Gruppo Enel“ sem hafa heimild til að framleiða, flytja og veita raforku í skilningi lagaúrskurðar nr. 79 frá 16. mars 1999, með áorðnum breytingum og viðbótum.

— Önnur fyrirtæki sem starfa á grundvelli sérleyfa samkvæmt lagaúrskurði nr. 79 frá 16. mars 1999.

Lúxemborg

— „Compagnie grand-ducale d'électricité de Luxembourg“ (CEGEDEL), sem framleiðir eða veitir raforku samkvæmt „convention concernant l'établissement et l'exploitation des réseaux de distribution d'énergie électrique dans le Grand-Duché du Luxembourg“ frá 11. nóvember 1927, staðfest með lögum frá 4. janúar 1928.

— Staðaryfirvöld sem bera ábyrgð á raforkuflutningi eða rafveitu.

— Société électrique de l'Our (SEO).

— Syndicat de communes SIDOR.

Holland

— Aðilar sem annast rafveitu á grundvelli leyfis (vergunning) sem sveitarstjórnaryfirvöld veita samkvæmt „Provinciewet“.

Austurríki

— Aðilar sem starfrækja flutninga- eða veitukerfi samkvæmt „Elektrizitätswirtschafts- und Organisationsgesetz, BGBl.I Nr. 143/1998“, með áorðnum breytingum, eða samkvæmt „Elektrizitätswirtschafts(wesen)gesetze des neuf Länder“.

Portúgal

— GRUNDVALLARLÖGGJÖF

  — „ELECTRICIDADE DE PORTUGAL“ (EDP), stofnað samkvæmt lagaúrskurði nr. 182/95 frá 27 júlí 1995, með breytingum samkvæmt lagaúrskurði nr. 56/97 frá 14. mars 1997.

  — „EMPRESA ELÉCTRICA DOS AÇORES“ (EDA), sem starfar samkvæmt svæðisbundnum lagaúrskurði nr. 15/96/A frá 1. ágúst 1996.

  — „EMPRESA DE ELECTRICIDADE DA MADEIRA (EEM)“, sem starfar samkvæmt lagaúrskurði nr. 99/91 og lagaúrskurði nr. 100/91, báðir frá 2. mars 1991.

— FRAMLEIÐSLA RAFORKU

— Aðilar sem framleiða raforku samkvæmt lagaúrskurði nr. 183/95 frá 27. júlí 1995, með breytingum samkvæmt lagaúrskurði nr. 56/97 frá 14. mars 1997 og frekari breytingum samkvæmt lagaúrskurði nr. 198/2000 frá 24. ágúst 2000.

— Óháðir raforkuframleiðendur samkvæmt lagaúrskurði nr. 189/88 frá 27. maí 1988, með breytingum samkvæmt lagaúrskurði nr. 168/99 frá 18. maí 1999, nr. 313/95 frá 24. nóvember 1995, nr. 312/2001 frá 10. desember 2001 og nr. 339-C/2001 frá 29. desember 2001.

— FLUTNINGUR RAFORKU

— Aðilar sem flytja raforku samkvæmt lagaúrskurði nr. 185/95 frá 27 júlí 1995, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 56/97 frá 14. mars 1997.

— RAFVEITA

— Aðilar sem annast rafveitu samkvæmt lagaúrskurði nr. 184/95 frá 27. júlí 1995, með breytingum samkvæmt lagaúrskurði nr. 56/97 frá 14. mars 1997 og samkvæmt lagaúrskurði nr. 344-B/82 frá 1. september 1982 eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 297/86 frá 19. september 1986 og lagaúrskurði nr. 341/90 frá 30. október 1990 og lagaúrskurði nr. 17/92 frá 5. febrúar 1992.

Finnland

— Sveitarstjórnaraðilar og opinber fyrirtæki sem framleiða raforku og aðilar sem sjá um að viðhalda raforkuflutnings- eða rafveitukerfum og flytja raforku og sjá um raforkukerfi sem útheimtir leyfi samkvæmt 4. eða 16. þætti „sähkömarkkinalaki/elmarknadslagen (386/1995)“.

Svíþjóð

— Aðilar sem annast raforkuflutning eða rafveitu á grundvelli sérleyfis samkvæmt raforkulögunum (1997:857).

Breska konungsríkið

— Aðili sem hefur leyfi samkvæmt 6. þætti í „Electricity Act 1989“.

— Aðili sem hefur leyfi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. „Electricity (Northern Ireland) Order 1992“.

III. VIÐAUKI

SAMNINGSSTOFNANIR Á SVIÐI FRAMLEIÐSLU, FLUTNINGA EÐA VEITU NEYSLUVATNS

Belgía

— Aquinter

— Staðaryfirvöld og félög staðaryfirvalda, á þessu sviði starfsemi sinnar.

— Société wallonne des Eaux

— Vlaams Maatschappij voor Watervoorziening

Danmörk

— Aðilar sem afhenda vatn eins og skilgreint er í § 3(3) í „lovbekendtgørelse nr. 130 om vandforsyning m.v.“ frá 26. febrúar 1999.

Þýskaland

— Aðilar sem vinna vatn eða veita vatni samkvæmt „Eigenbetriebsverordnungen“ eða „Eigenbetriebsgesetze der Länder“ (almenningsveitufyrirtæki).

— Aðilar sem vinna vatn eða veita vatni samkvæmt „Gesetze über die kommunale Gemeinschaftsarbeit oder Zusammenarbeit der Länder“.

— Aðilar sem vinna vatn samkvæmt „Gesetz über Wasser- und Bodenverbände“ frá 12. febrúar 1991, með áorðnum breytingum frá 15. maí 2002.

— Fyrirtæki í almenningseigu sem vinna vatn eða veita vatni samkvæmt „Kommunalgesetze“, einkum „Gemeindeverordnungen der Länder“.

— Fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt „Aktiengesetz“ frá 6. september 1965, með áorðum breytingum frá 19. júlí 2002, eða „GmbH-Gesetz“ frá 20. apríl 1892, með áorðum breytingum frá 19. júlí 2002, eða fyrirtæki sem hafa réttarstöðu sem „Kommanditgesellschaft“ (takmörkuð ábyrgð), sem vinna vatn eða veita vatni á grundvelli sérstaks samnings við svæðis- eða staðaryfirvöld.

Grikkland

— „Εταιρεία Υδρεύσεως και Αποχετεύσεως Πρωτευούσης Α.Ε.’ (‘Ε.Υ.Δ.Α.Π.’ or ‘Ε.Υ.Δ.Α.Π. Α.Ε.“). Réttarstaða fyrirtækisins er samkvæmt ákvæðum lagabálks nr. 2190/1920, laga nr. 2414/1996 og enn fremur samkvæmt ákvæðum laga nr. 1068/80 og nr. 2744/1999.

— „Εταιρεία Ύδρευσης και Αποχέτευσης Θεσσαλονίκης Α.Ε. (Ε.Υ.Α.Θ. Α.Ε.)“ sem heyrir undir ákvæði laga nr. 2937/2001 (grísku stjórnartíðindin, nr. 169 A) og laga nr. 2651/1998 (grísku stjórnartíðindin, nr. 248 A).

— „Δημοτική Επιχείρηση Ύδρευσης και Αποχέτευσης Μείζονος Περιοχής Βόλου (ΔΕΥΑΜΒ)“, sem starfar samkvæmt lögum nr. 890/1979.

— „Δημοτικές Επιχειρήσεις Ύδρευσης — Αποχέτευσης“, sem vinnur og veitir vatni samkvæmt lögum nr. 1069/80 frá 23. ágúst 1980.

— „Σύνδεσμοι Ύδρευσης“, sem starfar samkvæmt forsetaúrskurði nr. 410/1995 í samræmi við „Κώδικος Δήμων και Κοινοτήτων“.

— „Δήμοι και Κοινότητες“, sem starfar samkvæmt forsetaúrskurði nr. 410/1995 í samræmi við „Κώδικος Δήμων και Κοινοτήτων“.

Spánn

— Mancomunidad de Canales de Taibilla.

— Otras entidades públicas integradas o dependientes de las Comunidades Autónomas y de las Corporaciones locales que actúan en el ámbito de la distribución de agua potable.

— Otras entidades privadas que tienen concedidos derechos especiales o exclusivos por las Corporaciones locales en el ámbito de la distribución de agua potable.

Frakkland

— Svæðis- eða staðaryfirvöld og opinberar, staðbundnar stofnanir sem vinna neysluvatn eða veita neysluvatni.

Írland

— Aðilar sem vinna vatn eða veita vatni samkvæmt „Local Government [Sanitary Services] Act 1878 to 1964“.

Ítalía

— Stofnanir sem bera ábyrgð á stjórn vatnsveitu á ýmsum stigum samkvæmt „testo unico delle leggi sull'assinzione dei pubblici servizi da parte dei comuni e delle province“, samþykkt með konungsúrskurði nr. 2578 frá 15. október 1925, forsetaúrskurði nr. 902 frá 4. október 1986 og lagaúrskurði nr. 267 „recante il testo unico delle leggi sull'ordinamento degli enti locali“, einkum 112.—116. gr.

— „Ente Autonomo Acquedotto Pugliese“, stofnað með konungsúrskurði nr. 2060 frá 19. október 1919.

— „Ente Acquedotti Siciliani“, stofnað með svæðisbundnum lögum nr. 2/2 frá 4. september 1979 og svæðisbundnum lögum nr. 81 frá 9. ágúst 1980.

— „Ente Sardo Acquedotti e Fognature“, stofnað með lögum nr. 9 frá 5. júlí 1963.

Lúxemborg

— Staðaryfirvöld sem bera ábyrgð á vatnsveitu.

— Samtök staðaryfirvalda sem vinna vatn eða veita vatni og er komið á fót samkvæmt lögunum frá 23. febrúar 2001 „loi concernant la création des syndicats de communes“, með breytingum og viðbótum í lögum frá 23. desember 1958 og 29. júlí 1981 og samkvæmt lögunum frá 31. júlí 1962 „loi ayant pour objet le renforcement de l'alimentation en eau potable du Grand-Duché du Luxembourg à partir du réservoir d'Esch-sur-Sûre“.

Holland

— Aðilar sem vinna vatn og veita vatni í samræmi við „Waterleidingwet“.

Austurríki

— Staðaryfirvöld og félög staðaryfirvalda sem vinna, flytja eða veita neysluvatni samkvæmt „Wasserversorgungsgesetze des neuf Länder“.

Portúgal

— KERFI SEM TEKUR TIL MARGRA SVEITARFÉLAGA – Fyrirtæki þar sem ríkisfyrirtæki eða aðrir opinberir aðilar, sem ráða meiri hluta hlutafjáreignar, og einkafyrirtæki starfa saman samkvæmt lagaúrskurði nr. 379/93 frá 5. nóvember 1993. Leyfilegt er að þeim sé stjórnað beint af ríkinu.

— KERFI EINS SVEITARFÉLAGS – Staðaryfirvöld, samtök staðaryfirvalda, þjónusta staðaryfirvalda, fyrirtæki þar sem allt eigið fé eða meiri hluti þess er í opinberri eigu eða einkafyrirtæki samkvæmt lagaúrskurði nr. 379/93 frá 5. nóvember 1993 og lögum nr. 58/98 frá 18. ágúst 1998.

Finnland

— Vatnsveitur sem falla undir 3. gr. „vesihuoltolaki//lagen om vattentjänster (119/2001)“.

Svíþjóð

— Staðaryfirvöld og fyrirtæki sveitarfélaga sem vinna, flytja eða veita neysluvatni samkvæmt „lagen (1970:244) om allmänna vatten- och avloppsanläggningar“.

Breska konungsríkið

— Fyrirtæki sem hefur verið tilnefnt til að annast vatnsveitu eða fráveitu samkvæmt „Water Industry Act 1991“.

— Yfirstjórn vatnsveitu- og fráveitumála sem komið var á fót með 62. þætti í „Local Government etc (Scotland) Act 1994“.

— Ráðuneyti svæðaþróunar (Norður- Írlandi).

IV. VIÐAUKI

SAMNINGSSTOFNANIR Á SVIÐI JÁRNBRAUTARFLUTNINGA

Belgía

— Société nationale des Chemins de fer belges//Nationale Maatschappij der Belgische Spoorwegen.

Danmörk

— Danske Statsbaner.

— Aðilar sem starfa samkvæmt lögum nr. 1317 „om amtskommunernes overtagelse af de statslige ejerandele i privatbanerne“ frá 20. desember 2000.

— Ørestadsselskabet I/S.

Þýskaland

— Deutsche Bahn AG.

— Önnur fyrirtæki sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. „Allgemeines Eisenbahngesetz“ frá 27. desember 1993, síðast breytt 21. júní 2002.

Grikkland

— „Οργανισμός Σιδηροδρόμων Ελλάδος Α.Ε. (Ο.Σ.Ε. Α.Ε.)“, samkvæmt lögum nr. 2671/98.

— „ΕΡΓΟΣΕ Α.Ε.“ samkvæmt lögum nr. 2366/95.

Spánn

— Ente público Gestor de Infraestructuras Ferroviarias (GIF).

— Red Nacional de los Ferrocarriles Españoles (RENFE).

— Ferrocarriles de Vía Estrecha (FEVE).

— Ferrocarrils de la Generalitat de Catalunya (FGC).

— Eusko Trenbideak (Bilbao).

— Ferrocarriles de la Generalitat Valenciana. (FGV).

— Ferrocarriles de Mallorca.

Frakkland

— „Société nationale des chemins de fer français“ og önnur járnbrautarkerfi sem eru opin almenningi og um getur í „loi d'orientation des transports intérieurs“ nr. 82-1153 frá 30. desember 1982, 1. kafli II. bálks.

— „Réseau ferré de France“, ríkisfyrirtæki, stofnað á grundvelli laga nr. 97-135 frá 13. febrúar 1997.

Írland

— Iarnród Éireann [/Irish Rail].

— Railway Procurement Agency.

Italy

— Ferrovie dello Stato S. p. A.

— Trenitalia S. p. A.

— Aðilar, félög og fyrirtæki sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum á grundvelli sérleyfis skv. 10. gr. konungsúrskurðar nr. 1447 frá 9. maí 1912 um samþykkt sameinaðs lagatexta um „le ferrovie concesse all'industria privata, le tramvie a trazione meccanica e gli automobili“.

— Aðilar, félög og fyrirtæki sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum á grundvelli sérleyfis skv. 4. gr. laga nr. 410 frá 4. júní 1949 – „Concorso dello Stato per la riattivazione dei pubblici servizi di trasporto in concessione“.

— Aðilar, félög og fyrirtæki eða staðaryfirvöld sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum á grundvelli sérleyfis skv. 14. gr. laga nr. 1221 frá 2. ágúst 1952 – „Provvedimenti per l'esercizio ed il potenziamento di ferrovie di altre linee di trasporto in regime di concessione“.

— Aðilar, félög og fyrirtæki sem veita almenna flutningaþjónustu á grundvelli 8. og 9. gr. lagaúrskurðar nr. 422 frá 19. nóvember 1997 – „Conferimento alle regioni ed agli enti locali di funzioni e compiti in materia di trasporto pubblico locale“ skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9 frá 15. mars 1997, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 400 frá 20. september 1999 og 45. gr. laga nr. 166 frá 1. ágúst 2002.

Lúxemborg

— Chemins de fer luxembourgeois (CFL).

Holland

— Innkaupastofnanir á sviði flutningaþjónustu á járnbrautum.

Austurríki

— Österreichische Bundesbahn.

— Schieneninfrastrukturfinanzierungs-Gesellschaft mbH sowie.

— Aðilar sem hafa heimild til að veita flutningaþjónustu samkvæmt „Eisenbahngesetz, BGBl. nr. 60/1957“ með áorðnum breytingum.

Portúgal

— „CP - Caminhos de Ferro de Portugal, E.P.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 109/77 frá 23. mars 1977.

— „REFER, E.P.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 104/97 frá 29. apríl 1997.

— „RAVE, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 323-H/2000 frá 19. desember 2000.

— „Fertagus, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 189-B/99 frá 2. júní 1999.

— „Metro do Porto, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 394-A/98 frá 15. desember 1998, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 261/2001 frá 26. september 2001.

— „Normetro, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 394-A/98 frá 15. desember 1998, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 261/2001 frá 26. september 2001.

— „Metropolitano Ligeiro de Mirandela, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 15/95 frá 8. febrúar 1995.

— „Metro do Mondego, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 10/2002 frá 24. janúar 2002.

— „Metro Transportes do Sul, S.A.“, samkvæmt lagaúrskurði nr. 337/99 frá 24. ágúst 1999.

— Staðaryfirvöld og fyrirtæki þeirra sem veita flutningaþjónustu samkvæmt lögum nr. 159/99 frá 14. september 1999.

— Opinber yfirvöld og fyrirtæki sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum samkvæmt lögum nr. 10/90 frá 17. mars 1990.

— Einkafyrirtæki sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum samkvæmt lögum nr. 10/90 frá 17. mars 1990 og njóta sérstakra réttinda eða einkaréttar.

Finnland

— VR Osakeyhtiö/ /VR Aktiebolag

Svíþjóð

— Opinberir aðilar sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum í samræmi við „förordningen (1996:734) om statens spåranläggningar, samt lagen (1990:1157) om järnvägssäkerhet“.

— Svæðisbundnir og staðbundnir, opinberir aðilar sem halda uppi svæðisbundnum eða staðbundnum samgöngum á járnbrautum samkvæmt „lagen (1997:734) om ansvar för viss kollektiv persontrafik“.

— Einkaaðilar sem veita flutningaþjónustu á járnbrautum á grundvelli heimildar samkvæmt „förordningen (1996:734) om statens spåranläggningar“, þegar slík heimild samrýmist 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Breska konungsríkið

— Railtrack plc

— Eurotunnel plc

— Northern Ireland Transport Holding Company

— Northern Ireland Railways Company Limited

V. VIÐAUKI

SAMNINGSSTOFNANIR Á SVIÐI FLUTNINGA Í ÞÉTTBÝLI MEÐ JÁRNBRAUTARLESTUM, SPORVÖGNUM, RAFKNÚNUM STRÆTISVÖGNUM EÐA HÓPBIFREIÐUM

Belgía

— Société des Transports intercommunaux de Bruxelles//Maatschappij voor intercommunaal Vervoer van Brussel.

— Société régionale wallonne du Transport et ses sociétés d'exploitation (TEC Liège-Verviers, TEC Namur-Luxembourg, TEC Brabant wallon, TEC Charleroi, TEC Hainaut)/ Société régionale wallonne du Transport en haar exploitatiemaatschappijen (TEC Liège-Verviers, TEC Namur-Luxembourg, TEC Brabant wallon, TEC Charleroi, TEC Hainaut).

   a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda, þ.m.t. hvers konar valkostir um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa kosti og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal tilgreina áætlaðan tíma, ef unnt er, fyrir síðari útboð vegna kaupa á viðkomandi þjónustu,

   b) tilgreina skal hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   c) tilvísun í lög og stjórnsýslufyrirmæli,

   d) tilgreina skal hvort lögaðilar skuli gefa upp nöfn og starfsmenntun og hæfi þeirra starfsmanna sem annast framkvæmd þjónustunnar,

   e) tilgreina skal hvort þjónustuveitendur skuli geta boðið í hluta af viðkomandi þjónustu.

7. Tilgreina skal hvort leyfilegt er að leggja fram frávikstilboð eða ekki, ef það er vitað.

8. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

9. Eftir því sem við á, hvaða rekstrarform að lögum sá hópur rekstraraðila, sem gera á samning við, skal hafa.

10. a) Síðasti skiladagur þátttökutilkynninga,

    b) heimilisfang sem þær skulu sendar til,

    c) tungumál, eitt eða fleiri, sem þær skulu ritaðar á.

11. Ef við á, tryggingarfé og aðrar ábyrgðir sem krafist er.

12. Helstu skilmálar varðandi fjármögnun og greiðslur og/eða tilvísanir í ákvæði þar sem þetta er að finna.

13. Upplýsingar um stöðu rekstraraðila og efnahagsleg og tæknileg skilyrði sem hann skal uppfylla að lágmarki.

14. Forsendur sem um getur í 55. gr. og nota á þegar valið er úr tilboðum: „lægsta verð“ eða „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“. Tilgreina skal forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða boði um að ganga til samninga.

15. Eftir því sem við á, nöfn og heimilisföng rekstraraðila sem samningsstofnun hefur þegar valið.

16. Eftir atvikum, dagsetning eða dagsetningar fyrri birtinga í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

18. Tilvísun til birtingar á reglubundinni kynningartilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða á tilkynningu um birtingu slíkrar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda varðandi samninginn, eftir því sem við á.

19. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

20. Hvaða dag samningsstofnunin sendir tilkynninguna.

21. Hvaða dag tilkynningin berst til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (skrifstofan gefur upp dagsetninguna).

22. Allar aðrar, viðeigandi upplýsingar.

D. EINFÖLDUÐ ÚTBOÐSTILKYNNING, NOTUÐ Í VIRKU INNKAUPAKERFI ([1])

1. Heimaland samningsstofnunar.

2. Nafn og tölvupóstfang samningsstofnunar.

3. Tilvísun til birtingar útboðstilkynningarinnar um virka innkaupakerfið.

4. Tölvupóstfang þar sem útboðsgögn og viðbótargögn varðandi virka innkaupakerfið eru tiltæk.

5. Efni samnings: lýsing með tilvísunarnúmeri eða –númerum CPV-flokkunarkerfisins og magn eða umfang sem fyrirhugaður samningur á að taka til.

6. Tímarammi fyrir framlagningu kynningarboða.

([1]) Með það fyrir augum að veita aðgang að kerfinu til að gera það kleift síðar að taka þátt í útboði vegna tiltekins samnings.

XIV. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM AÐ HÆFIMATSKERFI SÉ FYRIR HENDI

1. Nafn, heimilisfang, símnefni, tölvupóstfang, síma-, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar.
2. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.
3. Tilgangurinn með hæfimatskerfinu (lýsing á vörum, þjónustu eða verkum eða flokkum þeirra, sem kaupa á með hjálp kerfisins – tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).
4. Skilyrði sem rekstraraðilar skulu uppfylla, með hliðsjón af hæfi þeirra, samkvæmt því kerfi og þeim aðferðum sem notaðar verða til að sannprófa hvort þessi skilyrði hafa verið uppfyllt. Ef lýsing á slíkum skilyrðum og sannprófunaraðferðum er mjög umfangsmikil, og byggist á skjölum sem áhugasamir rekstraraðilar hafa aðgang að, nægir samantekt á helstu skilyrðum og aðferðum og tilvísun til þessara skjala.
5. Gildistími hæfimatskerfisins og formsatriði vegna endurnýjunar þess.
6. Upplýsingar um að tilkynningin gildi sem útboðstilkynning.
7. Heimilisfang þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar og skjöl varðandi hæfimatskerfið (ef það er annað en heimilisfangið sem getið er í 1. lið).
8. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.
9. Ef unnt er skal tilgreina forsendur sem um getur í 55. gr. og nota á þegar valið er úr tilboðum: „lægsta verð“ eða „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“. Tilgreina skal forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða boði um að leggja fram tilboð eða að ganga til samninga.
10. Allar aðrar, viðeigandi upplýsingar.

XV. VIÐAUKI A

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í REGLUBUNDINNI KYNNINGARTILKYNNINGU

I. UPPLÝSINGAR SEM ALLTAF EIGA AÐ KOMA FRAM

1. Nafn, heimilisfang, símnefni, tölvupóstfang, síma-, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar eða þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. a) Ef um er að ræða vörusamninga: eðli og umfang eða verðmæti þjónustunnar, sem á að veita, eða vörunnar sem á að afhenda (tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).

   b) Ef um er að ræða verksamninga: eðli og umfang þjónustunnar sem á að veita, almennir eiginleikar verksins eða verkhlutans (tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).

   c) Ef um er að ræða þjónustusamninga: fyrirhuguð heildarinnkaup í hverjum þjónustuflokki sem er skráður í XVII. viðauka A (tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).

3. Sendingardagur tilkynningarinnar eða sendingardagur auglýsingar um birtingu þessarar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda.

4. Hvaða dag tilkynningin berst til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (skrifstofan gefur upp dagsetninguna).

5. Allar aðrar, viðeigandi upplýsingar.

II. UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU ÞAR SEM TILKYNNT ER UM ÚTBOÐ EÐA GEFINN MÖGULEIKI Á AÐ STYTTA TILBOÐSFREST

6. Upplýsingar um að afhendingaraðilar skuli greina samningsstofnun frá því ef þeir hafa áhuga á samningi eða samningum.

7. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

8. Skilafrestur umsókna um boð um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

9. Hvers konar vöru á að afhenda og í hvaða magni eða almenn lýsing á verkinu eða þjónustuflokknum í skilningi XVII. viðauka A og lýsing þar sem tekið er fram hvort rammasamningur eða rammasamningar eru fyrirhugaðir, þ.m.t. hvers konar valkostir um viðbótarkaup og áætlaður tími til að nýta þessa kosti og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal einnig tilgreina áætlaðan tíma fyrir síðari útboð.

10. Tilgreina skal hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu.

11. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

12. Heimilisfang þangað sem fyrirtæki, sem hafa áhuga, eiga að senda skriflegar upplýsingar um áhuga sinn.

    Frestur til að láta vita af áhuga sínum.

    Tungumál, eitt eða fleiri, sem leyft er að nota í þátttökutilkynningum eða tilboðum.

13. Fjárhagsleg og tæknileg skilyrði og fjárhagslegar og tæknilegar ábyrgðir sem krafist er af afhendingaraðilum.

14. a) Hvaða dag fyrirhugað er að hefja útboðsferli samnings eða samninga (ef það er vitað).

    b) Tegund útboðs (lokað útboð eða samningskaup).

    c) Verð og greiðsluskilmálar þeirrar fjárhæðar sem ber að greiða fyrir gögn varðandi útboðið.

15. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

16. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

17. Ef unnt er, forsendur sem um getur í 55. gr. og nota á þegar valið er úr tilboðum: „lægsta verð“ eða „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“. Tilgreina skal forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða boði um að staðfesta áhuga sinn, eins og um getur í 5. mgr. 47. gr., eða í boði um að leggja fram tilboð eða að ganga til samninga.

XV. VIÐAUKI B

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM BIRTINGU REGLUBUNDINNAR KYNNINGARTILKYNNINGAR Í UPPLÝSINGASKRÁ KAUPANDA, SEM ER EKKI ÚTBOÐSTILKYNNING

1. Heimaland samningsstofnunar.
2. Heiti samningsstofnunar.
3. Netfang „upplýsingaskrár kaupanda“ (URL).
4. CPV-tilvísunarnúmer flokkunarkerfis.

XVI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM GERÐ SAMNINGS

I. **Upplýsingar sem birta á í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*** ([1])

1. Nafn og heimilisfang samningsstofnunarinnar.

2. Hvers eðlis samningurinn er (vörusamningur, verksamningur eða þjónustusamningur og tilvísunarnúmer flokkunarkerfis; ef við á skal tilgreina hvort um rammasamning er að ræða).

3. Að minnsta kosti stutt samantekt á því hvert er eðli vörunnar, verksins eða þjónustunnar, sem á að láta í té, og í hvaða magni.

4. a) Hvernig tilkynnt er um útboð (tilkynning um að hæfimatskerfi sé fyrir hendi, reglubundnar tilkynningar, boð um að leggja fram tilboð),

   b) Tilvísun í birtingu tilkynningarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins,*

   c) Ef um er að ræða samninga, sem eru veittir án undangenginnar útboðstilkynningar, skal tilgreina viðeigandi ákvæði 3. mgr. 40. gr. eða 32. gr.

5. Tegund útboðs (almennt, lokað eða samningskaup).

6. Fjöldi tilboða sem bárust.

7. Hvaða dag tilboð er valið.

8. Verð í hagstæðum innkaupum skv. j-lið 3. mgr. 40. gr.

9. Nafn og heimilisfang rekstraraðilans eða rekstraraðilanna.

10. Tilgreinið, ef við á, hvort samningnum hafi verið eða kunni að verða skipt á undirverktaka.

11. Verð, sem er greitt, eða fjárhæðir hæsta og lægsta tilboðs sem komu til greina við val tilboða.

12. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

13. Valfrjálsar upplýsingar:

   — það verðmæti og sá hluti samningsins sem hefur verið eða kann að verða skipt á þriðju aðila sem undirverktaka.

   — valforsendur.

II. **Upplýsingar sem ekki á að birta**

14. Fjöldi samninga sem eru gerðir (þegar þeim hefur verið skipt á milli nokkurra aðila).

15. Verðmæti hvers samnings sem er gerður.

16. Upprunaland vörunnar eða þjónustunnar (uppruni innan Bandalagsins eða utan þess; skipt eftir löndum í síðarnefnda tilvikinu).

17. Hvaða valforsendur hafa verið notaðar (fjárhagslega hagstæðasta tilboð eða lægsta verð)?

([1]) Upplýsingar í 6., 9. og 11. lið teljast vera upplýsingar sem ekki skal birta ef samningsstofnun telur að birting þeirra gæti skaðað viðkvæma viðskiptahagsmuni.

18. Var tilboði þess bjóðanda tekið sem lagði fram frávikstilboð í samræmi við 1. mgr. 36. gr.?

19. Var einhverjum tilboðum hafnað á þeim forsendum að þau væru óeðlilega lág, í samræmi við 57. gr.?

20. Hvaða dag samningsstofnunin sendir tilkynninguna.

21. Þegar um er að ræða samninga um þjónustu sem er tilgreind í XVII. viðauka B, samþykki samningsstofnunar fyrir birtingu tilkynningarinnar (4. mgr. 43. gr.).

XVII. VIÐAUKI A([1])

ÞJÓNUSTA Í SKILNINGI 31. GR.

Flokkur nr.	Efni	CPC-tilvísunarnúmer ([1])	CPV-tilvísunarnúmer
1	Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6112, 6122, 633, 886	Frá 50100000 til 50982000 (þó ekki 50310000 til 50324200 og 50116510-9, 50190000-3, 50229000-6, 50243000-0)
2	Flutningaþjónusta á landi ([2]), einnig með brynvörðum bifreiðum, og hraðsendingaþjónusta, að frátöldum póstflutningum	712 (þó ekki 71235), 7512, 87304	Frá 60112000-6 til 60129300-1 (þó ekki 60121000 til 60121600, 60122200-1, 60122230-0) og frá 64120000-3 til 64121200-2
3	Farþega- og vöruflutningar í lofti, að frátöldum póstflutningum	73 (þó ekki 7321)	Frá 62100000-3 til 62300000-5 (þó ekki 62121000-6, 62221000-7)
4	Póstflutningar á landi ([2]) og í lofti	71235, 7321	60122200-1, 60122230-0 62121000-6, 62221000-7
5	Fjarskiptaþjónusta	752	Frá 64200000-8 til 64228200-2, 72318000-7 og frá 72530000-9 til 72532000-3
6	Fjármálaþjónusta a) Vátryggingaþjónusta b) Banka- og fjárfestingaþjónusta ([3])	úr 81, 812, 814	Frá 66100000-1 til 66430000-3 og frá 67110000-1 til 67262000-1
7	Tölvuþjónusta og skyld þjónusta	84	Frá 50300000-8 til 50324200-4, frá 72100000-6 til 72591000-4 (þó ekki 72318000-7 og frá 72530000-9 til 72532000-3)
8	Rannsóknir og þróun ([4])	85	Frá 73000000-2 til 73300000-5 (þó ekki 73200000-4, 73210000-7, 7322000-0)
9	Reikningshald, endurskoðun og bókhald	862	Frá 74121000-3 til 74121250-0
10	Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	864	Frá 74130000-9 til 74133000-0 og 74423100-1, 74423110-4
11	Rekstrarráðgjöf og skyld þjónusta	865, 866	Frá 73200000-4 til 73220000-0, frá 74140000-2 til 74150000-5 (þó ekki 74142200-8) og 74420000-9, 74421000-6, 74423000-0, 74423200-2, 74423210-5, 74871000-5, 93620000-0

([1]) Ef mismunandi túlkun er á CPV og CPC gildir CPC-flokkunarkerfið.

Flokkur nr.	Efni	CPC-tilvísunarnúmer ([1])	CPV-tilvísunarnúmer
12	Arkitektaþjónusta, verkfræðiþjónusta og samþætt verkfræðiþjónusta, þjónusta á sviði borgar- og landslagsskipulags, vísindaleg og tæknileg ráðgjöf sem tengist þessum greinum, tækniprófanir og greining	867	Frá 74200000-1 til 74276400-8 og frá 74310000-5 til 74323100-0, og 74874000-6
13	Auglýsingastarfsemi	871	Frá 74400000-3 til 74422000-3 (þó ekki 74420000-9 og 74421000-6)
14	Ræstingar- og húsvarðaþjónusta	874, 82201 til 82206	Frá 70300000-4 til 70340000-6 og frá 74710000-9 til 74760000-4
15	Útgáfu- og prentunarþjónusta gegn gjaldi eða samkvæmt samningi	88442	Frá 78000000-7 til 78400000-1
16	Skólpveitur, sorphreinsun, hreinsunardeildir og skyld starfsemi	94	Frá 90100000-8 til 90320000-6 og 50190000-3, 50229000-6, 50243000-0

([1]) CPC-flokkunarkerfið (bráðabirgðaútgáfa), notað til að skilgreina gildissvið tilskipunar 93/38/EBE.

([2]) Að frátöldum flutningum með járnbrautum sem falla undir 18. flokk.

([3]) Að frátalinni fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða framsal verðbréfa eða annarra fjármálagerninga og þjónustu seðlabanka. Einnig er undanskilin þjónusta, óháð því hvernig fjármálum er háttað, sem felur í sér kaup eða leigu lands, bygginga eða annarra fasteigna eða rétt til þeirra; fjármálaþjónusta sem er veitt samtímis, fyrir eða eftir gerð samnings um kaup eða leigu, í hvaða formi sem er, skal þó falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

([4]) Að frátalinni annarri rannsóknar- og þróunarþjónustu en þeirri sem er eingöngu til hagsbóta fyrir samningsyfirvöld í þeirra eigin starfsemi, að því tilskildu að þjónustan, sem er veitt, sé að öllu leyti launuð af samningsyfirvaldinu.

([5]) Að frátalinni þjónustu vegna gerðardómsmeðferðar og sáttaumleitana.

XVII. VIÐAUKI B

ÞJÓNUSTA Í SKILNINGI 32. GR.

Flokkur nr.	Efni	CPC-tilvísunarnúmer	CPV-tilvísunarnúmer
17	Hótel- og veitingahúsarekstur	64	Frá 55000000-0 til 55524000-9 og frá 93400000-2 til 93411000-2
18	Járnbrautarflutningar	711	60111000-9 og frá 60121000-2 til 60121600-8
19	Flutningar á sjó og vatnaleiðum	72	Frá 61000000-5 til 61530000-9 og frá 63370000-3 til 63372000-7
20	Stuðnings- og stoðþjónusta í tengslum við flutninga	74	62400000-6, 62440000-8, 62441000-5, 62450000-1, frá 63000000-9 til 63600000-5 (þó ekki 63370000-3, 63371000-0, 63372000-7) og 74322000-2, 93610000-7
21	Lögfræðiþjónusta	861	Frá 74110000-3 til 74114000-1
22	Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta ([1])	872	Frá 74500000-4 til 74540000-6 (þó ekki 74511000-4) og frá 95000000-2 til 95140000-5
23	Rannsóknir og öryggisþjónusta, að frátöldum. brynvörðum bifreiðum	873 (þó ekki 87304)	Frá 74600000-5 til 74620000-1
24	Menntun og starfsmenntun	92	Frá 80100000-5 til 80430000-7
25	Heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta	93	74511000-4 og frá 85000000-9 til 85323000-9 (þó ekki 85321000-5 og 85322000-2)
26	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	96	Frá 74875000-3 til 74875200-5 og frá 92000000-1 til 92622000-7 (þó ekki 92230000-2)
27	önnur þjónusta		

([1]) Að frátöldum ráðningarsamningum.

XVIII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM HÖNNUNARSAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, tölvupóstfang, síma-, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsyfirvalds og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótargögn.
2. Verkefnislýsing (tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).
3. Tegund samkeppni: almenn eða lokuð.
4. Þegar um er að ræða almenna samkeppni: síðasti skiladagur verkefna.
5. Þegar um er að ræða lokaða samkeppni:
   a) áætlaður fjöldi þátttakenda eða hámarks- og lágmarksfjöldi,
   b) ef við á, nöfn þátttakenda sem hafa þegar verið valdir,
   c) forsendur fyrir vali þátttakenda,
   d) síðasti skiladagur þátttökutilkynninga.
6. Ef við á skal tilgreina hvort þátttaka takmarkist við tiltekna starfsgrein.
7. Forsendur sem nota á við mat á verkefnunum.
8. Eftir því sem við á, nöfn dómnefndarmanna.
9. Tilgreina skal hvort ákvörðun dómnefndar er bindandi fyrir samningsyfirvaldið.
10. Eftir því sem við á, fjöldi og verðmæti verðlauna.
11. Eftir atvikum, upplýsingar um greiðslur til allra þátttakenda.
12. Upplýsingar um hvort vinningshafar hafa loforð fyrir samningum að lokinni keppni.
13. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.
14. Sendingardagur tilkynningarinnar.
15. Hvaða dag tilkynningin berst til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna.
16. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

XIX. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM ÚRSLIT HÖNNUNARSAMKEPPNI

1. Nafn, heimilisfang, símnefni, síma-, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsyfirvalds.
2. Verkefnislýsing (tilvísunarnúmer flokkunarkerfis).
3. Heildarfjöldi þátttakenda.
4. Fjöldi útlendra þátttakenda.
5. Sigurvegari eða sigurvegarar í samkeppninni.
6. Verðlaun ef einhver eru.
7. Aðrar upplýsingar.
8. Tilvísun í tilkynningu um hönnunarsamkeppni.
9. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.
10. Sendingardagur tilkynningarinnar.
11. Hvaða dag tilkynningin berst til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna.

XX. VIÐAUKI

ATRIÐI VARÐANDI BIRTINGU

1. **Birting tilkynninga**

a) Samningsstofnanir skulu senda tilkynningar, sem um getur í 41., 42, 43. og 63. gr., til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna með því sniði sem krafist er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB frá 13. september 2001 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 93/36/EBE, IV., V. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 93/37/EBE, III. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 92/50/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 97/52/EB, og XII.—XV., XVII. og XVIII. viðauka við tilskipun ráðsins 93/38/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/4/EB (Tilskipun um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðstilkynninga) ([1]). Reglubundna kynningartilkynningin, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., sem er birt í upplýsingaskrá kaupanda eins og lýst er í b-lið 2. liðar, skal vera með sama sniði, svo og tilkynning um slíka birtingu,

b) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal birta tilkynningar sem um getur í 41., 42., 43. og 63. gr. en ef um er að ræða reglubundna kynningartilkynningu, sem birtist í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 41. gr., skal samningsstofnun birta hana.

Auk þess geta samningsyfirvöld birt þessar upplýsingar á Netinu í „upplýsingaskrá kaupanda“ eins og um getur í b-lið 2. liðar,

c) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalagsins sendir samningsyfirvöldum staðfestingu á birtingu sem um getur í 7. mgr. 44. gr.

2. **Birting viðbótarupplýsinga**

a) Samningsstofnanir eru hvattar til að birta útboðsskilmála og öll viðbótarskjöl á Netinu.

b) Upplýsingaskrá kaupanda getur innihaldið reglubundnar kynningartilkynningar, eins og um getur í 1. mgr. 41. gr., upplýsingar um yfirstandandi boð um að leggja fram tilboð, áformuð innkaup, gerða samninga, útboð sem er aflýst og allar gagnlegar, almennar upplýsingar, s.s. um tengiliði, síma- og bréfasímanúmer, póstföng og tölvupóstföng.

3. **Snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra**

Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra fást á netfanginu „http://simap.eu.int“.

([1]) Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1 og Stjtíð. EB L 214, 9.8.2002, bls. 1.

XXI. VIÐAUKI

SKILGREINING TILTEKINNA TÆKNIFORSKRIFTA

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. a) „Tækniforskrift“, þegar um er að ræða vöru- eða þjónustusamninga: forskrift í skjali þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar vöru eða þjónustu, s.s. tiltekin gæði og vistvænleiki, hönnun sem uppfyllir allar kröfur (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismat, nothæfi, notkun vörunnar, öryggi eða umfang, þ.m.t. kröfur varðandi viðskiptaheiti, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merkingu og áletranir, notendaleiðbeiningar, framleiðsluferli og -aðferðir og aðferðir við samræmismat,

   b) „tækniforskrift“, þegar um er að ræða verksamninga: öll tæknileg fyrirmæli sem einkum skulu tekin fram í útboðsgögnum þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar efnis, vöru eða aðfanga, sem gera það kleift að lýsa efninu, vörunni eða aðföngunum á þann hátt að svari til þeirrar notkunar sem samningsstofnunin hefur fyrirhugað. Þessir eiginleikar skulu taka til tiltekins vistvænleika, hönnunar sem uppfyllir allar kröfur (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismats, nothæfis, öryggis eða umfangs, þ.m.t. aðferðir við gæðatryggingu, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merking og áletranir, leiðbeiningar um meðferð og framleiðsluferli og -aðferðir. Þeir skulu einnig taka til reglna um hönnun og kostnaðaráætlanir, skilyrða varðandi prófun, eftirlit og samþykki verka og aðferða eða byggingartækni ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum sem samningsstofnunin getur sett samkvæmt almennum eða sérstökum reglum um verk sem er að fullu lokið og efni og hluta sem til þess teljast.

2. „Staðall“: tækniforskrift, sem er samþykkt af staðlastofnun til endurtekinnar eða stöðugrar beitingar, án þess að skylt sé að fylgja henni, og sem fellur undir eftirtalda flokka:

   — „alþjóðlegur staðall“: staðall sem er aðlagaður af alþjóðlegri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

   — „Evrópustaðall“: staðall sem er samþykktur af evrópskri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

   — „innlendur staðall“: staðall sem er samþykktur af innlendri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi.

3. „Evrópskt tæknisamþykki“: jákvætt, tæknilegt mat á nothæfi vöru, gefið á grundvelli þess að innbyggðir eiginleikar vöru og skilgreind skilyrði um nýtingu og notkun uppfylli grunnkröfur við byggingarframkvæmdir. Evrópskt tæknisamþykki skal gefið út af samþykktaraðila sem aðildarríkið tilnefnir.

4. „Sameiginleg tækniforskrift“: tækniforskrift sem mælt er fyrir um í samræmi við viðurkenndar reglur aðildarríkjanna sem hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. „Tækniviðmiðun“: hvers konar framleiðsla evrópskra staðlastofnana, annað en opinberir staðlar, í samræmi við reglur sem settar eru vegna breyttra markaðarins.

XXII. VIÐAUKI

YFIRLITSTAFLA YFIR FRESTI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 45. GR.

Almenn útboð

Tilboðsfrestur — án reglubundinnar kynningartilkynningar

Frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 7. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 7. mgr.
52	45	47	40	engin	engin

Að undangenginni birtingu reglubundinnar kynningartilkynningar

A: Almennur frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 7. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 7. mgr.
36	29	31	24	engin	engin
B: Lágmarks-frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 7. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 7. mgr.
22	15	17	10	10 daga frestur er framlengdur í 15 daga	17 daga frestur er framlengdur í 22 daga

Lokuð útboð og samningskaup

Skilafrestur þátttökutilkynningar:

Almennur frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
37	30	á ekki við	á ekki við	engin	á ekki við

Lágmarks-frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
22	15	á ekki við	á ekki við	engin	á ekki við

Lágmarks-frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
15	8	á ekki við	á ekki við	8 daga frestur er framlengdur í 15 daga	á ekki við

Tilboðsfrestur

A: Almennur frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
24	á ekki við	19	á ekki við	á ekki við	engin

B: Lágmarks-frestur	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
10	á ekki við	5	á ekki við	á ekki við	5 daga frestur er framlengdur í 10 daga

C: Frestur sem samið er um	Rafræn sending tilkynningar-innar	Útboðsgögn sem eru tiltæk á rafrænu formi	Rafræn sending ásamt „rafrænum“ útboðsgögnum	Áhrif, fyrsta undirgrein 8. mgr.	Áhrif, önnur undirgrein 8. mgr.
	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við

XXIII. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI ALÞJÓÐLEGRAR VINNULÖGGJAFAR Í SKILNINGI 4. MGR. 59. GR.

— Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess,

— Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega,

— Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

— Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu,

— Samþykkt nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu,

— Samþykkt nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,

— Samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,

— Samþykkt nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

XXIV. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA, UMSÓKNA UM HÆFISMAT SVO OG SAMKEPPNISÁÆTLANA OG SAMKEPPNISVERKEFNA

Búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat og samkeppnisáætlana og samkeppnisverkefna skal a.m.k. tryggja, að því er varðar tækni og viðeigandi aðferðir, að:

a) rafrænar undirskriftir varðandi tilboð, þátttökutilkynningar og umsóknir um hæfismat, svo og framsendingu áætlana og verkefna, séu í samræmi við innlend ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt tilskipun 1999/93/EB ([1]),

b) unnt sé að ákvarða nákvæmlega tímasetningu og dagsetningu fyrir móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat svo og fyrir afhendingu áætlana og verkefna,

c) unnt sé að tryggja, með nokkurri vissu, að enginn geti fengið aðgang að gögnum, sem eru flutt samkvæmt þessum kröfum, áður en frestur hefur verið ákveðinn,

d) ef aðgangsbann er brotið sé tryggt, með nokkurri vissu, að auðvelt sé að komast að því,

e) aðeins aðilar, sem hafa til þess heimild, geti sett eða breytt dagsetningum fyrir opnun gagna sem berast,

f) á hinum ýmsu stigum hæfismats, útboðsferlis eða samkeppni verði einungis hægt að fá aðgang að öllum gögnum sem eru afhent, eða hluta þeirra, með aðgerðum sem aðilar, sem hafa til þess heimild, framkvæma samtímis,

g) aðilar, sem hafa heimild til samtímis aðgerða, veiti einungis aðgang að gögnum, sem eru flutt, eftir tilgreindan dag,

h) gögn, sem eru móttekin og opnuð í samræmi við þessar kröfur, verði ekki aðgengileg öðrum aðilum en þeim sem hafa heimild til að kynna sér þau.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

XXV. VIÐAUKI

FRESTUR TIL LÖGLEIÐINGAR OG FRAMKVÆMDAR

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Frestur til framkvæmdar
93/38/EBE (Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84)	1.7.1994	Spánn: 1.1.1997; Grikkland og Portúgal 1.1.1998
98/4/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1)	16.2.1999	Grikkland og Portúgal 16.2.2000

XXVI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA ([1])

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
1. mgr. 1. gr.	1. málsliður 1. mgr. 1. gr.	
a-liður 2. mgr. 1. gr.	1. málsliður 4. mgr. 1. gr.	Aðlagað
1. málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.	1. málsliður b-liðar 4. mgr. 1. gr.	Breytt
2. málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.	2. málsliður 10. mgr. 14. gr.	Aðlagað
1. undirgrein c-liðar 2. mgr. 1. gr.	a-liður 4. mgr. 1. gr.	Aðlagað
2. undirgrein c-liðar 2. mgr. 1. gr.		Nýtt
1. undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.	1. hluti c-liðar 4. mgr. 1. gr.	Aðlagað
2. undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.	2. undirgrein 4. mgr. 1. gr.	Aðlagað
3. undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.		Nýtt
a-liður 3. mgr. 1. gr.		Nýtt
b-liður 3. mgr. 1. gr.		Nýtt
4. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.	Aðlagað
5. mgr. 1. gr.		Nýtt
6. mgr. 1. gr.		Nýtt
1. undirgrein 7. mgr. 1. gr.	lok 6. mgr. 1. gr.	Breytt
2. undirgrein 7. mgr. 1. gr.		Nýtt
3. undirgrein 7. mgr. 1. gr.	1. málsliður 6. mgr. 1. gr.	Aðlagað
8. mgr. 1. gr.		Nýtt
a–c-liður 9. mgr. 1. gr.	7. mgr. 1. gr.	Aðlagað
10. mgr. 1. gr.	16. mgr. 1. gr.	Aðlagað
11. mgr. 1. gr.		Nýtt
12. mgr. 1. gr.		Nýtt
13. mgr. 1. gr.		Nýtt
	14. og 15. mgr. 1. gr.	Fellt brott
a-liður 1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 1. gr.	
b-liður 1. mgr. 2. gr.	2. mgr. 1. gr.	

([1]) „Aðlagað“ merkir að orðalagi hefur verið breytt án þess að gildissvið textans í niðurfelldu tilskipuninni breytist. Breytingar á gildissviði ákvæða tilskipunarinnar, sem er felld úr gildi, er gefið til kynna með orðinu „breytt“.

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
2. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.	Aðlagað
3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.	Breytt
1. mgr. 3. gr.	iii. liður a-liðar 2. mgr. 2. gr.	Aðlagað
2. mgr. 3. gr.	b-liður 5. mgr. 2. gr.	Aðlagað
3. mgr. 3. gr.	ii. liður a-liðar 2. mgr. 2. gr.	Aðlagað
4. mgr. 3. gr.	a-liður 5. mgr. 2. gr.	Aðlagað
1. mgr. 4. gr.	i. liður a-liðar 2. mgr. 2. gr.	Aðlagað
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 6. gr.	Aðlagað
3. mgr. 4. gr.	a-liður 5. mgr. 2. gr.	Aðlagað
1. mgr. 5. gr.	c-liður 2. mgr. 2. gr.	Breytt
2. mgr. 5. gr.	4. mgr. 2. gr.	Breytt
6. gr.		Nýtt
7. gr.	b-liður 2. mgr. 2. gr.	
	d-liður 2. mgr. 2. gr.	Fellt brott
8. gr.	6. mgr. 2. gr.	Breytt
9. gr.		Nýtt
10. gr.	2. mgr. 4. gr.	Breytt
1. undirgrein 1. mgr. 11. gr.	2. mgr. 33. gr.	
2. undirgrein 1. mgr. 11. gr.	3. mgr. 33. gr.	Breytt
2. mgr. 11. gr.	1. mgr. 33. gr.	Breytt
12. gr.	42. gr. a	
1. mgr. 13. gr.	3. mgr. 4. gr.	
2. mgr. 13. gr.	4. mgr. 4. gr.	Breytt
14. gr.	5. gr.	
15. gr.		Nýtt
16. gr.	1. mgr. 14. gr.	Breytt
1. mgr. 17. gr.	2. og 6. mgr. 14. gr.	Breytt
2. mgr. 17. gr.	13. mgr. 14. gr.	Aðlagað
3. mgr. 17. gr.	9. mgr. 14. gr.	Breytt
4. mgr. 17. gr.	11. mgr. 14. gr.	Aðlagað

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
5. mgr. 17. gr.	12. mgr. 14. gr.	Aðlagað
1. undirgrein a-liðar 6. mgr. 17. gr.	3. málsliður 10. mgr. 14. gr.	Breytt
2. undirgrein a-liðar 6. mgr. 17. gr.	2. málsliður 2. undirgreinar 10. mgr. 14. gr.	Aðlagað
3. undirgrein a-liðar 6. mgr. 17. gr.	3. málsliður 2. undirgreinar 10. mgr. 14. gr.	Breytt
1. undirgrein b-liðar 6. mgr. 17. gr.	1. málsliður 2. undirgreinar 10. mgr. 14. gr.	Breytt
2. undirgrein b-liðar 6. mgr. 17. gr.	2. málsliður 2. undirgreinar 10. mgr. 14. gr.	Aðlagað
3. undirgrein b-liðar 6. mgr. 17. gr.		Nýtt
7. mgr. 17. gr.	7. mgr. 14. gr.	Breytt
8. mgr. 17. gr.	8. mgr. 14. gr.	
9. mgr. 17. gr.	4. mgr. 14. gr.	Breytt
10. mgr. 17. gr.	3. mgr. 14. gr.	Breytt
11. mgr. 17. gr.	5. mgr. 14. gr.	
18. gr.		Nýtt
19. gr.	7. gr.	
20. gr.	1. og 3. mgr. 6. gr.	Aðlagað
21. gr.	10. gr.	
a-liður 22. gr.	1. mgr. 12. gr.	Breytt
b-liður 22. gr.	2. mgr. 12. gr.	
c-liður 22. gr.	3. mgr. 12. gr.	
1. mgr. 23. gr.	3. mgr. 1. gr.	
2. mgr. 23. gr.	a- og b-liður 1. undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Breytt
a-liður 1. undirgreinar 3. mgr. 23. gr.	lok 1. undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Breytt
b- og c-liður 1. undirgreinar 23. gr.		Nýtt
2. undirgrein 3. mgr. 23. gr.		Nýtt
3. undirgrein 3. mgr. 23. gr.	2. undirgrein 1. mgr. 13. gr.	Breytt
a-liður 4. mgr. 23. gr.	b-liður 1. undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Breytt
b-liður 4. mgr. 23. gr.		Nýtt
lok 4. mgr. 23. gr.		Nýtt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
5. mgr. 23. gr.	2. mgr. 13. gr.	Breytt
a-liður 24. gr.	i. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr.	
b-liður 24. gr.	iii. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr.	
c-liður 24. gr.	iv. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr.	Breytt
d-liður 24. gr.	v. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr.	
e-liður 24. gr.	vi. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr.	
	ii. liður c-liðar 4. mgr. 1. gr. og 2. neðanmálsgrein í XVI. viðauka A	Fellt brott
25. gr.	11. gr.	Breytt
a-liður 26. gr.	a-liður 1. mgr. 9. gr.	Aðlagað
b-liður 26. gr.	b-liður 1. mgr. 9. gr.	Aðlagað
	2. mgr. 9. gr.	Fellt brott
	1. mgr. 3. gr.	Fellt brott
27. gr.	2. mgr. 3. gr.	Breytt
	3.–5. mgr. 3. gr.	Fellt brott
28. gr.		Nýtt
29. gr.		Nýtt
30. gr.		Nýtt
	8. gr.	Fellt brott
31. gr.	15. gr.	Aðlagað
32. gr.	16. gr.	
33. gr.	17. gr.	
34. gr.	18. gr. og 4. mgr. 34. gr.	Breytt
35. gr.	19. gr.	Aðlagað
1. mgr. 36. gr.	3. mgr. 34. gr.	Breytt
2. mgr. 36. gr.		Nýtt
37. gr.	27. gr.	Breytt
38. gr.		Nýtt
1. mgr. 39. gr.	1. mgr. 29. gr.	Breytt
2. mgr. 39. gr.	2. mgr. 29. gr.	
1. mgr. 40. gr.	1. mgr. 4. gr.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
2. og 3. mgr. 40. gr.	1. og 2. mgr. 20. gr.	
1. undirgrein 1. mgr. 41. gr.	1. mgr. 22. gr.	Breytt
2.—6. undirgrein 1. mgr. 41. gr.		Nýtt
2. mgr. 41. gr.	4. mgr. 22. gr.	
3. mgr. 41. gr.	9. mgr. 30. gr.	Aðlagað
1. mgr. 42. gr.	1. mgr. 21. gr.	
2. mgr. 42. gr.		Nýtt
a- og b-liður 2. mgr. 42. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 21. gr.	Aðlagað
1. málsliður c-liðar 2. mgr. 42. gr.	1. málsliður 3. mgr. 22. gr.	
2. málsliður c-liðar 2. mgr. 42. gr.	2. málsliður 3. mgr. 22. gr.	
1. mgr. 43. gr.	1. mgr. 24. gr.	Breytt
2. mgr. 43. gr.	2. mgr. 24. gr.	Aðlagað
3. mgr. 43. gr.	1.–3. málsliður 3. mgr. 24. gr.	Aðlagað
4. mgr. 43. gr.	4. málsliður 3. mgr. 24. gr.	Aðlagað
5. mgr. 43. gr.	4. mgr. 24. gr.	Aðlagað
1. mgr. 44. gr.		Nýtt
2. mgr. 44. gr.		Nýtt
1. undirgrein 3. mgr. 44. gr.		Nýtt
1. málsliður 2. undirgreinar 3. mgr. 44. gr.	1. málsliður 3. mgr. 25. gr.	Breytt
2. málsliður 2. undirgreinar 3. mgr. 44. gr.	2. málsliður 3. mgr. 25. gr.	Aðlagað
1. undirgrein 4. mgr. 44. gr.	2. mgr. 25. gr.	Breytt
2. undirgrein 4. mgr. 44. gr.	4. mgr. 25. gr.	
5. mgr. 44. gr.	5. mgr. 25. gr.	Breytt
6. mgr. 44. gr.	1. mgr. 25. gr.	
7. mgr. 44. gr.		Nýtt
8. mgr. 44. gr.		Nýtt
	3. málsliður 3. mgr. 25. gr.	Fellt brott
1. mgr. 45. gr.		Nýtt
2. mgr. 45. gr.	1. málsliður 1. undirgreinar 1. mgr. 26. gr.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
3. mgr. 45. gr.	2. mgr. 26. gr.	Aðlagað
4. mgr. 45. gr.	2. og 3. málsliður 1. mgr. 26. gr.	Aðlagað
5.–8. mgr. 45. gr.		Nýtt
9. mgr. 45. gr.	3. mgr. 28. gr.	Breytt
10. mgr. 45. gr.		Nýtt
1. mgr. 46. gr.	1. mgr. 28. gr.	Breytt
2. mgr. 46. gr.	2. mgr. 28. gr.	Breytt
1. málsliður 1. mgr. 47. gr.	1. málsliður 4. mgr. 28. gr.	
1. undirliður 2. málsliðar 1. mgr. 47. gr.		Nýtt
2. undirliður 2. málsliðar 1. mgr. 47. gr.	2. málsliður 4. mgr. 28. gr.	Breytt
2. mgr. 47. gr.		Nýtt
3. mgr. 47. gr.	2. mgr. 28. gr.	Breytt
a–d-liður 4. mgr. 47. gr.	a–d-liður og f-liður 4. mgr. 28. gr.	Aðlagað
	f-liður 4. mgr. 28. gr.	Fellt brott
e-liður 4. mgr. 47. gr.	e-liður 4. mgr. 28. gr.	Breytt
f-liður 4. mgr. 47. gr.		Nýtt
a–h-liður 5. mgr. 47. gr.	c-liður 2. mgr. 21. gr.	Aðlagað
i. liður 3. mgr. 47. gr.		Nýtt
1. mgr. 48. gr.	1. og 2. málsliður og fyrsti undirliður 6. mgr. 28. gr.	Breytt
2. mgr. 48. gr.		Nýtt
3. mgr. 48. gr.	2. og 4. undirliður 6. mgr. 28. gr.	Breytt
4. mgr. 48. gr.		Nýtt
5. mgr. 48. gr.		Nýtt
6. mgr. 48. gr.	5. mgr. 28. gr.	Breytt
1. mgr. 49. gr.	3. mgr. 41. gr.	Breytt
1. undirgrein 2. mgr. 49. gr.	1. undirgrein 4. mgr. 41. gr.	Breytt
2. undirgrein 2. mgr. 49. gr.	2. undirgrein 2. mgr. 41. gr.	Aðlagað
3. mgr. 49. gr.	4. mgr. 30. gr.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
4. mgr. 49. gr.	6. mgr. 30. gr.	Breytt
5. mgr. 49. gr.	8. mgr. 30. gr.	Breytt
1. mgr. 50. gr.	1. mgr. 41. gr.	Breytt
2. mgr. 50. gr.	2. mgr. 41. gr.	
51. gr.		Nýtt
1. mgr. 52. gr.	5. mgr. 30. gr.	Breytt
2. mgr. 52. gr.	32. gr.	Breytt
3. mgr. 52. gr.		Nýtt
1. mgr. 53. gr.	1. mgr. 30. gr.	
2. mgr. 53. gr.	2. mgr. 30. gr.	Breytt
3. mgr. 53. gr.		Nýtt
4. mgr. 53. gr.		Nýtt
5. mgr. 53. gr.		Nýtt
6. mgr. 53. gr.	3. mgr. 30. gr.	
7. mgr. 53. gr.	7. mgr. 30. gr.	
8. mgr. 53. gr.		Nýtt
9. mgr. 53. gr.	3. mgr. 21. gr.	
	5. mgr. 21. gr.	Fellt brott
1. mgr. 54. gr.		Nýtt
2. mgr. 54. gr.	1. mgr. 31. gr.	
3. mgr. 54. gr.	3. mgr. 31. gr.	Aðlagað
1. undirgrein 4. mgr. 54. gr.	2. mgr. 31. gr.	Aðlagað
2. undirgrein 4. mgr. 54. gr.		Nýtt
5. mgr. 54. gr.		Nýtt
6. mgr. 54. gr.		
1. mgr. 55. gr.	1. mgr. 34. gr.	
2. mgr. 55. gr.	2. mgr. 34. gr.	Breytt
	1. og 2. mgr. 35. gr.	Fellt brott
56. gr.		Nýtt
1. og 2. mgr. 57. gr.	1. og 2. undirgrein 5. mgr. 34. gr.	Breytt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
3. mgr. 57. gr.	3. undirgrein 5. mgr. 34. gr.	Breytt
1. og 2. mgr. 58. gr.	1. og 2. mgr. 36. gr.	
3. mgr. 58. gr.	3. og 4. mgr. 36. gr.	Aðlagað
4. og 5. mgr. 58. gr.	5. og 6. mgr. 36. gr.	
1., 2., 3., 5. og 6. mgr. 59. gr.	37. gr.	Aðlagað
4. mgr. 59. gr.		Nýtt
1. mgr. 60. gr.	3. mgr. 23. gr.	
2. mgr. 60. gr.	4. mgr. 23. gr.	
1. og 2. mgr. 61. gr.	1. og 2. mgr. 23. gr.	Breytt
1. mgr. 62. gr.	1. mgr. 6. gr., 12. gr.	Breytt
2. mgr. 62. gr.		Nýtt
1. undirgrein 1. mgr. 63. gr.	4. mgr. 21. gr.	Breytt
2. undirgrein 1. mgr. 63. gr.	1. mgr. og 2. málsliður 2. mgr. 24. gr.	Aðlagað
2. mgr. 63. gr.	25. gr.	Breytt
64. gr.		Nýtt
1. mgr. 65. gr.	1. mgr. 4. gr.	Aðlagað
2. mgr. 65. gr.	5. mgr. 23. gr.	
3. mgr. 65. gr.	1. undirgrein 6. mgr. 23. gr.	
66. gr.	2. undirgrein 6. mgr. 23. gr.	Breytt
67. gr.	42. gr.	Breytt
	39. gr.	Fellt brott
1. mgr. 68. gr.	5. mgr. 40. gr.	Breytt
2. mgr. 68. gr.		Nýtt
3. mgr. 68. gr.		Nýtt
1. undirgrein 1. mgr. 69. gr.	1. málsliður 15. mgr. 14. gr.	Breytt
2. undirgrein 1. mgr. 69. gr.	2. málsliður 15. mgr. 14. gr.	Breytt
1. undirgrein 2. mgr. 69. gr.		Nýtt
2. undirgrein 2. mgr. 69. gr.	1. og 2. málsliður 14. mgr. 14. gr.	Breytt
3. mgr. 69. gr.	3. málsliður 14. mgr. og 3. málsliður 15. mgr. 14. gr.	Aðlagað
a-liður 1. mgr. 70. gr.	1. mgr. 40. gr.	Breytt

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
b-liður 1. mgr. 70. gr.	2. mgr. 40. gr.	Aðlagað
c-liður 1. mgr. 70. gr.	3. mgr. 40. gr.	Breytt
d-liður 1. mgr. 70. gr.	3. mgr. 40. gr.	Breytt
e-liður 1. mgr. 70. gr.		Nýtt
f-, g- og h-liður 1. mgr. 70. gr.		Nýtt
i-liður 1. mgr. 70. gr.	2. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 42. gr.	Aðlagað
j-liður 1. mgr. 70. gr.	16. mgr. 14. gr.	Aðlagað
	4. mgr. 40. gr.	Fellt brott
	43. gr. og 44. gr.	Fellt brott
71. gr.		Nýtt
72. gr.		Nýtt
I. viðauki	III. viðauki	Aðlagað
II. viðauki	II. viðauki	Aðlagað
III. viðauki	I. viðauki	Aðlagað
IV. viðauki	VI. viðauki	Aðlagað
V. viðauki	VII. viðauki	Aðlagað
VI. viðauki		Nýtt
VII. viðauki	IV. viðauki	Aðlagað
VIII. viðauki	V. viðauki	Aðlagað
IX. viðauki	IX. viðauki	Aðlagað
X. viðauki	VIII. viðauki	Aðlagað
XI. viðauki		Nýtt
XII. viðauki	XI. viðauki	Aðlagað
A–C-hluti XIII. viðauka	XII. viðauki	Breytt
D-hluti XIII. viðauka		Nýtt
XIV. viðauki	XIII. viðauki	Breytt
XV. viðauki A	XIV. viðauki	Breytt
XV. viðauki B		Nýtt
XVI. viðauki	XV. viðauki	Breytt
XVII. viðauki A	XVI. viðauki A	Breytt
XVII. viðauki B	XVI. viðauki B	Aðlagað

Þessi tilskipun	Tilskipun 93/38/EBE	
XVIII. og XIX. viðauki	XVII. og XVIII. viðauki	Breytt
a-liður 1. liðar XX. viðauka		Nýtt
b-liður 1. liðar XX. viðauka	2. mgr. 25. gr.	Breytt
c-liður 1. liðar XX. viðauka		Nýtt
2. og 3. liður XX. viðauka		Nýtt
1. liður XXI. viðauka	8. mgr. 1. gr.	Breytt
1. málsliður 2. liðar XXI. viðauka	9. mgr. 1. gr.	Aðlagað
1. málsliður 2. liðar XXI. viðauka		Nýtt
2. undirliður 2. liðar XXI. viðauka	10. mgr. 1. gr.	Breytt
3. undirliður 2. liðar XXI. viðauka		Nýtt
3. liður XXI. viðauka	12. mgr. 1. gr.	Breytt
4. liður XXI. viðauka	11. mgr. 1. gr.	
	13. mgr. 1. gr.	Fellt brott
XXII. viðauki		Nýtt
XXIII. viðauki		
XXIV. viðauki		Nýtt
XXV. viðauki		Nýtt
XXVI. viðauki		Nýtt

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2008/EES/68/26**

frá 7. janúar 2005

um ítarlegar reglur um beitingu málsmeðferðar sem kveðið er á um í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 5769)

(2005/15/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([1]), einkum 6. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þeim tilgangi að tryggja réttaröryggi skal birta tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þegar málsmeðferð hefst skv. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB um framlengingu frestsins sem framkvæmdastjórnin hefur og um beitingu 1. mgr. 30. gr. þegar fresturinn rennur út. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um upplýsingarnar sem eiga að vera í slíkum tilkynningum.

2) Með tilliti til þeirra ströngu tímatakmarkana, sem mælt er fyrir um vegna málsmeðferðar skv. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB, er nauðsynlegt að kveða á um að í beiðnum, sem snerta beitingu 1. mgr. 30. gr., skuli vera upplýsingar sem eru gagnlegar og skipta máli við mat á beiðninni. Í þessu skyni skal taka saman skrá yfir upplýsingarnar sem eiga að vera í slíkum beiðnum og aðra hagnýta málsmeðferð í tengslum við þær. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., skal einungis meta m.t.t. tilskipunar 2004/17/EB án þess að það hafi áhrif á beitingu samkeppnisreglna.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í beiðnum, sem snerta beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB, skulu a.m.k. vera þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Þegar óháð, þar til bært yfirvald, á sviði viðkomandi starfsemi, hefur sett fram rökstutt álit í málefnum er varða 1. og 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB skal það álit fylgja beiðnunum.

3. Senda skal beiðnir og álit, sem um getur í 1. og 2. mgr., á rafrænan hátt á eftirfarandi tölvupóstfang:

Markt-C3@cec.eu.int.

Ef ekki er unnt að senda þetta með rafrænum hætti skal senda það í þríriti á eftirfarandi póstfang:

European Commission

Directorate-General for Internal Market and Services

Directorate for Public Procurement Policy

B-1049 Brussels

2. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórnin fær beiðni, sem snertir beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB, skal hún birta tilkynningu með þeim upplýsingum, sem mælt er fyrir um í A- eða B-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun, með hliðsjón af uppruna beiðninnar.

2. Ef fresturinn, sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka ákvörðun um beiðnina, í þeim tilvikum, sem kveðið er á um í öðrum og þriðja málslið fyrstu undirgreinar 6. mgr. 30. gr tilskipunar 2004/17/EB, er framlengdur skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu með upplýsingunum sem mælt er fyrir um A- eða B-hluta III. viðauka við þessa ákvörðun eftir því hver uppruni beiðninnar er.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynningu um beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB, í samræmi við aðra eða þriðju undirgrein 4. mgr. 30. gr. eða í samræmi við fjórðu undirgrein 5. mgr. 30. gr. þeirrar tilskipunar, með þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um í A- eða B-hluta IV. viðauka við þessa ákvörðun, eftir því hver uppruni beiðninnar er.

4. Tilkynningarnar, sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr., skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C-deild).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2005, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2004 (Stjtíð. ESB L 326, 29.10.2004, bls. 17).

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem koma eiga fram í beiðnum sem snerta beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB

1. *1. hluti — Deili á umsækjanda og staða hans*

Í 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB er kveðið á um að aðildarríkin eða, þegar kveðið er á um það í löggjöf viðkomandi aðildarríkis, samningsstofnanir skuli leggja fram beiðnir sem snerta beitingu 1. mgr. 30. gr. Hugtakið „umsækjandi“ getur því, hvort heldur sem er, vísað til aðildarríkis eða samningsstofnana. Það er einungis notað til einföldunar.

1.1. Fullt nafn og heimilisfang umsækjanda:

Fari starfsemin, sem beiðnin tekur til, fram á vegum fyrirtækja sem eru í eignartengslum ([1]) við umsækjanda telst hugtakið „umsækjandi“ vísa bæði til stofnunarinnar sem tilgreind er í lið 1.1 og viðkomandi eignartengdra fyrirtækja. Af þeim sökum er nauðsynlegt, einkum að því er varðar 5. og 6. lið hér á eftir, að veita upplýsingar sem krafist er um „umsækjanda“ skv. þeirri skilgreiningu.

1.2. Staða umsækjanda: samningsyfirvald ([2]), opinbert fyrirtæki ([3]) eða einkafyrirtæki?

1.3. Samningsyfirvöld skulu tilgreina hvort beiðnin er fyrir aðildarríki þeirra og lögð fram fyrir hönd þess.

Ef svo er, vinsamlega veitið þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. til og með 6. lið. Vinsamlega veitið þær upplýsingar, sem krafist er um sérhvern af aðilunum, sem reka starfsemi er fellur undir þessa beiðni, einkum að því er varðar hvern lið í 5. og 6. þætti. Ef á hinn bóginn er um að ræða mikinn fjölda slíkra aðila má takmarka upplýsingarnar við þá aðila sem ráða yfir 10% eða meira af viðkomandi svæðisbundnum markaði ([4]) Ef upplýsingar um marga aðila eru líkar eða eins má flokka þær saman með því skilyrði að það sé tekið fram.

1.4. Samningsstofnanir (samningsyfirvöld, opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki sem reka einhverja þá starfsemi sem um getur í tilskipun 2004/17/EB ([5])) skulu tilgreina ákvæði í landslögum sem kveða á um að samningsstofnanir megi leggja fram beiðni skv. 30. gr.

2. *2. þáttur — Lýsing á þeirri starfsemi sem þessi beiðni tekur til*

